

**CIHM
Microfiche
Series
(Monographs)**

**ICMH
Collection de
microfiches
(monographies)**



Canadian Institute for Historical Microreproductions / Institut canadien de microreproductions historiques

© 1997

Technical and Bibliographic Notes / Notes techniques et bibliographiques

The Institute has attempted to obtain the best original copy available for filming. Features of this copy which may be bibliographically unique, which may alter any of the images in the reproduction, or which may significantly change the usual method of filming are checked below.

- Coloured covers /
Couverture de couleur
- Covers damaged /
Couverture endommagée
- Covers restored and/or laminated /
Couverture restaurée et/ou pelliculée
- Cover title missing / Le titre de couverture manque
- Coloured maps / Cartes géographiques en couleur
- Coloured ink (i.e. other than blue or black) /
Encre de couleur (i.e. autre que bleue ou noire)
- Coloured plates and/or illustrations /
Planches et/ou illustrations en couleur
- Bound with other material /
Relié avec d'autres documents
- Only edition available /
Seule édition disponible
- Tight binding may cause shadows or distortion along
interior margin / La reliure serrée peut causer de
l'ombre ou de la distorsion le long de la marge
intérieure.
- Blank leaves added during restorations may appear
within the text. Whenever possible, these have been
omitted from filming / Il se peut que certaines pages
blanches ajoutées lors d'une restauration
apparaissent dans le texte, mais, lorsque cela était
possible, ces pages n'ont pas été filmées.
- Additional comments /
Commentaires supplémentaires:

L'Institut a microfilmé le meilleur exemplaire qu'il lui a été possible de se procurer. Les détails de cet exemplaire qui sont peut-être uniques du point de vue bibliographique, qui peuvent modifier une image reproduite, ou qui peuvent exiger une modification dans la méthode normale de filmage sont indiqués ci-dessous.

- Coloured pages / Pages de couleur
- Pages damaged / Pages endommagées
- Pages restored and/or laminated /
Pages restaurées et/ou pelliculées
- Pages discoloured, stained or foxed /
Pages décolorées, tachetées ou piquées
- Pages detached / Pages détachées
- Showthrough / Transparence
- Quality of print varies /
Qualité inégale de l'impression
- Includes supplementary material /
Comprend du matériel supplémentaire
- Pages wholly or partially obscured by errata slips,
tissues, etc., have been refilmed to ensure the best
possible image / Les pages totalement ou
partiellement obscurcies par un feuillet d'errata, une
pelure, etc., ont été filmées à nouveau de façon à
obtenir la meilleure image possible.
- Opposing pages with varying colouration or
discolourations are filmed twice to ensure the best
possible image / Les pages s'opposant ayant des
colorations variables ou des décolorations sont
filmées deux fois afin d'obtenir la meilleure image
possible.

Text in Icelandic.
Pages 218-219, 223 & 275 are incorrectly numbered
pages 118-119, 123 & 27.

This item is filmed at the reduction ratio checked below /
Ce document est filmé au taux de réduction indiqué ci-dessous.

10x		14x		18x		22x		26x		30x	
<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input checked="" type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
	12x		16x		20x		24x		28x		32x

The copy filmed here has been reproduced thanks to the generosity of:



University of Manitoba
Winnipeg

The images appearing here are the best quality possible considering the condition and legibility of the original copy and in keeping with the filming contract specifications.

Original copies in printed paper covers are filmed beginning with the front cover and ending on the last page with a printed or illustrated impression, or the back cover when appropriate. All other original copies are filmed beginning on the first page with a printed or illustrated impression, and ending on the last page with a printed or illustrated impression.

The last recorded frame on each microfiche shall contain the symbol \rightarrow (meaning "CONTINUED"), or the symbol ∇ (meaning "END"), whichever applies.

Maps, plates, charts, etc., may be filmed at different reduction ratios. Those too large to be entirely included in one exposure are filmed beginning in the upper left hand corner, left to right and top to bottom, as many frames as required. The following diagrams illustrate the method:



L'exemplaire filmé fut reproduit grâce à la générosité de:

University of Manitoba
Winnipeg

Les images suivantes ont été reproduites avec le plus grand soin, compte tenu de la condition et de la netteté de l'exemplaire filmé, et en conformité avec les conditions du contrat de filmage.


Les exemplaires originaux dont la couverture en papier est imprimée sont filmés en commençant par le premier plat et en terminant soit par la dernière page qui comporte une empreinte d'impression ou d'illustration, soit par le second plat, selon le cas. Tous les autres exemplaires originaux sont filmés en commençant par la première page qui comporte une empreinte d'impression ou d'illustration et en terminant par la dernière page qui comporte une telle empreinte.

Un des symboles suivants apparaîtra sur la dernière image de chaque microfiche, selon le cas: le symbole \rightarrow signifie "A SUIVRE", le symbole ∇ signifie "FIN".

Les cartes, planches, tableaux, etc., peuvent être filmés à des taux de réduction différents. Lorsque le document est trop grand pour être reproduit en un seul cliché, il est filmé à partir de l'angle supérieur gauche, de gauche à droite, et de haut en bas, en prenant le nombre d'images nécessaire. Les diagrammes suivants illustrent la méthode.

MICROCOPY RESOLUTION TEST CHART

(ANSI and ISO TEST CHART No. 2)



APPLIED IMAGE Inc

1653 East Main Street
Rochester, New York 14609 USA
(716) 482 - 0300 - Phone
(716) 288 - 5989 - Fax

ISI
PS
3537
.M42
A455

50 *pl*

SÖGUSAFN HEIMSKRINGLU.

Alice Blake.

Eða:

Fundurinn í ferjuhúsinu.

Eftir: F. S. SMITH.

Arnljótur B. Ólson


MRS. B. MAGNÚSSON
þýddi.

CELANDIC COLLECTION ~~SPECIAL~~ COLLECTIONS DEPT.
ELIZABETH DAFOE LIBRARY

WINNIPEG
PRENTSMÍÐJA HEIMSKRINGLU

1903.

304178





Arnþjótur B. Ólson

Alice Blake.

I. KAP.

Freistarinn.

Það var einn góðan og bjartan dag í Júlí-mánuði, klukkan fimm síðdegis, að ferjubátarnir voru nýlentir við Fulton ferjustaðinn. Það var margt fólk sem var að fara á ferjubátum, þó að enn væri ekki kominn sá tími, sem mesta ösin af verkafólkinu fór með þeim til heimila sinna í Brooklyn.

Á meðal þeirra sem á ferjubátum komu var ung og fögur stúlka á að gizka 18 ára gömul. Hún var há vexti. Augu hennar voru fögur, djúp og dökk. Hárið var hrafnsvart og liðaðist um fannhvítt enni hennar. Svipur hennar lýsti staðfestu og sakleysi. Þessi stúlka var fyrirmannleg að sjá þó hún væri klædd sem verkastúlka. En í staðin fyrir það að fylgjast með fólksþyrpingunni í gegn um hliðið, gekk hún rakiðis inn í ferjuhúsið og staðnæmduðist þar við

gluggann, sem sneri út að ferjupallinum. Þar stóð hún áhyggjufull og horfði á þá sem fóru, eins og hún væri að leita að einhverjum á meðal þeirra. Þegar hún var búin að standa góða stund, varð henni lítið á ferjuklukkuna.

“Klukkan er bráðum sex”, sagði hún við sjálfa sig og andvarpaði þungt. Hann lofaði að verða hér kl. fimm, skyldi hann ekki ætla að koma, og við þessa hugsun færðist roði í kinnar hennar. En eftir litla umhugsun brosti hún og sagði:

“Mikill kjáni get þú verið að láta mér detta slíkt í hug. Auðvitað kemur hann, því ef hann hefði ekki ætlað sér að koma, þá hefði hann aldrei þrábeðið mig að finna sig, þvert á móti eigin vilja mínnum, en er ég að gera rétt með að mæta honum svona? Það tjáir ekki að hugsa um það í þetta sinn. Ég vildi að hann færi að koma, því Hugh hættir vinnunni kl sex, og þætti mér verra ef hann sæi okkur hérna”.

En í því hún sagði síðasta orðið, kom inn um hliðið þrúðbúinn laglegur piltur, á að gizka 25 ára gamall, og gekk hann beina leið inn í ferjuhúsið.

“Kæra Alice mín!” sagði hann um leið og hann tók um báðar litlu hendurnar hennu.

ar. "Hvað þú ert væn að vera komin", og horfði munaðstjúkum augum á hana. "Ég er dálítið seinni en ég ætlaði mér, en ég veit að þú fyrirgefur mér það. Mér var ómögulegt að gera að því".

"Ég hef ekkert að fyrirgefa, Mr. Melton", svaraði stúlkan í titrandi málrómi, og dökku augun hennar horfðu ofan á gólfid og færðist roði í kinnar þennar.

"Mr. Melton!" át hann eftir henni með óánægju, Mr. Melton. "Er þetta rétta aðferðin að heilsa þeim manni, sem verður eiginmaðurinn þinn innan klukkustundar. Ó kæra Alice mín! Hvað hefir komið fyrir sem hefir breytt þér svona alt í einu? Seinast þegar við sáustum kallaðir þú mig: "elsku Frank þinn og varst hvorki köld eða fálát í viðmóti, en nú kallar þú mig Mr. Melton, og lítur ekki einu sinni á mig, við verðum eftir klukkutíma hér frá gefin saman í hjónaband. Hvernig stendur á þessu?"

"Fyrirgefðu mér Frank", sagði stúlkan í biðjandi málrómi og fylltust augu hennar tárur. Þú getur ekki skilið hvaða baráttu ég hefi haft við að stríða, á milli ástar og skyldu. Því ef þú gætir fmyndað þér það mundir þú verkenna mér. Ég get ekki

farid meo þér í kvöld, Frank! Gifting okkkar verður að bíða”.

Aftur svaraði ungi maðurinn óþolinmóðlega og í vonbrigðisfullum málro n. “Hvað er þá til fyrirstöðu, má ég spyrja. Kann ske þessi lágtstandandi smiður Hugh Hourton hafi fundið lsku hjá þér, og þú sært búin að afráða að taka honum. Eða hefir þú verið að hlýða á aðra ræðu um skyldurækni, frá þessum leiðinlega karlfansk séra Williams?”

“Hættu Frank! þú mátt ekki tala svona óvirðulega um gamla prestiinn, og svona fyrirlitlega um Hugh. Séra Williams er góður maður. Ég hefi þekt hann síðan ég man eftir mér. Hann skýrði mig og ég elska hann næst föður mínum. Og þá Hugh, þótt hann sé fátækur, þá er hann brjóstgóður, trygglyndur og djarfur. Það veit einu góður guð, að ég hefi gert honum nógu rangt þó ég hlusti ekki á að það sé talað illa um hann. Ég verð honum æfinulega vinveitt, hvað sem fyrir kann að koma. Og, Frank, þú mátt ekki tala illa um vini mína, ef þú vilt ekki gera mér á móti”.

“Jæja, elsku Alice, ég ætla ekki að gera það, því ég vil ekki móðga þig, en þú mátt

ekki lá mér þó ég verði leiðinlegur. Þegar þú segir að gifting okkar verði að blöða. Ég get hrcint ekki liðið það. Ég get ekki lifað án þín lengur. Þolinmæði mín er á enda, og ef þú hetur mig nú blöða lengur, fer ég að halda að þú elskir mig ekki”.

“Þú er mjög rangiáttur Frank. Hvernig getur þú talað svona, að halda að ég elski þig ekki. Hversu mikið hefi ég ekki lagt í sölnurnar fyrir þá ást sem ég ber til þín? Hefi ég ekki afráðið að yfirgefa föður minn í elli sinni, og fyrir þig hefi ég ekki skeytt góðum ráðleggingum míns gamla prests. Og fyrir þig hefi ég sært gott og trútt hjarta. Samt segir þú að ég elski þig ekki”.

“Fyrirgefðu mér”. mælti Frank í auðmjúkum rómi. Ég var viti mínu fjarr og veit naumast hvað ég segi”.

“Þegar þú regir að vonir mínar geti ekki haft framgang, ef þú elskar aug eins og þú segir og ég trúi, þá komlu með mér í kvöld og uppfyltu bætur mínar”.

“Frank, ég segi þér aftur, ég get það ekki í þetta sinn”, svaraði Alice einbeitlega. “Faðir minn er fátækur og ef ég yfirgef hann nú og og giftist þér, yrði það bani hans. Um þetta er ég fullviss, og

gætir þú vitað til þess að ég yrði orsök í dauða föður míns?”

„En þú þyrftir ekki að yfirgefa hann að svo stöddu. Við gætum haldið giftingu okkar leyndri um tíma, að minsta kosti þar til hann væri orðinn frískur. Það þarf enginn að vita um hana þangað til okkur sýnist. Komdu nú elsku Alice mín og uppfyltu þessa mína einlægu bæn. Þú getur það ef þú vilt”.

Stúlkan stóð hugsandi stundarkorn og var auðséð að hún var á báðum áttum. En eftir stutta þögn sagði hún:

„Ég fer ekki með þér í kveld. Ég er búin að fastráða það. Faðir minn var svo veikur þegar ég fór að heiman, að ég hlýt nú að flyta mér heim til hans aftur. Og hefði ég ekki verið búin að lofa þér því svo staðfastlega að komá hér í kveld, hefði ég als ekki yfirgefið föður minn eitt augnablik, og þar sem ég er nú búin að enda það loforð, verð ég að kveðja þig, en vil lofa þér því, að mæta þér hér aftur eftir tvo daga hér frá, og uppfylla þá bæn þína, ef föður mínum verður batnað. Vertu svo sæll á meðan, elsku Frank”. Hún rétti honum hendina.

„Vertu sæl! Fyrst það verður að vera

svo", svaraði ungi maðurinn í vonbrigðisfullum málrómi. Síðan leit hann kringum sig, og þegar hann sá engan í nánd kysti hann stúlkuna, og á næsta augnabliki var hann horfinn inn í mannþröngina

II. KAPITULI.

Smíðurinn, og það sem hann sá.

Fundur þessara ungu persóna í ferjuhúsinu var ekki alveg óséður. Það var einn maður, sem var á leið til bátins. Honum varð óvart litið inn í gluggann, sem þau stóðu við og þekti hann þau bæði. Þetta var velvaxinn og hraustlegur ungur maður. Hann var hreint ekki eldri 22 ára. Föt hans voru grófgerð, en hreinleg. Í annari hendi bar hann matarílát, en í hinni verkfæri, sem til heyrði vinnu hans. Þó að föt hans væru ekki fín og hörundið útitekið, var auðséð að hann hlaut að vera af góðum ættum. Augu hans voru stór og stálblá, nefið beint og munnurinn vel lagaður. Hárið var dökkt og greitt þannig, að það byrgði dökkrautt fæðingarmerki, sem var á vinstra gagnauga hans, og var það eina, sem óprýddi hans vellagaða andlit.

Nafn þessa manns var Hugh Hourton, og þar sem hann kemur mikið við þessa sögu, ætla ég að láta lesarann heyra ágrip af æfisögu hans:

Frá því að Hugh mundi nokkuð eftir sér, hafði líf hans verið ein barátta við fátæktina. Hann mundi ekki eftir neinni móðurást eða umönnun, og sá eini verndari, sem hann þekti, var ítalskur lífrukassaspilari, Hourton að nafni, sem fluttist til New York þegar Hugh var tveggja ára gamall. Þessi gamli maður sagðis vera faðir drengsins. En móður Hughs sagði hann hefði veikst og dáið á leiðinni frá Ítalíu og væri sjórinn hennar hvíflustaður. Engum datt í hug að rengja það, en margir furðuðu sig á því, hvað drengurinn gat verið ólíkur föður sínum. Gamli Hourton var með hrafnsvart hár og dökkur á hörund, með lágt euni og ódjarflegt upplit. En Hugh litli var þvert á móti. Hann var hörundsbjartur, blóðlegur og upplitsdjarfur, og vann hilli allra, sem hann litu. Hann varð brátt hvers manns hugljúfi í leiguhúsi því, sem Hourton gamli fann sér bólstað í. Það var heldur engin fyrirstaða fyrir hann að fá einhverja af konunum þar til að gæta drengsins á meðan hann gegudi

starfa sínum á degi hverjum, því Hugh litli var eins þægur eins og hann var fallægur, og var bara þeim til ánægju, sem tóku það að sér.

Þegar á það var minnst við gamla manninn, hvað sonur hans væri ólukur honum, sagði hann að drengurinn væri alveg eins og móðir hans. Og var álitid að svo hlyti að vera.

En slæma æfi átti Hugh litli á meðan gamli Hourton var á lífi, því þegar hann var fim ára, varð hann að ganga um stræti borgarinnar og biðjast ölmusu, og oft var hann barinn þegar hann kom heim, ef hann hafði ekki fengið nóga peninga handa gamla flakkaranum, til að kaupa vín fyrir. En sá tími kom, að vnið gerði út af við gamla Hourton, og varð Hugh litli þá eitt af börnum bæjarins. Það var margt af fólki í leiguhúsum, sem grét yfir munadarlausu drengnum, og hefði fegið viljað gefa honum heimili, ef það hefði getað. en allir höfðu nóg með sig.

Svo það varð úr, að hann vas látinn á almennra stofnun. og eftir nokkur ár útskrifaðist hann þaðan sem smiður. Og er saga þessi gerðist, var hann fullkonnasti og trúasti verkamaður húsbónða síns.

Þó að staða Hughs hafi verið lá fram-
an af æggni, hefir hann samt töluvert sjálfs-
álit og hugsaði mikið um að verða sjálf-
stæður. Hann vissi vel í hvað litlu álit
hann var í hinni köldu og hörðu veröldu,
þó hann ætti mikið hrós skilið fyrir hvað
hann hafði borið vel hið mótdræga í lff-
inu. Hann var samt oft þungt hugsandi,
þegar hann leit til baka og sá þann blett,
er hvíldi á ungdómsárum hans. En aldrei
hafði hann fundið eins mikið til sinnar
fyrirlitlegu æskustöðu eins og hann fann
til hennar, eftir að hann kyntist og elskaði
hina fögru Alice Blake. Því í sinni róm-
antisku ást til hennar hafði hann helzt
viljað vera konungsson, til þess að vera
henni samboðinn, þó að þar fyrir utan
kærði hann sig ekki um háa stöðu, því í
skoðunum sínum var hann Demókrat.
Hann áleit að hin rétta tign væri sprottin
af hreinu og góðu hjarta og og staðfestu í
að gera rétt.

Þetta var Hugh Hourton, sem náfólnaði
þegar hann sá hver var í ferjuhúsinu.

„Að mætast í ferjuhúsinu“, tautaði
hann. „Er það virkilega komið svona
langt? Alice! Alice!“

Hann staðnæmdu við grindaverkið á

ferjupallinum. Þar stóð hann hugsandi og lýsti sér sorg og vonbrigði í svip hans. Síðan gekk hann á stað til bátsins. En var að eins komin fáein fet þegar hann stanzaði aftur. Það var eins og hann væri ekki búinn að hugsa til fulls.

„Ég má til að finna þenna mann, Ég verð að tala við hann”, sagði Hugh. „Auðvitað mun hann álfta, að mér komi þetta mál ekki við. Og ef ætlun hans er heiðarleg, henni til handa, mun ég ekki standa í vegi fyrir honum. En ef hann cætlar að fara illa með hana, þá verð ég að koma í veg fyrir það. Það er skylda mín að hjálpa henni, ef ég get, þar sem faðir hennar liggur veikur, og það er engin annar, sem getur haft eftirlit á henni.

„Þekkir þú þessa stúlku?” var sagt við eyrað á honum og leit Hugh við til að sjá hver það væri, sem lagði þessa spurningu fyrir hann. Maðurinn sem stóð við hliðið, var mjög illa til fara og slarkara-legur.

„Hvaða stúlku?” spurði Hugh, því honum datt ekki í hug að þessi maður væri að tala um Alice Blake.

„Þessa, sem er að tala við þenna unga pilt í ferjuhúsinu”, svaraði maðurinn.

„Já, ég þekki hana“, sagði Hugh, og sárnaði honum að vita, að það skyldi vera fleiri en hann að taka eftir henni þarna, og það þessi maður, sem var svo leiðinlegur í sjón. „Ég þekki hana. Því spyr þú?“

„Bara af forvitni“, svaraði maðurinn. „Mér finst ég hafa séð hana áður. Viltu gera svo vel að segja mér nafn hennar og spara mér það ómak að spyrja hana að því sjálfa, af því ég býst ekki við að henni þætti nein upphefð í að fólk sæi hana á tali við mig“.

„Ég get ekki sagt annað en að forvitni þín sé mjög ótilhlýðileg og ertandi“, svaraði Hugh þurlega. „En svo að þú ónáðir hana ekki, skal ég segja þér nafn hennar. Stúlkan hefir Alice Blake“.

Manninum varð eins og hverft við, en náði sér fljótt aftur, og sagði: „Ég er þér mjög þakklátur. Versu sæll“.

Stöðan gekk hann í burtu og blístraði kæruleysislega.

Hugh gekk afsíðis til að biðja þar til hann sæi hinar ungu pensónur skilja, og var hann nú í þungu skapi út af því sem fyrir hann hafði borið á þessum degi. Loksins sá hann þau skilja, og glaðnaði ögn yfir honum. Þegar að hann sá Alice

ganga til bátsins aftur, og flýtti Hugh sér nú á stað eftir mannum, og náði honum brátt, og lagði hönd sína á öxl honum. Hinn sneri sér við og varð hissa og hverft við, þegar hann leit framan í hið góðmannlega og einbeitta andlit verkamannsins, en náði sér fljótt og sagði reiðilega:

“Hvað vilt þú maður?”

Ég þarf að tala við þig fáein orð, Mr. Melton”, svaraði Hugh í stuttum málróm.

“Ég hef engan tíma til að tala við þig”, svaraði hinn ungi maður. “Ég þarf ekki það láta vinna neitt hjá mér að svo stöðdu”, svaraði hann kuldalega og ætlaði svo að halda áfram ferð sínni, en Hugh lagði aftur hendina á öxlina á honum og sagði: “Þú mátt til að hlusta á mig. Erindi mitt við þig er mjög árfðandi. Þú verður að heyra hvað ég hef að segja, og þú verður að svara nokkrum spurningum, sem ég legg fyrir þig”.

“Má ég til”, svaraði hinn með móð, “og hvað verður ef ég neita að gera það?”

“Í því tilefni mundi ég neyðast til að heimsækja föður hinn, og fá þær upplýsingar sem ég þarfnast”.

Frank Melton stansaði við þessi orð, og sagði í hrottalegum málróm: “Heyrðu

mig Mr. Hugh Hourton, því það mun vera nafn þitt, ef það eru peningar sem þú vilt fá, og það hlýtur að vera, þá nefndu upphæðina, sem þú vilt fá til að þegja. Og ef það er ekki ofmikið, munum við geta orðið sáttir. Ef þú ætlar að fara að elta mig og skifta þér af því sem þér kemur ekkert við, getur skeð að þú fengir kúlu úr þessar—og snerti hann skaftið á skammbyssu, sem hann hafði innan klæða. Það mundi þagga niður í þér til fuls”.

“Ég skeyti ekki hótunum þínum, Mr. Melton”, svaraði Hugh stillilega. “Ég dey bara einu sinni, og væri það kann ske mesti velgerningur, sem þú gætir gert, að taka líf mitt, en á meðan ég er lifandi geri ég skyldu mfna, og hvorki peningar þínir né hótanir geta hamlað mér frá því”.

“Láttu mig þá heyra hvað það er sem þú vilt mér”.

“Ég vil fá að vita hver ætlun þín er viðvskjandi þeirri stúkku, sem þú hefir nýlega skilið við”.

Segðu mér, “svaraði Melton, “hver hefir gefið þér vald yfir henni, í þessu eða öðru efni?”

“Mr. Melton”, svaraði Hugh, “ég hefi tekið það vald sjálfur. Samviska mín seg

ir mér að það sé rétt. Mr. Melton, þú getur ekki verið alveg samviskulaus. Áttu ekki systur, ungar fallegar og velmetnar? Gætir þú vitað til þess, að þær mættu þeim forlögum, sem þú munt ætla Alice Blake, ef ég dæmi ekki rangt. Staða ykkar í líffinu er svo ólík. Hún er fátæk en þú ríkur. Skyldfólk þitt mundi aldrei viðurkenna hana sem konu þína, og ekki heldur það fólk, sem umgengst þig mundi álíta hana jafningja sinn. Eftir þessu dæmi ég það, að þú meirir ekki með því að mæta henni, nema til að steypa henni í glötun. Það getur skeð ég dæmi rangt í þessu efni, og bið ég þig, sem ærlegan dreng, að segja mér afdráttarlaust sannleikann, og hvort þú ert ráðinn í að giftast henni. Sé svo þá bið ég þig fyrirgefningar á því, sem ég hefi talað og lofa því, að ónáða þig ekki framár. Svo ef áform þitt gagnvat henni er ekki heiðarlegt, þá aðvara ég þig, og bið þig, að láta hana í friði. að mæta henni ekki oft, því svo sannarlega sem einn guð er yfir okkur báðum, verður þú að svara fyrir, ef hún hefir ilt af þér. Ég elska Alice Blake, eins heitt og nokkur maður getur elskað. Það er ekkert það erfiði, sem ég gæti ekki unnið fyrir hana, og eng-

in sú þraut, sem ég gæti unnið fyrir hana, og máttu því vita að ég stend ekki aðgerðalaus, ef ég sé að henni er hættu búin. og ég sver nú þá ást sem ég ber til hennar, og getir þú tælt hana, skaltu láta lífið fyrir það”.

„Það er góður ræðumaður tapaður í þér. Ég ráðlegg þér að leggja niður iðn þína, og leggja fyrir þig pólitísk, þú fengir hrós fyrir málsnild þína, en ég kann ekki að meta hana, og er þér best að geyma hana þangað til þú þarft meir á henni að halda. En til þess að þú þurfir ekki að finna föður minn, og til að fullnægja kröfu þinni, get ég fullvissað þig um, að ég ætla mér að giftast Alice Blake, en ég hlýt að taka mér tíma til að framkvæma það”.

„Þessi fullvissa nægir mér”, svaraði Hugh. „En mundu eftir að svíkja ekki þetta loforð þitt. Þú mátt eiga víst, að ég held heitstrenging mína”, og gekk Hugh af stað til bátsins, en Frank Melton hélt áfram og tautaði fyrir munni sér: „Ég er hræddur um að ég megi va: a mig á þessum pilti. Ef ég gæti mín ekki, þá verður hann mér hættulegur. En hvar hefi ég séð andlit líkt hans? Nú man ég, hann er svo undur líkur henni Stellu Hansson”,

Þegar Hugh kom á ferjupallinn, sá hann að fjöldi fólks hrúgaðist þar saman og var mjög óttaslegið, og við sunðið heyrði hann kvenmansröddu kalla: „Bjargið honum! Bjargið honum í guðs nafni! Æ, látið hann ekk' drukna fyrir augunum á mér”.

Hugh vissi strax hvað um var að vera, og ruddi sér í gegnum mannþyrpinguna. Allir höfðu skipanir, en enginn vissi hvað gera átti. Hugh sá í vatninu dreng, á að gizka 14 ára gamlan, sem var kominn að því að drukna. Hann fleygði verkfærum sínum á pallinn, og án þess að fara úr treyjunni, fleygði hann sér í vatnið og náði drengnum, og hélt honum upp úr vatninu á meðan hann gaf skipun til þeirra, sem uppi á pallinum voru, að rétta sér kaðal, og stóð ekki lengi á því. Festi hann kaðlinum um drenginn, og ætlaði að gefa bændingu. að draga hann upp, þá tók hann eftir því, að stór rotta sat á höfuðinu á drengnum, og jafnsnemma sáu þeir það, sem á horfðu og hrópuðu: „Sjáðu rottuna, sem er að bíta hann í höfuðið?” Hann hélt að þetta væri grimm vatnsrotta og ætlaði að berja hana af drengnum, en þá hljóðaði drengurinn upp yfir sig og sagði: „Meiddu hana ekki, Nip! Hann bítur ekki nema

þegar ég segi honum það. Ó, meiddu ekki hann Nip. Ég gæti ekki lifað án hans”.

„Rottan er undur meinlaus og skaðar engan”, mælti konan, sem áður var að biðja um hjálpina. „Hann hefir tamið hana sjálfur. Drengurinn er fábjáni. Hann hefir rottuna sér til skemtunar og má aldrei skilja hana við sig, og er ég viss um að hann dæi af sorg, ef eitthvað gengi að henni”.

Hugh sá strax að þetta var satt, að rottan var meinlaus, því hún lékk að eins í hári drengsins, og hreyfði ekki við henni. Svo lét hann draga drenginn upp út vatninu. Þar næst komst hann upp sjálfur. En þegar hann var kominn upp úr kafinu, kom konan til hans, og þakkaði honum með mörgum fögrum fyrir að bjarga honum, og bað honum allrar blessunar, en á meðan hún var að því, var Hugh að þerra vatnið úr hárinu og strauk frá enninu, og sást þá rauða fæðingarmerkið, sem áður var um getið. En þegar konan sá það, rak hún upp hljóð og hrökklaðist aftur á bak, svo hún var nærri dottin, en náði sér samstundis aftur og tók í hönd drengnum. “Komdu Rat, komdu í burtu. Þetta er

ekki staður fyrir okkur. Komdu í burtu, komdu burt,! Þetta er hann! Það er hann! Eftir öll þessi ár. Ó, hvað það er undarlegt, að hann skyldi bjarga þér! Guð fyrirgefi mér! Hvað á ég að gera? Á ég nú að voga að segja Stone frá því? Eg má til með það“, tautaði hún við sjálfa sig, á meðan hún flýtti sér í burtu. En Hugh steig um borð á ferjunni. Þegar hún bar hann heim á leið, var hann að hugsa um, hvað það mundi hafa verið, sem konan hefði séð, og orðið svona hrædd við.—Lesarann mun undra það líka, en fær að vita það seinna.

Arnþjotur B. Olson

III. KAPITULI.

Síðustu jarðnesku stundirnur.

Þegar Alice Blake skildi við Frank, fór hún fram á ferjuna, og þegar hún lenti Brooklyn megin, flýtti hún sér að komast heim. Það var laglegt, en lítið hús, í útjadhri bæjarins, sem hún átti heima í. Hún flýtti sér inn í herbergi föður síns. Þar sat öldruð kona við rúmstokkinn. Hún rétti upp hendina til merkis um þögn.

„Sefur hann?“ spurði Alice, og gamla konan hneigði höfuðið til merkis um að svo væri.

„Er hann nokkuð betri?“ var næsta spurningin.

„Bei, bei!“ sagði konan lágt. Svo stóð hún á fætur og benti Alice að koma með sér út úr herberginu.

Alice læddist að rúminu. til að líta á andlit föður síns áður en hún gengi út aftur. Hann var fögur. Þegar þær voru komnar inn í næsta herbergi, sagði gamla konan: „Hann er nýsofnaður og við meg um ekki vekja hann“.

„Hefir læknirinn komið síðan ég fór út“, spurði stúlkan áhyggjufull.

„Já, fyrir svo sem klukkutíma var hann hér“.

„Hvað sagði hann, Margrét?“ var næsta spurningin og horfði Alice kvíðafullum augum á gömlu konuna.

„Spyr þú mig ekki að því barnið mitt. Þú er þreytuleg komdu fram með mér og drekktu tebolla til að hressa þig.“

Góða Margrét þú veðrur að segja mér það sem læknirinn sagði; ef það er gott þá léttir það þrautinni á mér en ef það er

slæmt þá verð ég að herða mig upp til að þola það.“

„Kanske það sé best“ svaraði gamla konan eftir stundarkorn. „Það verður fyrir þig að þola það þegar að því kemur, aumingja barnið. Læknirinn sagði að faðir þinn gæti ekki lifað nema fáeina klukkutíma, eða í mesta lagi fáein dægur. Hann sagði að það væri ómögulegt að bjarga honum.“

„Elsku faðir minn! er það mögulegt að það sé svona stuttur tími, sem ég fæ að sjá þig. Ó, hvernig á ég að þola að missa þig alveg frá mér!“

„Þú verður að reyna að stilla þig og bera þig vel. Ég sakna hans líka því hann hefir verið mér eins og sonur, en ekki húsbóndi og hann kendi mér að kalla þig frænku og eg hefi elskað ykkur bæði eins og þið væru mér náskyld. Ó, ég elskaði móðir þína líka, Ó, hún var svo fögur og góð. Ég er nú búin að vera í þjónustu ykkar í tuttugu ár, svo það er ekki að furða þó ég syrgi líka,“ og brá nú gamla MARGRÉT svuntuhorninu upp að augunum. Í því heyrði hún stunur fyrir innan.

„Ó, Alice þú verður að hafa vald á tilfinningum þínum. Faðir þinn er vaknað-

ur og ég verð að fara inn til hans, og þá er eins víst að hann spyrji eftir þér, og þá verður þú að vera reiðubúin að koma til hans, án þess hann sjái að þú hafir verið að gráta. Hertu þig nú upp barnið mitt.“ Svo fór Margrét inn til sjúklingsins, en að líttilli stundu liðinni kom hún fram aftur og kallaði á Alice.

„Alice var nú reiðubúin að koma fyrir föður sinn, hún gekk að rúmi hans, og tók í hvítu mögru höndina hans, kysti á enni hans og sagði:

„Pabbi Alice er hér. Ert þú nokkur skárrí?“

„Já, barnið mitt ég er mikið frískari eða verð það bráðum, því hún móðir þín hefir fullyssað mig um það að eg fái bráðum að vera hjá henni.“

„Hún móðir mín,“ sagði Alice, og hélt nú að faðir sinn væri að tala óráð.

„Já, hún hún móðir þín,“ elsku barnið mitt, svaraði veiki maðurinn rólega. „Ég hef verið með henni í landi sælunnar síðastliðinn klukkutíma, og hef verið svo ósköp ánægður—Ó svo ánægður!“

„Faðir minn, þú veist ekki hvað þú ert að segja, hugur þinn er á reiki, reyndu að sofna,“ sagði Alice blíðlega.

„Reyndu ekki að telja sjálfri þér trú um þetta dóttir mín,“ sagði Mr. Blake „því ég er með öllu ráði, og ég mun ekki sofna aftur fyr en ég sofna þann stöðasta svefn í þessu lífi.“

„Ó, segðu ekki þettað faðir minn,“ sagði Alice og gat nú ekki stilt sig lengur en grét nú sárt.

„Þér batnar; þú mátt ekki skilja mig eftir eina í þessari köldu og hörðu veröld!“

„Það er Guðs vilji, hann gjörir alla hluti rétt og vel. Hann hefir gefið mér fullt ráð og rænu. Og er ég honum mikið þakklátur fyrir það, og nú bið eg þig elsku barnið mitt að stilla þig og hlíða á það sem ég ætla að segja við þig. Er Hugh ekki komin Margrét frænka,“ sagði sjúklingurinn og leit nú til gömlu konunnar.

Hún sagði að hann væri enn ókominn, og hélt Mr. Blake áfram að tala: „Hann ætti að vera kominn. Ég má ekki deyja fyr en ég er búinn að tala við hann. Hlustaðu nú á mig elsku dóttir mín. Þú ert það eina sem bindur mig við þennan heim. Ég hefi elskað þig og annast frá vöggunni til þessa tíma og nú vil eg búa svo um að þér geti liðið vel, þegar að eg er farinn til hennar móður þinnar.“

„Þetta litla hús verður eign þín og svo eru á banka í Boston tvö þúsund dollarar, sem var afgangurinn eftir hið mikla tap. Ég hef aldrei tekið á þeim, því ég hef æf- inlega búist við þeim tíma og vildi ég ekki skilja við þig alslausa. Og mín stöðasta ósk er að sjá þig gifta þeim manni, sem getur verið þér sem faðir líka, því við erum bæði svo ókunnug í þessari stóru borg, eins og þú veist. Ég þarf varla að segja þér að maðurinn, sem ég hef valið þér, er Hugh Hourton, því þú veist hvað mikið álit ég hef haft á honum. Hann er okkar eini trú- vinur fyrir utan gamla prestinn, í þessari miklu borg, hann er staðfastur og tryggur, og elskar þig innilega, og göfugri mann munt þú aldrei finna. Hann kemur hér bráðum og yrði það mín mesta ánægja mín að sjá ykkur gefin saman í hjónaband áður en eg dey. Ég hef talað við gamla prest- inn um þetta málefni og líkar honum það vel hann verður líka hér til þess að gera það.

Ó, faðir, faðir, ég get ekki giftst Hugh!“
svaraði Alice í sorgfullumróm.

„Getur ekki giftst Hugh?“ sagði faðir hennar með undrun, og lýsti sér vonbrigði

á svip hans. „Og því ekki barnið mitt?
Er hann ekki heiðarlegur, djarfur.“

„Hann er allt sem þú segir, faðir,“
svaraði Alice grátandi, „og mér þykir eins
vænt um hann, eins og nokkurri systir gæti
þótt um bróðir sinn; en ég get ekki gíft
honum!“

Nú varð þögn í herberginu litla stund.
Þar til sjúklingurinn andvarpaði og mælti:
„Þá er þessi draumur á enda. Ég var að
hugsa að þú elskaðir hann, en fyrst svo er
ekki, þá vildi ég ekki vita af því að þú
giftist honum, því gifti. g án elsku er hræðil-
leg. En fyrst hann getur ekki orðið mað-
urinn þinn, þá verður hann að vera fjár-
haldsmaður þinn. Það eru ýms atriði við-
komandi framtíð þinni, sem einhver verð-
ur að annast, og ég þekki engan færari til
þess en hann, ef hann vill gera það, Ég
hefði gjarnan getað beðið gamla prestinn
að annast það. en hann er orðinn svo gam-
all. Þegar hann talaði þessi orð, var dyra-
bjöllunni hringt. „Þarna kemur hann nú.
Farðu til dyranna Margrét, og þú dóttir
mín mátt fara í bráðina. Ég sendi eftir
þér seinna, þegar ég vil sjá þig.“ Alice
fór grátandi inn í næsta herbergi, og rétt á
eftir var þeim Hugh og sèra Williams

fylgt inn í herbergið til sjúklingsins. Hann tók á móti þeim með brosi og bað þá að setjast niður. Eftir nokkra umhugsun mælti hann með sorgarsvip: „Ósk sú sem ég hefi borið hjartnæmasta, getur ekki uppfylst.“

„Ég veit það,“ svaraði Hugh og titraði og rödd hans, þrátt fyrir tilraun hans að hamla því,

„Þú hefir þá talað um það við hana,“ spurði sjúklingurinn.

„Nei, herra minn,“ svaraði Hugh, „en það hefir komið nokkuð fyrir, sem ég get dregið af að hún elskar mig ekki.“

„Ó, mér þykir það slæmt, mér þykir mikið fyrir því, en það er ekki hægt að gjöra við því Hugh, en ég ætla að biðja þig að vera fjárhaldsmaður hennar. Viltu verða við þeirri bön minn?“

Ég skal gjöra það viljugur. Ég sver þess dýran eið í viðurvist þessa æruverða góða prests, að ég ætla að vera henni, sem bróðir, og láta lífið hennar vegna ef á þarf að halda.“

„Þakka þér fyrir, drengur minn þakka þér fyrir. Ég veit þú verður trúur vinur aumingja litlu ungu stúlkunnar minnar. Réttu mér nú lyklakippuna, sem

er þarna í efstu skúffunni á kommóðunni".
Hugh Hourton gerði það.

„Þessi lykill", sagði Blake, um leið og hann valdi einn úr kippunni, „gengur að kistu, sem stendur á fataskápnunum þarna. Í henni er bankabókin mín og öll skjölin, sem nokkurt gildi hafa. Þar finnur þú skjalabanka, sem bundin er saman með rauðu kantabardi. Þú skalt skoða þau skjöl vandlega, og sem vergi hennar skaltu fara með þau, eins og þér sýnist. Það getur skeð að þau verði henni einhverntíma að gagni. Nú finn ég að skamt er eftir. Kallið á Alice". Gamla konan gerði það tafarlaust, og kom Alice að vörmu spori til föður síns, og laut niður að honum, og streymdu logheit tárin ofan á föla andlitið.

Gráttu ekki Alice. Þér fer bráðum að lifa vel. Líttu eftir henni Hugh.— Gleymdu ekki lofordi þínu".

„Enn ég gleymi því, svo gleymi himnafadírinn mér", svaraði hann alvarlegur.

Þá bað hinn deyjandi maður prestinn að þjónusta sig, og gerði hann það, en að því loknu var Blake liðið lík, og var á-nægjubros á ásjónu hans. Alice hélt hann

væri sofandi, en presturinn vissi betur og leiddi hana frá rúminu, og sagði henni að nú væri ekki hægt að gera nokkuð fyrir gamla manninn framar.

IV. KAPITULI.

Skjöl hins gamla manns.

Þegar Hugh Hourton var búinn að fylgja vini sínum til grafar, fór hann að rannsaka skjölin, sem honum voru fengin í hendur. Hann komst að því, að þau voru viðkomandi efnahag herra Blakes. Þau sýndu að Blake hafði verið ríkur maður fyrir mörgum árum síðan, og var þá verzlunarmaður í Philadelphia, og maður að nafni Leonard Graff, sem var skrifari hans og trúnaðarmaður, hafði með fölsuðum bréfaviðskiftum náð öllum eignum hans undir sig og strokið með þær til Evrópu. Svona varð þessi atorkusami og duglegi góðsemdar maður öreigi.

Á meðal þessara skjala var bréf til Hugh Hourton frá Mr. Blake, og í því sagði hann honum, að það væri skoðun sín, að Graff væri enn þá á lífi, og mjög líklegt

að hann væri ríkur. Hann kvaðst hafa leitað hans um alla Evrópu í þeirri von að finna hann og láta hann skila peningunum aftur. En sú leit misheppnaðist alveg, og varð hann því að hverfa heim við svo bú-
ið. En svo hafði hann ætlað að halda á-
fram leitinni aftur. vegna dóttur sinnar, svo hún ætti fé sem bæri hana farborða í lífinu, en sér hefði ekki enst tími til þess. Hann endaði bréfið með því, að biðja Hugh að taka við leitinni eftir sig dauðan. Og sem vergi Alice gæti hann haft umboð til að ná fénu, ef til spyrðist. Graff kvað hann hljóta að ganga undir fölsku nafni.

Þegar Hugh var búinn að lesa bréfið og blaða í skjölunum, ásetti hann sér að gera allt sem í hans valdi stæði, að uppfylla bön og óskir hins dauða manns. En hvernig átti hann að gera það? Og hvernig átti hann að byrja leitina? Eftir langa umhugsun ásetti hann sér að fara með þetta málefni til leynilögregluþjóns, sem hann þekkti og hét Israel Sharp, sem hann hafði þekkt frá æskuárum. Sharp átti heima í sama húsi og Hugh. Hann fór því tafarlaust til hans og sýndi honum skjölin, og bað hann að hjálpa sér í þessu

máli. Sharp rannsakaði skjölin og las þau gaumgæfilega. Að því búnu horfði hann í gaupnir sér nokkra stund. Leit stöðan upp með ólundarsvip og mælti: „Þetta er dálaglegt verkefni, sem þú leggur fyrir mig. Það væri eins líklegt að ég taki mér ferð á hendur til tunglsins, eins og eg geti leyst þetta af hendi“.

„Segðu þetta ekki, segðu að minsta kosti, að þú skulir reyna að hjálpa mér“.

„Auðvitað skal ég reyna það“, svaraði lögregluþjónninn. „En hvar á ég að byrja Hourton? Þú mátt vera sannsýnn. Hlustaðu nú á. Svona stendur málið. Fyrir 10 árum stöðan var kaupmaður í Philadelphia, George Blake að nafni. Skrifari hans Leonard Groff að nafni, stal aleigu húsbónda síns, og strauk. Enginn veit hvert. Að eins ágizkun, að hann hafi farið til Norðurálfunar, en engin víska. Hann gat eins vel hafa farið til Guina eða Kam-schatka, eða hver veit hvað. Kaupmaðurinn leitar um Norðurálfuna. Og eftir 10 ár kemur þú til mín, og biður mig að finna þjófinn, sem má ske eyðir ævistundum sínum í fangelsi, eða má ske bein hans séu búin að liggja um nokkur ár á sjávarbotni. Þetta er ekki árennilegt verk“.

„Þú hefir rétt að mæla“, svaraði Hugh.
„En samt er það ekki, alveg ómögulegt, að þú komist á slóð hans, og það liggur í þínu verkahring, að reyna það. Hann getur lifað enn þá. Það getur ekki leið nokkuð ilt af því, þó ég ráðfæri mig við þig.“

„Auðvitað kunningi. En ef ég finn hann ekki þá er skaðinn ekki meiri fyrir það. En ef ég findi hann þá mátt þú hrósa happi, að hafa fengið mér þetta mál til meðferðar. Og satt að segja hafa ólíklegri hlutir komið fyrir eftir minni reynd, en að þessi bófi næðist á endanum. En Hugh, veistu að hin unga mæ, sem þú ert fjárhaldsmaður, er mjög óvarkár, í framgöngu sinni, nú síðustu tíma.“

„Að hverju leiti,“ spurði Hugh og roðnaði, því hann grunaði við hvað lögregluþjónninn átti við.

„Hún hefir mætt manni við og við í ferjuhúsinu,“ svaraði Sharp.

„Hefir hún mætt honum oft?“ spurði Hugh, því um það vissi hann ekki sjálfur.

„Fimm eða sex sinnum, sem ég veit um. Ég hefði kannske ekki tekið eftir því ef ég hefði ei haft hugmynd um að þú værir að hugsa um hana sjálfur. Og áleit ég

að þú setur þú vita um það, ef svo væri. En máske ég hafi farið skakt í því?”

„Hvernig sem hugur minn hefir verið í þá átt. Mr. Sharp, þá er það fastur ásetningur minn að vera í alla stadi sem bróðir hennar. Faðir hennar skildi hana eftir í minni umsjá, og lofaði ég honum á bana-sænginni, að annast um velferð hennar. Og ég vildi heldur missa lífið en láta nokkuð ganga að henni eins langt og ég ræð við. Þekkir þú nokkuð þennan mann, sem hún er að finna?”

„Mjög lítið,” svaraði Sharp. „Hann heitir Frank Melton. Hann er stórauðugur maður og lifir á eignum sínum, en Frank er mesti slarkari, og berst mikið á. Og er Alice Blake tæplega sú stúlka, sem hann kys sér fyrir konu, þó að hún sé mjög fríð stúlka. En Hourton, hvernig kynntist hann henni.“

„Það get ég sagt þér. Hann er kunnungi yfirmannsins á verkstæðinu, sem hún vinnur á, og hann gerði þau kunnug.“

„Jæja“ svaraði leynilögregluþjónninn. Það getur skeð að hann meini vel, og ætli sér hana, þó það sé mér óskiljanlegt eftir því sem ég lít á mann þennan. Hvað sem

um það er, Hugh. Þá er það ekki tilhlýðilegt að þau séu að halda fundi stna í ferjuhúsinu, því ef hún vill halda áfram kunningskapnum við hann, þá er ekki til neins að aftra henni frá því. Svo það er skilda þín að sjá svo til að hann heim-sækji hana að hennar eigin heimili. Því í verkahring mínum hef eg orðið þess var að það hlýst oftast eitthvað illt af svona löguðum fundum. Og svo getur þú miklu fremur gert skyldu þína gagnvart henni, og settir miklu hægra með að hafa vakandi auga á henni.“

„Þú hefir rétt að mæla, mr. Sharp, og er ég þér mjög þakklátur fyrir þessa ráðleggingu. Og verður það mitt fyrsta verk að tala við Miss Blake um þetta, þó að þetta sé nokkuð vandasamt málefni.“

„Ég verð nú að kveðja þig í brád, drengur minn,“ sagði leynilögregluþjónninn,—„þú ert af réttu tagi, og mundu það, að ég er æfinlega reiðubúinn að rétta þér hjálparhönd ef þér liggur á.“ Síðan gekk Mr. Sharp út.

V. KAPITULI.

Hugh heimsækjir eldri Melton.

Þegar að leynilögregluþjónninn var farinn, sat Hugh lengi í þungum þönkum, hann var að hugsa um þá miklu ábyrgð, sem á honum hvíldi, og líka hvað það væri þungbært fyrir sig að sjá á bak Alice Blake, sem hann elskaði út af lífinu. Hugh var gæddur því lífs og sálarþreki, að hann ásetti sér að svo framarlega sem Frank Melton elskaði hana og ætlaði sér að giftast henni, þá skildi hann sjálfur, gera það sem í sínu valdi stæði til þess það hefði framgang.

Og þegar það væri afstaðið, þá var skilda hans á enda, henni viðvíkjandi og hún yrði ánægð. Svo skildi hann fara burt úr landi og reyna að gleyma henni, með því að sökkva sér niður í eitthvað, sem sér líkaði best.

En áður en hann gæfi leyfi sitt til þess að Frank heimsækti hana ásetti hann sér að finna föður hans, því ef faðir hans væri á móti giftingu þeirra, þá mundi það ekki ná framgangi. Hugh þekti nógu mikið af veröldinni til þess að vita það, að slíkur maður sem Frank leit út fyrir að vera, mundi

aldrei ganga að því, að eiga fátæka stólku, þó hann elskaði hana, ef hann byggjist við að verða þerður arflaus þessvegna. Hann áleit nú best að finna eldri Melton tafarlaust, og heyra hans álit þessu máli viðvfkjandi. Það var stórt og skrautlegt hús sem Mr. Milton bjó í. Hann var ekki vanur að veita verkamönnum viðtal, og var það því af mestu náð og miskunsemi að Hugh var leyft að ganga inn í stóru stofuna auðmannsins,

„Jæja þú ungi maður, hvert er erindi þitt? Ég veit ekki til að ég skuldi nokkrum verkamanni svo mikið sem eitt cent“.

„Þú ert lánsmaður með það,“ svaraði Hugh stillilega. „Koma mín hingað er ekki skuldum viðvfkjandi. Ég kom hingað til að tala um árfðandi málefni við þig viðkomandi syni þínum.“

„Viðkomandi syni mínum? Hvern fjandann hefir hann nú aðhafst? Segðu mér það tafarlaust! En ég læt þig vita það hreinskilnislega fyrirfram, að ef það er áhrærandi peninga, þá ertu kominn á rangan stað. Ég hef borgað helzt til mikið fyrir Frank, og er nú orðinn þreyttur á því sýsli.“

„Þú mátt vera óhræddur um það herra

minn, að ég þarfnast engra peninga frá þér. Ég vil ekki eyða lengri tíma en þörf er, og ætla ég því strax að flytja þér erindi mitt. Ég kom til þess að fá upplýsingar hjá þér. Það er ung stúlka munaðarlaus, sem misti föður sinn fyrir stuttu síðan. Hann skildi hana eftir í minni umsjá. Ég veit til þess að sonur þinn er að heimsækja hana við og við. Ég vil fá að vita hvort það er með þínum vilja eða ekki, að hann heimsækir hana. Hún er bláfátæk, og verður að vinna fyrir lífsnauðsynjum sínum sjálf.“

Ef gamli Melton hefði ekkert um þetta vitað, mundi hann hafa orðið fokreiður, og jafnvel látið reka Hugh út úr húsi sínu. En Frank hafði einmitt þennan sama morgun sagt föður sínum frá því, að sér þætti dálítið vænt um fátæka verkastúlku, og hefði gaman af að ná fundum hennar smátt og smátt. En hann ætlaði sér hana ekki til vináttu nema um stundarsakir. Jafnframt sagði hann föður sínum að það væri ungur maður, sem mundi sporna á móti þessu gamni, og mundi sá maður reyna að ná tali af honum. Frank endaði með því, að ef þessi afskiftasami kjáni kæmi, þá gerði það ekki neitt til þó faðir sinn gæfi honum hugmynd um, að hann mundi ætla að giftast

stúlkunni. Frank hefði ekki tekið þetta til bragðs, ef hann hefði ekki þótst fullviss um að Hugh mundi heimsækja föður sinn, og óttaðist reidi Hughs, ef hann kæmist að því að hann mundi ekki ætla sér að giftast ungfrú Blake. Með þessu eina móti vissi hann að hann gat haft vilja sinn fram. Gamli Melton hafði verið samviskulaus í þessum sökum, eins og margir fleiri eru, á unga aldri. Hann tók því vel í strenginn við Frank í þessu efni, og gerði hann að trúnaðarmanni sínum. Hann sá ekki annað en þetta væri saklaust gaman,—þó karlmenn eyðileggi stúlkur að lífi og heilsu. Hann lofaði því syni sínum að spilla ekki fyrir honum þessum leik.

„Ójá“ svaraði hann því spurningu Hugh. „Þak var einmitt að tala um þetta við mig í daginn, og er hann alveg sjálf-ráður. Ef hann vill hana öðrum fremur, af öllum sem hann þekkir, þá fær hann mitt samþykki. Og er það nokkuð annað sem þú vilt fá að vita“?

„Nei herra minn,“ svaraði Hugh og andvarf: „Í þungt um leið.“ „Fyrst hann hefir þitt leyfi, er ég ánægður. Vertu nú sæll.“

„Vertu sæll,“ svaraði Mr. Melton og

hneigði sig um leið og hann opnaði hurðina og bætti við: Mundu það að Frank er sinn eigin húsbóndi, og má breyta eins og honum þóknast. Svo þú þarft ekki, að ómaka þig aftur til mín þessu viðkomandi.“

„Þegar Hugh Hourton var á leiðinni fram að dyrunum, heyrði hann að þjónninn var að rífast við einkvern utan við dyrnar þjónninn hélt hurðinni í hálfu gátt með annari hendinni, en með hinni var hann að reyna að íta einhverjum frá dyrunum.“

„Ég skal koma inn, segi ég þér,“ var mælt fyrir utan. „Og ef þú gætir þín ekki þá skal eg sjá um að þú verðir rekinu úr stöðu þinni, fyrir að svívirða herra mann.“

„Herra mann? Heyr á endemið. Þú ert laglegur herra maður. Þú ert líklega ráðherra stjórnarinnar. Er ekki svo? Að mínu álitu ertu herra maður fjandans sjálfs. Og segi ég þér einu sinni enn, að Mr. Melton líður ekki gesti líka þér. Þeir fá ekki að koma inn um framdyr hússins. Flækningar hafa vanalega vit á að koma að eldhúsdyrnum, og ef þú, hinn óhreini flakkari ferð ekki frá dyrunum á þessu augnabliki, kalla ég á lögregluna og læt hana setja þig inn. Heyrir þú til mín?“

„Já ég heyri til þín mannhundurinn“

þinn," svaraði hinn afarreiður. Ég segi þér það aftur, að ef þú ferð ekki strax til gamla Meltons, og segir honum að gamall kunningji hans, Jack Ruel sé kominn og vilji finna hann, þá skulið þið báðið hafa það versta upp úr því".

"Þú ert sá ósvífnaði flækingur sem ég hefi nokkur tíma séð á æfi minni", sagði þjónninn. "Ef ég hefði leyfi húsbónda míns, þá skyldir þú fá daglega ráðningu hjá mér." Ég veit annars ekki nema ég ætti að láta þig hafa hana samt. Ætlaðu að fara eða ekki?"

Hugh var þá kominn fram að hurðinni og um leið og hann gekk út leit hann á manninn, sem þjónninn var að þrefa við, og varð heldur en ekki hissa, þegar hann þekkti hann fyrir sama manninn, sem talaði til hans á ferjupallinum, og spurði hann að nafni Alice Blake. Maðurinn var hár og herðabreiður. Hann sýndist vera um þrítugt, og eins og áður var sagt var hann slarkaralegur. Augun voru rauð og vot; fötin óhrein og slitin. En þrátt fyrir allt þetta var hægt að sjá að þessi maður hefði einhverntíma verið í betri manna röð. Það var auðséð að hann vissi vel hvað hann var að gera, og hann átti sinn hlut vissan

Hann ætliað þá að ráðast til inngöngu í húsið, en þá bar enn mann þar að. Það var Frank Melton sjálfur. Hann leit fyrst á þennan nýja gest og svo á Hugh Hourton, og mælti svo með háðglotti: „Er þetta kunningi þinn Mr. Hourton?“

Reiðin brann úr augum hans. „Ef svo er, þá er betra fyrir þig að fara með hann að eldhúsdýrunum. Vítú úr vegi fyrir mér flækingur!“ mælti hann við hinn ókunna mann um leið og hann reyndi að komast inn hjá honum.

„Flækingur sagðir þú,“ og leiptraði reiði í augum aðkomumannsins þegar hann leit á Frank, og hreifðist hvergi. „Hefir þú ekki meira vit en að halda að sá maður sé flækingur, sem er illa til fara og er peningalaus? Þú ættir ekki að dæma manninn eftir fötlunum, sem hann er klæddur í, því það gæti farið svo að þú fengir einhvern tíma að kenna á því“

„Þú skalt bráðum fá að sjá hvaða virðingar viðtektir flækingur fær hjá ríkum manni. Er þessi kunningi þinn Hourton, vitskertur?“ spurði Frank og sneri sér að Hugh, sem stóð höggdofa, og horfði á það, sem fram fór, og gat ekki að því gert nema

þykja hálfvænt um vandræði hins unga oflátungs.

„Þessi maður er ekki kunningi minn, Mr. Melton, en hann segist vera kunningi föður þíns. Ég hefi að eins séð hann einu sinni áður, og það aðeins í svip.“

„Ha—ha—svo þessi oflátungur er maðurinn sem mætir stúlkunni á ferjuhúsinu, og hann er sonur gamla Meltons. Mér þykir vænt um það. Ég skal kenna honum að kalla besta vin föður síns flakkara eða hitt þó heldur. Ég skal gefa honum tilsögn í kurteisisreglum áður en langur tími líður. Vitið þið til.“

Hefir nokkur heyrt önnur eins fádæmi,“ sagði þjónninn, sem hafði hlustað á þetta með mikilli undrun; „að annar eins mannræfill skuli dirfast til að kalla sig vin húsbóndans! Lofið mér að komast að honum, ég skal brjóta hvert bein í hans skrokk, fyrir þetta ódæði! ef þú gefur mér leyfi til þess Mr. Frank.“

„Jæja Mike, taktu hann og kastaðu honum út fyrir strætið, þar sem hann á heima! Því ég vil ekki saurga mínar höndur á honum“

Írski þjónninn rak upp öskur, og stökk á manninn, náði góðu haldi á honum og var

í þann veginn að sveifla honum af pallinum þegar að gamli Milton, sem hafði orðið var við háreistina, kom fram í dyrnar.

„Hvað gengur á?“ sagði hann í ofboði.
„Láttu manninn vera, Mike, þar til ég fæ að vita hvernig á þessu öllu stendur. Hvað vill maðurinn?“

„Hann er óforskammaður betlari, sem kallar þig besta vin sinn og vill endilega hafa tal af þér,“ svaraði Frank Melton.

„Ó. ef svo er,“ svaraði gamli maðurinn reifulega. „Þá flýttu þér að koma honum frá húsinu Mike, og láttu svo aftur dyrnar. Hann er kannske vitfirringur sem hefir ein hvernvegín sloppið úr vitlausra spftalanum það væri réttast að gefa hann í hendur lög-reglunni, en það er of mikil fyrirhöfn. Inn með þig Frank! Þetta er þó dáfalleg sýn fyrir framan herramanns aðsetur!“

Mike var í þann veginn að framfylgja skipun húsbóndans þegar hinn ókunni maður sleit sig af honum og stökk fram fyrir gamla Melton:

„Eina mínútu, Len, gamli kunningi, eina mínútu! Ég sé að þú þekkir mig ekki og fyrir þá skuld skal ég ekki taka hart á þér fyrir þessa óvirðingu sem þú sýnir mér; en þú hlýtur að þekkja mig ef þú gætir vel

að mér. Gættu nú vel að, og vittu nú hvort ég segi ekki satt.“

Mr. Melton horfði nú lengi og nákvæmlega á andlit mannsins, og faust honum þá að hann kannast við svipinn, og var þá ýmist að Melton gamli roðnaði eða fölnaði til skiftis þar til hann gat ekki lengur horft í andlit aðkomu manns, leit hann því til jarðar og fór hrollur um hann, einnig átti hann bágt með að halda sér upp-réttum.

“Þú talar ekki við mig”, sagði hinn, þegar hann var búinn að horfa á vandræðasvip Mr. Meltons, sér til ánægju. “Þú býður ekki gamlan vin velkominn. Það var samt einusinni sá tími að þér þótti vænt um að sjá mig, og við vorum ánægðir saman. En svona fer það. Einn maður lækkar í félagslífinu, þótt hvorugur breytist að upplagi. Þú ert sá sami maður og þú varst fyrir mörgum árum, og eins er ég. Eini mismunurinn er sá að þú ert ríkur en ég er fátækur; en það er nóg til þess að þú kannast ekki við mig, og ætla ég ekki að mögla. Ég býst við að það geri ekkert til. Ég þekki þá, sem mundu fúslega kaupa vináttu mína, og borga vel fyrir hana líka. Vestu soell, Len. Ég efast ekki um að

við munum sjást aftur áður en langt um líður, þó að ég ekki heimsæki þig aftur. Vertu sæll gamli vin!”

“Hættu, þú mátt ekki fara, ég þarf að tala við þig”.

“Ég veit ekki”, sagði maðurinn og lést vera tregur til”, “Ég veit ekki hvort ég hef tíma til þess núna. Ég hef ársbændi málefni að leysa af hendi og sneri sér nú í burt.

“Komdu inn Jack!” sagði Melton í biðjandi málróm! “Ég bið þig að koma inn! Ég þekti þig ekki fyrst í stað, það er mín afsökun, láttu hana gilda fyrir þá óvirðing, sem ég hef sýnt þér. Þú ert hjartanlega velkominn, ég segi þér satt. Hér er hönd mín vinur, viltu ekki taka í hana?”

Og Mr. Melton rétti út höndina, hinn hikaði dálftið og greip síðan í hana og hristi hana vingjarnlega og sagði:

“Ég er aldrei langrækinn, Len, þú veist það, og við erum þá vinir aftur frá þessari stundu. Og nú ætla ég að biðja þig að vera svo góðan og reka þenna ósiðsama þjón úr þjónustu þinni og láta þenna hrokafulla son þinn biðja mig auðmjúklega fyrirgefningar fyrir þau ósvífnu orð, sem hann hefir brúkað mér til handa”.

“Fyrirgefðu þeim í þetta sinn, Jack, Hvíslaði gamli Melton, auðvitað var þeim ómögulegt að ímynda sér að þú værir vinur minn. Og þú sérð það sjálfur að það var ólíklegt að þú svona illa til fara værir vinur hans ríka Meltons, sæstu við þá í þetta sinn. gerðu það fyrir mig, gamli vinur!”

“Jæja, eins og ég sagði áðan er ég ekki langrækinn, og verð ég að fyrirgefa þeim í þetta sinn. En þeir verða að gæta sín framvegis ef þeir vilja eiga heima í þessu húsi. Og nú, ef þér er sama, skal ég þiggja að fara inn og fá eitt hvað að borða, því ég er nærri dauður úr hungri, og svo þarf ég að fá skárri fót til að fara í, þessi hæfa varla herramannf”.

Með þessum orðum gekk þessi ræflalegi komumaður inn í hið skrautlega hús og bað húsbóndann svo vel ger og ganga inn líka.

Og var Mr. Molton í þann veginn að gera það, þegar honum varð litið á Hugh Hourton, sem var enn ekki farinn. Hann stóð eins og steini lostinn af undrun yfir því, sem fyrir hann hafði borið.

“Var það nokkuð annað, sem þú vildir mér, ungi maður”, sagði herramaðurinn kuldalega, því ef þú ert búinn að af ljúka

eriudi þínu væri þér bezt að hugsa um þín eigin málefni”.

“Ég bið fyrirgefningar, herra”, mælti Hugh auðmjúklega, því hann vissi að sér hafði orðið á að brjóta eina siðferðisregluna; “ég steingleymdi í undrun minni að ég var að hlusta á það, sem mér kom ekkert við. Vertu sáll herra Melton”.

Hugh hneigði sig kurteislega og gekk í burtu, en á leiðinni heim til sín gat hann ekki að sér gert nema að hugsa um hvaða samband gæti verið á milli hins ríka Meltons og þessa alslausa slarkara. Og þegar Frank Melton gekk inn í húsið á eftir föður sínum var hann ekki minna hissa og jafnvel óánægðari út af þessum viðburði, en frski þjónninn andvarpaði þunglega og tautaði við við sjálfan sig:

“Nú er ég hissa, þetta er alt svo undarlegt! Ég gæti bezt trúað að það væri djöfullinn sjálfur í mannsmynd, sem kominn er í húsið og segist vera bezt vinur húsbóndans. Hvað hefir komið fyrir? Ég veit það ekki!”

Arnþjótur B. Olson

Arnþjótur B. Olsen

VI. KAPITULI.

Ein af þeim olánsömur.

Þó að Hugh væri nú búinn að finna gamla Melton. og heyra að það væri ekki á móti hans vilja að Frank sonur hans gengi að eiga Alice Blake, þá var hann altannað enn ánægður. Hann gat ekki strítt á móti einhverri efablendni og ótta, sem hann fann til í huga sínum, í sambandi við ætlanir Franks, Alice til handa. Hann gat ekki verið ánægður yfir því að þurfa að gefa leyfi sitt til þess að Frank heimsækti Alice hvenær sem hann vildi, en þó fann hann það skyldu sína, því þau máttu með engu móti mætast leynilega. Tveimur klukkustundum eftir að Hugh gekk á stað frá höll Mr. Meltons, var hann kominn í ferjubátinn og ætlaði nú að heimsækja Alice Blake, þessu málefni viðvíkjandi. Hugh tók sér sæti í kvenna salnum, og sókti sér niður í hugsanir sínar, allt í einu varð

honum litið upp og horfði hann þá beint framan í unga stólku, sem hafði sezt á móti honum. Það var eitthvað við hana sem vakti athygli hans.

Hún var þokkalega klædd, falleg í vexti og indislega fagurt andlit, dálítið langleit með ofurlítið íbogið nef, rauðar og þykkar varir og munnurinn vel lagaður, þó voru það augu hennar sem uppljómuðu andlit hennar, þau voru djúp, stór og dökk.

Þegar að þessi stulka var róleg og ánægð hlutu augu hennar að vera töfrandi og hafa mikið aðdráttarafl; En nú hlaut hún að hafa einhverjar hræðilegar hugsanir því augu hennar voru ofboðsleg, það samblandaðist sorg og heift í þeim, og grönna höndurnar voru á einlægu iði. Það var auðséð að hugur hennar var fastur við eitthvað óttalegt, og hún vissi ekki af neinu sem fram fór í kringum hana.

Loksins stóð hún upp og gekk fram á bátinn.

Hugh hélt að henni væri flt og að hún

hefði gengið fram á bátinn til að draga að sér hreint loft. Hann horfði á eftir henni, og þegar hún gekk um fremri salinn, sá Hugh að hún laut að manni sem sat þar og hvíslaði einhverju að honum. Síðan gekk hún fram á dekkið, og maðurinn á eftir henni.

Síðan hélt Hugh áfram með sínar eigin hugsanir. Þar skulum við skilja við hann í bráð; en fylgja stúlkunni. Hún gekk fram á dekkið og staðnæmdist þar við grindaverkið, og hallaði sér fram á það og horfði ofan í hina dökku straumhörðu á. En maðurinn sem hún hafði talað til gekk til hennar og snerti við henni, og sagði um leið:

„Lucille, vertu ekki svona heimsk, því getur þú ekki verið sannsýnileg og gjört þér gott af því sem ekki verður héðan af hœgt að bæta úr?“

Stúlkán sneri sér fljótlega við, og horfði fastlega framan í manninn og braun heiptareldur úr augum hennar; augnaráð henn-

ar var líkast því, sem sært tigriædýr mundi lífta til banamans síns. En bráðlega breyttist það í angist. Stóru dökku augun hennar fylltust tárur, og í óstyrkum málróm sagði hún,

„O, Frank, hjarta mitt er brostið og er það ekki eini glæpurinn sem þú ert sekur um; heldur ert þú líka orsök í dauða móður minnar! Hún fann út synd mína og það drap hana. Hún var jörðuð í gær.“

„Gamalt fólk verður að deyja“ sagði maðurinn kuldalega.

Aftur kom heiptar eldurinn í augu stúlkunnar, og tók hún aftur til máls:

„Frank Melton, ég elskaði þig einu sinni — og veit enginn nema guð einn og ég sjálf hvað heitt og innilega — elskað þig eins óstjórnlegs og ég hata þig nú.

„Ég fer nú til móður minnar, og ég flinn að það er spádóms andi yfir mér; ég get sagt þér það að endir þinn verður verri en minn. Og öll þín slægvizka og fals mun ekki geta komið þér að neinum notum. Þú munt

verða forsmáður og fyrirlitinn af öllum, og að endingu deyja í fullu fjöri, og það svo fljótlega að þú munt engan tíma hafa til að iðrast synda þinna, þá fer þín svartá sál til sinna réttu heimkynna, mundu þennan spádóm þegar ég er farinn. Hugsaðu um hann og dreyndu um hann, því hann mun sannarlega fram koma!“

„Humbug!“ svaraði Frank Melton fyrir-
irlitlega, þó var auðséð að honum var ekki um þennan spádóm. „Þú átt eftir að lifa í mörg ár enn, Lucille! og fyrirverða þig fyrir að láta og tala svona. Nú hefur þú spáð, og ég líka, svo skulum við vita hvort okkur verður nær sannleikanum.“

Frank sneri sér við til að horfa á segl-
bát sem rétt í þessu brunaði fram hjá ferj-
unni, en á meðan hann var að horfa á hann, flutti stúlkan sér frá hlið hans, og fór fram á ferjustafninn, og hrópaði: „Móðir! móð-
ir! ég kem til þín!“ og á sama vitfangi fleigði hún sér ofan í ólgandi vatnið.

Alt varð í uppnámi, og ferjan var

stönsuð eins fljótt og hægt var, lífbátur látinn síga og alt gert sem hægt var, til að bjarga þessari ungu stúlku, en allt varð til einskis, hún sökk strax og kom ekki upp aftur.

Hugh flýtti sér fram, til að vita hvað um væri að vera, og fyrsti maðurinn sem honum varð litið á var Frank Melton, sem stóð í sömu sporum og stúlkan hafði skilið við hann, hann hélt að sér höndum eins og að ekkert væri um að vera, og því síður að honum kæmi það nokkuð við.

Augu þessara tveggja manna mættust en hvorugur talaði til hins; og þegar Hugh ætlaði að snúa sér við og ganga inn aftur, sorgfullur út af því sem skeð hafði, heyrði hann einn af ferjumönnum segja við Melton „Þektir þú stúlkuna, herra? ég sá að hún var að tala við þig.“

„Ég hef aldrei séð hana fyrri, á æfi minni, það ég til veit,“ svaraði Melton. „Hún spurði mig hvert ég gæti sagt sér hvar Adams stræti væri í Brooklyn. Ég held að hún hafi verið brjáluð.“

„Mjög líklegt!“ sagði maðurinn, og á meðan verið var að tala um og gizka á hver og hvaðan stúlkan mundi vera, lenti ferjan í Brooklyn, og fór nú hið óttaslegna fólk að flýta sér í land.

„Þetta hlýst af fundum í ferjuhúsinu“ heyrði Hugh, eina aldraða konu segja, sem gekk á undan honum. „Ég hef séð þessa stúlku—hélt konan áfram,—og hún var svo falleg líka—vera að bíða eftir einhverjum í ferjuhúsinu svo ósköp oft“.

Það fór hrollur um Hugh við að heyra þetta og flýtti hann sér að komast burt því hann gat ekki hlustað á meira því það var honum svo ógeðfelt.

Hugh flýtti sér nú heim til Alice Blake og opnaði hún sjálf hurðina, því síðan þau höfðu talað saman og skilið hvort annað, tók hún æfinlega vel á móti honum, og var honum sem bezta systir.

Hugh hafði aldrei minst á fundi hennar og Franks í ferjuhúsinu. Og hafði líka þá hugmynd að það vissi enginn um þá,

nema hún og unnusti hennar, því satt að segja fyrirvarð hún sig fyrir það og hefði hún verið sjálfráð hefði hún aldrei mætt honum þar, en fagurmæli þessa ófyrirleitna ungmennis hafði svo gjörsamlega yfirbugað hana, að hún taldi sér trú um að það gæti ekki verið rangt fyrst hann bæðist þess, maðurinn sem elskaði hana svo heitt og innilega, honum gæti ekki dottið í hug að biðjast neins af henni, sem hún þurfti að skammnst sín tyrir. Þetta reyndi Alice að hugga sig við þegar hún hugsaði út í það. Alice var bæði greind og vel mentuð, en eins og mörgum fallegum stólkum hættir við líkaði henni hól. Frank Melton var heldur ekki lengi að finna það og nota sér það. Hann sparaði ekki að tala um fegurð hennar og greind, og hvað hún bæri af öllum hinum mörgu höfðingjadætrum, sem sem hann þekti, og vegna stöðu sinnar yrði stundum að umgangast, og svo talaði hann um þá miklu gleði, sem það yrði fyrir sig þegar sá tími kæmi þegar hún væri orðin sín og hann gæti kynt hana þessu.

mikla fólki, og þá mundi hún bera langt af öllum þessum hefðarfróm, eins og sólin bæri af stjörnunum. Þá yrði ánægja sín fullkomnuð. Með svona löguðu tali var Frank á góðum vegi með að svæfa beztu tilfinningar hennar.

Það var vandasamt málefni fyrir Hugh að tala um, en hann vissi að það varð að gerast, og var nú kominn tísminn til að ljúka því af.

“Alice”, sagði Hugh, þegar þau voru búin að tala saman lit'la stund um veðrið og því um líkt, “Ég vona að þér mislíki ekki við mig, þó að ég tali dálítið við þig um gerðir þínar. Loforð það, sem ég gaf föður þínum, skyldar mig til þess; samviska mín hefði engan frið ef ég gerði ekki eftir mætti að uppfylla þá síðustu bæn hans”.

“Þú hefir verið mér mikið hjálplegur, Mr. Hourton”, svaraði Alice, “og er ég þér mjög þakklát fyrir það. Satt að segja veit ég ekki hvernig hefði farið fyrir mér ei ég

hefði ekki átt þig að til að ráðfæra mig við, síðan að þabbi dó”.

“Þá ætlar þú ekki að reiðast mér þó að ég, velferðar þiknar vegna, tali um ógætni þína vissu málefni viðvfkjandi?” spurði Hugh í alvarlegum róm.

Alice kafroðnaði við þessi orð, því hana grunaði nú að fjárhaldsmaður sinn hlyti að vera kominn að leyndarmáli sínu, og væri nú kominn til að ávfta sig. Hún var varla við þessu búin. Samt fann hún nú til þess að hún hafði ekki geri rétt, en þar fyrir fanst henni að þessi ungi maður ekki hafa neinn rétt til að ávfta sig fyrir það. Og hefði það verið eldri maður, sem hún var að tala við, þá hefði hún reynt að réttlæta sig fyrir honum, en þar sem þetta var nær því jafnaldri hennar, svaraði hún nær því fyrirlitlega:

“Ég trúi því varla Mr. Hourton, að þú notir þér það að þú ert fjárhaldsmaður til þess að misbjóða mér með því að hnýsast ian í leyndarmál mín, og væri það mjög

ranglátt af þér, líka mundi það eyðileggja þá vináttu og traust, sem ég ber til þín. En ég veit að þér dettur ekki slíkt í hug.”

“Ég mundi aldrei gera neitt, sem ég gæti fundið að væri rangt þér til handa, sagði Hugh, en ég verð að gera það sem samvíska mín segir mér að sé rétt, og ég finn skyldu mína. Hugh fann nú enn meira en nokkru sinni áður til hvað-vandasöm staða hans var, hann ásetti sér samt að láta ekki hugfallast, og sagði hann því: “Áður en við förum lengra út í þetta mál-efni Alice, ætla ég að biðja þig að reyna að skoða mig sem gamlan vin, og kalla mig Hugh, en ekki Mr. Hourton, eins og þú nú gerir, því á meðan þú heldur því áfram er eins og þú viljir aftra mér frá að vera sá vinur sem ég vil og á að vera”.

“Jæja”, svaraði Alice, “ég skal gera eftir þínum vilja í þessu”. Og fór hún nú að halda að grunsemd sín væri raung. “Ég

skal kalla þig Hugh— Hugh bróðir, ef þér líkar”.

“Hugh, er nóg, hitt er of langt, það er lengur verið að segja það”, sagði ungi maðurinn og brosti við.

“Hugh skal það þá vera”, sagði Alice, nú vingjarnlega, “og hvað var það þá, sem þú ætlaðir að tala um við mig Hugh; ég veit að það er eitthvað áráðandi”.

“Já, það er áráðandi”, svaraði Hugh dauðlega; “það getur haft áhrif á ánægju þína, bæði nú og hér eftir, og vildi ég helst ekki þurfa að tala um það, því að réttu lagi er það að eins fyrir föður að tala um slíkt”.

Roðinn færðist aftur í kinnar stálkunnar. En hán stríddi á móti tilfinningum sínum og sagði, um leið og hún leit ofan á gólfid, því hún gat ekki lengur horft framan í Hugh:

„Maltu áfram, Hugh, ég er að hlusta“,

Hugh þagði litla stund, því hann vissi varla hvernig hann átti að byrja, þar til

honum datt í hug hinn sorglegi atburður á ferjubátnum, og hélt hann þá áfram á þessa leið:

„Þegar ég var á ferjuuni í dag á „leiðinni hingað, kom fyrir mig sorglegur atburður, sem nú á dögum er alt of oft farið að koma fyrir; því er ver. Ljómandi fögur stólka kastaði sér af ferjubátnum í ána, og drukknaði. Þrátt fyrir allar tilraunir, er gerðar voru til að bjarga henni. Eitt augnablik sá ég hana unga og í fullu fjöri en að fáum augnablikum liðnum var hún liðið lík á árbotninum. Og þegar ég fór að hugleiða það, var það meira en tilfinnanlegt. Það var hræðilegt! Orsökkin til þessa óttalega úrræðis fyrir þessari ungu stúlku hefir líklega verið sú, að hún hefir fyrst verið tæld og stöðan yfirgefin af einhverjum samvizkulausum þorpara, Hugsaðu þbara til þess, Alice. Einhverratíma hefir þessi stúlka verið eins góð og saklaus og þú ert nú; en launfundir í ferjuhúsi voru munu hafa verið orsök að eyðileggingu hennar og dauða“.

Alice var orðin svo kafrið, að það var elns og blóðið setlaði að springa út úr kinn um hennar, þegar Hugh endaði sögu sína. Hún var svo þissa og óviðbúin, að hún kom ekki upp orði. Loksins sagði hún, og reyndi að dylja tilfinningar sínar, en tókst það ekki.

„Ég skil ekki tilgang þinn, Hugh. Þessi saga er sannarlega hræðileg, en því segir þú mér hana?“

„Skilur þú mig ekki, Alice?“ spurði Hugh einlæglega. „Ég veit að í hjarta þínu er fastlega inngróin staðfesta og réttvísí, sem mundi varna þér frá að falla í spor þessarar ólánssömu stúlku, sem ég sagði þér frá. Það er mannorð þitt, sem gæti verið hætta búu af óaðgætni þinni, og er það alt sem ég ber kvíða fyrir, ef svo er.“

Hvað hjartað sló hart í barmi Alice Blake, því hún var nú viss um að Hugh mundi vita leyndarmál hennar; en samt reyndi hún að láta hann ekki sjá það á sér.

„Hver er meining þín, Hugh? Ég skil þig ekki enn. Mér þætti vænt um að þú gerðir mér það skiljanlegt“.

„Það er mér kunnugt“ hélt Hugh þá áfram í sorglegum róm. „Að þú hefir oft mætt Mr. Frank Melton í ferjuhúsinu“.

Óánægja lýsti sér í augum Alice Blake þegar að hún leit framan í Hugh, og sagði með samblandi af fyrirlitning og reiði:

“Er það mögulegt að þú hafir verið svo lítilfjörlegur að veita mér eftirför hvert sem ég hef farið Mr. Hourton; ég hefði aldrei trúað því þó mér hefði verið sagt það, að þú gætir verið svo lár og ókurteis”.

“Ég hefði ekki gert það”, sagði Hugh stillilega. “Alice, ég hefði aldrei veitt þér eftirfer, en þú áttir að vita, að á svo almennum stað var ómögulegt annað en að margir sæu sig Það er leynilögregluþjónn sem ég þekki, hann hefir séð þig fyrir víst sex sinnum þar, og er það í hans verkahring að þekkja alla, og svo sá ég ykkur

þar einu sinni sjálfur, þegar er var á leið heim úr vinnu”.

“En ég veit ekki til að það séglæpur að mæta heiðarlegum manni”, svaraði Alice Ólundarløga. „Ég veit ekki betur en ég sé sjálfri mér og mínum gerðum ráðandi og mun ég líka gera nokkurnveginn eins og mér líkar best, hvað sem fjárhaldsmanni mínum og lögregluþjóni líður og þeirra skoðunum“.

„Það hefir hreint ekki verið neitt í glæpa tölu sem þú hefir gert, skal ég viður kenna“, svaraði tífug Hourton daufløga. „En það er ómögulegt að segja annað, en að þú hafir verið óaðgættin í framkomu þinni. Þú veist það, að það getur enginn stúlka verið of varkár í framkomu sinni, því það eru svo margir fúsir að kasta steini einkanlega á vinnustólku, ef nokkurt tækifæri gefst, og þegar að hún er svo óaðgættin að mæta ungum manni, sem er bæði ríkur og af háum stigum, er hún ekki lengi að draga athygli fólks að sér og fá svo

dóm þess, Ég vona að þú fyrirgefir mér, Alice, ef ég hefi stytgt þig með því að tala svona opinberlega, því það er af þeirri ástæðu að ég sé velferð þeirrar manneskju í hættu, sem mér er annast um að líði vel“.

„Já, ég veit hver ásetningur þinn er og hvers vegna að þú hefir tekið þessa aðferð“, sagði Alice, sem var nú orðin sárreið, og bældi niður allar betri tilfinningar sínar.

„Þú vilt nota þér það vald, sem þú hefir yfir mér sem vergi minn, og neyða mig til að giftast þér; en þú skalt vita það fyrir víst að sá ásetningur þinn verður ekki til neins; því ég er ekkert barn, og læt ekki þig eða aðra ráða yfir mér“.

“Ó, Alice!” sagði Hugh Hourton mjög óánægður og hissa, “mér þykir slæmt að þú skulir láta reiði þína hlaupa í gönur með þig. Þú mátt vera full viss um að þessi hugmynd þín er bæði ósanngjörn og ranglát, mitt erindi hingað í þetta sinn var ekki það að finna að við þig fyrir það, sem ég vissi að var bara orsakað af hugsunarleysi þínu, heldur kom ég til þess að láta þig vita að það væri nú engin fyrirstaða fyrir þér að sjá unnusta þinn. Það en engin ástæða fyrir þig að mæta honum leyni-

lega lengur. Þú getur látið hann heimsækja þig hingað í þitt eigið hús, og þá hefir enginn tækifæri til að segja neitt þér til lasts, hann hefir líka leyfi föður síns að mega heimsækja þig”.

“Hvað ert þú að segja Hugh Hourton”, spurði Alice Blake, nú ekki minna hissa en áður; “Hvaða sannanir hefir þú fyrir þessu? Frank Melton hefir oft sagt mér, að trúlofun okkar og fundir yrði að vera leynt, því að fólk hans væri á móti því að hann giftist mér, og svo hefir hann margsinnis sýnt mér fram á það, að gifting okkar yrði að vera leynileg, og þar sem að þetta kæmi engum við nema okkur, skyldum við ekki láta neinn vita um leyndarmál okkar, heldur skyldum við giftast og elskast leynilega. En ég viðurkenni að ég hefði mikið heldur viljað hafa það opinbert, en samt ætlaði ég ekki að láta foreldrana gera okkur óhamingjusöm. En það þýðir ekkert að tala meira um það. En hvaða fullvissu hefir þú til þess að segja, að faðir Franks sé ekki á móti því að Frank giftist mér”.

“Ég hef þá beztu fullvissu, sem hægt er að fá”, svaraði Hugh. „Orð herra-mannsins sjálfs“,

„Og þú hefir þá séð hann sjálfur?“
spurði Alice enn þá yfirkomin af undrun.

„Ég hefi“, sagði Hugh hreinskilnislega. „Af þeirri áhyggju, sem ég hefi um þig, gat ég ekki lífað í óvissu um velferð þína, svo ég heimsótti eldri Melton, og sagði hann mér, að sonur sinn hefði leyfi sitt til til að giftast þér“.

Alice Blake varð orðlaus um stund, því hún fann mikið til þess, hvað vinátta Hughes var staðföst, og hvað sjálfsafneitun hans var mikil, því hún vissi að hann elskaði sig heitt og innilega.

„Kæri Hugh!“ sagði hún auðmjúlega. „Hvernig á ég að þakka þér um hugsun þína mér til handa. Ó, vinur, getur þú nokkur tíma fyrirgefið mér mína ranglátu grunsemd? Ég get ekki annað en hatað sjálfa mig fyrir þau orð sem ég talaði til þín“.

„Ég hefi ekkert að fyrirgefa, Alice“, svaraði Hugh daufllega. „Ég býzt við að grunsemd þín hafi verið náttúrleg. Mér þykir slæmt að hafa þurft að ergja þig, Hamingjan veit að mín eina ósk er það, að vita af þér ánægðri. Og að þeirri ósk uppfyltri, þegar þú ert gift þeim manni, sem þú kýst þér og ánægjan og gleðin í kring-“

um þig, fer ég hédan, og bið um að þú hugsir einstöku sinnum til hins ólánessama ferðamanns, sem var svo óheppinn að elska þig og tapa þér“.

„Hugh!“ sagði Alice. „Þú mátt ekki tala svona sorglega og dauflaga um framtið þína“, og fylltust augu hennar tárur. „Talaðu ekki svona. Þú finnur einhvertíma einhverja góða stólku, sem þú getur elskað, og sem elskar þig og getur gert þig ánægðari og farsælli, en ég hefði getað“.

„Ég mun aldrei geta elskað nema einu sinni, Alice“, sagði Hugh sorgfullur, en eins og skáldið segir:

Draumurinn er á enda
og með honum fór vonin,
sem ástina fæddi.

„En samt sem áður ætla ég að reyna að gera mér lífið eins nytsamlegt og mér er unt, því það er skoðun mín, að hver maður og kona hafi skyldu sína að leysa af hendi í þessu lífi. Skaparinn ræður þezt. Ég fel honum allt“.

Alice ætlaði að svara Hugh einhverju, en rétt í því var dyraklukkunni hringt og gamla Margrét kom inn með nafnspjald Frank Meltons.

„Hann er fljótur að nota sér heim-“

ildina að koma hingað“, hugsaði Hugh Hourton, um leið og hann flýtti sér frá Alice. Síðan hélt hann af stað hein til sín, og var hugur hans alt annað en ánægður.

Arnjotur B. Olson

VII. KAPITULI.

Miðnætur-gesturinn.

Gamli Melton sat í lestrarstofu sinni eitt kveld, eða réttara sagt, snemma morguns, því það var farið að líða á nóttina.— Það var hér um bil viku ettir að hinn óskammfeilni maður kom til hans, er nefndist Jack Ruel, og réði hann öllu þínu praktuglega húsi millfóna eigandans. Þetta líkaði Frank Melton mjög illa, því hann skildi ekkert í því, að faðir sinn skyldi vera svona undirgefni þeim fanti, sem að sjáanlega hefði átt að eiga heima í fangelsi, en ekki í herra mannshúsi.

En Frank gat enga upplýsingu fengið þessu viðskjandi hjá föður sínum, ef hann fór að tala um það við hann, svaraði gamli maðurinn honum engu, en oft grátbændi faðir hans hann að gera ekki gesti sínum

neitt á móti og skifta sér ekki af yfirgangi hans og ónotum, og jafnvel að reyna að vera honum undirgefinn.

“Ég get ekki sagt þér sonur minn af hverju þetta verður að vera svona”, sagði gamli Melton við Frank einn dag þegar Frank kom til hans í æstu skapi, út af einhverjum gjörðum Ruels. “Ég get að eins sagt þér það. að það er okkur báðum til góðs, við megum ekki hafa hann upp á móti okkur, því ef svo færi þá yrði það okkar mesta ólán, sem aldrei yrði hægi að bæta úr”.

Frank sá það glögt að faðir sinn var algerlega á valdi Ruels; og hataði Frank nú Ruel enn meir en áður; hann hefði getað myrt Ruel með köldu blóði, ef hann hefði ekki óttast yfirvöldin.

Þó að þetta væru skoðanir Franks viðvíkjandi gesti þeirra, þá voru hugsanir föður hans ekki betri, því hann hataði Ruel með þeirri heift sem varla yrði lýst.

“Sè hann margbólvaður”, sagði Mr. Melton, um leið og hann stóð upp frá skrifborði sínu, og fór nú að ganga um gólf. “Það hefir verið fjandinn sjálfur sem bjargaði honum af skipbroti og sendi hann hingað til að eyðileggja mig. Ó, að

mér væri óhætt að gefa honum inn eitur, eða láta slá hann á höfuðið og kasta honum í ána einhverja dimma nótt". Nú leit hann á klukkuna og sá að hún var orðin tvö.

"Klukkan tvö, og ég ekki kominn í rúmið! En hvað setti ég að gera í rúmið? bara til að liggja þar vakandi, yfir þeim hræðilegu hugsunum sem kvelja mig út af þeirri klípu sem ég er í, og því valdi sem hann hefir yfir mér! Ó, að ég mætti sofna rólega og frí frá öllum efa og ótta! en það má ekki verða! návera hans er sem hræðileg martröð! og ég get ekki losnað við hann fremur enn skuggann minn. Stundum finst mér að ég muni verða vitstola, og ef svo yrði, máttu vara þig, Mr. Jam Ruel, eins og þér þóknast að láta kalla þig, því vitstola menn eru ekki forsvaranlegir gerða sinna".

Ásjóna Mr. Meltons var hræðileg, þegar hann sagði þetta. Það hefði engum getað dottið annað í hug, en að hann væri búinn að missa vitið, ef hægt hefði verið að sjá hann í þessu ástandi.

Hann var nú orðinn þreyttur að ganga um gólf, og settist því aftur í stólinn. Hann var nú þungt hugsandi um stund,

en þó komst hann ekki að neinni niðurstöðu. Hann andvarpaði þunglega og hallaði sér aftur á bak í stólinn. Hann lagði aftur augun og var eins og hann svæfi, en ekki sofnaði hann fast, því líttill skruðningur fyrir utan gluggann vakti hann. Hann sat grafkyr dálitla stund og hlustaði. Bráðlega varð hann þess var, að það var einhver að reyna að komast upp á svalirnar fyrir utan gluggann.

Gamli Melton var enginn hugleysingi, og nú læk bros um varir hans við þá umhugsun, að taka á móti innbrotspjófi um miðja nótt. Það yrði velkomin tilbreyting, að fá eitthvað annað til að hugsa um.

„Þó ég falli fyrir honum“, hugsaði hann með sjálfum sér, „yrði það ekki betra. Þó mikið betra en að lifa við þessar hörmungar, sem ég nú lifi við“.

Melton opnaði skuffu í skrifborði sínu og tók upp úr henni mahony hulstur, opnaði það og tók upp úr því silfurbúna marghleypu, hlaðna. Gekk hann svo að glugganum og staðnæmdist þar til hliðar og beið með ópreiju.

Hann þurfti ekki að bíða lengi, því bráðum var glugganum lyft upp með hægð og inn kom mannsköfuð. Það var fremur

ófrýnilegt andlit; svipurinn illúðlegur, augun rauð, og langt inn í höfðinu. Þau skimðu um allt herbergið. Kinnbeinin voru há og dálftil skekksja var á kjálkunum.

Þegar maðurinn var búinn að litast um, sagði hann lágt: „Það er öllu óhætt; hér er enginn, en samt líkar mér ekki vel, að þetta gasljós skuli ekki hafa verið slökkt, því hefir víst verið gleymt. En samt getur skeð að það sé einhver á fiakki í húsinu. Ég vona samt að það sé nú ekki, bæði sjálfa mín vegna og þeirra“.

Þegar hann var búinn að tauta þetta, var hann kominn inn í herbergið og teygði úr sér áður enn hann tæki til starfa. En á sama vetfangi greip Melton hann og hélt marghleypanni við gagnauga hans og hvíslaði um leið: „Ef þú gefur hljóð af þér eða hreyfir svo mikið sem einn fingur, ertu dauður maður!“

„Taugar mínar eru sterkar, og ég hef vopn, sem aldrei missir markið, og þar með er ég upplagður til að drepa!“

Innbrotspjófnum varð svo hverft við þessa óvæntu viðtöku. að hann stóð sem steini lostinn. En eftir litla stund kom glampi í augu hans, sem lýsti því að hon-

um hafði komið ráð í hug til að sleppa, en er hann leit framan í fangavörð sinn og sá hin hvösu tindrandi augu og hinn kaldranalega harðneskjusvip, sem lýsti engri vægð né miskunnsemi, brá þessum alræmda innbrotsþjóf, og er hann fann hið ískalda op marghleyppunnar, er haldið var fast að enni hans, sá hann að hann var sannarlega kominn í gildru, og fór nú hrollur um hinn ósvífna hraustlega illvirkja. Það glaðnaði samt bráðlega yfir honum aftur og sagði:

„Ég er yfirunninn, gamli maður, það skal ég viðurkenna. En þér gæti verið eins gott að sleppa mér. Ég veit að þú getur ekki haft neinn hag á því að láta taka mig fastan, og maður í minni stöðu svífst einkis þegar hann sér að um lífið er að tefla, og ef fyrsta skot þitt skyldi mishepnast, þá væri eins víst að ég dræpi þig. Heldur þú ekki að þér væri eins gott að láta mig fara í friði og eiga ekki neitt á hættu?“

„Þú ert asni ekki síður en illmenni“, svaraði Melton stillilega, „því það er eins víst eins og sólin kemur upp á morgun, að ef þú reynir að ráðast á mig, ertu dauður. Vopn mitt er áreiðanlegt og handleggur

minn stöðugur sem bjarg. Líttu á mig. Synist þér ég ekki sá maður, sem mundi ekki láta hugfallast undir þessum kringumstæðum?"

„Nei, svei mér þá alla daga. Þú berð það hreint ekki með þér“, svaraði innbrotsþjófurinn um leið og hann leit aftur fram-
an í hið harðneskjulega andlit, og gat hann ekki annað en dáðst að kjarkog á ræði þessa gamla manns.

„Þú ert snillingur, gamli maður. Að eiga annan eins foringja væri ánægja; ég væri fús að vinna fyrir annan eins mann. Þú værir fyrirtaks kapteinn. Forsjónin hefir sannarlega gert stórt glappaskot að úthluta þér ekki þá iðn, í staðinn fyrir að gera þig að herra-manni. Það er bara skömm að því, að svona miklir hæfileikar skuli ekki geta orðið að notum“.

Alt í einu datt Melton nýtt ráð í hug og sagði, án þess að hreyfa vopnið úr stað.

„Það getur skeð að ég geti gert skil mála við þig. En áður en við förum að tala um það, verður þú að leggja niður vopn þín. Legðu öll þau vopn sem þú hefir þarna á skrifborðið“.

Þjófurinn horfði grunsamlega á gamla manzinn og sagði:

„Ef ég geri það, er ég algerlega á þínu valdi, og getur þú þá gefið mið á vald lögreglunnar. Nei, nei, það geri ég ekki“.

„Vitferringur!“ sagði Melton lágt og reiðuglega. „Hefi ég þig ekki á valdi mínu núna? Hvenær sem ég vil get ég steindrepið þig, án nokkurar hættu mér til handa. Þú kemst ekki úr mínu valdi, og skipa ég þér að leggja niður vopn þín, svo þú hefir ekki tækifæri á að drepa mig, ef við verðum ekki á eitt sáttir; en ef þú lætur vopnin niður skal ég lofa þér að sleppa, ef þú vilt ekki ganga að boði mínu; ég lofa þessu staðfastlega. Ef þú neitar þessu boði, hlífi ég þér ekki. Vertu nú fljótur að ráða þetta við þig, því ég er ekki í því skapi að bíða lengi“.

„Ég býzt við að ég verði að treysta þér“, svaraði illvirkinn, „en þér er betra að reyna ekki að svíkja mig, því þó að ég segi það sjálfur, þá er ég fær maður“. Síðan fór hann að leggja vopn sín á borðið; var það marghleypa og morðhnífur.

„Þessi vopn eru of nálægt þér þarna“, sagði Melton. „Taktu þér stól og láttu þau upp á bókaskápinn“.

Maðurinn gerði eins og honum var

sagt. Síðan sneri hann sér að húsbóndanum og beið næstu skipunar.

„Seztu nú þarna“, sagði gamli Melton um leið og hann settist sjálfur.

„Nú nú, hvað heitir þú?“ spurði Melton þegar þeir voru báðir seztir.

„Ég heiti Bob. Huff“, svaraði þjófurinn, „og drengirnir kalla mig barnið Huff, af því ég er svo fíngerður og saklaus“, boetti hann við og glotti.

„Jæja þá, Bob Huff“, sagði Melton ánægjulega. „Ég held að þú sért einmitt maðurinn sem ég þarf að fá. Það er hreint eins og að skollinn sjálfur hafi sent mér þig til hjálpar í kvöld“.

„Þakka þér, herra“, svaraði Huff og glaðnaði yfir hanum. „Það er mér mikill heiður að þú skulir hafa svona gott álit á mér“.

„Ég hef þú dálítið verk handa þér að gera“, hélt Melton áfram, „og ef þú leysir það vel af hendi, skaltu ekki einungis fara hédan óáreittur, heldur líka fá það vel borgað“.

„Hvað er það?“ spurði þjófurinn með skafa. „Ef það er eitthvað, sem ég get gert, þá er ég þinn maður. Ég vildi mikið heldur vinna fyrir þig en nokkurn ann-“

au mann. Segðu mér því sem fyrst hvað það er“.

„Eitthvað sem ég efast ekki um að þér sé hent og hægt að vinna“. svaraði Melton. „Mig vantar að þú komi vissum manni úr vegi mínum“.

„Á ég að skilja það svo, að þú viljir að ég——“, og um leið leit Huff óinárðlega á Melton. Og til merkingar dró hann fingurinn um kverkar sér.

“Ég vildi þú værir ekki með neinar óparfa ágizkanir“, sagði gamli maðurinn og fór hrollur um hann. “Það er ekki nauðsynlegt að tala of opinberlega; en svona er þessu máli varið. Í þessu húsi er maður sem ég hata. Það er engin nauðsyn að ég segi þér að ég hef engan frið á sál eða líkama fyr en hann er kominn héra; og ef þú vilt taka að þér að losa mig við hann, svo hann ónáði mig ekki frammar, skal ég gefa þér eitt þúsund dollara, fimm hundruð nú strax og önnur fimm hundruð þegar þú færir mér sannanir fyrir því að hann geti ekki áreitt mig frammar”.

“Gott!“, svaraði Huff, “ég er þinn maður, og ég á þá að fá þig fyrir foringja eftir alt saman, þetta datt mér ekki í hug. Ég hélt að þú værir of fíngerður til þess, en

ég er svei mér glaður yfir því að þú skulir ekki vera það. Þú mátt eiga það víst að ég skal fylgja þér eins og bezti bróðir”.

Og í ánægju sinni færði illmannið sig nær þessum nýja húsbónda sínum og rétti honum höndina.

“Farðu þér hægt karl minn”, sagði Mr. Melton, reiður og með fyrirlitningu; “þú mátt ekki misskilja mig. Ég borga þér fyrir að leysa verk af hendi. Taktu nú eftir: Að því verki lognu erum við skildir að fullu. Og ef þú dyrfist að tala til mín eða svo mikið sem að líta á mig, skal ég setja blóðhunda laganna á slóð þína. Þú skalt ekki láta þér detta í hug að ég geri nokkuð það, sem geti sett mig í hættu. Nei ég er orðinn of gamall til þess. Og hvað sem okkur fer á milli mun ég ætíð hafa yfirhöndina, eins og ég hef nú, og ef þú hér eftir lætur í ljós að þú hafir nokkr kynni af mér, skalt þú líða fyrir það. Ætlar þú að taka boði mínu, eða á ég að láta taka þig fastan”.

„Þú þarft ekki að verða vondur út af þessu“, sagði Huff hræðslulega. „Ég er ekki neitt ósanngjarn. Mig langar bara til að kynnast þér betur, en ef það er þér á móti; gott og vel, þá get ég siglt minn eig-

in sjó, eins og ég hefi gert stöðan félagi minn dó. Nú skulum við tala okkar mál út. Hver er þessi maður, sem er svo heimskur að vera að vera að troða sér upp á annan eins mann og þú ert?"

„Hann er kallaður Jack Ruel, og er í þessu húsi nú sem stendur“.

„Þú átt við svarteyga manninn með stöða hárið, og sem hefir heldur gulleitan hörundslit, sem er ætíð svo velbúinn og ber sig svo herramannlega?“ spurði þjófurinn.

„Já, það er hann“, svaraði Melton.

„Ég sá hann oft þegar ég var að skoða mig um hér úti. Ég tók eftir honum sér staklega af þeirri ástæðu, að mér þótti hann vera svo ólfskur þér. að ég gat ekki skilið í því að hann væri bróðir þinn, en ég gat trúað því að hann væri harður við ureignar. Hann er samt ekki hygginn að hafa þig upp á móti sér, hver sem orsökinn er. Það kemur mér ekki við. Ég skal eiga við hann, ef þú vilt, og það sem fyrst. Hvar er svefnherbergi hans?“

„Svefnherbergi hans er á næsta lofti. rétt við stiggann. En hann mun hafa það læst“.

„Það væri auðvitað minna verk við það

ef það væri ólæst“. sagði Huff, „en svo gerir það ekkert til á meðan ég hefi þessa“ og tók hann lyklakippu upp úr vasa stúnum og rétti að húsbóndanum.

„Jæja þá“, sagði Melton, „ég skal nú leggja þér ráðin. Þú mátt nú taka vopn þín aftur. Svo slekk ég ljósið og fer til herbergja minna. en eftir svo sem tíu mínútur skaltu byrja verk þitt. Þú skalt byrja verk þitt á því að fara hér um herbergin og taka saman það sem þú finnur verðmætt og láta það í böglu, svo það sjáist að það hafi verið hér innbrotspjófur. Svo getur þú farið til herbergis hans og ruplað vasa hans. Síðan getur þú gert ofurlítið skurk til að vekja hann, og mun hann þá stökkva fram úr rúminu. Verður þú þá að vera fljótur að skjóta á hann og forða svo sjálfum þér. Þú verður að passa þig að vera búinn að afloka útidyrnunum. En ef þér skyldi misheppnast að drepa hann nú, verður þú að sitja um hann seinna og lúka við verk þitt. Hvernig líkar þér þetta fyrirkomulag?“

Þetta er hreint ágætt“, svaraði innbrotspjófurinn. „Þú hefur verið ágætur fyrirliði. Það væri sönn snægja að deyja í þinni þjónustu!“

„Hættu nú þessu málæði“, sagði Milton reiðuglega. „og farðu að hugsa um verk þitt. Hér er helmingurinn af peningunum“, sagði hann, og taldi fram fimm hundruð dollara og rétti að Huff. „Hitt fær þú þegar þú hefir unnið verk þitt“. Svo ætlaði Melton að ganga í burt.

„Bíddu við gamli maður. Ef þú skyldir þarfnast mín aftur, ættir þú að vita hvar mig er að finna“.

Svo tók Huff blað sem lá á borðinu og ritaði fáeinar línur á það og rétti það síðan húsbóndanum. „Þetta er nafnspjald mitt. Og ef ég skyldi ekki vera heima, þá þarftu ekki annað en að hvísla „Keno“ í eyrað á eineygu kerlingunni, sem þar er, og mun hún þá segja þér hvenær ég verð heima“.

Herramaðurinn tók við miðanum og fór svo til herbergis síns.

Líttilli stundu síðar læddist Huff niður stigann og afflokaði framhurðinni og fullvissaði sig um að allt mundi ganga vel. Síðan fór hann fram í eldhús til að leita sér að mat. Hann var ekki lengi að finna það sem hann leitaði að og tók svo vel til matar síns, að því bánu fór hann að rannsaka fleiri herbergi og taka saman böglu

sína. Á því bánu fór hann upp á lofti og að herbergi, sem honum hafði verið vísað á. Hann lagði eyrað við skráargatið og hlustaði; ekkert heyrði hann nema pungan andardrátt þess er inni var. Það lék bros um varir hans um leið og hann tautaði:

„Hann sefur fast. Mér líkar að heyra svona reglulegan andardrátt. Hann mun varla vakna sjálfkrafa að svo stöddu. Ég vona að hann vakni við góðan draum!“

Síðan tók hann upp lyklakippuna, er áður var um getið, og á næsta augnabliki stóð hurðin opin. Hann læddist svo inn að rúmi hins sofandi manns og lét birtuna frá vasalukt sinni falla á andlit hans.

Þegar hann var orðinn viss um að Jack Ruel mundi ekki ónáða sig um stuð, fór hann að rannsaka vasana á fötum hans og hirti það sem í þeim var. Hann fór svo að skoða í kistu, sem stóð í einu horninu. Hafði hann fundið lykilinn að henni í inri vestisvasanum, og bjóst hann við að það væri eitthvað verðmætt í henni; en það brást; það var að eins dálftið af fötum og skjalaböggull. Hann hirti skjölin, því hann hélt að það gæti skeð að það væru peningar í þeim.

„Tuttugu dollarar í peningum, gullúr, gimsteinahringur og skjalaböggull, sem getur verið einhvers virði“, tautaði Huff við sjálfan sig. „Það er ekki sem verst. Því ég hef ekki þurft að hafa mikið fyrir því. En nú er það vandamesta eftir. Ég sé ekki hvers vegna gamli maðurinn gat ekki lofað mér að drepa hann sofandi. Ég byst við að hann sé hræddur um að einhver i húsina yrði grunaður. En ef ég vek hann fyrst og skýt svo á hann, þá verður enginn efi á því að þjófurinn hafi gert það. Og lögreglan kemst aldrei að því sanna. Þetta er nokkuð hardneskjulegur náungi. Ég verð að flýta mér“.

Huff opnaði nú dyrna, r svo það yrði engin fyrirstaða fyrir sig að komast í burtu. Hann hélt á spentri skammbyssunni í annari hendi, en með hinni hendinni tók hann stóra bók og lét hana detta á gólfid.

Jack Ruel vaknaði við þetta og stökk upp úr rúminu. Þjófurinn miðaði skammbyssunni og tók í gikkinn, en skotið gekk ekki af. Áður hann hafði tækifæri til að spenna hauann aftur, stökk Ruel á hann, greip um kverkar hans og hrópaði: „Morð, morð!“

Innbrotspjófurinn reyndi með öllu móti að losa sig, en honum gekk það illa, því maðurinn sem hélt honum var sterkur og vissi líka að hann átti líf sitt að verja, svo hann linadi ekki hald sitt eina minstu vitund.

Hróp Ruels voru ekki lengi að vekja vinnufólkið, og var nú alt komið í nppnám í húsinu. Vinnufólkið æddi hingað og þangað.

Alt í einu gat Huff losað sig af Ruel; skaut hann þá öllum skotunum úr byssunni og hljóp svo út úr herberginu, en lenti beint í fangið á McGinnes, sem hafði náð sér í barefli og kom hlaupandi til að vita hvað um væri að vera.

Mr. Melton kom nú líka á skoðunarplássið. Hann hafði beðið ópreyjufullnr allan þennan tíma í herbergi sínu og hlustað eftir því að Huff leysti verk sitt vel af hendi. Þegar hann heyrði skotið og stöðan hróp Ruels varð hann hræddur um að pjófurinn yrði tekin fastur, og var þá ekki um nema tvent að velja; annaðhvort varð hann að vera vinveittur þeim manni, sem öll lögreglan þekti að illu einu, eða þá að eiga á hættu að Huff kæmi upp um hann fyrir að vera í vitorði með honum. Hvortveggja

var jafn illt. Hann afréð því að illvirkin yrði að sleppa, hvað sem það kostaði.

„Ég hefi fantinn“, kallaði Mack þegar hann sá húsbóndann koma.

„Og ég hefi þig loka“, hrópaði Huff og greip um kverkar írska þjónsins.

„Heilaga Maria!“ stundi þjónninn. „Hann ætlar að kyrkja mig! Taktu bareflið mitt, herra, og berðu því í hausinn á honum. Heilagi sánkti Páll! Flýttu þér áður en hann drepur mig! algerlega!“

Mice lét nú lurkinn detta, en linaði samt ekki hald sitt á þjófnum. Hann hëkk á honum eins og grimt, tigrisdýr.

Melton sá að hann mátti nú engum tíma tapa og greip bareflið, hóf það hátt yfir höfuð sér og lenti það því í höfuð þjónsins. Með þungri stunu linaði Mack hald sitt á þjófnum og valt máttlaus á gólfid.

Þegar Huff fann sig lausan, var hann hann ekki lengi að renna sér niður stigann. Svo flýtti hann sér út og hljóp alt sem fætur togudu, til að komast úr augsyn. Mr. Melton veitti honum eftirför. Og þegar hann hélt að Huff var óhætt, hrópaði hann hástöfum: „Hjálp, ræningjar, morð!“

Þegar lögregluþjónar og bæjarbúar þustu til hans, endaði hann með því að

bjóða, fimm hundruð dollara, ef sá porpari
næðist, sem hefði dirft að brjótast inn í
hús sitt á næturþeli. Hann gaf þær upp-
lýsingar, sem honum þóknaðist og flýtti sér
svo inn í húsið aftur. Var þá McGinnes
að rakna úr rotinu.

„Mér fórst klaufalega, Mack“, sagði
Melton meðaumkunarlega. „Þú veizt að
ég ætlaði þjófnum höggið, en ekki þér; það
kom svoddan fát á mig, að ég vissi varla
hvað ég gerði“.

„Þér fórst það hreint ekki klaufalega“,
sagði Mack og stundi við. „Það var bara
ágoætt högg. Mér hefði ekki getað drttið í
hug að þú gætir handleikið spítu svona
laglega, herra minn. Þú hefir bara brotið
á mér hausinn, eins og hann er þó þykk-
ur. Það er ég fullviss um!“

„Ég vona að það sé ekki svo slæmt.
En þú skalt samt fá launaðann hetjuskap
þinn. Eg gef þér viku frí og eitthvað til
að halda hana með“.

„Lengi lifi húsbóndinn“, sagði Mack.
„En þú launar mér of vel, herra minn, því
ég hefi oft orðið verr útleikinn en þetta, og
það bara að gamni mfnu“.

„Ég ræð því í þetta sinn“, sagði Mel-
ton ánægjulega. „En farið þið nú öll að

háttu; ég vona að við verðum ekki ónáðuð meira í nótt“. Vinnufólkið hlýddi þessu, og ætlaði Melton að ganga inn í herbergi sitt.

„Svo þú heldur að við verðum ekki ónáðuð aftur í nótt, gamli kunningi“, var sagt við eyrað á honum; það var Jack Russen stóð við hlið hans og horfði á hann með háðslegu brosi.

„Ég vona að við verðum ekki ónáðaðir hvorki í nótt eða nokkra aðra nótt, sjálfsþín végnu“.

„Hvað meinar þú?“ spurði Melton með uppgerðar undrun.

„Sérðu þetta?“ spurði Ruel og hélt upp nátthúfu sinni; þar var kúlugat í gengum hana. „Ef hann kunningi þinn hefði skotið hálfum þumlungi neðar, værir þú nú frjáls maður, en ég orðinn ormafæða“.

„Ég skil þig ekki. vinur minn“, sagði Melton, og lýsti sér mikil óánægja í málrómi hans; „hvað átt þú við, Jack? segðu mér það“.

„Ég á við það“, sagði Ruel og horfði heiftarlega á gamla manninn, „að kúlan sem fór þarna í gegn um húfuna mína, hafi verið skotið eftir þinni tilsögn“.

„Þú ert heimskingi!“ svaraði Melton.

„Ég gæti bezt trúað að sú grunsemd, sem þú hefir á mér, geri þig algerlega vitstola. Þú heldur að ég eitri allan mat, sœm þú átt að borða, og að ég sé að setja einlægar gildirur fyrir þig. Þess fyrr sem þú lærir að treysta mér, þess fyrr verður þú rólegur“.

„Ég gruna þig ekki að orsakalausni, Mr. Melton. Ég hefi augu í höfðinu, þó að ég sé heimskur. Ég sá þig slá þjóninn þinn á höfuðið af ásettu ráði, svo að þrællinn skyldi sleppa“.

„Jack Ruel“, svaraði Melton einlæglega. „Þú veizt það, að hvað sem gallar mfnir hafa verið, þá hefi ég aldrei verið lyginn, og sver ég það við drengskap minn, að ég hefi aldrei séð þennan illvirkja fyrri en í nótt“.



Jack Ruel var góður mannþekkjari og svo þekti hann Melton að fornu fari og sá hann það strax, að hann var að segja satt. Samt var hann ekki nærri því viss um að Melton hefði ekki verið eitthvað viðriðinu þessa morðtilraun.

„Það getur skeð að þú sért að sagja satt. En samt líkar mér ekki vel hvernig þetta er lagað. Ég hefi samt gott ráð til þess að þér geti ekki orðið neinn hagur í



MICROCOPY RESOLUTION TEST CHART

(ANSI and ISO TEST CHART No. 2)



APPLIED IMAGE Inc

1653 East Main Street
Rochester, New York 14609 USA
(716) 482 - 0300 - Phone
(716) 288 - 5989 - Fax

„dauða mínum, og jafnvel að þér verði ant um að ég lifi sem lengst“.

„Ég hefi í kistu minni skjöl, sem eru þér mjög árfðandi, og ætla ég nú að láta þau í hendur þess manns, sem ég má treysta, og með þeim skilmálum, að láta opinbera þau, ef ég skyldi deyja fjótlega. Hverðig líkar þér þetta fyrirkomulag?“

„Ég ált að það sé bæði óþarft og þrælslegt“, sagði Melton, sem átti nú mjög bágt með að dylja geðshræringar sínar. „Þú ert ekki ánægður með hafa mig á valdi þínu, heldur ætlar þú nú að láta í hendur annars manns þau skjöl, sem yrðu til þess að eyðileggja mig, ef þau yrðu opinberuð. Ef þú ert ekki algerlega samvizkulaus, þá hættir þú við þetta fyrirtæki, hvað aanað sem þér kynni að detta í hug að gera mér til kvalar.“

„Hvernig stendur á því að við getum ekki verið vinir eins og áður, Ruel“, sagði Melton.

„Ég veit ekki“, svaraði Ruel. „En ég skal taka mér svo sem einn eða tvo daga til að hugsa þetta út; svo skal ég láta þig vita hvað ég afræð að gera. Ég held að mér sé nú bezt að fara í rúmið mitt aftur. Góða nótt!“

„Góða nótt“, svaraði húsbóndinn. En strax og Ruel var kominn í herbergi sitt, hélt Melton áfram að tauta við sjálfan sig, og lék kuldabros um varir hans.

„Ef ég get ekki verið búinn að koma honum frá áður en hann er búinn að hugsa þetta út, þá á ég skilið þau forlög, sem hann ætlar mér,“, og með heiftarhug fór nú Melton í rúm sitt, en ekki til þess að sofa, heldur til þess að hugsa.

Arnþjotur B. Olson

VIII. KAPITULI.

Frank Melton vantar peninga.

Daginn eftir heimsókn innbrotspjófsins sat Mr. Melton í lestrarstofu sinni og var að lesa í dagblaðinu um það, sem hafði komið fyrir í húsi hans um nóttina. Hann leit upp öðru hverju og saup á kaffibolla, sem var á borðinu hjá honum. Hann gat ekki annað en brosað að því fjarska hóli, sem var í blaðinu um sjálfan hann. Hann átti ekki einungis að hafa bjargað þjóni sínum úr klóm þjófsins, heldur átti hann líka að hafa ráðist á illlennið og hefði sjálfsagt tekist að halda honum ef hann hefði ekki verið búinn að fá tvær kúlur í

Ílkama sinn og þar með ótal hnifstungur, svo hann hefði hnigið í ómegin af blóðrás.

“Það er þó svei mér kjarngott sem fréttaritarnir draga saman, ég fæ hrósið fyrir framkomu mína. Enn ef sannleikurinn kæmi í ljós, hvað þá? Mér ber ekki að mökla um þessa grein, hún hefði ekki getað verið betri þó að ég hefði borgað vel fyrir hverja línu í henni. En hvaða gabb þetta líf er, og hvaða kænsku maður verður að brúka til þess að ná í auðinn, og ekki minni til þess að geta haldið honum! Ég hef verið nokkuð hætt kominn stráðum. Samt ætti ég ekki að mögla, því að öllu samantöldu hef ég haft fremur rólegt og hægt líf. Og ég veit ekki til að það sé neitt sem ég óska eftir nú sem stendur, nema dauða þessa kæra vinar míns, hans Jack Ruel, og sú ósk verður uppfyllt í tíma; heimurinn varð ekki til á einum degi; og ég get vel beðið dálítið, því sá tími kemur—sá tími kemur—kemur!”

Hann vaknaði alt í einu frá þessum dagdraumi við það að hurðin ofnaðist og Frank sonur hans stóð frammi fyrir honum. “Ég vildi að þú kæmir ekki svona flasandi inn á mig Frank, þú gerir mér ilt

við", sagði gamli maðurinn stigglega við son sinn.

"Þú ert orðinn alt í einu ósköp tauga-veiklaður faðir minn, sagði Frank kæruleysislegr; en ég býst við að þú sért eftir þig síðan í nótt. Mér þykir verst að ég var ekki heima til að hjálpa þér! ég get sagt þér að það er talað um hétjuskap þinn á strætunum í dag, og hvort þú munir lifa eftir allan áverkann. En eftir því sem mér sýnist þá hefir aumingja Mike verið hétjan; það hefir verið heljar högg sem hann fékk á höfuðið; það hefði klofið hausinn á einhverjum".

"Ég vildi að þú hefðir vit á að þegja, Frank, og skifta þér ekki af því sem þér kemur ekkert við", sagði faðir hans reiður. "Þú gefur tungu þinni ofmikinn taum!"

"Það var ekki ætlun mín að ergja þig", sagði Frank, "og bið ég þig fyrirgefningar ef ég hef sagt nokkuð, sem þér hefir mislitað. Ég má ekki við því nú sem stendur að hafa þig upp á móti mér, því ég þarf þessar hjálpar með".

"Hvað viltu nú?" urraði gamli maðurinn vonskulega.

"Það er það sama og vant er", sagði

ungi maðurinn dálftið hikandi og andvarpaði þunglega; "mig vantar peninga faðir".

"Þig vantar það sem þú ekki getur fengið". sagði faðir hans ónuglega; þú ert farinn að verða alt of eyðslusamur, og er nú þolinmæði mín nærri því á enda, ekki síður en peningar mínir. Ég get enga peninga látið þig fá".

"Þú getur aldrei látið mig fá peninga síðan þessi b..... flækingur Jack Ruel kom í húsið", svaraði Frank reiður, "en hann fær alt sem hann vill og þarf, hann tæmir vasa þína, ég vildi að fjandinn tæki við honum! Því gat innbrotspjófurinn ekki drepið hann?"

"Ég vildi hann hefði gert það", sagði gamli maðurinn í hálfum hljóðum, "en það er ekki til neins að óska, hann er hér, og við verðum að gera okkur gott af því",

"Er enginn vegur til að losast við hann?" spurði Frank biturlega, "Getur þú ekki keypt hann til að fara héðan og halda sér saman. Ertu nú viss um að það sé ekki óþarfa hræðsla í þér við hann? Getur hann gert þér mikið ilt? Faðir þú ættir að treysta mér, og segja mér hvernig á því stendur að þessi maður hefir þig á sínu vali, tvö höfuð eru betri en eitt; það

gæti skeið að við gætum báðir til samansfundnið ráð til að losast við hann því ég sé að hann er að beygja þig til jarðar”.

„Nei. Frank”, svaraði Mr. Melton hryggur. „Það er ekki til neins; þú gætir ekki hjálpað mér. Fanturinn veit hvað hann má bjóða sér. Á meðan hann lifir er ég algerlega á hans valdi. Ég hélt hann dauðann fyrir mörgum árum; það fórst skip sem hann var á, og það var sagt að allir hefðu druknað, sem á því voru. En honum hefir einhvernvegin verið bjargað, svo hann gæti elt og kvalið mig. Og það, sem verra er, er það, að ég held að hann viti af manni, sem gæti ger mig t öreiga ef hann fengi þær upplýsingar, sem Ruel getur gefið”.

„Ég kenni í brjósti um þig, faðir og vildi feginn hjálpa þér, ef ég gæti“, sagði Frank alúðlega, „en ég verð að fá peninga hvernig sem á stendur. Ég á ekki einn eyrir til í eigu minni, og er nú í stökustu vandræðum“.

„Því flýtir þú þér þá ekki að giftast Estelle Harcourt? Þega, þú ert giftur henni hefir þú alla þá peninga sem þú þarfnast“, sagði gamli Melton, „og þarftu

þá ekki lengur að leita til minn í þeim erindagerðum“.

„Ég hefi reynt það“, svaraði Frank Ólundarlega, „en það kemur ekki upp á neitt; bæði hún og foreldrar hennar segja að það hafi ekkert að þýða að flýta giftingunni, og verð ég að láta mér það vel líka. En á meðan verð ég að skemta mér og til þess þarf peninga. Þú þekkir það. Heyrðu faðir, þegar ég nefndi skemtun datt mér þetta í hug. Líttu á, hvernig líst þét á þetta andlit? Er það ekki fallegt?“ Og um leið og hann talaði tók hann upp úr vasa sínum Lynd af Alice Blake og rétti honum.

Þegar faðir hans leit á myndina, brú honum. Hann starði á hana um stund og og spurði síðan: „Af hvaða stúlku er þessi mynd, Frank?“

„Það er mynd af ungu stúlkunni, sem þú varst svo góður að gefa mér leyfi til að heimsækja og giftast, ef mér líkaði. En þú þarft ekki að sjá eftir því loforði, því ég mun varla fara að nota mér það, því hún er fátæk vinnustúlka, en ég er trúlofaður einni ríkustu stúlkunni í borginni: Þú hefðir heldur ekki gefið það leyfi, ef þú hefðir ekki verið viss um að ég mundi

aldrei nota það. Þú vissir að ég var ekki svo vitlaus. En því brá þér, þegar þú sást myndina? Þú hefir varla séð þessa stólku“.

„Mér fanst að ég kannast við andlitið“ var svarið. En hvað heitir hún?“

„Hún heitir Alice Blake, og er ljóm-
andi falleg. Þykir þér hún ekki vera það?“

„Jú, hún er indislega fögur“, sagði gamli maðurinn stillilega. Hvar kyntist þú henni?“

„Hún vinnur hjá Mr. Harron bók-
bindara. Ég kom oft til hans, til að vitja um bækur, sem hann var að binda fyrir mig. Þegar ég sá hana, bað ég hann að gera mig henni kunnugann, og hann gerði það“.

„Á hún foreldra?“, var næsta spurn-
ing Meltons, og var hann nú mjög á-
hyggjufullur.

„Nei, hún á ekki skyldmenni á lífi það ég til veit“, svaraði Frank. „Móðir hennar er dáiur fyrir mörgum árum, en fað-
ir hennar er nýlega dáinn. Hún hefir gamla fósturu hjá sér, og er það víst eina manneskjan, sem hugsar um hana, nema hinn afskiftasami piltur, Hugh Hourton,

sem hótar mér öllu hörðu, ef ég færi þílla með bana, en ég skeyti lítið hótunum hans og mun gera það sem mér vel líkar, ef ég þekki sjálfan mig; hvað sem öðru líður“.

„Og faðir hennar er nú dáinn?“ sagði faðir hans spyrjandi.

„Já; það var eitthvað dularfult með hann. Það eru að eins fáir mánuðir síðan hann flutti sig í þessa borg. Og Alice hefir sagt mér, að það hafi einhver maður stolið undir sig aleigu föður síns, og að faðir sinn hafi fengið Hugh Hourton einhver skjól því viðvíkjandi og beðið hann að reyna að hafa upp á þessum þorpara, og ef Hugh tækist það, yrði hún stórrík. Ef ég héldi að það væri nokkuð satt í þessu veit ég ekki nema að ég hugsaði mig um, áður en ég gengi að eiga Estelle Harcourt. Því satt að segja fellur mér Aliee mikið betur í geð, og að fríðleika ber hún langt af hinni. En ég býzt ekki við að hún verði rík, svo ég fer eftir gamla máltækinu, að: betra er að hafa einn fugl í hendi, en tvo í skógi“. Þó dettur mér ekki í hug að sleppa Alice Blake algerlega; ég verð að hafa hana líka, hvað sem það kostar“.

Það varð nú þögn um stund og var gamli Melton í þungum þönkum. Loksins

leit hann á ton sinn og sagði: „Frank. Ég er búinn að breyta skoðunum mínum þessari stúlku viðvíkjandi. Ég aumka munadjarleysi hennar. Þú mátt ekki tæla hana, og verður að hætta að heimsækja hana, ef þú ekki ætlar að gíftast henni. Ég skal segja þér hreinskilnislega, að ég vildi mikið heldur að þú ættir hana, heldur en Estelle Harcourt“.

„Ég er ekki í því skapi að spauga núna, faðir minn“, sagði Frank óþolinmóðlega. „Ég kom til þess að fá peninga hjá hjá þér, og ef þú getur ekki látið mig fá þá, verð ég að reyna að fá þá annarstaðar, og vil að þú segir mér það strax; en talir ekki eira í spaugi við mig núna“.

„Ég segi þér alveg satt, Frank, að ég er ekki að spauga; mér er hrein alvara; ég finn til hluttekningar í kjörum þessarar stúlku, og væri mér hin mesta ánægja að því, að þú giftist henni. Ég gæti bezt trúað, að það yrði þér fyrir beztu þegar fram í sækir, þó að hún sé fátæk. Svo ættir þú að gæta þess, að hún er munadjarlaus, ung og saklaus og þer traust til þín. Það væri samvirkjalaus þrælmenska að tæla hana og svíkja og með því, að eyðileggja hana algerlega“.

„Það er undarlegt að þú skuir ekki hafa hugsað þér þetta fyrr“, sagði ungi maðurinn fyrirlitlega. „Ég hef aldrei heyrt þig tala svona fyrr, og er því hissa að heyra þig alt í einu fara að prédika um réttlæti. Það er svo ólskt þér, að ég er allveg viss um að þú hefir einhverja ástæðu, sem þú vilt ekki segja mér, en hvernig sem það er lagað, þá er það orðið of seint. Ég get ekki fylgt ráðum þínum. Ég get ekki heiðarlega hætt við Estelle, þar sem trúlofun okkar er opinber og verð ég að giftast hanni, og ég er eins fastráðin í því að heimsækja Alice Blake, hvað sem af því hlýzt“.

„Hlustaðu á mig, sonur minn“, sagði gamli Melton einlæglega. „Estelle Harcourt er ein af þeim stúlkum, sem hugsar bara um auð og upphefð, og þó að þú yfirgæfir hana við altarið, mundi hún ekki sjá eftir þér, því hún veit ekki hvað ást er, hún álitur þig eins ríka man og hún er sjálf og þess vegna jafnað hún þér. Og þó hún væri gift þér, ef sú frétt kæmi að ég væri öreigi, þá mundi henni ekki þykja meira fyrir að skilja við þig, heldur en að busta af sér flugu. Þetta veiztu sjálfur, og það er heldur ekki ómögulegt að ég verði

allslaus. Þess vegna bið ég þig að hugsa þig vel um áður en þú stígur það spor sem þú ætlar þér. Ég tek guð nær til vitnis að ég ráðlegg þér þetta, þér til góðs. Ég bið þig enn einu sinni að gæta þín áður en það er of seint“.

„Að þú verðir öreigi, faðir minn?“ sagði Frank og hló hæðnislega. „Þú getur ekki talið mér trú um það. Ég veit of vel um efni þín til þess. Ég veit að þú átt á þessari stund ekki minna en hálfa milltón dollara í hreinum peningum, og ég veit líka að þú ert of gætinn til þess að þú takir nokkuð það fyrir, sem þú gætir tapað því öllu við. Hvaða vald sem Ruel hefir yfir þér, veit ég ekki, en hvað sem þú er þori ég að segja, að það er ekki svo mikil að hann gæti tekið meiri partinn af eignum þínum. Svo það er ekki til neins fyrir þig að reyna að hræða mig með svona tali“.

„Ég ætla ekki að reyna lengur að sansa þig, Frank. Ég er búinn að aðvara þig, og ef þú skeytir því ekki, getur þú ekki kent mér um þó illa fari fyrir þér, ef þú vilt sjálfum þér vel, þá giftst þú Alice Blake. En ef þú ferð illa með hana, munt þú sjá eftir því svo lengi sem þú lifir“.

„Ég verð að taka afleiðingarnar, af því sem fyrir kann að koma“, sagði Frank, og gekk í burtu frá föður sínum blfstrandi.

IX. KAPITULI.

Jack Ruel leitar upplýsingar.

„Fáum dögum eftir að brotist var inn í hús Meltons, mátti sjá Jack Ruel ganga þaðan hvatlega og var hann órólegur á svipinn. Hann var að tauta eitthvað fyrir munnni sér. sem líktist því að hann væri að heitast og formæla einhverjum.

Loksins var hann kominn á Nassustræti og flýtti hann sér eftir því þar til hann var kominn að stórri byggingu. Í henni voru margar skrifstofur lögfræðinga. Þar gekk Ruel upp stiga þar til hann var kominn upp á 3. loft. Hann staðnæmdest þar við hurð, sem nafnspjald var á og stóð á því: Antony Stone málafærslumaður og lögfræðingur. Ruel opnaði dyrnar og gekk inn að skrifborði. Fyrir innan borðið sat maður, á að gizka fimtugur að aldri. Hann var harðneskjulegur að sjá; sköllótt-

ur var hann og gljáði á skallann í gasljós-
birtunni, því þó það væri albjartur dagur
og sólskin úti, þá gátu sólargeislarnir ekki
komist inn í skrifstofu lögmannsins. Í
dimmu horni á móti lögmanninum sat
aumingalegur drengur, sem leit út fyrir að
vera ekki eldri en 14 ára, en að dæma eftir
klæðnaðl hans, hefði maður getað ímynd-
að sér, að hann væri miklu eldri, ef ekki
sást framan í hann. Hann var klæddur í
uppgjafaföt af lögmanninum; buxnaskálm-
unum var brett upp til að gera þær mátu-
legar. Vestid náði langt ofan fyrir mittid
og treyjulöfin sópuðu gólfid, Andlitid var
óhreint og hárid ógreitt, Ef gætt var vel
að honum, var hægt að sjá að hann var
ekki með öllu viti. Hann var samt ekki
svo vitskertur, að lögmaðurinn gæti ekki
haft not af honum.

Þetta var sami drengurinn sem Hugh
hafði bjargað úr ánni nokkrum dögum
áður.

Þegar húsbóndi hans var að sinna
starfa sínum, sat drengurinn grafkyr og
var að leika sér við tömdu rottuna sína
Það var eins og hún skildi hverja hreyf-
ingu hans; hún faldi sig í hári hans, vös-

um eða barmi, eftir því sem hann benti henni.

En á meðan hann lék sér talaði hann ekki orð. og ef rottunni varð á að gefa hljóð af sér. Þá þaggaði hann niður í henni með því að rétta upp fingurinn, og gaut hann þá augunum til húsbónda síns. hann hefði þó ekki þurft að óttast hann í þetta sinn, því hann var svo niður sokkin í lagaskruddur snar, að hann heyrði ekki þegar hurðin opnaðist og Jack Ruel gekk inn. Hann leit ekki upp fyrri en gestur hans ytti við honum og sagði: „Sæll Stone. Hvernig líður þer, gamli kunningsi?“

„Allvel“, svaraði lögmaðurinn, þegar hann leit upp. „Hvernig líður þér sjálfum? Hvað er að?“

„Mikið er að. Meira en mér hefir getað dottið í hug að yrði að. Er okkur óhætt að tala hér?“ spurði Ruel og leit í kringum sig.

„Alveg óhætt“, sagði lögmaðurinn og stóð upp og læsti dyrunum. „Seztu niður“.

Ruel tók sér sæti.

„Jæja þá“, sagði hinn. þegar hann var seztur aftur. „Hvað er þá að?“

„Það er alt ilt að“, sagði Ruel óánægulega og leit áhyggjufullur framan í Stone. „Hvað eigum við nú að gera? Ég er búinn að tapa skjölunum“.

„Nei, það er ómögulegt!“ sagði Stone, og lýsti sér ótti og efablendni í málrómi hans.

„Það er alveg satt“, stundi Ruel upp.

„Hvernig atvikaðist það?“ spurði lögmaðurinn.

„Þau voru tekin úr kistu minni nóttina sem brotist var inn í húsið“, sagði Ruel. „Þjófurinn tók lykilinn úr vasa mínum og opnaði kistuna; síðan hirti hann það sem verðmætt var og þar með voru skjölin. En hann skildi lykilinn eftir í skránni“.

„Er þá ekki mjög líklegt að Mr. Melton hafi leigt þjófinn beinlínis til að ná skjölunum“.

„Mig grunaði að hann hefði keypt þjóf inn til þess að drepa mig. En ég er hér um bil sannfærður um, að hann hafði enga hugmynd um að ná í skjölin, því ég hefði látið hann halda að ég hefði þau ekki hjá mér. Og þótt ég sé nærri viss um að að hann hafi verið eitthvað viðriðinn morðtilraunina, þá er ég viss um að hann hefir

ekki skjölin. Ef hann hefði þau, færi hann að verða djarfari við mig. En ef hann hefir samið við þjófinn um að koma mér frá, erum við í mikilli hættu, því þjófurinn mun ekki verða lengi að hugsa sig um að fara með skjölin til húsbónda síns, til þess að vita hvort þau eru nokkurs virði. En ef það hefir ekki verið tilgangur hans nema að eins að stela einhverju, þá er eins víst að hann eyðileggi skjölin, þegar hann sér að þau eru honum ónýt. Hvaða ráð leggur þú nú til?"

Lögmaðurinn þagði litla stund, og sagði síðan:

„Þetta er illa lagið málefni, Ruel. Ef við erum búnir að tapa skjölunum alveg og Melton kemst að því þá er vald þitt á enda og peninga inntekt okkar líka. Hugsaðu þér það bara, hvað hann er ríkur. Það er í minsta lagi fjögur hundruð þúsund, sem hann hefir í peningum, og ef við hefðum getað haldið honum á okkar valdi, þá hefðum við getað haft í minsta lagi helminginn af þeim. Það er of mikið að tapa því öllu, Ruel, fjarska mikið! Ég má bara ekki hugsa um það“, og tárin glitruðu í augum maurapúkans.

“Hvað er þá til bragðs að taka“, sagði

Ruel, reiður, “það er ekki til neins að skæla yfir því sem komið er, eins og þér segið, en það batnar ekki þó við sitjum hér og berjum okkur út af því. Eini vegurinn sem ég sé, er að reyna að bæta úr því sem komið er upp á einhvern máta, til þess kom ég til þín, mig vantar hjálp þína”

“Þú mátt ekki vera ofbráður”, sagði lögmaðurinn, og var nú alt í einu orðinu spekingslegur, “þú verður að gefa mér tíma til að hugsa”. Síðan hallsði hann höfðinu framm á hendur sér og var nú lengi í þungum þönkum. “Mér er ómöglegt að finna nokkurt ráð”, sagði hann eftir langa þögn, “nema með því móti að við tökum þriðju persónuna okkur til hjálpar”.

“Það má hreint ekki eiga sér stað”, sagði Ruel. “Það yrði til þess að skemma alt, þess færri sem eru við það riðnir, þess betra. Ég hefði ekki tekið þig í félag með mér ef hjálp þín hefði ekki verið mér nauðsynleg”.

“Ég veit það”, sagði Stone; “og mér er eins illa við að þurfa að fá hjálp, og þér er, en ég sé samt ekkert annað ráð, og ég held að það geti ekki verið nein hættu með þá manneskju, sem ég hef í huga, það er ekki nauðsynlegt að taka hann í félag með okk-

ur, það dygði bara að borga honum fyrirhöfn sína, og hann segði aldrei frá neinu ef við tækjum eið af honum fyrirfram, því hann er einn af þeim fáu í heiminum, sem er mjög varkár með orðheldni og áreiðanlegheit öll. Og hvernig hann komst í þá stöðu sem hann er í, get ég ekki skilið”.

“Og hver er þessi fyrirmyndar maður þinn”, spurði Ruel.

“Hant er sjálfstæður lögregluþjónn”, sagði Stone, “og heitir Israel Sharp, ef það er nokkur maður til sem getur hjálpað okkur, þá er það hann; það er ekki sá ræningi eða þjófur til í New York, að Sharp viti ekki um háttsemi og hybyli hans.”

“Þú ætlar þó ekki að gefa honum allar skýrslur þessu máli viðvfkjandi? það gæti orðið hættulegt”, sagði Ruel.

“Ég segi honum ekkert nema það allra nauðsynlegasta”, sagði Stone; “ég hef vit fyrir mér. Ef ég get fæ ég hann til þess að gera þetta án þess að segja houum neitt. Þess meir sem ég hugsa um þetta, þess auðveldara finst mér það; svo er það eina ráðið; og megum við nú engum tíma tapa, Ruel”, sagði lögmaðurinn, og leit illúðlega til drengsins.

“Já, herra”, svaraði drengurinn og

stökk á föetur, en rottan flýtti sér ofan í vasa hans.

“Ég þarf að senda þig með bréf” sagði Stone, og fór að skrifa.

“Já, herra”, sagði drengurinn aftur, og lét á sig hatt, sem var honum mikið of stór, síðan beið hann eftir næstu skipun. Rottan var að smá gæjast upp úr vasa hans og horfa á skalla húsbóndans.

“Þarna”, sagði lögmaðurinn, og fékk drengnum miðann, sem hann var búinn að skrifa á. “Farðu með þetta til hans Izzy Sharp, leynilögregluþjónsins, þú hefir farið til hans áður og veizt hvar hann á heima, en passaðu að tá engum þenna miða nema honum sjálfum, heyrir þú það?”

“Já, herra”, sagði drengurinn og glotti, “við heyrum það báðir, Nip og ég, er ekki svo Nip?” og horfði hann spyrjandi á rottuna, sem tísti, eins og hún væri að svara honum.

“Flýttu þér nú”, sagði lögmaðurinn, “og passaðu að gera rétt, eða ég lem á þér”.

“Nip skal flýta sér”, hann gerir það æfinlega, og hann gerir alt rétt.

“Ef þú hugsar ekki betur um það sem ég segi þér, og minna um þetta kvikindi, skal ég snúa það úr hálsliðnum einhvern-

tíma", sagði húsbóndinn, sem var nú orðinn reiður "burt með þig",

"Þú gætir ekki snúið Nip úr hálslíðnum", sagði litli Kat og glotti; "þú veizt að þú reyndir það einu sinni, og hann beit þig í fingurinn, ha! ha! Nip beit þig í fingurinn og það var heilan mánuð að batna, en ef þú dræpir Nip, þá tapaðir þú okkur báðum, ég yrði hér ekki án hans, hann er leiðtoginn minn, hann stýrir mér þegar við förum út, tvö tíst þýða að halda áfram, þrjú tíst að fara til baka, eitt tíst að standa kyrr og fjögur að flýta sér, svona höfum við það, er ekki sve Nip?"

"Ætlar þú ekki að fara", óskraði lögmaðurinn, og þreif upp blekbittu til að kasta í hann.

"Við erum að fara", sagði drengurinn, dálftið hræðslulega. "Ég er hræddur við þig þó Nip sé það ekki". Síðan flýtti hann sér út og lét aftur hurðina, síðan hló hann eins og áður.

"Ég drep þetta kvikindi", sagði lögmaðurinn, þegar hann heyrði hláturinn.

"Hvaða kvikindi?" spurði Ruel, "drenginn eða rottuna?"

"Bæði", svaraði Stone heyparlega, þau kvelja mig án afláts, hvort sem dreng-

urinn er nálægt mér eða ekki þá er andlit hans ætíð fyrir augunum á mér, og á kvöldin þegar ég ætla að fara að sofa sé eð það í hverju horni með þessu háðslega glotti, og með hverri vindgolu heyri ég tíst, tíst í þessu kvikindi hans, og ef það væri ekki of líkt hjátrú, væri ég sannfærður um að þessi rott væri fjandinn sjálfur, þegar hún horfir á mig með sínum litlu hrafnsvörtu augum fer hrollur um mig allan, það er eins og rottan hafi mannsvit, og þó skönn sé frá að segja. er ég hræddur við kvikindið, því ég veit að það hatar mig”.

“Hvernig stendur á því að þú hefir þau hjá þér, þegar að þau ónáða þig svona?” spufði Ruel.

“Af því ég má til”, sagði Stone ergilega, “ég losaði þau við mig einu sinni. Ég kom drengnum fyrir á munaðarleysingjastofnun, en þá hafði ég engan frið, ég gat hvorki neytt svefns né matar, og á nóttunni voru ótal glottandi þúkar í kringum rúm mitt, og var hann þar fremstur í flokki, þeir ýmist hæddu mig eða ásökuðu, þar til ég var nærri búinn að missa vitið, ég var hættur að geta sint starfa mínum, ég hrökk við ef hurð var opnuð eða látin

aftur, ég horaðist dag frá degi og hefði virkilega dáðið ef ég hefði ekki tekið hann heim aftur. Ég mun aldrei reyna að losa mig við hann aftur. Nei aldrei—aldrei!”

“En að þú skulir þora að senda hann með svona ársðandi bréf, eins og það sem þú fékst honum núna”, sagði Ruel hissa.

“Ég gæti ekki fengið áreiðanlegri sendisvein heldur en hann er”, svaraði lögmaðurinn, því hann er slægvittrari en nokkrum gæti dottið í hug sem sæi hann, og svo er hann líka svo lítið upplýstur að hann er bezta verkfæri, og er mér alveg ómissanlegur, ef hann ónáðaði mig ekki svona”.

“Hvar fékstu hann?” spurði Ruel.

“Af gütum bæjarins. Móðir hans var sett í fangelsi fyrir drykkjuskap, hún var búin að vera þar nokkra daga þegar ég sá hana, ég var að finna fanga, sem ég þurfti að flytja mál fyrir, og sá ég þá drenginn þar, hann var þá buin að ná rottundi og temja hana; ég kendi í brjóst um hannásetti mér að reyna að fá móðir hans lausa, en þess þurfti ekki, hún fékk lausn þá sömu nótt, ég meina ekki að mennirnir hafi leyst hana—hún dó; og ég kendi svo mikið

í brjósti um drenginn að ég tek hann að mér til uppeldis”.

Lögmaðurinn komst ekki lengra með sögu sína, því Ruel rak upp skellihlátur og sagði þegar hann gat stilt sig:

“Stone, þú gleymir við hvern þú ert að tala. Lofaðu mér að minna þig á að það er Jack Ruel, sem er búinn að þekkja þig nógu lengi tíl þess að vita að þú hefir aldrei fundið til meðanumkunar á æfi þinni. Þú!, ég er viss um þú hefir hengt sjálfan þig ef þer hefði nokkurntíma orðið á að vera líknsamur, eða að hjálpa einhverjum bágstöddum. Nei nei, Stone, þessi saga gengur ekki ofan í mig. Það getur meir en verið að þú hafir fundið drenginn og móðir hans eins og þú segir, en ef þér datt í hug að hjálpa þeim, þá hefir þú haft einhverja ástæðu til þess, annaðhvort af ótta eða þú hefir séð þér einhvern hag í því, eða hvotveggja, ég þori að leggja hausinn á mér í veð upp á það!”

“Þú mátt halda það sem þér sýnist um það”, sagði Stone stuttlega, “en ég hef sagt þér sannleikann. Hvaða ábata gat ég vonast eftir frá þeirri konu, sem átti ekki avo mikið sem einn af þeim til í eigu

sinni, eða hvað gat eg óttast þegar hún var dauð?”

„Ég veit það ekki”, sagði Ruel, „hvernig ætti ég að vita það? Ég veit bara að þú gætir ekki gert neitt fyrir aðra sem þér væri ekki hagur í. Og ég er sannfærður um það að þú hefir haft góða og gilda ástæðu til þess að vilja hjálpa þeim, þetta er ég viss um, og þó að þú talaðir þar til á dómsdegl gætir þú ekki sannfært mig um að þér væri ekki svo”.

„Ég mun ekki reyna það. Þú hefir fullkominn rétt til þinna skoðana, en hugmyndir þínar breyta engu“.

Það var skellihlátur, sem brá enda á þetta samtali. Þeir litu báðir upp og sáu að dyrnar voru opnar og Rat stóð á miðju gólfi og horfði á þá. Hvað lengi hann hafði staðið þarna vissu þeir ekki, því það heyrðist aldrei til fóta hans þegar hann gekk um.

X. KAPITULI.

Rat kemur með óþægilegar getgátur.

„Litla kvikindið þitt!“ óskraði lögmaðurinn. „Hvernig dirfist þú að opna

hurðina, án þess að láta heyra til þín, [og standa þarna og hlusta á samtali okkar?"]

„Ég opnaði ekki hurðina“, sagði drengurinn. „Það var vindurinn sem gerði það. Vindurinn er kátur piltur, skal ég segja ykkur og gerir það sem honum sýnist. Þú getur heldur ekki náð í hann, ekki fremur en Nip. Vindurinn getur bitað líka á veturina, er ekki svo, Nip; samt er hann allra vænsti piltur. Hann segir mér og Nip skemtilegar sögur þegar við liggjum vakandi uppi á hanaþjálfkaloftinu, svo við hlægjum þar til við grátum. Er það ekki satt, Nip?“

„Hættu þessu rugli og hlustaðu á mig“, sagði lögmaðurinn reiðuglega, „ef þú vilt ekki hafa verra af því. Séstu Sharp“.

„Já, herra, og Nip sá hann líka“, sagði Rat glottandi. „Nip sér hann ævinlega; er ekki svo, Nip?“

„Kemur hann?“ spurði Stone.

„Hann kemur strax“, sagði Rat stillilega.

Burt með þig þá“, sagði húsbóndi hans. Ég þarf þín ekki meira í dag, og passaðu að fara beina leið heim. Vertu

ekki að flækjast um strætin .Húsmóðirin kann að þurfa þínu heima“.

„Auðvitað þarf hún mig. Hún þarf mig og Nip æfinlega. Hún er góð húsmóðir. Hún er mér betri en móðir mín var. Samt er ég aldrei eins ánægður í þínu húsi og ég var hjá henni þar sem ég fann Nip. Mömmu var illa við Nip, eins og þér, og hún reyndi einu sinni að drepa hann, en þá beit hann hana, eins og þig. En heyrðu, húsbóndi, viltu trúna? Hann Nip segir að hún hafi ekki verið móðir mín. Hann segist hafa heyrt þig segja það, og svo hefir vindurinn hvíslað því að mér líka. Ég spurði húsmóðurina að því einu sinni, hvort Nip hefði sagt mér satt. Hún fölnaði fyrst. Svo roðnaði hún, síðan lagði hún hendina á höfuðið á mér og sagði: „Aumingja drengur!“ og grét. Okkur Nippótti slæmt að sjá hana gráta. Nip þykir undur vænt um hana og borðar oft brauðmola úr lófa hennar“.

„Farðu, vitfirringur!“ grenjaði lögmaðurinn, og titraði af reiði. „Farðu áður en ég drep þig!“, og rauk á fætur til að ná í drenginn.

En Rat skaust út hm dyrnar og ofan stigann skellihlægjandi, eins og hann var vanur.

Varla var drengurinn farinn þegar Israel Sharp kom inn til þeirra, og fóru þeir nú að ráðfæra sig við hann.

Arnþjótur B. Olsen

XI. KAPITULI.

Frank, Melton og Estelle Harcourt.

Frank Melton hafði næga kænsku og slægvizku til að bera ekki siður en samvizkuleysi; einnig var hann ágætur mannþekkjari og var eins fljótur að sjá tilgang annara, og hann var fljótur að hylja sinn. Hann hafði heldur ekki lært aðalskyldur lífsins, ráðvendni og réttvísi. svo hann áleit að lífið væri eins og hættuspil og að hver maður hefði rétt til að nota sér vangá og þekkingarleysi hvers annars. Hann var líka vel æfður peningaspilari.

En þrátt fyrir alla hans mannþekkingu og slægd, gat hann ekki komist að því leyndarmáli, sem gerði föður hans að þræl Jack Ruels. Ekki gat hann heldur skilið í því, af hverju skoðanir föður síns hefðu svona alt í einu breyzt til handa Alice Blake. Þetta fanst nonum bæði leiðinlegt og óþægilegt, því síðan Jack Ruel

hafði komið í hús föður hans, hafði Frank ekki að eins haft minna frjálsrcæði og peninga, heldur hafði Ruel líka neytt gamla Melton til að gera sig kunnugann Harcourts fjölskyldunni. Síðan fór hann að leggja leiðir sínar þangað og reyndi að ná hylli unnustu Franks. Þetta sárnaði honum, þó hann reyndi að láta ekki merkja það á sér, því hann var of stór upp á sig til þess, en nú ásetti hann sér að flýta gifting sinni alt sem hann gæti; ekki af því að hann elskaði Estelle Harcourt, því hann bar hvorki ást né virðingu til hennar, en hann vissi að hún var staðfestulstíll, léttúðarfull og kærulaus, líka stolt og stór upp á sig; en hún var líka ein af ríkustu stólkum í borginni, og það voru peningarnir, sem Frank hugsaði um. Þess vegna ætlaði hann að giftast henni. Hann vissi ekki hvaða áhrif komur Ruels kynnu að hafa á hana, því Ruel bar sig herraþannlega og var greindur og mælskur þegar hann vildi það viðhafa, og sá Frank nú ekki annað ráð en að festa sér hana algerlega, til þess að ná í peningana, sem hann ætlaði að brúka til þess að útbúa praktugt heimili handa Alice Blake, þegar hann væri búinn að ná henni á sitt vald. Þetta var hann

búinn að útbúa í huga sínum. En hvernig honum tókst það, kemur fram seinna.

Þegar Frank var búinn að fastráða hvernig hann skyldi koma ásetning sínum fram, lagði hann af stað til að finna Estelle Harcourt; þó hafði hann verið á dansi með heuni kveldið áður.

Þegar hann kom að húsi Harcourts, opnaði þjónn dyrnar og vísaði honum til stofu. Eftir litla stund kom Estelle inn í stofuna og settist á legubekk. Síðan beið hún eftir að hann byrjaði samtalið.

„Þú ert víst hissa, Estelle, að ég skuli vera kominn að heimsækja þig í dag, því það eru að eins fáir klukkutímar síðan við skildum“.

„Já, satt að segja er ég hálfhissa“, svaraði eftirlætisbarnið og geispaði, „Mér kemur ekki vel koma þín hingað í dag. Smiðirnir eru að gera við eitthvað, og hávaðinn gerir mig ergflega. Svo ætlaði ég að fara að búa mig rétt núna þegar þú komst. Mr. Ruel hefir verið svo góður að bjóða mér að keyra út með sér í dag. Hann er verulega skemtilegur maður“.

Frank varð sóttsvartur í framan við þessi orð, en náði sér samt fljótlega aftur,

áður en Estelle tók eftir því, og sagði þunglyndislega:

„Er það rétt af þér, Estelle, að vera að skemta þér með þeim manni, sem þú ert lítið kunnug; er það heiðarlegt fyrir þig, þar sem þú ert mér trúlofuð. Svaraðu mér þessu, elskan mín?“

„Ég skal svara þér með annari spurningu“, sagði stúlkan fyrirhlitilega. „Er það siðferðislega rétt eða heiðarlegt af þér, Mr. Melton, að heimsækja verkastúlku og skemta þér möð henni, þar sem þú ert trúlofaður mér? Ég fyrir mitt leyti get ekki séð mikinn mun á framkomu okkar í þá átt, hvað sem þér kann að finna um það.“

Frank Melton kastroðnaði, og eitt augnablik var hann orðlaus. Hann gat ekki fmyndað sér hver hefði frætt hana á þessu; varð hann nú hræddur um að hann mundi tapa öllum auðnum, sem hann var búinn að fastráða að ná í. Hann fann strax að Estelle var hrædd um hann, og var það mikil bót í máli. Henni hlaut þá að þykja vænt um hann, og við það lifnuðu vonir hans aftur.

Og það var satt að Estelle elskaði Frank eins heitt og upplag hennar leyfði.

Hún varð því mjög hræddum um hann, þegar Mr. Melton sagði henni að sonur sinn væri að heimsækja aðra stúlku. Þetta gerði hann til þess að komast í veg fyrir að sonur sinn tældi Alice Blake. En hvers vegna honum var svo ant um það, var honum sjálfum bezt kunnugt. Hann var fastráðin í að reyna að vernda hana og ef hann gæti, að fá hana fyrir tengdadóttur.

„Ég veit ekki hver hefir gert sér far um að eitra huga þinn gagnvart mér“, sagði Frank blfðlega. „En ég vona að þú sem ert svo greind og þekkir mig svo vel, vitir að það er engin stúlka til, sem mér þætti skemtilegra að heimsækja en þig“.

„Getur þú þá borið á móti því, að hafa heimsótt stúlku að nafni Alice Blake“, spurði Estelle, og reyndi að vera kuldaleg í orði.

„Nei, ég ber ekki á móti því, elska min!“ sagði Frank einlæglega. „Ég kyntist henni hjá Darrow gamla, og áleit það meinlaust þó ég sæi hana þegar ég hafði ekkert annað fyrir stafni“.

„Mér þykir vænt um að þú er svo hreinskilinn að kannast við það“, sagði Estelle, „en hér eftir ætla ég að biðja þig

að gera svo vel, annaðhvort að hætta að heimsækja hana eða mig, Mér er sama hvort er“, sagði hún ólundarlega.

„Er það mögulegt, að annað eins og þetta hafi stygt þig“, sagði Frank og lést vera alveg hissa. „Elskan mín góða! Þú veizt að piltar verða alltaf að hafa eitthvað sér til skemtunar. Getur þú fmyndað þér að þó ég eyddi svo sem klukkustund í návist annarar stúlku, að ég hugsí nokkuð minna um þig? Þú sem berð af öllu kvenfólki sem ég þekki, bæði að fegurð og greind. Þú, sem ég elska betur en mitt eigið líf, Ó, elsku Estelle mín! Þú mátt ekki láta þér standa á sama um mig. Þú sem ert dagstjarnan mín og lífið í brjósti mér. Ég get ekki lifað án þín. Ef þér er það nokkuð á móti að ég sé að heimsækja þessa lágt standandi verkastúlku, sem er eins og skuggi í samanburði við þig, þá skal ég ekki líta á hana frammar. Ertu ekki ánægð með það. Getuli við ekki verið sátt aftur?“

Frank stóð nú upp og gekk til þessarar stoltu ungu stúlku, og kraup á kné hjá henni og vildi faðma hana að sér.

En Estelle lést ekki vilja það og færði sig frá honum, þó að hjarta hennar berðist

af ástaratlotum hans. "Þú ert slæmur, ég trúi ekki einu einasta orði, sem þú segir", sagði hún ólundarlega, "og ég er reið við þig. Þú skalt ekki halda að ég sé hrædd um þig fyrir ómerkilegri verkartúlku, eins og að hún væri jafningi minn, þú mátt vera viss um það að mér dettur ekki slíkt í hug, ég væri eins reið við þig, ef þú værir að skemta hér við hestana þína eða hundana ef það tæki huga þinn frá mér; því sá maður, sem lætur skemtun halda sér burtn frá unnustu sinni, er ekki þess virði að eiga. Ég er viss um að Mr. Ruel gæti ekki gleymt skyldu sinni svo ég er líka sannfærð um að ef ég gæfi honum nokkrar minstu vonir þá yfirgæfi hann mig aldrei nema ég segði honum það, þarna er hann kominn, ég verð að fara að húa mig til þess hann þurfi ekki að bíða". Estelle stóð nú upp og lést ætla að fara.

Frank vissi vel að Estelle kærði sig ekkert um Ruel, því hann gat lesið huga hennar eins og opna bók. Hann vissi að hún hafði lofast til að fara með honum til þess að stríða sér, ásetti hann sér því að láta hana hana ekki koma því fram.

"Er það ennþá ætlun þín að fara með þessum manni?" sagði Frank kuldalega.

“Audvitað ætla ég að hanna löforð mitt”, svaraði Estelle. “Láttu þér ekki detta í hug að ég rjúfi orð mín við svona þössunarsaman mann til að kóknast þér”. Sínan gekk hún að hurðinni.

“Hættu Estelle”, sagði Frank og tók í hönd hennar. Áður en þú framfylgir ætlun þinni, sem mun verða þér til sorgar í framtíðinni, þá bið ég þig að hlusta á mig: Ef þú ferð með þessum manni núna, stígg ég mínur fæti aldrei framur inn fyrir þessar húsdýr. Ég elska þig heitt og innilega, en samt hef ég þá sóma tilfinningu að ég vil heldur tapa þér algerlega en að láta þetta viðgangast, mér er það ómögulegt”.

Estelle horfði framan í hann til að vita hvort honum væri aðvara, og sýndist henni það, hún gat ekki þolað þá hugmynd að hann yfirgæfi sig, svo hún sagði: “Þú ert ekki réttlátur, og ættir þú skilið að ég hefði farið án þess að ég hefði sagt eitt orð til að halda þér. En þar sem við erum trúlofuð ber þér að heyra sannleikann. Mér þykir ekkert varið í Mr. Ruel, og þú ert sá eini maður sem ég hef elskað og elska. Nú vona ég þú lofir mér að halda leforð mitt, vertu svo sæll á meðan”, síðan beið hún eftir því að Frank kysti sig.

Frank notaði sér það og faðmaði hana að sér, því hann ásetti sér að láta ekki undan, hann setti hana á stól og bað hana að hlusta á sig fáein augnablik.

„Nú ert þú mín elskuleg og trú heitmey, en Mr. Ruel minn heitasti óvinur, hann hatar mig en ég veit ekki hvers vegna, mér er illa við hann af þeirri ástæðu að fyrir nokkrum vikum kom hann og settist upp á okkur, ég væri fyrir löngu búinn að reka hann í burtu, ef það væri ekki vegna föður míns, sem er honum. hlyntur vegna gamals kunningsskapar, og vill ekki gera honum neitt á móti, svo Mr. Ruel ræður miklu í húsinu. Ég býst við hann hati mig af því ég vil ekki vera undir hann gefinn, og af því ég á svo vænt komu efni. En ég hata hann mest fyrir að reyna að ná konuefninu frá mér. Það er hans ásetningur að reyna að aðskilja okkur, ekki af því að hann verulega elski þig, nei, hann er og sjálfelskufullur til þess; hann gerir það bara til að geta kvalið mig. getur þú nú láð mér þó ég vilji ekki að þú sért með honum, eða að þú gerir hann að vin þínum“.

„Nei“, svaraði Estelle. „Ég láí þér það ekki. En hvernig stendur á því að

þú hefir ekki minst á þetta við mig fyrri? Ég hef enga hugmynd haft um þetta, því Mr. Ruel hefir aldrei sagt eitt einasta orð þér til lasts“.

„Auðvitað gerði hann það ekki á meðan hann var að reyna að ná hylli þinni. Hann er of klókur til þess; hann fer sér hægt fyrst. Ég hefði auðvitað átt að vera búinn að vara þig við honum. En mér datt ekki í hug að hann tæki upp á þessu. Svo vil ég síst þurfa að tala neitt um hann; ég bjóst heldur ekki við að þú mundir kynnast honum“.

„En ég get ekki að því gert“, sagði Estelle. „Faðir þinn gerði hann kunnugann okkur, og ég varð að vera þægileg við hann eins og aðra gesti“.

„Ég veit það, elskan mín. Faðir minn komst ekki undan því. Mr. Ruel lét hann engann frið hafa fyrri en hann gerði það, og er ég ekki að finna að því við þig. Það er liðið. En ég bið þig nú að að sneiða þig hjá honum hér eftir, og þú ættir að byrja það einmitt nú með því að fara ekki með honum“.

„Fyrst þér er það svo á móti. skal ég ekki fara“, sagði Estelle og hringdi eftir þjóni og bað hann að segja Rueli (sem nú

var búinn að senda henni nafnspjald sitt), að hún væri lasin og trevsti sér ekki til að keyra með honum í dag.

„Nú ert þú algerlega mín! Ó, Estelle, því getum við ekki gíft í næstu viku í staðin fyrir næsta ár? Hvað er til fyrir-
sæðu, nema þessi hugmynd um meiri undirbúning og þess háttar. Við verðum aldrei betur undir það búin en við erum nú. Mér er illa við alla viðhöfn; ég vildi helst að við gætum gíft án þess að öll ósköpin gengu á; þegar við erum gíft getur þú haft heimboð og alla þá viðhöfn, sem þér sýnist, og þá skal ég hjálpa þér til; en þar til vil ég hafa allt sem rólegast“.

„Þú ert svo ópolinmóður, Frank“, sagði Estelle hálf ónuglega og hálf gert í gamni. „Í næstu viku, það er hreint dæmalaust. Fólkið hefði nóg að tala um í heilt ár og undrast yfir hver orsökkin hefði verið til þess að flýta giftingu okkar svona. Þú hefðir eins vel mátt segja, nú strax.“

„Það hefði mér þótt best. Þú getur aldrei ímyndað þér hvað þungbært mér er að bíða svona í þessari óvissu. Ég verð aldrei ánægður fyrri en þú ert alveg koma því allt eins og mín er kveljandi á meðan

Alice Blake.

nokkur óvissa er. Ó, að þú gætir orðið mín strax!“

„Það er alveg ómögulegt. Frank“, sagði Estelle.

„Ef það er alveg ómögulegt, þá getur þú samt sagt mér hvenær það getur orðið. Og láttu tímann ekki verða of langan. Segðu mánuð eða sex vikur, eða tvo mánuði, en ef þú elskar mig, þá láttu það ekki verða lengur sem ég þarf að bíða, þar til ég fæ fullkomnaða ánægju mína“, og leit Frank nú biðjandi á hana.

„Fyrst þér er þetta svoddan áhugamál skal ég láta eftir þér með það, að halda brúðkaup okkar eftir tvo mánuði frá þessum degi“, svaraði Estelle eftir dálitla umhugsun.

„Elskan mín! kærasta Estelle! hvað þú ert væn að gera mig svona ánægðann“, sagði Frank og vafði ummustu sína að sér og margkysti hana. „Og það á að verða án mikillar fyrirhafnar og viðhafnar“.

„Eias og þér líkar með það“, svaraði Estelle. „Bara að giftingin fari fram í kyrkju og að nokkrir vinir mínir verði viðstaddir, það er alt sem ég kæri mig um. svo það líkist ögn brúðkaupi“.

„Það væri mjög ranglátt af mér, að

hafa nokkuð á móti þessu, elskan mín“, sagði Frank. „Og fyrst við erum báin að koma okkur saman um þetta, verð ég að yfirgefa þig dálitla stund til að sinna ártí- andi málefni. En ég verð ekki lengi, ást- kæra. Estelle mín“, Svo kvaddi hann hana. Og um leið og Frank fór út sagði hún: „Ekki fleiri heimsóknir til verka- stúlkunnar. Mundu það“.

„Vertu óhrædd um það. Upp frá þessum degi hefi ég andstygd á henni; vin- áttá þessarar stúlku er ekki eins mikils- virði og eitt brot frá þér“, sagði Frank um leið og hann fór út. Estelle settist niður aftur og fór að hugsa um hina ánsægjulegu framtíð sína.

XII. KAPITULI.

Ruel gerir Hugh Heurton forviða.

Þegar Ruel var tilkynt að Estelle Har- court gæti ekki keyrt með honum, vissi hann að hún var á tali við Frank Melton, því þjónninn var búinn að segja honum að Frank væri þar. Og þóttist Ruel vita að það væri honum að kenna að Estelle hefði

ekki farið með sér. Var hann því illur í skapi þegar hann gekk frá dyrunum, því Ruel var farinn að hafa góðar vonir um að geta náð Estelle fyrir konu handa sér. Ekki af því að hann elskaði hana, heldur voru það peningar hennar, sem hann vildi ná í og aðallega að geta náð henni frá Frank; að verða hlutskarpari að ná í ríka konu var hans ásetningur. En nú varð hann hræddur um að það væri út um alt fyrir honum, og óskaði hann að nú væri að eins eftir hefnd.

En þegar þann var í þann veginn að stíga upp í kerru sína, gekk einn smiðurinn hjá honum, og þekti Ruel að það var Hugh Hourton og glaðnaði yfir honum við það. „Bíldu, maður, og gerðu svo vel að lofa mér að tala við þig fáein orð“.

Hugh leit upp og varð hissa þegar hann kannaðist við manninn.

„Ég sé að þú kannast við mig“, sagði Ruel og brosti, „þó ég sé öðruvísi til fara en fyrst þegar að við sáumst“.

„Já, þú ert það“, sagði Hugh og brosti líka.

„En hvað um það“, sagði Ruel fljótlega. „Ég býst við að þú sèrt vant við látinn. Ástæðan fyrir því að ég kallaði á

þig er sjálfum þér til góðs, eða öllu heldur þeirri manneskju, sem þér er kær“.

Hugh vissi strax að maðurinn átti við Alice Blake.

Ruel þagnaði dálitla stund, síðan hélt hann áfram: „Verður þú nokkuð að vinna í herberginu fram af stofunni?“

„Já, ég ætla núna að fara að byrja þar“, svaraði Hugh, sem skildi ekki í þessari spurningu.

„Ég ætti víst ekki að ráðleggja eins heiðarlegum manni og þér að hlusta við dyrnar, sem liggja inn í stofuna, en samt álit ég að svo gæti staðið á, að það væri ekki rangt af þér, meira að segja að það væri skylda, ef að velferð þeirrar manneskju, sem manni væri kærari en lífið væri í hættu. Ég veit að mér þætti ekki mikið fyrir að brjóta þá siðferðisreglu, ef ég gæti hjálpað einhverjum mér kærum. Ég er að eins að segja þér álit mitt, en þú getur gert það sem þér sýnist. Vertu sæll!“ Og án þess að biðja eftir svari, flýtti hann sér upp í kerru sína og keyrði á stað.

XIII KAPITULI.

Hugh mætir stigamanni.

Það voru miklar þankabyltingar í honum þegar þjónninn fylgdi honum inn í herbergið, sem hann átti að vinna í. Hann var alt of samvizkusamur til þess að gera nokkuð það sem gat kallast óheiðarlegt. En hann vissi að Ruel hlaut að hafa átt við Alice Blake, og hurfu því allar aðrar hugsanir við það, að hún gæti verið í hættu og þegar hann var kominn inn í herbergið, var hann búinn að fastráða að hlusta þar til hann væri kominn að niðurstöðu um hvað orð Ruels þýddu.

Hann hlustaði líka með mikilli athygli á það sem hann heyrði, og stóðu stórir svitadropar á enni hans af þeirri angist, sem hann leið á meðan hann hlustaði, en hann hlustaði þar til samtalið var á enda, þá fleygði hann sér á stól og bygði andlit sitt með höndunum. Þar sat hann þungt hugsandi nokkra stund. Svo stóð hann upp þreytulega og fór að gera verk sitt og tautaði við sjálfan sig:

„Miskunarlausar þrælmenni, lágthugsandi samvizkulausa illmenni! Gifting

hans og þessarar stúlku á að fara fram þann tuttugasta, en gifting hans og Alice Blake þann tuttugasta og fimta sama mánaðar. Fyrri giftingin mun fara fram, en ég verð að sjá fyrir hinni“.

Þegar Hugh hafði lokið verki sínu, lagði hann á stað heimleiðis og var hugur hans alt annað en rólegur.

Þegar Hugh var nærri kominn heim, vissi hann ekki fyrri til en að alskeggjaður maður stökk í veg fyrir hann. Maðurinn hafði stórt barefl í hendi, og sagði: „Ef þú hefir nokkuð verðmætt á þér, skal ég taka við því, svo þú verðir ekki ræntur að. Nr en þú kemst heim. Það er orðið svo dímmt að þú getur verið hætta hóin“.

„Jæ, þú ert þúningi“, svaraði Hugh rólega. „Það vill svo vel til að ég hefi ekki neitt verðmæti á mér. En þó ég hefði haft það, mundi ég hafa getað geymt það sjálfur. Svo ætla ég að biðja þig að leggja njður þessa ljótu spítu og fara úr vegi frá mér, því ef ég rækist á þig, gæti skeð að ég meiddi þig.“

„Ha, ha! Þú ert nokkuð hugaður. En við skulum vita hvort það breytist ekki í þér röddin, ef þú vilt ekki með góðu láta af hendi peninga eða hvað annað sem þú

kant að hafa fémætt á þér. Og til að byrja með, skal ég skoða í vasa þína“. Um leið og hann sagði þetta, gekk hann nær Hugh og rétti út hendina til að fara í vasa hans.

Hugh var ekki lengi að hugsa sig um það sem hann ætlaði að gera, heldur gerði hann það jafnframt og hann hugsaði. Hann greip yfirum manninn miðjan og rak hann niður fall mikið áður en hann vissi af. Svo hélt Hugh honum þar liggjandi og hrópaði um hjálp.

Stigamaðurinn reyndi að losa sig, en hann hetði eins vel mátt reyna að færa til heilt hús, eins og að reyna að hreyfa Hugh því hann sat á honum og hélt áfram að kalla á hjálp.

Stigamaðurinn var nú orðinn þreyttur að brjótast um og fór að skellihlægja og sagði: „Skammastu þín Hugh og lofaðu mér að standa upp. Þú ert eins sterkur og tólf múlasnar. Lofaðu mér að standa upp og hættu að kalla. Það verður bráð-um öll lögreglan komin til okkar“.

„Israel Sharp, eins og ég er lifandi“, sagði Hugh alveg hissa, um leið og hann flýtti sér að standa upp og hjálpa hinum á fætur.

„Já, Isrel Sharp og enginn annar“.

sagði leynilögregluþjónninn um leið og hann rétti úr sér og barði ríkið úr fótum stnum. „Ég mun vara mig á að leika stigmann við þig aftur. Mig bara verkjar í allan skrokkinn. En heyrðu mig: Köll þín hafa vakið athygli, og ég verð að hafa mig á stað heðan sem fyrst. Ég gæti ekki velgert grein fyrir þessu athæfi mínu við lögregluna. En ég hefi ártíðandi málefni fyrir hendi. Þú skalt reyna að komast heim sem fyrst; svo kem ég eftir fáar mínútur. Segðu lögregluþjónunum, sem koma, að það hafi ræningi ráðist á þig, en hann hafi sloppið“. Stöðan hvarf Sharp í myrkrið og var hann rétt hvortíð þegar lögregluþjónninn kom til Hugh.

14. KAPITULI.

Sharp og Hugh tala saman.

Þegar Hugh var búinn að skýra fyrir lögregluþjónunum hvernig á köllum hans hefði staðið, flýtti hann sér heim, og var að eins kominn inn í stofuna þegar Sharp kom líka inn.

„Jæja þá“, sagði Hugh, þegar þeir

voru seztir niður í litla herberginu hans.
 „Hvernig stendur á því, að þú fórst að leika svona á mig, Mr. Sharp?“

„Það skal ég segja þér“, sagði vinur hans hlægjandi. „Það var að nokkru leyti til þess að geta hlegið að þér. og svo til þess að vita hvað óþekktanlegan ég gæti gert mig, því mér er það nauðsynlegt nú sem stendur að geta gert mig svo, að mínir beztu vinir þekki mig ekki“.

„Þú mátt reiða þig á það“, svaraði Hugh. „Ég er viss um að móðir þín hefði ekki þekt þig“.

„Það er nú ágætt“, sagði leynilögreglu þjónninn. „En hvað gengur að þér Hugh? hvað hefir komið fyrir þig; það er engu líkara en að þú sért nýbúinn að missa þinn stóasta vin úr heiminum. Ég er búinn að þekkja þig svo lengi, að ég veit að það hefir eitthvað komið fyrir til þess að gera þig svona“.

Í eins fáum orðum og hægt var sagði Hugh vini sínum það sem hann hafði heyrt í húsi Mr. Harcourts.

„Þetta er dálaglegt“, sagði Sharp þegar Hugh hafði lokið sögu sinni. „Frank Melton er sannarlega fyrirtaks þorpári.“

En ætli hann hætti nú ekki við Alice Blake. fyrst Miss Harcourt veit um það?"

„Ég er hræddur um að hann geri það ekki“, svaraði Hugh, því hann er trúlofaður þeim báðum, og ætlar að giftast Miss Harcourt þann 20., og getur skeð að hann heimsæki Alice ekki oft upp að þeim tíma. En þegar hann er búinn að ná í þá ríku, mun hann ekki hætta við að ná Alice á sitt vald“.

„En heldur þú ekki að Alice muni stýggjast við, ef hann skyldi svona alt í einu hætta við að heimsækja hana rétt áður en þau ætla að giftast, og gætir þú þá ekki notað þann tíma til þess að opna á henni augun?"

„Það væri ekki til neins. Alice Blake treystir honum svo vel, að hún mundi aldrei hlusta á eitt einasta orð honum til lasts og stízt frá mér. Svo kæmi hann með nógar afsakanir fyrir að hafa ekki komið, og ditti henni ekki í hug að rengja hann. Svo gengi hún blindandi í þá gildru, sem hann hefir lagt fyrir hana“. Hugh andvarpaði mæðilega um leið og hann sagði þetta.

Svo þú ætlar þá að láta forsjónina

ráða hvernig fara vill, án þess að skifta þér af því“, sagði Sharp blátt áfram.

„Hvað meinar þú, Mr. Sharp?“ sagði Hugh og tindruðu augu hans. „Að ég láti það afskiftalaust. Þú skalt bara sjá það áður en líkur. Hefir þú virkilega þá hugmynd um mig, að ég geti verið svo líttill og huglaus, að ég mundi halda að mér höndum á meðan sú manneskja sem mér er nær ust, væri svívirt og eyðilögð af þeim viðbjóðslegasta mannhundi, sem nokkru sinni hefir skriðið á jörðunni. Mr. Sharp, ég dræpi manninn við altarið, ef ég gæti ekki bjargað henni með öðru móti; já, og meira að segja skyldi ég leika rómverska föðurinn, ef ég næði ekki í hann, skyldi ég deyða hana áður en hann geti blekt sakleysi hennar. Ég sver það við alt sem heilagt er. Ef ég væri ekki viss, um að þú ert vinur minn, mundi ég álfta þig minnheitasta óvin fyrir að láta þér detta annað eins í hug“, og var augnaráð Hughes ávitandi þegar hann leit til yinar síns.

„Þetta er nóg, Hugh. Þetta er nóg!“ sagði Sharp og hló góðlátlega. „Ég er snægður, og var það reyndar áður en ég talaði við. Samleikurinn er sá, að ég var bara að kvelja þig ögn, með því að látast

efa framkvæmd þína, ef ég þekki ekki algerlega skaplyndi þitt eða mér líkaði það ekki, væri ég ekki vinveittur þér!“

Ég þakka þér fyrir, Mr. Sharp“, sagði Hugh, og varð nú ánægjulegur á svipinn. „Ég hélt snöggvast að þú hefðir þessa skoðun á mér, en ég er nú ánægður með það sem þú meintir. En segðu mér, hefir þú fundið nokkuð?“

„Einskis vísari“, svaraði leynilögreglu þjónninn, og ég er nú farinn að halda að það ætli að verða árangurslaust að hugsu um þau. Ég segi þér satt, að ég hefi ekki slept neinu tækifæri, sem ég hefi haft hugmynd um að gæti verið þeim viðvfkjandi. Ég hefi ekki getað hugsað um annað en falin skjöl, og ég hefi þrisvar komist á snoðir um týnd eða falin skjöl, en þegar til hefir komið og ég farið að rannsaka þau, þá hafa þau ekki verið okkar málefni viðvfkjandi, og nú er ég í eltingaleik við stolin skjöl, og býst ég við að það fari á sömu leið með þau því málefni viðvfkjandi. Útbúnaðurinn sem þú sást mig í, var gerður í þeim tilgangi að ná í þessi skjöl. Það er gamall lögmaður, er ég þekki, sem er mjög ant um að ná í þau“.

„En ef þú átt að ná í þau fyrir lög-

mann, hvernig býztu þá við að fá að vita hvað í þeim er“.

„Ég sagði ekki að ég ætlaði að ná þeim fyrir hann. Ég sagði að hann vantaði að ná í þau. og skal ég segja þér söguna í heild sinni. Bragðarefur nokkur að nafni Stone skrifaði mér og bað mig að finna sig. Ég fór á fund hans, eins og skylda mín var. Stone var á skrifstofu sinni og hjá honum sami maðurinn, sem ráðlagði þér að standa á hleri, eða að minsta kosti held ég það, því Stone nefndi hann Mr. Ruel, þegar hann gerði mig kunnugan honum“.

„Er hann hár vexti og mjög dökkur, og fremur skarpleitur í andliti?“, spurði Hugh.

„Það er einmitt maðurinn“, svaraði Sharp. „Hvað þekkir þú til hans?“.

„Lítið“, svaraði Hugh, „nema það, að hann á heima í húsi Mr. Meltons, og lítur út fyrir að hann ráði því sem honum sýnist þar. Ég hefi séð hann tvisvar, og í fyrra skiftið leit hann út fyrir að vera flækingur, og kom hann þá til húss Meltons og talaði um gamla vináttu við hann. Það var eins og Melton hefði ótta af hon-“

um. Seinna sinni var það, sem ég sagði þér frá áðan“.

„Það sem þú hefir sagt mér er mjög undarlegt“, sagði leyni ilögreglupjónninn eftir nokkra umhugsun. „Ég verð að hugsa betur um þetta seinna. Nú varð ég að hafa hugann við aunað, En ég ætla nú að halda áfram með sögn mfna: Þegar Stone var búinn að gera okkur Ruel kunnuga, byrjuðu þeir að segja mér frá því, að þegar brotist var inn í hús Mr. Meltons, hefði kista Ruels verið opnuð og ársðandi skjölum stolið úr henni, og vildu þeir fá mig til þess að reyna að hafa upp á þeim, og ef mér tækist það, átti ég að setja upp sanngjarnt kaup fyrir mfna fyrirhöfn“.

„Var það ekki mjög sanngjarnt?“ spurði Hugh. „Ég er hissa að þú skyldir ekki taka því strax“.

„Það gat skeð að ég hefði gert það. ef ég hefði bara verið að vinna fyrir sjálfan mig. en eins og náttúrlegt var flaug hugur minn til þínu og skjalanna, svoég vildi ekki taka það að mér án þess að gera skilmála við þá. Ég bauð þeim að taka það að mér með því móti að ég mætti skoða skjölin ef ég yrði svo heppinn að hafa upp á þeim. en þeir vildu ekki ganga að því og hættu

að tala um það, en báðu mig að fara heim og hugsa betur um boð þeirra áður en ég neitaði því, og voru þeir vísir um að ég mundi taka það. Þeir sögðust líka hafa auglýsingar viðvíkjandi skjölunum, sem ég yrði að hafa, ef ég ætlaði að hafa upp á þeim. Ég fór svo heim og hugsaði vel um það, og komst að þeirri niðurstöðu, að þeir hefðu engar upplýsingar, sem gætu verið mér til hjálpar, og þótt þeir hefðu þær, þá gæti ég náð þeim án þeirrar hjálpar.

„Ég hef engu hugmynd um hverntg þú ferð að því“, sagði Hugh með mikilli efasemi

„Aðvitað hefir þú það ekki; hvernig ættir þú að vita um það, sem ert ekkert inn í þessari stöðu. Svo getur skeð að hugmynd mín sé ekki rétt, en það er ekkert eins og að reyna. Ég er hér um bil viss um að ég veit hver það var, sem brátt inn í húsið, Ég veit af manni sem heitir Bob. Huff,“ se... hefir verið að búa sig undir þessháttar verk, og ef það er ekki maðurinn, þá skjátlást mér illa. En háfi ég rétt fyrir mér mun ég hafa skjölin áður en ég er einum degi eldri“.

„Og svo ef þú nærð þeim, þá er það varla líklegt, að þau séu nokkuð viðvíkj-“

andi því málefni, sem ég kom með til þín, en af vináttu við mig ert þú að hafa af þér töluverða peninga. Mér datt ekki í hug að þú mundir láta það verða til þess að hafa tap við það, og ég ætti ekki að líða þér það. Ég er þér mjög þakklátur fyrir þá hjálp sem þú getur veitt mér, án þess að það komi í bága við stöðu þína að öðru leyti. Ég bið þig að skoða boð lögmannsins betur og taka því.

„Ég ætla að biðja þig að gera svo vel og hugsa um þínar eigin gerðir og ég mun hugsa um mínar“, sagði lögregluþjónninn góðlátlega. Ég er búinn að fastráða hvað ég ætla að gera og breyti því ekki. Það eru ekki mikil líkindi til að þetta séu skjölín, sem okkur vantar, en samt er það mögulegt, og er sú ástæða nóg fyrir mig. En ef svo skyldi ólíklega ske að ég hefði upp á skjölunum og þér findist að þú ekki geta borgað það eins og þér þætti vert, nú, þá yrði ég að biða þar til þú værir orðinn ríkur. Það er alt“.

„Þú ert mesta afbragð“, sagði Hugh og tók í hönd lögregluþjónsins. „Hvort sem þú finnur skjölin eða ekki, mun ég aldrei geta launað þér eins og þú átt skilið fyrir alla þína hjálp mér til handa“.

„Markleysa“, sagði Sharp, ónuglega. „Reyndu að vera dálítið skynsamur og tala ekki allrahandu vitleysu. Ég verð nú að fara að sinna starfa mínum og kveð þig á msðan. Ég sé þig aftur á morgun, ef ekkert kemur fyrir, og segi ég þér þá hvernig alt gengur“.

„Vertu sæll, vinur“, sagði Hugh. „En vertu aðgættinn, því ef þú hefur ilt af þessu, gæti ég aldrei fyrirgefið sjálfum mér“.

„Vertu óhræddur um mig“, sagði lög-regluþjónninn. „Ég er orðinn of gamall fugl til þess að það verði auðvelt að veiða mig. En lofaðu mér að aðvara þig, drengur minn! Þú ert nærri of heitur til að hafa sverð, en þú ættir að reyna að láta varúðarkúlu þína þroskast, því sá piltur, sem fer á móti stigamanni vopnlaus og stofnar þannig lífi sínu í hættu fyrir als ekki neitt, þar sem hann hafði ekkert verðmætt að verja, þarf mikið fremur á góðum ráðleggingum að halda en ég. Vertu svo sæll, þar til ég sé þig aftur“.

Síðan flýtti Sharp sér á stað og fylgdi honum skuggi, sem var búinn að fylgja honum það sem af var því kveldi.

V. KAPITULI.

Anthony heima hjá sér.

Ég vil nú fylgja lesaranum, að þrúloftuðu steinhúsi í vesturhluta New Yorkborgar. Þetta var heimili Anthone Stone lögmanns. Það var bænadagur, svo Stone varð að hafa skrifstofu sína lokaða allan daginn, þó honum líkaði það illa, því það var hans eina ánægja að vera þar og blaða í lagaskruddum sínum.

Bænadagur hafði litla þýðingu fyrir hann, eða nokkrir þeir dagar, sem hvíld til heyrði. Peningar voru guð hans, og þá var ekki hægt að fá án þess að starfa eitt-hvað. Það var dauðlegt heimilislíf hjá Anthone Stone. Þar heyrðist ekkert barnahjal, enginn fuglasöngur, engin glöðværð, þar voru engin blóm, og sólskinið komst þar ekki inn. Alt var dauft og drungalegt.

Kona Stone var ein af þessum þolinmóðu undirgefnum konum, sem umbar alla hans geðvonzku án þess að mögla. Hún var mjög ósjálfstæð og eftirgefanleg þegar maður hennar var viðstaddur.

Anthone Stone var í óvanalega góðu

skapi, eftir því sem honum var lagið, því hann var nýbúinn að éta sig saddan af nautakjöti og hressa sig síðan á öli, og var það sjaldgæft fyrir hann að vera svo óhöfsamur. Hann brosti um leið og hann settist í hægindastólinn til að taka sér dúr.

„María“ sagði hann, þegar hann var seztur og búinn að teigja úr sér, og horfði illúðlega framan í konu sína: „Ég er ekki heima ef einhver skyldi spyrja eftir mér á næsta klukkutíma. Skilur þú það? Ég er ekki heima hver sem kemur, fyrri en ég er búinn að sofa út. Og þú verður að sitja grafkyr þar til ég vakna. Ef þú hreyfir hönd eða fót svo ég vakni, skaltu hafa verra af því. Heyrir þú það?“

„Já, Anthone“, svaraði María, sem var sama konan og áður var um getið, með litla Rat, þegar hann datt í ána. „En ég á branð í stónni, sem ég verð að gæta að svo þau brenni ekki“.

„Þú hefir alltaf einhverjar viðbárur til þess að vera á ferðinni þegar ég þarf næði, en það dugar ekki“. tautaði lögmaðurinn. „Ég verð að hafa minn svefn, hvort sem brauð er á ferðinni eða ekki. En hvernig stendur á því að mér finst þú alltaf vera að baka brauð. Það er étið of mikið af

brauði í þessu húsi, veistu það, Mrs Stone það er altaf brauð, brauð; ég segi þér bara, að það dugar ekki. Ef það væri mikið til af öðrum eins mathákum hér í borginni eins og þú og fj.... hvolpurinn hann Rat eruð, þá yrði fljótt matarskortur. Og mér dettur í hug að það gerði okkur báðum gott að svelta dálítið“.

„Ég segi þér alveg satt, að ég reyni að vera sparsöm“, sagði konan auðmjúklega, „og þú ættir ekki að telja eftir drengnum það sem hann étur, það er ekki rétt af þér“. Konan setti áherzlu á orðið hann, og tók maður hennar eftir því.

„Og því ætti ég ekki að sjá eftir því sem hann etur? Hvernig þorir þú að taia svona? Viltu að ég myrði þig? Ég skyldi líka gera það, ef þú yrðir nokkur tíma svo vitlaus að tala svona þegar nokkur manneskja væri viðstödd. Því léstu hann ekki drukkna um daginn, hann og fjandans rottuna hans? Það hefði ekki verið mér að kenna og þá hefði ég getað sofð rólega, án þess að sjá hans andstyggilega andlit í draumum mínum. Það var einmitt mitt lán, að hann datt í ána, en þá þurftir þú að koma þar í veginn, eins og þú gerir æfinlega. Ég vildi bara að hann hefði

drukknað og maðurinn lfka, sem bjargaði honum, hver sem sá afskiftasami asni hef-ir verið“.

„Ó, Anthone! Þú veizt ekki hvað þú ert að segja. Talaðu ekki svona“, sagði María.

„Veit ég ekki hvað ég er að segja?“ óskraði Stone. „Varaðu þig kona, því það ert þú, sem veist ekki hvað þú ert að segja. Og því ætti ég ekki að sjá eftir því sem ofan í hann fer, segi ég“.

„Ég sé eftir að hafa talað“, sagði konan, sem skalf af ótta. „Ég gleymdi mér, ég segi þér alveg satt“.

„Gættu þess að gleyma þér ekki aftur“, sagði maður hennar, „því ef það kemur fyrir aftur, gæti skeð að ég reyndi að ná í nóg eitur til að svæfa eina manneskju. En passaðu að láta ekki brauðin brenna, því ef þú skemmir þau, skaltu ekki mat fá í fjöruttu og átta klukkutíma; hvorki þú eða hvolpurinn. Heyrir þú það. Og ef ég vakna við umgang þinn, skaltu fá að finna til skósins míns“. Um leið og hann sagði þetta, tók hann af sér annan skóinn og lagði hann hjá sér.

Stöðan hallaði hann sér aftur á bak í stólinn og lagði aftur augun. Það leið

ekki á löngu þar til hann var farinn að hrjóta.

Þegar Mrs Stone sá að hann var sofnaður, læddist hún á tánum fram í eldhús til að gæta að braudum sínum. Síðan settist hún niður aftur til að bíða þess að maður hennar vaknaði. En bráðlega hrökk hún við, því hún heyrði að kerra staðnæmdist við hliðið.

Hún flýtti sér til dyra, svo að dyrbjöllunni yrði ekki hringt og húsbóndinn vakinn. Hún var að eins búinn að opna dyrnar þegar velbúinn aldraður maður var kominn að þeim.

Aðkomumaður var feitur og rauður í andliti. Hann var fyrirmannlegur að sjá. Það mátti líka sjá að hann var kænn og samvískulaus. Það var líka eitthvað fráhrindandi við hann.

„Herra Harcourt“, sagði konan í hálfum hljóðum, „hafðu ekki hátt. Mr. Stone er nýsofnaður. Gerðu svo vel og settu þig inn í stofuna þar til hann vaknar. Gerðu svo vel. Þú veizt að hann verður svo ergilegur, ef hann er vakinn þegar hann er sofnaður“.

„Ergilegur?“ sagði Harcourt mikilmannlega og talaði eins hátt og honum lá

rómur. „Og þú vilt að ég sitji og bíði þar til honum þóknast að opna glyrnurhar. Mér þykir það vera kominn töluverð breyting, þegar herra menn verða að bíta vilja betlaranna; verður ergilegur; ekki - nema það. Sýndu mér bara í hvaða herbergi hans hátign hvílir sig“.

Mrs Stone stóð forviða og óttaslegin og gat ekki komið upp orði.

„Hvar er hann, segi ég“, hrópaði gesturinn.

En áður en konan gat svarað opnaðist hurðin að herbergi þvf, sem Stone var í, og kom hann sjálfur fram, og tindraði ilzkan í andliti hans.

„María mfn, ég þarf að lækna þig“, sagði hann og hvesti augun, „þú veizt hvað það þýðir; er ekki svo? Sagði ég þér ekki að það mætti ekki ónáða mig?“

„Ég gat ekki gert að þvf“, sagði konan aumkunarlega; „ég segi þér satt. Ég gat ómögulega gert að þvf“.

„Ég þarf að lækna þig“, sagði Stone og glotti, „Ég hefi ekki gert það núna um tíma, og þú ert líka að versna, Farðn og gættu brauða þinna. Ég skal svo fírna þig þegar ég er búinn að sinna herra Harcourt“.

Konan flýtti sér inn í eldhúsið titrandi af ótta.

Aðkomumaður hafði staðið þegjandi og horft á hjónin til skiftis. En nú sneri hann sár að Stone og mælti:

“Svo þú ætlar að lækna hana, Mr. Stone? Ef þú dirfist að snerta við henni með þínum minsta fingri, út af því sem skeð hefir núna, skal ég brjóta í þér hvert eiuasta bein — heirir þú það fúlmennið þitt? Már er sama hvaða hirtingar þú brúkar á heimili þínu þegar ég er ekki við það riðinn; og er þér betra að muna það að mínum vilja verður þú að hlýða. Ekki nema það þú, að ég verði að bíða, ef ég kem á meðan þín hátign er að taka sér dúr”.

“Hvað vantar þig?” spurði lögmaðurinn ólundarlega, eins og hann hefði ekki heyrt eitt einasta orð, sem gestur hans var að segja.

“Þú veist hvað mig vantar”, svaraði Mr. Harcourt, “og þér er alveg eins gott að hrista af þér fíluna og vera almennilegur strax. Ég segi þér alveg aatt, Anthony Stone,” hélt herramaðurinn áfram, þegar hann sá enga breytingu á andliti lögmannsins. “að þér er ekki til neins að brúka

þessa óþolandi mikilmensku við mig, eða að vera svona ónugur; ég stens. það ekki lengur, heyrir þú það? Ég stenst það ekki!"

"Hvernig getur þú gert við því?" spurði lögmaðurinn þrjóskulega.

"Ég skal segja þér það", svaraði gesturinn reiðuglega, ég skal berja þinn uppþornaða skrokk til óbóta ef ég hef ekki önnur ráð, svoleiðis skal ég gera við því!"

Og Mr. Harcourt greip göngustaf sinn eins og hann ætlaði að framfylgja hótan sinni.

"Ég býst við að þú vitir, Mr. Harcourt", sagði lögmaðurinn, dálftið hræðslulega, og ýtti stólnum sínum dálftið frá, "að það eru til lög, sem hegna fyrir áhlaup og högg".

"Ha, ha!" Harcourt hló háðslega, "það er þó dálaglegt fyrir þig að tala um lög og hegningu! Þú hlýtur að vera fariun að tapa minninu, eð þú mindir það líka að það eru til þau lög, sem hegna fyrir morð, og ef ég man rétt, þá er það dauðasök, eða er ekki svo Mr. Stone?"

"Það er satt," svaraði Stone, mikilvæglega, "en hefir gleymt því, Mr. Henry

Harcourt. að vitorðsmaður er eins sekur og morðinginn þegar til laga kemur”.

Það lýsti sér bæði reiði og ótti á svip Mr. Harcourt, en það var bara augnablik, síðan sagði hann og brosti um leið:

“Þú ert alveg réttur, Stóne, alveg réttur— en þú veist það líka að það er ekki gott að sanna vitorðssök í glæp á heiðarlegan herra mann, og það þegar að ákær- andinn er alþektur óþokki. En það er nú komið nóg af þessu. Við skulum nú breyta umtalsefninu; því ég held að það borgi sig ekki fyrir okkur að verða ósáttir, fyrst við verðum að hafa viðskifti hvor við annan, er okkur bezt að koma okkur saman, og nú skulum við byrja á erindi mínu hingað”.

Síðan beið hann þess að lögmaðurinn svaraði sér þessu. En svipur Stones hafði ekki breyst eina minstu vitund. “Hvað viltu?” sagði hann þarlega.

“Herra trúr!” svaraði Harcourt reið- uglega, “því spyr þú svona aftur? Þú veist hvað mig vantar. Sagði ég þér ekki fyrir þremur dögum síðan að í dag yrðir þú að afhenda mér ávísun upp á þrjú þús- und dollars?”

“Jú þú sagðir mér það”, var hið stilta

svá; "en sagði ég þér ekki um leið að þú gætir ekki fengið það".

"Jú, jú; það er satt; en þú meintir það ekki", svaraði Harcourt óþolinmóðlega. Auðvitað hefir þú peningana; gjald-dagur er liðinn, og þú hefir aldrei verið á eftir tímanum að inn kalla gjöldin".

"Ég hef peningana", og ætla að halda þeim, svaraði lögmaðurinn rólega.,

"Þú óforskammaði fantur! svaraði Harcourt gremjulega. "Þorir þú að segja mér að þú ætlir ekki að láta af hendi við mig það sem ég á með réttu. Dettur þér í hug að bera á móti því að ég eigi eignina, og að þú sért bara umsjónarmaður minn?"

"Ég hef lofað þér að álfta það þannig-hingað til", svaraði Stone, rólega. "En sannleikurinn er sá að við verðum að gerast nýja skilmála, eða að minsta kosti að skilja hver annan. Þegar við gerðum samninga okkar á milli fyrir tfu árum síðan, lofaðir þú mér að ég skyldi fá helming af eignun-um, ef ég leysti vel af hendi það sem þú lagðir fyrir mig, síðan hefir þú látið mig bíða og lifa á lofordum þínum, þar til á seinasta fu. li okkar þverneitaðir þú að láta mig hafa nokkurn hlut, nema eina tvö þúsund dollara á ári fyrir að vera umsjón-

armaður þinn. Þetta álfur þú að ég ætti að vera ánægður með, af því að þú hefir mig á þínu valdi; en ég er orðinn þreyttur á þessu öllu. og hef því ásett mér að skamta mér kaup mitt sjálfur. Svo mátt þú hjálpa sjálfum þér ef þú getur, fyrst þú vilt ekki breyta sanngjarnlega við mig”.

Á meðan lögmaðurinn var að tala, var hræðilegt að sjá ásjónu herra Mannsins. Andlit hans var þrútið af heift og hatri. hann beygði sig að lögmanninum og hvíslaði í eyra hans:

“Þú svfvirðilegi mannhundur! þekkir þú mig ekki betur en það að þér detti í hug að ég láti þig ráða mér undir nokkrum kringumstæðum? Fanturinn þinn, þú veist að þú ert algerlega á mfnu valdi, og með allri þinni kænsku og illmensk. gætir þú ekki gert mér neitt ílt, hvernig sem þú reyndir. En nú skulum við giska á að það væri þvert á móti, að ég væri á þínu valdi, og þú gætir sagt lögreglunni til, mfn þegar að þér sýndist, eins og ég get gert með þig; heldur þú þá að ég mundi verða þér undirgefinn. Nei, ekki undir neinum kringumstæðum gæti ég haft aðra eins skepna og þig fyrir herra minn. Aldrei gætir þú orðið annað en launaður þjónn í

mínu álitu. Mér er eins ant um lífið og flestum mönnum mun vera, en samt vildi ég þúsundsinnu heldur verða uppvis glæpamaður og siga að hengjast, en að viðurkenna þig yfirmann minn; og til þess að fullvissa þig um að mér sé alvara, ætla ég ekki að eyða meira tíma í að tala við þig; en flyta mér til næsta lögreglustöðva og tilkynna yfirvöldum þan dálítið mállefni, sem kemur okkur bæðum við!”

Og lést nú herramaðurinn ætla að ganga út, um leið og hann lauk við setninguna. Lögmáðurinn, sem ekki hafði lítið af gesti sínum, þóttist vissum að hann mundi framfylgja þessari ætlun sinni, ef hann færi í burtu ósáttur, svo hann flýtti sér að kalla til hans:

“Bíddu eina mínútu, Mr. Harcourt, bara eina mínútu, ef þú vilt gera svo vel! Eins og þú sagðir áðan, er það galið fyrir okkur að vera ósáttir, og ég held að við gætum, ef til vill, slakað til og orðið báðir sáttir”.

“Það gæti aldrei orðið nein tilslökun á mína hlið, að því leyti sem undirgefni snertir. Þú yrðir að vera mér undirgefinn, hvað sem ég kynni að gera af velvild til þín þar fyrir utan, og ef þú vilt gefa það

eftir. til að byrja með, skal ég hlusta á uppástungu þína, en ef þú vilt það ekki þá fer ég", og sneri Mr. Harcourt sér að hurðinni aftur.

„Þér liggur mikið á“, sagði lögmaðurinn ergilega. „Ég vildi að þú hlustaðir á dálitla sannsýni. Ég hefi aldrei þekt eins óstiltan mann og þú ert. Þú veizt það sjálfur, að þú hefir dregið út föluverða peninga nú undanfarið“.

„Dregið út nokkuð mikla peninga, og kemur þér það nokkuð við?“ spurði Harcourt. „Ég veit ekki betur en að þú hafir fengið alt sem ég hefi lofað þér, eða er ekki svo?“

„Jú“, sagði lögmaðurinn og neri saman höndunum vandræðalega. „Auðvitað hefir þú uppfyllt öll þín loforð; en eins og á stendur finst mér að ég ætti að fá hærra kaup, því ég hefi þær sannanir sem gætu gert þig alslausann“.

„En ekki nema með því móti að setja snöruna um hálsinn á sjálfum þér“, svaraði Harcourt. „Ef þú hefir getað gert mig öreiga. án þess að stofna sjálfum þér í hættu, værir þú búinn að því fyrir löngu, svo ég á þér ekkert að pakka, og er þér ekki til neins að halda að ég slaki meira

til en ég er búinn að segja, og ef þú vilt ganga inn á það. sem ég hefi sett upp, þá getur skeð að ég hækki ögn við þig kaupið, en það er líka allt“.

„Þú ert harðlyndur maður“, mælti lögmaðurinn auðmjúklega, en ég verð samt að láta þig ráða. Segjum nú svo að þú bætir við mig einu þúsundi meir og gerir kaup mitt þrjúþúsund á ári í staðinn fyrir tvö þúsund“.

„Og viltu þá viðurkenna að ég sé húsbóndi þinn og að þú sért bara eins og verkfæri í mínum höndum, og að þú hefir ekkert vald yfir mér, og þú lofar því staðfastlega, ef ég hækka kaup þitt núna, að biðja aldrei um hækkun á því framar, og enn fremur, að láta mig aldrei heyra óánægju á þér framar“.

„Já, já, ég lofa því“, svaraði Stone, „ef þú bætir þúsund við mig, máttu hafa allt eins og þér líkar“.

„Svo skal það vera“, svaraði Harcourt. „Og passaðu að gleyma þér ekki svona aftur, eða þú tapar öllu. Flýttu þér nú að fá mér ávísunina svo ég geti komist burt úr þessu bæli þínu áður en ég kafna af loftleysi“.

Lögmaðurinn andvarpaði þungan og

gekk að skrifborði sínu og skrifaði ávísun á banka, og áður en hann var búinn að því, heyrði hann að einhver kom inn í húsið, og á næsfa augnabliki var Rat kominn inn til þeirra,

„Hvernig stendur á því að þú ert kominn hér inn án leyfis, litla kvikindi þitt? Húsmóðirin þarf að fá ráðningu fyrir það líka. Vittu bara til. Ég skal evei mér lækna hana. Það er þó svei mér orðið dálaglegt fyrirkomulag, ef ég má ekki tala við gesti mína, án þess að vera ónáðaður“.

„Húsmóðirin gat ekki við því gert“, sagði drengurinn. Hún reyndi að aftra mér, en Nip ætlaði að bíta hana, svo hún varð að lofa mér að komast inn. Og ef þú ferð að lækna hana, skal ég láta Nip lækna þig í kveld, þegar þú ert háttaður. Nip gerir það ef ég segi houum það, ha, ha, ha! Nip gerir það; er ekki svo, Nip?“ og hann strauk rottuna íánægjulega.

„Hvað viltu hiंगाð?“ spurði lögmaðurinn grimdarlega.

„Þú sendir mig til að gæta að Sharp“, sagði Rat, en ég og Nip erum komnir til þess að segja þér það sem við höfum séð“.

„Jæja, drengur minn“, sagði lögmaðurinn og leit flóttalega til Harcourts. „Ég

var búinn að gleyma því. En hugsaðu ekki um það núna, drengur minn. Ég er vant við látinn. Ég skal hlusta á þig seinna”.

„Allir tímar duga mér og Nip“, svaraði drengurinn. „En ég vilði heldur segja þér það núna, svo að Harcourt frændi heyrði það líka“.

„Því heldur þú alltaf áfram að kalla mig frænda, aumingja ræfillinn þinn“, sagði ríki i. aðurinn, og fór hrollur um hann. „Ég gæti bezt trúað, ef sannleikurinn væri sagður, að þú hafir kent honum þessa ósvífni, af því þú veizt að ég hef andstygð á honum“, sagði Harcourt og leit til lögmannsins.

„Nei, ég segi þér satt, að ég hef engan tíma til þess að eyða í þessháttar óþarfa“, sagði Stone og gletti við, „sannleikurinn er sá, að drengurinn kallar alla karlmenn frændur, nema mig. En hvernig á því stendur veit ég ekki. Það er víst bara uppátæki“.

„Frændi, er eina nafnið, sem ég man“, sagði drengurinn hugsandi. „Ég heyrði það fyrir löngu, þegar ég var barn, og mig dreymir um það oft núna, Ég hefði kallað

hann Nip frænda, ef ég hefði ekki kallað hann Nip“.

„En hvað um það, sem þú og Nip sá-
uð“, sagði Harcourt, því forvitni hans var
vöknud, mest fyrir það að hann sá að
Stone vildi stödur að hann heyrði það.

„Það var hræðilegt“, svaraði drengur-
inn, „svo að Nip skrækti upp og það fór
hrollur um mig þegar vatnið gleipti hann.
Og þegar ég leit á stjórnurnar, var eins og
þær titruðu af ótta, og ég hefði líka kallað
upp, ef ég hefði ekki verið mállaus af
ótta“.

„Hvað var það sem gerði þig svona
hræddan?“, spurði Harcourt, sem var nú
orðið umhugað að heyra þetta greinilega,
hver það var sem vatnið gleipti.

„Hugsaðu ekki um það núna; ég
hlusta á þig seinna“, tók lögmaðurinn
fram í.

„En ég vil hlusta á hann núna“, sagði
Harcourt fastráðinn, „og skaltu ekki skifta
þér af því, Stone. Haltu áfram drengur
minn og segðu mér hvað þú sást“.

„Ef hann gerir það, skal ég skera úr
honum tunguna“ úskraði Stone og hvesti
augun á drenginn.

Rat hugaði sig um dálitla stund, stö-

an leit hann til Harcourts og sagði: „Ég get ekki sagt þér það, frændi nema hann leyfi það. Ég er ekki hræddur um að hann ekeri úr mér tunguna, því Nip mundi aldrei leyfa það. En húsbóndinn sendi mig, og húsmóðirin segir að ég megi ekki gera það sem hann bannar mér. Þú sér það að ég er ekki hræddur við hann, en hún er það. Ég mundi aldrei gera neitt fyrir hann, en ég vil gera alt fyrir hana, því hún er svo góð við mig og Nip; hún gefur Nip ostmola, og hún elskar mig, hún segir mér það á hverjum degi. Nei, frændi, ég má ekki segja þér það“.

„Nú ertu vænn drengur“, sagði Stone ánægjulega. „Nip skal fá nóga ostmola, og ég skal ekki lækna húsmóðurina núna“.

„Þér er eins gott að gera það ekki“, svaraði drengurinn ögrandi. „Nip ratar undir rúmfötin og hann gerir það líka, ef þú meiðir húsmóðurina, Heyrðu, frændi“ hélt hann áfram og leit til Harcourts. „Ég vildi að þú skiftir um pláss við mig dálítinn tíma. Vertu vikadrengur hjá gamla Stone og hlauptu erinda fyrir hann, en Nip og ég skulum keyra í fínu kerrunni þinni. Ó, það væri gaman að sjá hestana peytast áfram eins og vindinn, og að sjá

neistaflugið undan fótum þeirra á kveldin. Það er eins og svo margar stjörnur. Þú ættir að gera það, þú kæmist þá að öllum leyndarmálum gamla Stones, því hann sendi þig í staðinn fyrir mig“.

„Ef þú vilt ekki lofa litla kvikindinu að segja mér það sem hann sá“, sagði Harcourt fyrirlitlega og horfði á lögmanninn, „þá ætla ég að biðja þig að láta hann fara. Ég veit ekki hvernig á því stendur, en mér verður ónotalegt að horfa á hann; návist hans er sem eitur. Heyrir þú það? Láttu kvikindið fara“, sagði hann í hita.

„Þú mátt fara og leika þár, Rat“ sagði lögmaðurinn eins blíðlega og hann gat. „Þú þarft ekkert að gera núna sem stendur fyrir mig“.

„Mig vantar ekki að leika mér“, svaraði drengurinn. „Ég vil heldur fara til húsmóðurinnar og leggja höfuðið í kjöltu hennar og láta hana strjúka á mér hárið; hún gerir það oft, en hún gerir meira; hún grætur yfir mér stundum og fellur mér það illa, stundum biðst hún fyrir og það líkar mér heldur ekki, því þá kallar hún sig slæmum nöfnum“.

„Henni er betra að hætta að gráta og

biðjast fyrir, ef hún vill ekki fá ráðningu fyrir það“, sagði lögmaðurinn heiftarlega.

„Mér er sama hvert þú ferð eða hvað þú gerir“, sagði Harcourt óþolinmóðlega. „Farðu bara í burtu. Heyrir þú það. Fýttu þér, eða ég kreisti úr þér líftóruna!“ En þegar hann sá að drengurinn var ekki neitt að flyta sér, ætlaði hann að grípa í hann og íta honum út, en hann var ekki fyrr búinn að snerta hann, en að hann slepti honum aftur og rak upp hljóð, því rottan hafði orðið vör við ætlun hans og var því komin upp úr vasa drengsins og beit í hönd hans.

„Andstyggðar kvikindið hefir bitið mig hljóðaði hann upp, „en ég skal vita hvað ég get gert með stól“. Svo greip Harcourt stólinn, sem hann hafði setið á og hóf hann hátt yfir höfuð sér og hefði það högg riðið Rat að fullu, ef hann hefði ekki verið fljótari að skjótast úndan og út um dyrnar, og kallaði um leið:

„Nip bítur, frændi, ha. ha, ha! Nip bítur! Ég á eftir að fá hestana og kerruna þína enn þá, vittu til“.

„Því hefir þú þetta kvikindi hjá þér?“ spurði Harcourt reiður, þegar þeir voru orðnir tveir einir.

„Af því að ég get ekki hjálpað því“, var svarið. „Ég hef reynt að losast við hann, en það hefir ekki dugað. En heyrðu herra Harcourt, var það ekki skrtin hugmynd, sem hann fékk um að vilja hafa plássaskifti við þig og fá sjálfur að keyra í fínu kerrunni þinni, á meðan þú gerðir hans verk. Var það ekki undarlegt“. Og Stóne glotti illgirnilega um leið og hann sagði þetta og neri saman höndunum, eins og þetta hefði glatt hann mikið.

„Ég get ekki séð neitt skrtið eða undarlegt við það, sem að hálfviti bullar“, svaraði Harcourt stillilega. „Hann var eins vís að segja það eins og eitthvað annað“.

„Auðvitað“, sagði lögmaðurinn og hélt áfram að núa saman höndunum ánægjulega. „Ég get ekki annað en viðurkent að mér fanst það undarlegt að heyra hann segja að hann mundi hafa hestana þína og kerruna síðar“.

„Því herðir þú á orðinu þína?“ spurði Harcourt reiður. „Því skyldi það vera nokkuð undarlegar sagt við mig, heldur en ef það hefði verið sagt við einhvern annan“.

„Líkast til ætti það ekki að vera“,

svaraði Stone og færði sig ögn fjær Harcourt. „Það ætti víst ekki að hafa meiri þýðingu fyrir þig. Samt veizt þú að í raun rætti áttu ekki sem heztan rétt til eigna þinna. Náttúrlega gæti Rat jaldrei haft tilkall til þeirra, en það er annar sem kanske gæti haft það; já, einhver annar,— einhver annar!“

Hvað lengi Stone hefði haldið áfram að tauta þetta, er bágt að segja, því það var eins og hann væri farið að dreyma — ef Harcourt hefði ekki látið hann koma til sjálfs sín með því að grípa um kverkar hans og hrista hann þar til að tennurnar skulfu í honum.

„Hafðu þetta, þrællinn þinn, fyrir ósvifni þína“, sagði herramaðurinn þegar hann var orðinn uppgefinn, „og ef þú vilt ekki að ég steindrepi þig, þá flýttu þér að skrifa þessa ávísun, og segðu ekki eitt einasta orð, nema ef ég spyr þig að einhverju, og láttu mig ekki bíða. Heyrir þú það?“

Það var dálftil stund þar til að lögmaðurinn var búinn að ná sér svo, að hann gæti skrifað, en þegar hann gat það settist hann á stól sinn án þess að segja eitt einasta orð og lauk við verk sitt. Síðan fékk hann Harcourt miðann, hallaði sér síðan

fram á skrifborðið og byrgði andlit sitt
• með höndunum.

„Ha, ha, ha!“ sagði herramaðurinn í storkandi róm: „Þessi hristingur hefir gert þér gott; er ekki svo? Mér þykir vænt um það. Passaðu þig hér eftir að reita mig ekki til reiði, því í næsta sinn getur skéð að ég hristi lífið algerlega úr þér“.

Stöðan flýtti Harcourt sér út, og þegar kerra hans var að hverfa frá dyrunum, lék djöfullegt bros um varir lögmannsins um leið og hann tautaði við sjálfan sig:

„Þú berð hendina hátt núna, Henry Harcourt, en sá reikningsdagur mun koma að þú munt verða að borga alla þína illu meðferð á mér, þú munt verða fús á að krjúpa á knjúnum og biðja mig fyrirgefningar—og þá hlæ ég að þér. Já, þá verður minn tími kominn að hlægja“.

XVI. KAPITULI.

*Rat mætir Hugh Horton og fer með
honum heim til sín.*

Þegar leynilögregluþjónninn var farinn frá Hugh til þess að leita upp týndu

skjölin. lagði Hugh líka af stað & leið til heimilis Alice Blake.

Hann var dauflægur í bragði og var það engin furða, því hann var ekki kominn að neinni niðurstöðu um hvernig hann gæti orðið Alice Blake að líði og varnað þeirri óhamingju sem yfir henni hvíldi, en hugsanir hans voru ónáðaðar með því að hann heyrði sagt á bak við sig:

“Þetta er hann, Nip! Þetta er maðurinn sem dró okkur úr vatninu. Við verðum að tala við hann, Nip, því hann er góður piltur skal ég segja þér. Og heyrir þú ekki líka að vildurinn er altaf að hvísla að mér? Hann segir talaðu við hann Rat—talaðu við hann! og ég ætla að tala við hann!”

Hugh sneri sér við og sá drenginn með rottuna á úxlinni.

“Jæja drengur minn, ertu búinn að ná þér eftir dýfunu um daginn? sagði Hugh góðmótlega.

“Já”, svaraði drengurinn, “og Nip líka, hann fann meira til þess en ég, hann skalf í marga klukkutíma, þó ég reyndi mitt besta til að þurka hann. Nip er mikil héta, þó honum líki ekki vatn betur en

mér. En heyrðu viltu koma heim með mér? ég vildi að þú gerðir það”.

“Því viltu að ég komi heim með þér drengur minn?” spurði Hugh, sem var óafvitandi orðinn vinveittur þessum óláns-sama unglingi.

“Ég held að húsmóðirinni mundi líka að sjá þig”, svaraði drengurinn.

Hvað er langt heim til þín?” spurði Hugh.

“Það er stutt”, svaraði Rat. “Köndu”.

Hugh vildi gjast drengnum og gekk á stað með honum, eftir litla stund voru þeir komnir að húsi Mr. Stone.

“Við skulum ekki hringja dyrabjöllunni, ég fer aldrei inn um götudyrdar, ég fer inn í eldhúsið, húsmóðirin er æfinlega þar, og þó að hana langi til að sjá þig, er ég hræddur um að Stone gamli kæri sig ekkert um það. Hann vill aldrei sjá neinn, nema þeir hafi peninga, ef þú hefir peninga handa honum yrði hann glaður að sjá þig. Og hegar þú ert búinn að sjá húsmóðirina, skal ég fara með þig til hans ef þú vilt, hvort sem þú hefir peninga eða ekki. Ég er ekki hræddur við hann, & meðan ég hef Nip”.

“Ég kæri mig ekkert um að sjá hann”,

sagði Hugh, og brosti, "mér dugar að sjá húsmóðirina, sem þú kallar".

"Jæja þá", sagði drengurinn. "Kondu þá og passaðu að týna mér ekki, því göngin eru dinnm".

Svo fór hann eftir löngum göngum þar til hann kom að hurð, sem var hægt að sjá dálitla birtu í gegnum skrárgatið.

"Nú ætla ég að gera húsmóðirina hissa", hvíslaði hann að Hugh; og um leið hrinti hann hurðinni upp á gátt og steig inn. En mikil varð hans skelfing og undur að sjá ekki að eins gömlu konuna heldur lögmanninn líka. Anthony Stone hafði heimsótt eldhúsið til þess að skoða í matarskápana, og gefa konu sinni lexu um sparsemi, og var hann rétt að enda við það þegar hurðin opnaðist.

Drengurinn stóð höggdofa af undrun og ótta, en þó hann þegði, var lögmaðurinn ekki lengi þegjandi.

"Hvað er nú! hvernig diffist þú að þeytast svona inn á okkur, og hver er með þér?"

Óttinn hvarf af drengnum og hann sagði strax: "Þetta er maðurinn sem dró mig og Nip úr vatninu, og hann er góður piltur, eða verndarinn segir ekki satt, og

ég kom með hann til að lita húsmóðirina sjá hann”.

Mrs. Stone hafði ekki þekt Hugh þar til drengurinn talaði, þá flýtti hún sér til hans, náttúl og fitrandi af ótta, og sagði í hálfum hljóðum:

“Ó, herra! því komst þú hingað? flýttu þér í burtu, í guðsbænum! talaðu ekki, en farðu strax, ég vildi ekki fyrir nokkra muni að hann sæi þig vel, það gæti kostað líf þitt! farðu! farðu!! guðsnafni farðu áður en það er ofseint!”

“Heyrðu, maddama góð!” hrópaði Stone reiður. “Hvað er allt þetta hvísl um? hvaða maður er þetta? ég verð að sjá hann betur, ég gæti bezt trúað að hann væri þjófur”.

Hugh stóð eins og steini lostinn. hafði ekki dottið í hug að ferð sín með drengnum mundi enda þannig, svo var hann líka svo hissa á hvað konunni var ant um að hann flýtti sér burtu, líka gramdist honum ósvífni lígmansins sér til handa.

“Það er auðsèð”, sagði hann loksins, “að ég er hér ekki velkominn, svo ég skal fara, ég kom hingað að eins til þess að þóknast drengnum; verið þið sæl”, Hugh

hnegði sig kurteislega og flýtti sér stöðan út aftur.

En lögmaðurinn sneri sér að hinni preklitlu konu sinni og sagði: "Hvaða maður er þetta?"

"Það er maðurinn sem bjargaði Rat úr vatninu", svaraði hún skjálfandi, "heyrðir þú ekki drenginn segja það?"

"Jú, ég heyrði það, en mig grunaði að þú vissir eitthvað meira um hann. Hver er hann? segi ég, þér er betra að segja mér það eða ég drep þig. Maria", og Stone hvesti angun á hana.

"Þú veist eins mikið og ég um hann", svaraði konan hikandi. "Kannske að Rat viti hver hann er?"

"Hann er góður piltur, ég er viss um það", sagði drengurinn.

"Þér er betra að teyma ekki neina flækinga inn í þetta hús, ef þú vilt ekki að ég snúi þig úr hálsiðnum", sagði Stone, sem þóttist nú vissum að hugmynd stn hefði verið grundvallarlaus. "Það er ekki nóg að konan mín eyðileggi mig með óhöfsemi, heldur verð ég líka að eiga á hættu að hús mitt verði brotist inn í og rænt".

Stöðan fór Stone bálvandi inn í húsið.

Hugh lagði nú aftur á stað á leið til

Alice Blake. Hann gat ekki að því gert að honum fanst þessi seinasti atburður undarlegur. Því vildi konan ekki að maður hennar sæi hann, því Hugh vissi það fyrir víst að hann hafði aldrei séð Mr. Stone fyr. Svo mundi hann líka eftir ofboðinu sem hafði komið á þessa konu fyrst þegar hún sá hann við ferjuna. Að þessu öllu samanlögðu komst hann að þeirri niðurstöðu að hún tæki sig fyrir einhvern annan en hann í raun réttfrí væri. Síðan hætti hann að hugsa meira um það; og fór nú aftur að hugsa um hina djöfullegu ætlu Frank Meltons gagnvart Alice, sem hann elskaði út af lífinu; blóðið ólgaði í æðum hans af reiði og hatri til þrælsins, en kvíðinn yfirgnæfði alt, ef sér tækist ekki að afstýra því, ef það hefði framgang; Svo hann lagði sig nú allan til að hruga upp ráð, því hann mátti engum tíma tapa.

Þegar Hugh var kominn að húsinu; hringdi hann dyrabjöllunni og opnaði fóstran gamla dyrnar, eins og hún var vön að gera og vísaði Hugh til sætis í stofunni og þegar hann var seztur, tók hún sér sæti við gluggann og horfði dapurlega út.

Margrét gamla var vanalega glaðleg í bragði, því það var upplag hennar að skoða

ættið bjartari hlið lífsins, var það því mjög sjaldan að hún sást döpur í bragði. Kvíði Hughes ex við að sjá hana svona.

Eftir stundarpögn sagði hann: „Þér líður ekki vel, Margrét. Ertu lasin?“

„Ég er frísk það sem líkamann áhrærir“, svaraði hún, „en hugur minn er ekki sem rólegastur; núna í nokkra daga hefir mér fundist einhver ógæfa hvíla yfir okkur og hvernig sem ég reyni get ég ekki að þeirri hugmynd gert“.

Það er undarlegt, fyrir eins glögg-skygna og hughrausta konu sem þú ert“, svaraði Hugh. „en hefir þú ekki góða ástæðu fyrir þessum óróleika“.

Gamla konan hikaði ögn við og svaraði ekki strax. Síðan sagði hún. „Ég er hrædd um að ég hafi nokkuð góða ástæðu Hugh, en samt getur skeð að mér skjátlist. Ég hefi æfinlega verið svo heimskuleg með alt viðvskjandi henni. En mér þykir svo vænt um hana. Ég elska hana, Hugh“.

„Þú átt vfst við Alice Blake, Margrét. sagði Hugh, eins stillslega og hann gat.

„Já, já. Það er hún“, svaraði gamla konan og þurkaði tárin sem komu íramf angu hennar. „Hún er nú alt sem ég á

eftir, hitt er alt dáíð, og ég er viss um að hjarta mitt brysti, ef ég misti hana“.

„Guð komi til! Er hún hættulega veik?“

„Nei“, svaraði gamla konau. „Hún er ekki veik. Hún er eins frísk og hún hefir nokkurntíma verið, Ó, Hugh! ég vildi að hún væri veik og þó hún þyrfti að vera í rúminu í heilt ár“, sagði Margrét, alt í einu og horfði áhyggjufull framan í Hugh, „og meir en það, ég vildi heldur sjá hana dauða, en að hún lifði það sem ég er hrædd um að hún eigi eftir að lifa“.

„Í guðanna bænnum segðu mér strax hvað þú átt við“, sagði Hugh, sem var nú óður af ótta. „Hvað hefir komið fyrir?“

„Það gefur skeð mér skjátlist“, sagði Margrét, þegar hún sá hvaða áhrif orð hennar höfðu á Hugh, „en það er samt min staðföst sannfæring, að Mr. Frank Melton, ríski maðurinn, sem hún er trúlofuð, sé reglulegur þorpari og það af versta tægi, og að hann ætli sér ekki að giftast henni, heldur bara að svívirða hana“.

„Hugmyndir þínar eru alveg réttar“, Margrét“, sagði Hugh, því á síðustu tuttugu og fjórum klukkutímum hefi ég orðið fullviss um að hann er alt sem þú álstur

og ætlar sér alt sem þú heldur, og af þessari fullvissu er ég hingað kominn í kvöld, og það er ætlan mín að ónýta áform hans. En segðu mér nú hvað vakti grunsemi þína“.

„Eins og þú veist, Hugh“, sagði gamla konan, er illmennið algerlega búinn að blinda hana. Hún álitur að hann sé alt það sem gott og heiðarlegt er og trúir öllu sem hann segir. Ég ogséra William höfum reynt alt sem við höfum getað að vara hana við honum, en það er ekki til nelns. Hún hlustar ekki á neitt gagnvart henum. Hún er farin að fara svo oft út með honum og vera með honum þar til seint á kveldin. Og hún segir mér að hann fari með sig til frændkonu, sem hann eigi í borginni og að hún búi í stóru og skrautlegu húsi. Seinast þegar hún fór með honum sagðist hún hafa mætt föður hans þar og hefði hann tekið sér ósköp vel og verið ánægður með sig. Og nú er það grunur minn, þó ég þori varla að segja það, að hann hafi ekki kynt hana neinu skyldfólki sínu, en bara farið með hana í gylt búr svartra sálna og ætli sér svo að skilja hana þar eftir þegar hans tími er kominn. og býst ég við að hann ætli ekki að láta það bíða lengi.

Ó, Hugh! Og þetta er það sem hefir gert mig órólega. Hún fer með honum í kvöld til að heimsækja frænku hans og hefir lofast til að gista þar í nótt“.

„Guð minn góður!“ sagði Hugh í miklum geðshræringum. „Það má ekki hafa framgang. Hvar er Alice?“

„Hún er að klæða sig til þess að fara, en Melton er ókominn enn. Samt er ég hrædd um að þér takist ekki að setja hana til baka“, sagði Margrét. „Því þó að hún sé sanngjörn með alt annað, þá er ekki hægt að sansa hana, það sem hann snertir“.

„Hún hlýtur að treysta mér. Hún getur ekki efað að ég segi sannleikann, og þegar ég segi henni hvað ég hefi heyrt með mínum eigin eyrum, hlýtur hún að hlusta á mig“.

„Hún trúir öllu sem þú segir henni, nema illmensku hans“, sagði Margrét og og hristi höfuðið. „Traust hennar er óbifanlegt á honum“.

„Ég verð að minsta kosti að reyna það, og ef það bregst, verð ég að finna annað ráð til þess að hjálpa henni, ég læt ekkert ógert til þess þótt það kosti mitt eigið líf“.

„Guð blessi þig, herra Hugh, fyrir

þessa hughreystingu“, sagði Margrét með mikilli þakklátsemi. „Þú ert sá eini, sem ég get treyst, því serra Williams er orðin svo gamall, að hann getur ekki barist við ódrengskap. Hann getur að eins aðvarað og ráðlagt“.

Í þessu kom Alice inn í stofuna og var hún velbúin, en þó ekki ríkmannlega. Það lék ánægjubros um varir hennar þegar hún gekk til Hughes og heilsaði honum og sagði:

„Mér þykir vænt um að sjá þig Hugh. Það er langt síðan þú hefir heimsótt okkur. En þú sækir illa að, því ég er alþúinn að fara út og get því ekki talað við þig á meðan þú stendur við“.

Þegar Hugh leit framan í hana, fanst honum að hún hafa aldrei verið eins fögur og nú. Hann horfði lengi og alvarlega í augu hennar. Síðan sagði hann með áherzlu:

„Margrét hefir sagt mér að þú ætlir út í kveld, en ég vona að þú hættir við það, þegar þú heyrir það sem ég verð að segja þér.“

Óánægja og reiði lýsti sér í augum hennar við þessi orð; og svaraði hún honum með styttingi:

„Ef það er nokkuð viðvíkjandi Mr. Melton, þarftu ekki að byrja á því. Margrét gamla og séra Williams hafa talað það málefni til hlýtar. Þið eruð öll á móti honum, en mér er sama hvað þú segir. Þér er ekki hægt að snúa mér“.

„Reyndu að vera sannsýn. Alice, í þessu máli eins og öðrum“, sagði Hugh einlæglega. „Guð veit að það er mín einlæg ósk að maðurinn sem þú ætlar að giftast væri eins heiðarlegur og þú álstur hann að vera, en ekki samvitzkulaus porpari, sem hann er, og verð ég að segja þér það sem ég veit með sanni um hann, sjálfrar þín vegna, og bið ég þig að hlýða á mig“.

„Þetta er nóg, Mr. Hugh“, svaraði Alice einstrengislega. „Ég er búin að heyra alveg nóg og ætla mér ekki að hlýða á meira. Margrét frænka og séra Williams hafa meint mér vel með fortölum sínum, En hver ástæða þín er veit ég ekki og get bara sagt þér það, að þér tekst aldrei að blekkja saklausann mann í mínum augum. Svo kæri ég mig ekki um að halda þessu samtali lengur áfram. Koma þín í þetta sinn hefir orsakað mér mikillar óánægju í staðinn fyrir að vera mér til ánægju. Ég ætla því að kveðja þig strax“.

sagði Alice fyrirhlitlega og gekk út úr stofunni.

„Guð fyrirgefi þér óréttlæti þitt!“ sagði Hugh biturlega. Ég skal bjarga þér á móti þínum eigin vilja. Og þú skalt viðurkenna að þú hafir haft mig fyrir rangri sök“. Síðan kvaddi hann Margrétu og fór burt.

XVII. KAPITULI

*Mr. Sharp heimsæktir Bob. Huff
innbrotshjófinn.*

Nú skulum við fylgja lesaranum að herbergi einu í leiguhúsi austarlega í New York-borginni skamt frá ánni.

Húsbúnaðurinn var vandaðri en vanalega gerist í leiguhúsum. En svipur þeirra þriggja persóna, sem í herberginu voru, var samt ekki mjög aðlaðandi. Áðal persónan hér var enginn annar en Bob, Huff, sem lesarinn hefir kynst vel áður. Önnur persónan var kona hans, Hún var þreklega vaxin og á að gizka fertug að aldri, gulleit á hörund og eineyg. Maður hennar hafði í reiði slegið úr henni augað

með göngustaf sínum. Svo var þriggja ára gamall drengur, sem var slæglegur á svipinn.

“Ég skal segja þér nokkuð, Lilly”, sagði Bob Huff við konu sína. “Ég er hræddur um að það ætli að fara að ganga illa að hafa sig áfram. Því lögreglan er alltaf á ferðinni, og svo eru þeir alltaf að fjölga í þessari stöðu, svo þeir gömlu hafa ekkert tækifæri, og þó manni takist eitthvað þá hefir maður lítið upp úr því”.

“Það er slæmt”, sagði kona hans, og andvarpaði þunglega.

“Já það er meir en slæmt”, svaraði Huff, og andvarpaði mæðulega. “Ég veit ekki hvað fyrir okkur liggur ef ekki batn- ar bráðum. Og Lilly, stundum fæ ég þá hræðilegu hugmynd að ég muni mega til að leggja niður þá iðn sem mér hefir verið svo kær og ég hef getað stært mig af, ég sé ekki að aunað liggi fyrir, og ég verð að ger eitthvað annað”

“Talaðu ekki þessa vitleysu”, sagði konan. “Þú veist að það er æfinlega dimm- ast rétt fyrir dögun, þú ert viss að fá eitthvert gott tækifæri þegar minst varir, og hvernig heldur þú að fari fyrir blessuðu

barninu þegar að það stækkar, ef þú hættir, þá yrði ekki hægt að kennu því iðnina.

“Það er satt Lilly, það er satt”, sagði innbrotspjófurinnu hnugginn, en stundum held ég að það væri betra að láta hann stunda bóknám, heldur en að kenna honum iðn mína, að honum gæti orðið það farsælla í framtíðinni, en samt er búið að segja til hvers hann yrði hneigðastur”.

“Bull og vitleysa!” sagði kvenskörungurinn, “það er svo sem auðséð til hvers hann er hneigðastur og honum mun sæma bezt, og það er iðn fíður hans. En það er nógur tíminu að tala um það. Við þurfum heldur að vita hvað til brags skal nú taka til þess að okkur geti liðið vel. Hvað um þessa pappíra sem þú stalst úr kistunni í herra Mannshúsiu? Getur þú ekki haft neitt upp úr þeim?”

“Ég veit ekki”, svaraði þjófurinn, en ég verð að finna það út, ég get ekki séð að það sé neitt gagn í þeim, en samt gæti skeð að þau væru mikils virði til Mr. Meltons, ég má til að láta hann vita af þeim við fyrsta tækifæri”.

“Þú ættir að vera búinn að því fyrir löngu”, sagði konan, “það er æfinlega bezt að slá á járníð meðan það er heitt.

Því það sem er mikisl virði í dag getur verið einskisvirði á morgun, og hvort sem blóðin eru nokkurs virði eða ekki, ættir þú að geta haft eitthvað út úr karlinum? svo er ekki óvíst nema hann hafi annað verk handa þér. Hver veit?"




"Ég veit það", sagði Huff, en hann er skrstinn viðskiftamaður — hann er eins harður og stál—og hefir ekki ótta af neinu, og hann er fljótur sem elding að hugsa og afráða hvað hann ætlar að gera, og ef hann hefði þurft mínu með væri hann búinn að láta mig vita það, því ég fékk honum utanáskrift mína. Nei, ég býst ekki við að hann þurfi mínu; þó mér hefði komið vel að fá eitthvað að gera svo ég ekki riðgi af aðgerðaleysi. Og ég býst við að blóðin séu ekki neins virði til hans, þó hefði ég verið farinn með þau til hans fyrir löngu ef ég hefði þorað það, en lögreglan er alt. af að passa upp á mig. Það er samt bara einn sem ég er reglulega hræddur við, og það er Izzy Sharp. leynilögregluþjónninu, hann heyr ónýtt fyrir mér tvisvar, og ég væri búinn að drepa hann ef ég þyrði að reyna það".

"Óttalegur bjánaskapur", sagði konan fyrirlitlega; "því ættir þú að vera hrædd.



MICROCOPY RESOLUTION TEST CHART

(ANSI and ISO TEST CHART No. 2)



APPLIED IMAGE Inc

1653 East Main Street
Rochester, New York 14609 USA
(716) 482 - 0300 - Phone
(716) 288 - 5989 - Fax

ari við hann en aðra menn, er hann ekki maður, ef þú rotaðir hann eða settir kúlu í hann, heldur þú að hann gæti ekki drepist'?

“Ég býst við því”, sagði þjófurinn dauflega, “en þó skömm sé frá að segja, þori ég ekki að hreyfa mig þegar hann horfir á mig. Ég veit ekki hvernig á því stendur. Ég hef heyrt talað um þá menn sem þurfa ekki annað en að horfa á mann til þess að láta mann gera alt sem þeir vilja, hann er vfst einn af þeim, því ég er viss um að ég stæði á höfðinu ef hann segði mér það”.

“Láttu engan heyra þetta”, sagði kona nans fyrirtillega. “Þú ert verri en drengurinn þarna á gólfinu. Mér þætti gaman að sjá hann reyna þær kúnstir sínar við mig”.

“Þú mátt segja það sem þér sýnist. Ég er ekki beinlfnis hræddur við hann. en það getur enginn að snu uppeldi gert, og ég yrði að gera það sem hann segði mér”.

Í þessu heyrðu þau gengið upp stigan, og hættu þau nú samtalinu. Það var stansað við dyr þeirra, og barið hægt á þær.

“Hver ætli þetta geti verið?” sagði hann í hálfum hljóðum við konu sína. síðan kallaði hann: ‘Kondu inn!’

Hurðin opnaðist, Sharpe, leynilög-
regluþjónninn, kom inn.

“Sæll, Bob”, sagði hann kunnuglega,
“hvernig gengur það?”

“Illa, nú um tíma”, svaraði Huff ónug-
lega, aldrei ver en þegar þú ert í nánd,
fjandinn taki þig!”

“Þú ert í illu skapi Bob. En það borg-
ar sig sjaldan að bölva fólki, og það er
þýðingarlaust fyrir þig að biðja mér ó-
bæna”, sagði Sharpe með hægð.

Frá því að leynilögregluþjónninn kom
inn, hafði kona þjófsins gefið honum ilt
auga, og áður en Bob hafði tíma til að
svara honum, sagði hún reiðuglega: “Hvað
er erindi þitt hingað? hefir þú nokkurt
leyfi til að koma hingað? þér er betra að
sýna það ellegar þú færð járnbolta í haus-
inn”.

“Bob”, sagði Sharpe stillilega og eins
og hann hefði ekki heyrt það sem konan
sagði; “konan þín er veik og er því ekki í
góðu standi til að hlýða á samtál okkar,
og verður hún því að fara frá á meðan”.

“Mér þætti gaman að sjá þig koma
mér út úr herberginu”, sagði Litty, og
lagði báðar hendur á síður sér og hvesti

svo augun á Sharpe. "Þú og öll löreglan getur ekki komið mér héðan".

"Heyrir þú, Bob, konan þín verður að fara út, ég þarf að tala við þig og hún er ekki í því skapi að hlýða þá það", Sharpe horfði einbeittlega á þjófinn.

Huff hikaði eitt augnablik, en svo sagði hann: "Lilly, þú verður að fara".

"Ég fer ekki eitt spor, hvorki fyrir þig eða hann", sagði hún einbeittlega. "Þó að þú sért svo vitlaus að láta hann ráða þér, þá skal hann sjá að hann hefir sinn jafningja í mér".

"Ég er ekki vanur að tala tvisvar, til þess að þú hlýðir mér", sagði þjófurinn með alvörusvip. "farðu úr berberginu segi ég þér".

"Konan vissi að það dugði ekki að þverskallast þegar að manni hennar var alvara, hún var of oft búin að kenna á því. Með óánægjusvip tók hún barnið, gekk burt og leit heiftar auga til lögreglupjónsins um leið.

"Jæja Bob", sagði Sharpe þegar þeir voru orðir einir. "Þú hefir ekki haldið loford þín vel, sem þú gerðir þegar ég lét þig sleppa við hegningu fyrir að vera við-

riðinn bankabjófnaðinn. Þú lofaðir þá að hætta, en hefir ekki gert það”

„Þú lést mig sleppa af því ég gaf þér upplýsingar, sem þú þurftir að fá, og gatst ekki fengið öðruvísi, svo ég áleit að við værum lausir hver við annan. Þú áttir heldur ekki með að láta mig lofa neinu, og hver getur sagt að ég hafi ekki lifað heiðarlega síðan”.

„Ertu svo galinn að halda að ég hafi ekki haft gætur á þér síðan. Bob, ég hef vaktað hverja þína hreyfingu síðan og þó að ég væri ekki í borginni þegar brotist var inn í hús herra Meltons, þá veit ég eins vel og þó eg hefði horft á þig, að það varst þú sem gerðir það”.

„Ef svo skyldi vera“, sagði þjófurinn þrjóskulega, hvað ætlar þú að gera við því?”

„Það verður eftir kringumstæðum“, sagði leynilögregluþjónninn rólega. „Ef þú vilt láta af þér di skjölin, sem þú stalst úr kistu mannsins, þá getur skeð að ég hreyfi ekkert við því, en ef þú vilt ekki gera það, þá læt ég hegna þér og þó að ég hafi ekki sem beztar sannanir, þá mun ég samt geta gert þér það óþægilegt”.

„Ég veit ekkert um skjölin“, svaraði þjófurinn ólundarlega.

„Það er lygi, Bob!“ sgrði Sharp blátt áfram. „Þú veist um skjölin og meira að segja hefir þau undir hendi nú sem stendur. En ef þú vilt vera svo vitlaus að halda þeim, þá verður þú að taka þvf sem að höndum ber, og hefi ég þá ekki meira hér að gera í kvöld. Góða nótt. Bob. Við sjáumst síðar“.

„Heyrðu, bóddu, Sharp!“ sagði Huff í flýti, þegar hann sá að lögregluþjónninn ætlaði að fara. „Hvað liggur þér á, getur þú ekki gefið manni tíma til að hugsa sig um?“

„Ég er mjög vant við látinn“, sagði lögregluþjónninn. „og má ekki eyða löngum tíma. Ég skal gefa þér finum mínútur til að hugsa, en ekki lengur, og ef þú ert ekki kominn að neinni niðurstöðu um hvað þú vilt gera, þá fer ég“. Svo tók hann úrið upp úr vasa sínum og horfði á það.

„Þjófurinn sat hugsandi og var nú ekki orð talað þar til að Sharp leit upp og sagði:

„Tíminn er uppi, Bob. Ég verð að fara. Vertu sæll!“

„Bóddu“ sagði Bob. „Ég gef skjölin

eftir, þau geta varla verið mikils virði. Ég vildi samt að ég væri lesandi, þá vissi ég betur hvað ég ætti að gera. Ég finna aldrei meira til um mentunarleysi mitt, en þegar eitthvað svona lagað kemur fyrir“.

„Þú hefir afráðið viturlega“, sagði Sharp; þegar Huff lauk upp skúffu, sem skjölun voru í, og fékk honum þau. „Og taktu nú mína ráðleggingu og legðu eitthvað ærlegra fyrir þig, en að brjótast inn í hús og stel“ .. Góða nótt“.

Arnjótur B. Olson

XVIII. KAHTULI.

Sharp slegin í rot og flegt í ána.

Frá þeim tíma að Israel Sharp lagði á stað heiman að frá sér til að leita að skjölunum, hafði honum verið veitt eftirför, án þess að hann yrði þess var. Það var litli Rat. Stone hafði skipað honum að hafa aldrei augun af Sharp og elta hann hvert sem hann færi og segja sér allar hans hreyfingar, þegar Sharp kom út úr lýbsli innbrotsþjófssins, hélt Rat á stað á eftir honum. Lögmaðurinn bjóst

við að með þessu móti gæti skeð að hann kæmist að hvar skjölin væru, því hann þóttist viss um að Sharp mundi reyna sitja bezta að finna þau.

Sharp hélt áfram leiðar sinnar, með hendina í vasanum, sem skjölin vsru í, og var að hugsa um hvort þessi ferð mundi verða áraugurs betri en aðrar þessháttar ferðir hefðu verið. En á eftir honum læddist drengurinn, sem hugsaði ekki um annað en að framfylgja skipunum lögmannsins. En til hvers hann átti að gera það, hafði hann ekki hugmynd um.

Leið Sharps lá fram hjá dimmri götu og þegar hann var kominn á móts við hana, stukku þar fram tveir karlaðenn og kona og sló annar maðurinn hann til jarðar, og stukku þeir svo báðir á hann. „Vel gert!“ sagði konan, sem var engin önnur en Lilly Huff. „Og leysið nú verkið vel af hendi. Áin er að eins fáa faðma hédan berið hann þangað og kastið honum í ána, og þá erum við laus við okkar versta óvin, og mun hann ekki hafa Bob Huff fyrir verkfæri sitt framar. Flýtið ykkur í burt með hann“.

Stöðan lagði þessi kvenskörungur heim leiðis, ánægð yfir því sem hún hafði komið

til leiðar, en mennirnir tóku lögregluþjóninn á milli sín og fóru með hann ofan að annni og fleygðu honum í hana, eins og það hefði verið hundshræ, og hlupu síðan í burtu. Rat hafði séð allt þetta og hljóp nú óttasleginn heim til lögmannsins.

VX. KAPITULI.

Melton heimsækir Bob Huff.

Nú skulum við heimskæja Bob Huff aftur. Varla var leynilögregluþjónninn komin ofan stigann og út, þegar annar maður gekk uppstigann og barði ofur hægt á dyrnar hjá Huff. Bob sat hugsandi og hólt að lögregluþjónninn hefði gleymt einhverju, og sagði: „Komdu inn! Síðan hætta þú áfram með hugsanir sínar og léit ekki á dyrnar þegar dyrnar opnuðust, en beið þú þar til hinn talaði.

Hann stökk á fætur þegar hann heyrði málróf þess sem inn kom, því hann þekti málróf Mr. Meltons.

„Köndu sæll, gamli maður!“ sagði hann. „Mér þykir vænt um að sjá þig, svei mér þá!“

Og Huff rætti hendina vingjarnlega að honum.

„Mér væri stór þægð í því að þú værir ekki svona kunnuglegur við mig. Ég man man ekki betur en það væri í skilmálum okkar, að þú ættir að muna eftir mismuninum á stöðu okkar og passa að gleyma því ekki“, sagði Melton fyrirhitlega.

„Ég bið fyrirgefningar“, sagði þjófurinn auðmjúkur. „Það var ekki ætlan mín að móðga þig, og ég hélt fyrst enginn sá til að ég mætti heilsa þér með handabandi. En fyrst þú vilt það ekki, skaltu ég vera á-nægður og ég er eins fús að vinna fyrir þig eins og þó að þú hefðir kyst mig. Hvað get ég nú gert fyrir þig?“

„Þú manst eftir manningnum sem þú þeimsóttir þegar þú komst til mín?“ sagði Melton.

„Já, ég man vel eftir honum, herra“, svaraði þjófurinn. „Þú kallaðir hann Ruel“.

„Ég kallaði hann Jack Ruel“, sagði Melton. „Ég veit til þess að hann hefir skjöl, sem eru mér mjög ártíðandi. En ég hefi enga hugmynd um hvar hann geymir þau. Eg veit bara að hann geymir þau ekki í herbergi stnu, því þegar hann var í

burtu um daginn, komst ég í kistu hans með lykli sem ég lét búa til, og leitaði vandlega að þeim. Það sem ég vil að þú gerir er, að elta Ruel hvert sem hann fer og vita hvort þú getur komist að hvar skjölin eru og ná þeim fyrir mig, og ef þér tekst þetta, skal ég borga þér hvað sem þú setur upp“.

Þjófurinn bölvaði í hálfum hljóðum og stökk á fætur aftur. Síðan einblíndi hann á Melton.

„Hvað gengur að þér?“ spurði herra-maðurinn óstiltur. „Ertu hræddur við að taka þetta að þér?“

Bob Huff bölvaði aftur og sagði síðan síðan ergilega: „Því gastu ekki komið svo sem hálf tíma fyrr“.

„Og ef ég hefði ! síð fyrr“. spurði Melton þurrlega, „hvað þá?“

„Hvað þá?“ át þjófurinn eftir honum, „þá hefðir þú fengið þessi skjöl, sem þér er svo ant um, ef ég veit nokkuð. Það er alt“.

„Hvað meinar þú?“ spurði Melton forviða. „Þér er betra að reyna ekki að gabba mig, því þú munt hafa verra af því. Segðu mér strax hvað þú meinar?“

„Ég meina það sem ég segi“, svaraði þjófurinn gremjulega, „og svona er þá lagad: Þegar ég fór inn í herbergi Jack Ruels ruplaði ég kistu hans og með öðru sem ég tók úr henni var skjalaböggull. Auðvitað vissi ég ekki hvort hann var nokkurs virði eða ekki, en ég tók hann samt. Síðan hefi ég verið að hugsa um að fara með hanu til þín, en það hefir dregist, því ég hefi vonast eftir að þú heimsæktir mig. Í kvöld, að eins fyrir fáum mínútum, kom leynilögregiupjónn hingad og hræddi þau út úr mér, Hann heitir Izzy Sharp, og hefir náð mér tvisvar. En hvernig hann vissi að ég hafði skjölin, eða til hvers hann vildi fá þau, veit ég ekki. Alt sem ég veit er það, að hann vildi fá þau og að ég fekk honum þau“.

„Vitfirringur!“ öskraði Melton. „Þú hefir eyðilaggt mig! Það hefði verið þúsundsinnunum betra að þau hefðu verið kyr, heldur en þau kæmust í hendur leynilög-regluþjóns. Ég má búast við að innan tuttugu og fjögur klukkutím verða þau komin í hendur yfirvaldaanna og þá er ég tapadur maður“. Við þessi orð fölnaði gamli Melton og kom mikill óstyrkur á hann.

„Mér þykir þetta mjög slæmt, herra sagði þjófurinn meðaumkunarlega. „En gæti ekki skeð að hægt væri að gera við þessu?“

„Hvernig?“ sagði Melton í ákafa og lífnáði von haus ögn við þetta.

„Að elta lögregluþjóninn og slá hann í rot til þess að ná skjólunum áður en hann hefir tíma til að afhenda þau“. svaraði þjófurinu og glotti.

„Gerðu það. Bob“, sagði Melton í miklum geðhræringum. „Og skal ég þá álíta þig bezta vín minn heðan í frá. Ó, flyttu þér, þú mátt engum tíma tapa“.

„Já það þarf að gerast strax, ef það á að gerast á annað borð“, svaraði Bob. „og skal ég nú fylgja þér ofan að götudyrunum, og svo fer ég. En hvar skyldi kerling mín vera. Eg má varla fara nema að hún sé hér. Lilly, hvar ertu?“ sagði hann og hækkaði röddina, ef þú ert nálægt, þá komdu. Lögregluþjóninn er farinn.

Um leið og hann sagði þetta, heyrði hann fótatak konu sinnar í stiganum og þegar hún kom inn lafmóð með flakandi hár, sagði hann.

„Hvar hefir þú verið gamla kona? þú hefir víst verið að fá þér í staupinu. Þér

er betra að hætta því, eða þú getur einhverntíma fengið að kenna á því áður en þú veizt af“.

„Ég hefi ekki bragðað einn dropa stöðan ég fór út“, sagði konan einlæglega.

„Hvað hefir þú þá verið að gera?“ spurði Bob, sem vissi að kona sín mundi vera að segja satt. „Hvar er barnið?“

„Hann er niðri og sefur“, sagði Lilly.

„Hvað gengur þá að, því ertu svona móð og hræðsluleg. Það er eins og þú hafir séð draug. Hvað er það; segðu mér það strax“ skipaði Bob hranalega.

Konan þagði en leit hræðslulega til Meltons.

„Þú þarft ekki að vera hrædd að tala þó hann heyri“, sagði þjófurinu. „Þetta er Mr. Melton, sem ég hefi sagt þér frá. Hann kom til þess að fá skjölin sem ég fékk Izzy Sharp áðan. Það var ólukkan, því nú verð ég að fara og ná þeim aftur frá Sharp með góðu eða illu“.

„Þú mátt spara þér það ómak að leita að honum“, svaraði konan einarðlega, „því þú finnur hann ekki“.

„Hvað veizt þú um það?“ sagði Bob einbeitlega. „Ég er vanur að finna þá sem ég leita að, þegar ég legg á stað til þess“.

„En þú finnr hann ekki nema með því móti að þú kyunist einhverri vatnagjöju og fáir hana til þess að hjálpa þér“.

„Lilly“ sagði maður hennar bístur, „þú veist að það dugar ekki fyrir þig að vera að gera að gamni þínu við mig, þegar ég hef ártíðandi málefni á hendi, og ég segi þér fyrirfram að þér er betra að hætta öllu gamni, og vera alvarleg. Ég vil ekki hlýða á neinar ráðgátur, eða það tal sem ég skil ekki. Ef þú veist nokkuð um lögregluþjóninn, þá segðu það strax og í eins fáum orðum og þér er unt, og vertu skýr og skilmerkileg, en ef þú veist ekkert, þá farðu í rúm þitt“.

„Jæja, Bob“, sagði kona hans stillilega, því hún þekti of vel lund hans til þess að móðga hann, „ef þú vilt finna Sharpe, þá verður þú að leita hans á meðal fiskanna, því nú liggur hann á árbotninum“.

„Hvernig veistu það?“ spurði Melton, sem þessi orð höfðu mikil áhrif á“.

„Af því ég sá hann á leiðinni þangað“, svaraði konan. „Ég skal segja þér gamli maður, hvernig á því stendur. Svo er mál með vexti, að mér hefir verið illa við þennan lögregluþjón nú í tvö ár; fyrst af

því að hann hefir tvisvar tekið Bob fastann og svo af því að hann er eini maðurinn, sem getur hrætt Bob“:

„Hannu hefir aldrei hrætt mig“, sagði þjófurinu öflugur. „Ég hef sagð þér það oft að það er enginn sá maður til sem getur hrætt Bob Huff“.

„Þú mátt kalla það hvað sem þú vilt, Bob“, sagði konan með hægð. „En ég kalla það að hræða mann, þegar hægt er að láta mann gera hvað sem vera vill, og það sem maður vill ekki. En hann mun ekki ónáða þig framar. Það er þá ánægja í því, en svo skal ég halda áfram með sögu mína“ sagði hún og sneri sér að Melton. „Eins og ég sagði þér, var mér illa við Sharpe, og þegar karlinn minn rak mig út, af því ég ætlaði ekki að láta lögregluvæskilinn vaða ofan í mig, þá fór ég ofan og gaf krakkanum ögn af svefnmeðali. Síðan fór ég á fund tveggja vina minna, sem voru ekki vinveittari Sharpe heldur en ég, og ég þurfti heldur ekki að ganga mikið eftir þeim til þess að þeir tramkvæmdu það verk, sem var þeim sjálfum til góðs, ekki stöður en mér. Svo skal ég ekki lengja söguna. Við biðum í þímmu skoti þar til hann kom, og þá stukku þeir á hann og

lömdu hann í hausinn og lögðu svo á stað með hann ofan að ánni“.

„En skjölin?“ spurði Melton áhyggjufullur. „Auðvitað hefir þú ekki gleymt að skoða vasa hans og ná þeim, áður en honum var kastað í ána“.

„Nei, ég hugsaði ekkert um það“, svaraði konan. „Alt sem ég hugsaði um, var að losast við hann, og ég held það hafi tekist vel“.

Herramaðurinn sat þegjandi um stund stöðan tautaði hann við sjálfan sig: „Jæja þá. „Það er samt betra að þau séu þarna, en í höndum lögreglunnar. En svo getur skeð að lík hans finnist innan skams, og þá finnast skjölin, ef ég verð ekki búinn að ná í þau, Bob“, sagði hann upphátt og sneri sér að honum. „Heldur þú ekki að það mætti slæða ána að nóttu til án nokkurar hættu og reyna að ná í líkið“.

„Satt að segja, herra, er æfinlega nokkur hættu í þessháttar verki“, sagði Huff. En samt vil ég feginn áráða mikið fyrir þig. Og ef maður passar upp á tækifærið þegar það gefst, þá er eins víst að hafa það af, og ef einhver lögregluþjónn sæi til manns við að slæða, væri hægt að segja að maður væri að leita að einhverju, sem hefð

dottið úr bátinum. En ef þeir sæu mann með líkið, væri það dauðasök. En ég skal tala við piltana, sem unnu verkið og svo skal ég gera alt sem ég get til að ná í skjöl-in“.

„Ef þú nærð skjölunum fyrir mig, Bob Huff“, sagði Melton og lagði hendina á öxl þjófsins og horfði staðfastlega á hann skaltu aldrei verða fêpurfi frammar. Heyrir þú það? Ég lofa því staðfastlega“.

„Ég þakka þér kærlega, herra minn, og ef ég fæ ekki skjölin, verður það ekki af því að ég hafi ekki reynt það. Þú mátt vera viss um það“.

Síðan þakkaði Melton honum lofordin og lagði á stað heimleðis í þeirri von að alt gengi vel.

XX. KAP.

Frank Melton verður fyrir vonbrigðum.

Þegar Hugh Hourton lagði á stað frá heimili Alice Blake, var hann staðráðinn í hvað hann skyldi gera, fyrst hann hefði ekki getað unnið neinn bug á Alice; hann ásetti sér að biða þar skamt frá og elta þau svo hvert sem þau færu, og ef

Frank færi með hana í einhverja gildru, skyldi hann fá lögregluþjóna sér til hjálpar og láta taka hana þaðan með valdi. Hann vissi að þetta yrði mikil smán fyrir Alice. En hann var sannfærður um að þetta væri rétt undir þessum kringumstæðum; þó hann finði mikið til þegar hann hugsaði um hvað þessi grannlausastúlka mundi lifa við þetta, þá valdi hann mikið heldur sjá hana dauða en að vita til þess að ætlan Franks hefði framgang.

En til allrar hamingju þurfti Hugh ekki að framfylgja þessum ásetningi. Hugh var ekki búinn að lifa lengi þegar hann sá Frank hringja dyrabjöllunni. Með óánægju og staðföstum ásetningi að gera skyldu sína beið hann nú þess að þau legðu af stað.

Það var ekki langur tími þar dyrnar opnuðust og Frank kom út einsamall, og bölvaði hann í hálfum hljóðum um leið og hann lét aftur dyrnar á eftir sér.

Það var eins og bjargi væri lyft af hjarta Hughes við þetta, og forvitinn að vita hvernig á þessu stæði gekk hann að dyrunum og ætlaði að hringja dyrabjöllunni þegar hann heyrði að Margrét var að

loka dyrunum, svo hann barði á þær með hægð og talaði til hennar í lágum róm.

Hún var ekki lengi að opna dyrnar; og sagði honum að alicé hefði orðið snúgglega ilt, eftir að hann hafði farið, svo að hún hefði verið komin í rúmið þegar Melton kom; og að það væri hitasótt sem að henni gengi.

“Hamingjan hefir ráðið þessu henni til góðs”, sagði Hugh, þegar hann hafði heyrt alt. Síðan sagði hann Margrét hvað hann hefði verið búinn að ásetja sér að gera ef Alice hefði farið með Melton.

“Það var sannarlega guðstillag að þú skyldir ekki þurfa að gera það”, sagði Margrét, “því ég er viss um að sú smán hefði drepið hana, hún er svo tilfinningar-næm og tauga óstyrk að hún hefði aldrei getað borið það af”.

“Ég var búinn að hugsa um það alt, og var það ekki betra að hún dægi heldur en verða svívirt”.

“Jú, jú, það er satt”, sagði Margrét. “En nú er þetta að eins stundarfriður, það er engin hætt á að hann hætti við svo búit, og hvað er þá til brags að taka?”

“Ég held ég reyni að finna föður hans á morgun, og láti hann vita hvernig í öllu

liggur, auðvitað ber ég ekki mikið traust til hans, því ég ált hann samviskult. inn og harðlyndan mann, en samt held ég að hann hafi föðurlega velvild til sonar síns, og þegar að ég segi honum hvað ég taki til bragðs, ef Frank hafi sitt áfram með að eyðileggja Alice Blake'.

„Og hvað hefir þú afráðið að gera ef svo fer?“ spurði Margrét áhyggjufull.

„Að taka líf hans eða láta mitt“, sagði Hugh alvarlega. „En þú skalt ekki verða hrædd. Margrét, því ég býst varla við að það komi til þess, ef ég get fengið föður hans til að láta hann fara eitthvað í hirtu þar til sá tími er kominn, sem hann á að leiða Miss Harcourt til altarisins. Ef ég kem þúf til leiðar að hann láti Alice í friði þar til hann er giftur Miss Harcourt, af því hún er rík, og það er það sem hann gengst fyrir; þá verður mér það auðvelt að koma því tii leiðar að Alice verði laus við árásir hans þar eftir, hún verður þá úr allri hættu“. Guð gefi að þér takist þetta“, sagði gamla konan, innilega.

„Mér tekst það“, sagði Hugh hughraustur. Síðan kvaddi hann Margréti og lagði á stað heim.

XXI. KAP.

Anthony Stone spyr Rat.

Þegar við skyldum stöðast við Mr. Stone, hafði Rat séð eitthvað hræðilegt sem lögmaðurinn vildi ekki að hann segði sér frá, á meðan Mr. Harcourt var þar staddur. Lögmaðurinn hafði sent Rat til að Passa upp á allar ferðir Sharps, og vissi hann að eitthvað hræðilegt hefði komið fyrir lögregluþjóninn, og til þess að komast að því öllu hafði hann sent eftir drengnum, og með hjálp Jack Ruels ætlaði hann nú að byrja að spyrja hann.

“Segðu okkur nú allt sem þú veist um Sharp”, sagði lögmaðurinn við Rat. Ég sendi þig til að passa hann, og ef þú segir mér allt sem þú veist um hann, skal ég gefa þér og rottunni allt það ffnabrauð og ost sem þið geti etið í heila viku, en ef þú dregur eitthvað undan, og ég kemst að því, skaltú gefa ykkur báðum eitur, skilur þú það”.

“Ó já”, sagði drengurinn, kæruleysislega; “við skiljum það. Nip og ég skulum éta allt ffnabrauðið og ostinn sem þér þóknast að gefa okkur, en við étum ekki

eitur. Nei, nei, heldur þú að Nip viti ekki hvað eitur er? Ha, ha! Þú getur ekki svikið hann, þó þú getir svikið mig”.

“Hættu nú þessu bulli, og segðu mér og þessum manni hvað þú sást, sagði lögmaðurinn óstillilega”.

“Nip sá það líka” svaraði drengurinn “við sáum það báðir”, og fór hrollur um hann við hugsa til þess, sem hann hafði séð. Við sáum manninn slá hann á höfuðið, og hinn stökk á hann þegar hann var dottinn. Svo sagði konan þeim hvað þeir ætti að gera við líkið. Og þegar þeir tóku hann og bárn í burtu þá ætlaði ég varla að geta elt þá, ég skaft svo af ótta og Nip skalf líka; svo leit ég upp í skýin, því ég heyrði rödd þar, þá var alt rautt eins og blóð, og stjörnur skulfu líka. Ó, það var hræðilegt, hræðilegt!”

“Heyrðu mér nú, Rat”, sagði lögmaðurinn blíðlega. Ég efast ekki um að Nip viti eins mikið og þú, og að það hafi alt verið óttalegt og alt þessháttar, en ég vil að þú byrjir frá því fyrsta og haldir svo áfram með söguna til enda, og segir alt eins og það gekk til. Ef þú gerir það, skal ég vera ósköp góður við þig og Nip”.

„Og við húsmóðirina líka?“ spurði Rat.

„Já, við hana líka“, svaraði lögmaðurinn.

„Og lækna hana ekki oft?“ sagði drengurinn, og horfði djarflegu framan í lögmanninn.

„Ég skal aldrei snerta hana“, sagði Stone, sem varð nú að taka á allri þeirri stillingu, sem hann hafði til, því hann vissi að þetta var eini vegurinn til þess að komast að því sem hann vildi fá að vita hjá hálfvitanum.

„Ég skal þá gera eins og þú vilt“, sagði Rat. „Lofaðu mér að sjá – hvar á ég að byrja?“

„Frá því að þú byrjaðir að elta lög-
regluþjóninn. Þú hefir auðvitað falið þig
einhversstaðar, þar til þú sást hann, og svo
farið á eftir honum“.

„Já“, svaraði drengurinn.

„Haltu þá áfram og segðu okkur hvort
þú fórst og hvað þú sást“.

„Ójá, nú man ég“, sagði Rat, þegar
hann var búinn að hugsa sig um litla
studu: „Sharpe kom út úr húsinu sínu og
gekk hvatlega hurt. Hann var klæddur
eins og mennirnir sem bera inn kolin, en

ég og Nip þektum hann samt. Hann gat ekki vilt sjónir fyrir okkur. Svo gekk hann spottakorn og mætti þar manni, sem hann talaði við eitthvað, og svo flugust þeir á. En þegar lögregluþjónarnir voru á leiðinni, þá hljóp Sharpe burtu og ég á eftir honum. Svo fór hann heim aftur og var inni uokkuð lengi. Síðan kom hann út aftur og þá sá ég manninn sem hann flaugst á við koma út í dyrnar með honum, og bauð honum nóða nótt. Svo flytti Sharpe sér á stað aftur og heyrði ég hann tauta eitthvað m skjöl“.

Við þessa sætningu leit lögmáðurinn og félagi hans hvor framan í annan og hlýddu nú enn betur á sögu drengs'ns og var auðséð að þeir vildu ekki tapa einu einasta orði.

„Izzy hélt áfram þar til hann var kominn á Greinwich-stræti. Svo kom hann að stóru húsi, sem margt fólk var í. Þar fór hann inn og var þar inui svo sem hálfan tíma. Svo kom hann út aftur og skein þá birtan af rafmagnsliósinu framan í hann, og sá ég að hann var hlægjandi. Hann nefndi einhver skjöl aftur“.

„Hvað sagði hann. Rat?“ spurði lög-

maðurinn með ákafa. „Segðu okkur orðin, sem hann sagði um skjölin“.

„Hann sagði „þá er ég búinn að ná skjölunum“, sagði drengurinn. „Síðan flýtti hann sér á stað aftur og ég elti hann eins og áður. Þá lá leið hans fram hjá dimmri gótu, þom þar maður út úr mirkri-
ipu og sló hann aftan á höfuðið; datt hann niður án þess að gefa hljóð af sér, Svo kom annar maður og kona, sem ég hafði séð fara út úr stóra húsinu á meðan hann var þar inni, og ég beið úti. Konan sagði þeim að flegja líkinu í ána og svo hljóp hún burtu. Mennirnir tóku hann og lögðu á stað með hann til árinna og ég fylgdi þeim eftir“.

„Þeir fleygðu líkinu í ána og hlupu svo burt, og ég hljóp líka. Vindurinn hvíslaði að mér: Morð. morð! Ég hefði hljóðað upp yfir mig, ef ég hefði getað, en ég gat það ekki. Það var eins og munnurinn á mér væri harðlæstur, alvæg eins og járnkassinn. Þom þú geymir gulu centin þín!“.

„Hugsvðu ekki um það, Rat“, sagði lögmáðurinn og leit kvíðafullur til Ruels „Hugsaðu ekki um gulu centin; ég á þau engin til núna; ég varð að borrga þau öll

burtu. En segðu mér meira um Sharpe, Tóku mennirnir nokkð úr vösum hans áður en þeir fleygðu honum í ána?"

„Nei“, svaraði drengurinn. „Þeir stönuðu ekkert. Þeir fleygðu honum strax í ána og fóru svo burt“.

„Og heldur þú að þér væri hægt að sýna mér staðinn, þar sem þeir fleygðu honum úður?“ spurði lögmaðurinn áhyggju fullur.

Ég gæti það“, svaraði drengurinn. „Því ég er viss um að ég gleymi honum aldrei. Ég gæti farið þangað þó ég væri blindur. En ég vil ekki fara þangað, því þá sæi ég andlit hans í vatnina horfa á mig, og ég sæi fögru stjörnurnar skjálfa og vindinn hvísla að mér.: Nei, nei, ég vil ekki fara þangað aftur og Nip ekki heldur. Það var alt svo hræðilegt“.

„Hvaða vitleysa!“ sagði lögmaðurinn hnghraustlega. „Það er ekkert þar til þess að meiða þig. Og hugsaðu svo um alt sætabrauðið og ostinn og alt það góða, sem þú færð“.

„En ég vil síður fara“, sagði Rat aftur.

„Við skulum ekki tala meira um það núna“, sagði Stone góðlátlega. „Þú ert

góður drengur, Rat, allra beztu drengur. Þú og Nip megið nú fara og leika ykkur, og segðu húsmóðurinni að gefa þér stórt stykki af sætabrauði og osti“.

„Heyrir þú þetta, Nip?“ sagði Rat kátur, „sætabrauð og ost. Kouldu félagi. Við skulum fara“.

Svo klappaði hann rottunni, sem sat á þxl hans, og fór síðan á stað.

XXII, KAPITULI,

Ain slædd.

Kveldið eftir atburðina, sem skeðu í síðasta kapitula, var dimt og auðséð [að það yrði komið mikið óvæður áður langt yrði liðið á nóttina, og þegar klukkan var tólf var kominn dembi-rigning, þá lagði lögmaðurinn og félagi hans á stað. Þeir voru vel útbúnir í stórum regnkápum. Þeir gengu ofan að ánni, og að litlu húsi, sem hægt var að fá báta leigða. Þar staðnæmdust þeir og Ruel barði á dyrum,

Dyrnar opnuðust samstundis og sást ofurlítill ljósglæta innarlega í kofanum.

„Þið komið á réttum tíma, Mér líkar það“, sagði maðurinn sem hafði opnað dyrnar; „mér líkar að menn standi við orð

stn; ég geri það sjálfur. Komið þið inn“.

Þessi maður var hár og þrekinn, nærri skegglaus, og klæddur í sjómannaftöt og með sjómannshatt á höfði.

„Er alt refðubúið?“ spurði Ruel í hálfum hljóðum.

„Auðvitað er alt til“, svaraði maðurinn, „Það er full klukkustund síðan. Báturinn liggur við tröppurnar hér fyrir neðan. Árarnar eru hér og önnur áhöld líka, og er nú ekki annað eftir en leggja á stað og byrja á verkinu. Það er ágæt nótt fyrir þetta verk, og ef ég þekki upplag mannanna rétt, þurfum við ekki að óttast að við verðum ónáðaðir í nótt“.

„Við skulum þá flýta okkur á stað“, sagði lögmaðurinn, „því þetta er leiðinlegt verk og þess fyrr sem því er lokið, þess betra fyrir okkur“.

„En ertu viss á staðnum?“ spurði maðurinn.

„Já, ég er alveg viss, Drengurinn sýndi mér hann alveg upp á hár“, sagði lögmaðurinn, „og ég má reiða mig á hann“.

„Á stað þá“, var svarið, og maðurinn tók luktina og gekk á stað ofan að bátinum sem þeir fóru allir í og ýtti eigandinn bon-

um frá tröppunum og tók svo til áranna, sem allar voru vafðar svo ekki heyrðist í þeim urgið, þeir reru móti strauminum og voru rétt komnir að hinum ákveðna stað þegar þeir rákust á bát, sem kom á móti þeim, Hristingurinn varð svo mikill á bát þeirra, að Jack Ruel, sem sat í stafninum, hrökk úr sæti sínu. Hann stóð samt fljótt á fætur og litaðist um til að sjá hverjir væru í hinum bátnum, og brá honum, er hann sá að eldri Melton stóð þar með ljós í hendi og horfði beint framan í hann. Þeir þektust fljótlega og horfðu reiðuleag hvor á annan,

„Melton varð fyrri til að tala;

„Jack Ruel“, sagði hann heiftarlega, „Hvað ert þú að gera hér í þessu veðri og á þessum tíma nætur?“

„Eg veit ekki til að þú hafir nokkurn rétt til þess að leggja þessar spurningar fyrir mig“, sagði Ruel heldur stuttlega. „Eg veit ekki betur en ég ráði ferðum mín um og gerðum. En fyrst þér þóknast að spyrja, þá ætla ég að leyfa mér að spyrja hins sama. Hvað ert þú að gera í þessu veðri, sem ert orðinn grár fyrir hærnum, og ættir að vera kominn í rúm þitt fyrir mörg um klukkutímum, eins og sextugum öld-

ung sæmir, helduren að vera í opnum báti í grenjandi rigningu“.

„Ég skal sýna meiri kurteisni en þú gerir og svara spurningu þinni, ekki einungis af því að ég er kurteis að upplagi, heldur af því að ég hef mestu ánægju af að svara spurningu þinni, og er þetta svar mitt; Ég býst við að við höfum báðir komið hingað í sömu erindagerðum, þú komst hingað til að leita að líka Sharps lögregluþjóns. og ég kom til þess líka og varð á undan þér, þú ert rétt að koma, en ég er búinn að vera hér að slæga í tvær nætur, og til að spara þér bæði kostnað og tíma, skal ég segja þér hreinskilnislega, að við höfum botnslætt um allt svæðið, þar sem honum var fleygt í ána, en gátum ekki fundið hann. Straumurinn hefir hlotið að bera líkið í burtu og líkast til sett það undir einhverja skipakví, og þar sitji það fast og komi aldrei í ljós framar. Kunningi minn hérna er viss um þetta og ég líka. Nú veiztu, kunningi minn Jack Ruel, hvað eftir fylgir“.

Ruel fölnaði við þessa setningu og kom óstyrkur á hann, þegar hann reyndi að svara kæruleysislega: „Hvað er það?“

„Það er þetta“, sagði Melton ósvífnis-

lega og lét birtuna úr luktinni falla í andlit Ruels. „Nú um tíma hefir þú tekið upp á því að falsa nafn mitt undir peninga ávísanir, sem ég vildi ekki láta þig fá, þú hélst að þér væri óhætt að gera eins og þér syndist, af því að ég væri í þínu valdi. Enn það sem hélt mér í þínu valdi er nú eyðilagt, og nú er ég yfirmaður þinn, en þú ert þræll minn. Innan tuttugu og fjöggra klukkutíma læt ég taka þig fastan fyrir að falsa nafn mitt, og skaltu ekki þurfa að bíða lengi áður en þú verður kærður. Þær sannanir sem ég hefi eru óhrekjandi, og færð þú að líða fyrir allar þær kvalir sem þér hefir þóknast að læta mig líða, þú skalt fá að enda æfi þína í fangelsi. Heyrðu það sem ég segi. Þú skalt rotna í fangelsi. Hugsaðu til þess. Félagar þínir verða fangar og fangaverðir; ormar og kvikindi, og svo færð þú grófgerðan fangamat í staðinn fyrir kryddmetið, sem þú hefir vanist nú um tíma. Ha, ha! Er það þó ekki ánægjuleg hugmynd?“

„Þú ert genginn af vitinu!“ sagði Ruel og reyndi nú sitt bezt að tala stillilega. „Þú dirfist aldrei að framkvæma þessa hótun, ekki fremur en að setja hausinn á þér

í snöru. Þú gleymir því víst, að ég get gert þig öreiga og látið rétta eigandann ná því öllu.

„Ég gleymi engu“, svaraði Melton. „Ég segi þér alveg satt, að ég hefi skoðað það oft og grandgæfilega, og er líka búinn að fá allar nauðsynlegar upplýsingar því viðvíkjandi, og skaltu vita, að mér er alveg óhætt að framfylgja því sem ég hefi sagt. Eg er ekki í neinni hættu. Þú ert alveg á mínu valdi. Sannanir þínar eru tapaðar og þú hefir engin vitni, sem þú getur komið með á móti mér, og það gætu engir lögmenn orðið þér að liði í þessu máli. Þú getur spurt karlfauskinn, sem er í bátnum hjá þér, hvort ég hefi ekki rétt að mæla. Og nú skal ég beita valdi mínu þú skalt verða tekinn fastur fyrir glæpi þína, á morgun, og ef þú reynir að strjúka burt úr borginni, muu mér ekki verða mik-ið fyrir að eyða tíu þúsund dollars til að láta ná þér; ég segi þér þetta, svo að þú sofir rólega í nótt. Svo býð ég þér góða nótt, því nú verð ég að komast hédan“. Síðan skipaði hann bátsmanninum að setja sig í land.

„Vertu alveg óhræddur um að ég reyni að strjúka í burtu“, svaraði Ruel of-

látungslega, þegar hinn báturinn var að fara af stað. „Ég skal ekki einungis vera í borginni, heldur ef þú vilt leyfa það, skal ég hvíla í hinu sama herbergi og ég hefi hvílt í um undanfarinn tíma í þínu eigin húsi“.

„Það er þér velkomið“, sagði Melton, velkomið þessa síðustu nótt. Ég skal lofa þér því að engin hurð skal verða lokað fyrir þér. Þú skalt hafa frjálsann inngang, en þér verður fylgt út aftur á morgun“.

„Hann er að reyna að hræða mig“, tautaði Ruel um leið og hann settist aftur í sæti sitt. „En hann mun komast að raun um að ég þori að mæta honum. Haltu áfram með bátinn, Við skulum botnslæða hér, þó búið sé áður að gera það“, sagði Ruel við bátsmanninn. „Ef við finnum ekkert, verð ég að finna eitthvert ráð til að flækja gamla manninn. Mér þykir hart, ef Stone og ég getum ekki fundið eitthvert ráð“. Þeir unnu allir hart um tíma við að slæða ána, en það varð árangurslaust.

Arnþjótur B. Olsen

Arnþjotur B. Olson

XXIII. KAPITJLI.

Hugh Hourton fær loford.

Tíminn leið nú fjótt, og voru að eins fáir dagar eftir til þess tíma að Alice Blake yrði kona Franks og hugsaði Alice með áuægju til þess tíma, þó hafði hún ekki frétt neitt af mannsefni sínu í háa tíð; hana grunaði samt ekki neina ótrygð, og var hún því glöð og kát.

Hugh Hourton var nú orðinn velkominn-gestur í húsi Alice Blake því hann mintist aldrei framar á ódrengskap Franks, en var ætíð sem bezt bróðir hennar; hann var ætíð reiðubúinn að fylgja henni þegar hún hurfti fylgdar með.

Eitt kvöld þegar hún var að lesa í bók, kom Margrét til hennar og sagði að Hugh væri kominn. Alice fleygði bókinni og flýtti sér inn í stofuna, hún rétti Hugh hendina og sagði:

“Þú ert velkominn, Hugh bróðir, ég var fyrir skömmu að hugsa um hvort þú kæmir í kvöld. Komstu á pósthúsið?”

“Ja”, sagði Hugh dauðlega, “ég kem þar æfinlega á leið minni hingað”.

“Og var nokkurt bréf til mín?” spurði

hún hálf hikandi, því hún var svo oft búin að spyrja þess og ætíð fengið nei, svo hún óttaðist svarið.

“Það var bréf til þín”, sagði Hugh, og andvarpaði þunglega, um leið og hann fékk henni það.

Hún tók við því og flýtti sér að opna það, þegar hún hafði lesið það lék ánægjubros um varir hennar.

“Kæra Alice”, sagði Hugh einlæglega og horfði dapurlega á hana. “Þú veist að ég hef aldrei minst á Frank Melton við þig síðan þú fyrirbauðst mér það, og nú bið ég þig að fyrirgefa mér þó ég spyrji þig einnar spurningar, mig langar mikið til að vita hvenær hann er væntanlegur til borgarignar. Ég þarf ekki að spyrja þig hvort þetta bréf sé frá honum, því ég þekki handskrift hans, ég bið þig að eins að segja mér hvenær hann komi, og lofa ég þér staðfastlega að spyrja þig ekki neitt meira honum viðýskjandi”.

“Hann verður hér kl. 9 á þriðjudagskvöldið”, svaraði Alice, og roðnaði við, “Ég veit ekki hvenær hann kemur í borgina, en það er líklegt að hann komi hingað strax og hann er kominn”.

“Í dag er laugardagur”, sagði Hugh við sjálfan sig, mér hefir verið sagt satt.

Það varð nú þögn um stund; þær til Alice rauf þögnina og sagði:

Ég má til að vera hreinskilin við þig, Hugh, þú hefir verið mér svo góður, eins og beztu bróðir, og þó ég meiði tilfinningar þínar verð ég að segja þér hvað ég ætla fyrir mér, ég veit að þú elskar mig, og ég veit ekki nema ég hefði elskað þig aftur á móti ef hann hefði ekki komið á milli okkar. En það tjáir ekki að tala um það, ég er honum lofuð og hann kemur hingað til að giftast mér á þriðjudagskvöldið, og verður þetta að líkindum í seinasta sinni sem við tölum ein saman”.

“Ég ætla þá að biðja þig einnar bónar”, sagði Hugh, eftir nokkra þögn, fyrst kunningsskapar okkar er nærri á enda, og það er að koma með mér í kyrkju á mánudag- í síðasta sinn? Þetta er páskavikan, og verður messað á hverjum degi”.

“Fúslega skal ég gera það”, sagði Alice;; það væri illa gert af mér að neita svona líttilli bón, sem ég á svo hægt með að veita”.

“Ég sæki þig klukkan tvö á mánudaginn”, sagði Hugh í stiltum og döprum

málróm, ég ætla ekki að fara með þér í litlu kyrkjuna, sem við höfum vanalega farið til; heldur ætla ég með þig í stóra kyrkju í öðrum parti borgarinnar”

“Þú ræður því, en er klukkan tvö ekki óvanalegur tími fyrir messugjörð?” spurði Alice,

“Það er af sérstakri ástæðu sem ég vil fara svo snemma”, svaraði Hugh með hægð.

“Það skal vera alveg eins og þú vilt í þetta síðasta sinn”, sagði hún.

“Þá ætla ég að kveðja þig í bráðina”, sagði Hugh, og flýtti sér svo af stað. Hann var alt aunað en ánægjulegur á svipinn.

Alice hafði reynt að dylja tilfinningar sínar meðan Hugh var þar, en þegar hann var farinn settist hún á legubekkinn og grét ákaft, hún fann til ötta og kvíða, en fyrir hverju vissi hún ekki, og reyndi heldur ekki að uppgötva það; hún grét þar til hún loksins sofnaði útaf; og þar fann Margrét gamla hana sofandi og með ekka.

En nú var ekki langur tími eftir þar til Alice Blake fengi að vita að ótti hennar og efi væri ekki alveg grundvallarlaus.

XXIV.

Mr. Melton framfylgir kotan sinni.

Jack Ruel var ekki í góðu geði þegar hann gekk heim á leið með Stone. Verk þeirra hafði orðið árangurslaust, og þar á ofan sagði Stone honum að Melton hefði rétt að mæla, að hann (Ruel) væri algerlega á Meltons valdi.

“Og það bezta sem þú getur gert er að reyna að komast í burtu og það sem fyrst”, sagði Stone, “því það er mitt álit að Melton geri það sem hann sagði og láti taka þig fastann.”

Ha! Ha! Þú ert þá líka að reyna að hræða mig”, sagði Ruel, og hló kuldahlátur. Ég efast ekki um að þér líkaði vel að sjá mig læðast í burtu eins og barin hund og fela mig svo að þú getir gert samninga við Melton, og haft ágóðann einsamall, en þú þekkir mig ekki alveg rétt ef þú heldur það. Það hefir hvorugur ykkar neitt upp úr því að reyna að hræða mig. Ég veit að Melton hefir allan vilja til þess að koma mér frá, en hann þorir það aldrei, ekki fremur en hann þyrði að leggja haus sinn í kjaftinn á grimmu ljóni; og reynir hann

þese ...na að hræða mig í burtu. En hann losast ekki svo auðveldlega við mig, því ég ætla að verða kyrr, og í hans húsi, eins og ég sagði: svo þér er ekki til neins að reyna meira til að snúa mér”.

„Gerðu eins og þér sýnist, Jack“, sagði lögmaðurinn með hægð, „en ég fmynda mér að þú sjáir þegar það er orðið of seint, að ég hefi ráðlagt þér heilt“.

„Vogun vinnur og vogun tapar“ og ég er alveg óhræddur að mæta því sem að höndum ber, ef það kemur þar að, að ég og Len. Melton berjvmt opinberlega er bággt að segja hver sigur hefir“. Ruel skildi nú við lögmanninn, og gekk rakleiðis heim að húsi Meltons, gekk inn og upp í herbergi sitt, háttaði, sofnaði hljótt og svaf rólega til morguns.

Klukkan var tíu þegar hann vaknaði og flýtti hann sér að komast á fætur. Síðan gekk hann ofan í borðstofuna og var þar fyrir eldri Melton og tveir aðkomumenn. Maturinn var kominn á borðið.

„Góðan morgun, Jack“, sagði gamli maðurinn vINGjarnlega. „Ég vona að þú hafir sofnað vel í nótt. Lofaðu mér að gera þig kunnugan tveimur vinum mínum, Mr. John Ketchern og Mr. Phineas

Holdhard. Herrar!“ sagði hann og sneri sér að gestum sínum, „Þetta er gamall kunningi minn, Jack Ruel. Taktu þér sæti, Jack, taktu þér sæti. Við skulum allir hafa morgunverð til samans. Þú ert mjög góður, herra“, sagði Ruel, þegar hann var búinn að hneigja sig kurteislega fyrir gestunum, og að dæma eftir framkomu þinni ertu víst búinn að gleyma seinasta samtali okkar“.

„Nei, nei, drengur minn. Ég man það alt vel. En við skulum ekki tala um það núna. Ef það er uokkuð sem mér er ógeðfellt, þá er það að tala um óskemtileg málefni, þegar ég sit að matborði. Mér finnst það bæði skemma matarlyst og meltingu. Ég vil vera ánægður yfir borðum, og sjá gesti mína það líka. Gerðu þér lífið glatt á meðan þú getur, er upphalds máltæki mitt. og bið ég ykkur nú að gera svo vel að gera ykkur gott af matnum“.

Gestirnir tóku vel til matar síns, en Ruel sem var vanur að gera matnum góð skil, gat ekki bragðað á neinu. Honnm var einhvernvegin svo óhægt og órótt, og hvernig sem hann reyndi, gat hann ekki hrest sig upp. Meðan gestirnir og Melton voru að borða með góðri matarlyst af

öllum matartegundum, sem á borðinu voru gat Ruel að eins sopið kaffi úr bolla sínum og var að hugsa um liðna, yfirstandandi og ókomna tíð.

„Hvað gengur að þér, Jack? spurði Melton, er þeir höfðu setið um stund þegjandi. „Þú borðar ekki mat þinn eins og þú ert vanur. Ég er hræddur um að þú hafir ekki sofið vel. Og vona ég að samtali okkar síðast hafi ekki haldið vöku fyrir þér“. Melton brosti hæðnislega um leið og hann sagði þetta.

„Ég hefi aldrei sofið betur á æfi minni“, svaraði Ruel, með áherzlu, „og ef ekkert ónáðar mig meira á lífsleiðinni en það samtali, er þú minnst á, þá mun ég aldrei þurfa að taka inn meðöl við svefnleysi. Það get ég sagt þér fyrir víst“.

„Það þykir mér vænt um að heyra“, sagði Melton og reyndi að tala einlæglega. „Ég var svo hræddur um að það hefði haft slæm áhrif á þig. En eins og ég sagði áðan, skulum við ekki tala um það núna“.

„Ég skal ráðleggja þér að tala ekki um það nú eða endranær“, svaraði Ruel. „Því ég efast ekki um að þú munir eiga eftir

að sjá eftir því samtali áður en langur tími líða“.

„Ég held það varla“, sagði Melton aðgætnislega. „Ég held varla, Jack. Þó getur það skeð að þú hafir rétt fyrir þér, þú hefir æfinlega verið framsýnn; það átt þú með réttu. En ef þú hefir rétt fyrir þér, en ég rangt, þá sýnir tíminn það“.

Það leið meira en hálfur tími áður en þeir stóðu upp frá borðum, og talaði Ruel ekki eitt einasta orð annað en frá var sagt. Hann var að reyna að hugsa um ástæðurnar og hvað óvinur sinn mundi vera að brugga, til þess að komast úr valdi hans. Hann gat ekki trúað því að Melton léti taka hann fastann. Hann hélt að alt sem hann vissi um fyrri æfi Meltons mundi verða sér til hlífðar, en samt vissi hann að Melton hafði afráðið eitthvað, sem hann álitu óhætt.

„Vinir mínir“, sagði Melton við gesti sína, þegar þeir stóðu upp frá borðum, „Gerið svo vel og setjist inn í stofu á meðan ég tala fáein orð við kunningja minn í lestrarsalnum, Gerðu svo vel og farðu inn í lestrarstofunu, Jack. Ég skal ekki tefja þig lengi“.

„Með ánægju“, sagði Ruel, sem lang-

aði til að tala við óvin sinn einslega. Hann langaði til að fá að heyra áform hans og áfréð með sjálfum sér að annarhvor þeirra skyldi algerlega verða sigurvegarinn þegar því samtali væri lokið.

„Seztu niður, Jack“, sagði Melton stillilega, þegar þeir voru komnir inn í lestrarstofuna, „og svo skulum við pykkjulaust tala þetta málefni okkar til hlýtar. Við megum til að komast að einhverri niðurstöðu; þú veizt það“.

„Ég hélt eftir því sem þú sagðir seinast, að það væri bara ein niðurstaða, sem þú kæmist að; og mig minnir að það væri að láta taka mig fastann“, sagði Jack fyrirlitlega.

„Ég sagði það í reiði“, svaraði Melton, en þegar ég hugsaði betur am það, fanst mér það mundi verða báðum okkur fyrir beztu að skilja vinir“.

„Það var sanngjörn niðurstaða, „svaraði Ruel, háðslega, „og einmitt það sem ég bjóst við af þér, eftir því sem ég þekki þig. Og fyrst þú ert nú kominn að þessari niðurstöðu, hver er þá þín uppástunga? Vertu óhræddur að tala“.

„Það er þetta“, svaraði Melton staðfastlega. „Ég vil að þú farir héðan burt

úr Bandaríkjunum og til Evrópu á morgun og stigir aldrei framar fæti þínum á land í Ameríku. Það siglir skip héðan á morgun og þú getur þú keypt farbréf þitt í dag. Síðan verður þú hjá mér þar til það er ferðbúið. og þá kveð ég þig í síðasta sinn, og ef þú gerir þetta, skal ég borga fargjald þitt og gefa þér eitt þúsund dollara, til að byrja með hinumegin hafsins. Þetta er mín niðurstaða, og hverju svarar þú nú?“

Ánægjubros lék um varir Ruels á meðan hann hlustaði á þessa uppástungu óvinar síns, því þó að hann væri búinn að þekkja Melton vel og lengi, þekti hann upplag Meltons ekki til hlýtar og fmyndaði Ruel sér nú, að væri einungis af ótta, sem Melton gerði sér þetta boð. Og ásetti hann sér nú enn fremur að láta ekki undan, og sagði:

„Ég segi þér alveg satt, gamli kunnungi, að þetta dugar ekki. Þú ættir að þekkja mig betur en svo, að láta þér detta í hug að þú losir þig við mig svona auðveldlega. Satt að segja gæti ég hezt trúað að þú og gamli Stone væruð búnir að taka saman ráð ykkar að koma mér fyrir, en það verðnr ykkur ekki eins auðvelt og þið

haldið. Að láta þér detta í hug að ég fari alfarinn úr Ameríku fyrir eitt þúsund dollara, þegar ég get fengið þá upphæð hvenær sem mér sýnist á meðan ég er hér kyr. Nei, herra! Það dettur mér ekki í dag. Og þó þú býir mér hundrað þúsund hollara í staðinn fyrir eitt þúsund, mundi ég samt neita. Þér er því bezt að hætta þessu narri, og vera sannsýnn, og ef þú gerir það, mun okkur geta komið vel saman, en ef þú vilt það ekki, gerið þig alslausann. Þó að ég yrði að deyja af hungri á eftir. Að ráða eða eyðileggja, er mitt fasta ráð, og að ráða eða eyðileggja er mitt síðasta boð, í þessu er ég staðráðinn. Þú mátt vera viss um það“.

„Svo þú neitar alveg að taka boði mínu?“ spurði Melton alvarlega, og lýsti sér vonbrigði í málróm hans.

„Þú hefir þeyrt svar mitt“, mælti Ruel eins alvörugefinn. „Ég ímynda mér að þú skiljir óbrotna ensku. En ef þú skilur mig ekki, er þér betra að senda eftir túlk“.

„Þess þarf ekki“, svaraði Melton ofur stillilega, „því ég hefi tvo hér í húsinu“. Síðan hækkaði hann röddina og kallaði: „Herrar! Komið hingað, Ég þarf ykkar hér með“.

Samstundis opnuðnst dyrnar og fyrr-
nefndir gestir gengu inn.

„Herrar!“ hélt hann áfrum, „Mr. Ruel
vill fá útskýring og þó að þið séuð ekki
reglulegir laga-túlkar, getið þið gefið þá
útskýringu, sem þarf, ef þið viljið gera svo
vel“.

„Já“ svaraði sá sem nefndur var Ret-
cham, „ég get sagt þér það, Mr. Ruel, að
lögin viðvíkjandi fölsun segja, að sá maður
sem verði grunaður um þann glæp, skuli
tekinn fastur, settur í fangelsi og rannsaka-
ður og dæmdur í margra ára fangelsi, ef
hann finst sekur. Þetta er öll sú upplýs-
ing, sem ég álfít nauðsynlega. Og býst ég
við að það hafi ekki að þýða að segja þér
hver skylda mín er, því þú hlýtur að vita
það, þegar ég segi þér að ég hefi hér skip-
unarbréf til þess að taka þig fastan fyrir
fölsun“. Um leið og hann sagði þetta
dró hann skjál upp úr vasa sínum og rétti
Ruel.

Ruel tók við því, las það grandgæfi-
lega og rétti ríðan að Retchem. Síðan
sneri hann sér að Melton, horfði heiftar-
lega á hann og sagði:

„Mr. Melton. Ég á þá að skilja það
svo, að þetta séu lögreglupjónar, og að þú

sért ákærandinn, að þú sért að láta taka mig fastan fyrir fölsun“.

„Þú hefir lesið skjalið“, svaraði Melton og brá ekki neftt. „Ég er ekki vanur að vera með óparfa glettum eða gamni. Þú veizt það“.

„Heldur þú að þetta breyti áformi mínu?“ spurði Ruel. „Ef þú heldur það, skjátlást þér illa, Hvað sem þú biður mér til sátta, tæki ég það ekki. Ég vildi ekki taka sættum, þó ég ætti að leysa líf mitt með því. Þú hefir nú sáð, en átt eftir að uppskera, Ég skal eyðileggja þig hvað sem það kostar, og þú skalt fá að vita hvað það er að hafa Jack Ruel fyrir óvin“.

„Við erum að keppa um há verðlaun“, svaraði Melton með sömu stillingunni, „og skulum við sjá hvor hefir sigur, Jack. Herrar! gerið þið skyldu ykkar“.

.Viltu koma með ekkur mótþróaust, eða eigum við að brúka armböndin?“ sagði Retchem og sneri sér að Ruel um leið og hann tók úr vasa sínum handjárnin,

„Ég hefi enga löngun til að strjúka“, svaraði Ruel og bandaði á móti járnunum. „Þó að þið fenguð mér tíu þúsundir og segðuð mér að fara, gerði ég það ekki“.

„Honum er alvara, Phineas“. sagði Retcham við féлага sinn. „Far þú og kallaðu á ökumann og getum við þá farið með hann án þess að nokkurt upppot verði“.

Þegar kerran var kominn, lét hann þá leiða sig út. Hann leit heiftarlega til Meltons um leið og hann fór. Síðan var hann fluttur í fangahúsið.

XXV. KAPITULI.

Ruel fær féлага í fangelsinu.

Þegar lögregluþjónarnir voru komnir að fangelsinu, leiddu þeir Ruel inn í fordyrið. Þar voru þeir nærri búnir að reka sig á sjómann, sem stóð upp við einn stólp ann og starði fram undan sér eins og í leiðslu. Þegar lögregluþjónarnir komu vök hann úr vegi frá þeim. En þegar þeir voru farnir gekk hann aftur að stólpanum og stóð þar litla stund, síðan fór hann að ganga um gólf, eins og hann væri í æstu skapi, og svo var haun smátt og smátt að horfa eftir göngunum sem hinir höfðu farið inn eftir.

„Það glaðnaði brátt yfir honum þegar hann sá lögregluþjónana koma aftur og flytti hann sér á móti þeim og sagði: „Svo þið komuð með hann, drengir, ég var svo hræddur um að það mundi ekki takast“.

„Jú“, sögðu þeir. „Hann kom -án þess að við þyrftum neitt fyrir því að hafa: Höfum við aldrei séð fanga eins ant um að láta taka sig fastann eins og hann. Og nú er hann hinn rólegasti í klefa stnum. Hann er þín eign og mun þér ganga vel að fá þær upplýsingar sem þú vilt, því hann er ákveðinn í að segja allt sem hann veit, þegar hann fær rétta manninn til að hlýða á sig“.

„Þá ætla ég að biðja ykkur að taka mig fastann fyrir að vera drukkinn og láta mig hjá honum. Þið getið sagt að það sé ekki annað pláss autt,

„Við skulum gera það“, var svarið, og fáum mínútum seinna fékk Ruel féлага í klefa sinn, þar sem hann sat nú í þungum þönkum.

„Hver [verður endirinn?“ hugsaði hann.

„Skyldi Len Melton þora að lögsækja mig fyrir að false nafn hans, eða er hann bara að reyna að hræða mig? Ég veit að

hann hatar mig og vogar sér i uokku mikla hættu til að losast við mig. Ég þekki hann nokkuð vel. Hunn er ekki vanur að leika hræsnara. Hann er eins og naðra. Hann slær aldrei án þess að aðvara fyrst. En þegar hann slær, þá er honum alvara. Ég var vitlaus að gæta mín ekki betur. En ég skal ekki líða án þess að hefna mín, og ef ég verð dæmdur í fangelsi, skal ég draga hann með mér. Skyldi hann hafa hafa haldið að ég mundi ekki þora að tala, af því að ég væri að koma upp um sjálfan mig um leið? Hann þekkir mig lítið, ef hann heldur það. Ég vildi heldur vera kvalinn á alla vegu, en að vita af því að hann kæmist hjá hegningu. Hann hefir víst litla hugmynd um að ég sé reiðubúinn að deyja, og að ég hefi á mér skrifaða játningu um öll okkar viðskifti, og mun ég sjá um að það verði opinberað. Ó, að ég gæti náð í einhvern, sem gæti tekið við játningu míni og haft tilætluð not af henni!“

Í þessu var drukna sjómanninum hrundið inn til hans, og datt hann þar á gólfid.

“Ég vildi að þeir hefðu lofað mér að vera einum hér, fyrst þeir gátu ekki látið

ódrukkinn mann til mín, sem hefði getað skilið mig, og viljað hjálpa til að láta réttinn ganga yfir hann", sagði Ruel ólundarlega. "En samt gerir það lítið til", sagði hann eftir litla umhugsun, "líkskoðarinn finnur skalið, þegar hann skoðar lík mitt, og það verður opinberað, það er þó sönn á nægja í þeirri hugsun. Svo ætla ég að kveðja þig Len Melton, og heiminn líka. Ég hef lifað kærulaus og ósvífinn, og ég dey á sama hatt!"

Um leið og hann sagði þetta tók hann litla flösku npp úr vasa sínum og ætlaði að bera hana að vörum sér. En þá stökk drukni sjómaðurinn á fætur eins liðlega og köttur og flýtti sér til Ruels.

"Heyrðu félagi", sagði hann og greip um handlegg sjálfsmorðingjans, "þetta er ekki sjómannlega aðfarið, að láta kaðalinn renna úr höndum sér og ætla svo að stepa sér á bjarg eilffðarinnar án þess að hinn mikli skipstjóri kalli þig. Taktu í kaðalinn, segi ég þér!"

Hann greip handlegg Ruels rétt í tíma. Því á næsta augnabliki hefði hann verið búinn að setja ofan í sig nóga blá-sýru til að drepa marga menn, en nú lá flaskan í smáögnum á gólfinu.

“Vitfyrtingur!” sagði sjómaðurinn, “hvað ætlaðir þú að gera? Þú varst nærri því búinn að skemma verk sem ég hef á hendi! og ég þarf að hafa not af þér!”

“Hver ert þú?” sagði Ruel Ólundarlega. Ég get ekki séð framan í þig en ég hef heyrt málróm þinn áður”.

“Hugsaðu ekki um það, hver ég er”, svaraði sjómaðurinn, láttu þér nægja að ég þarf þessar hjálpar, og að þess vegna er mér engin þægð í því að þú steypir þér í eilífðina nú sem stendur. Þegar ég er búinn að hafa þín fullkomin not, máttu gera sem þér sýnist, en ég býst ekki við að þú kærir þig um að taka inn eitru þegar þú ert orðinn frjálst, og hefir þar að auki vel fylta peningabuddu”.

“Hvað meinar þú?” spurði Ruel, og skein vonin nú úr augum hans. “Er ég ekki hér sem sakamaður, og er það ekki eins víst að ég verði dæmdur í margra ára fangelsi? Eða þó ég yrði syknaður, þegar búið er að yfirheyra mig, verð ég ekki að bíða má ske í fleiri mánuði? Peningar geta gert mikið, og maðurinn sem hefir ákært mig lætur aldrei yfirheyra mig ef hann sér nokkur önnur úrræði. Hans hugmynd er að fá mig til að láta undan eða

að halda mér hér þar til ég dey; en hann mun finna það, að ef ég dey, mun ég hefna mín um leið!”

Ef þú vilt lofa mér að ráða og gera sem ég segi þér, skalt þú verða látinn laus eftir einn sólarhring. Og meir en það, þér skal ekki verða hengt fyrir liðin afbrot; og skalt fá borgun fyrir þína hjálp”.

“Er þér alvara?” spurði Ruel með ákafa; “og getur þú framfylgt þessum loforðum? Þú gleymir að ábyrgðarféð verður að vera mikið, og ég á enga ríka vini”.

“Mér er hrein alvara”, sagði sjómaðurinn, “og ég er líka viss um að geta uppfyllt loforð mín. Ég hef líka vissan mann til að ganga í ábyrgð fyrir þig”.

“Þekkir hann mig?” spurði Ruel dauðlega.

“Hann þekkir þig vel, og þú hann”, ar svarið. “Hann heitir Anthony Stone, og er lögmaður”.

Vonleysi lýsti sér á svip Ruels þegar hann svaraði: “Þér er ekki til neins að vonast eftir hjálp frá honum. Ég þekki hann vel. Hann verðnr þér ekki trúr. Því honum er eins ant um að koma mér frá, eins og hinum, því ef hann veit að ég

er frá býst hann við að hafa meiri ágóða sjálfur”.

“En ég segi þér að hann verður á-byrgðarmaður þinn”, sagði sjómaðurinn fastlega, “ég er viss um það, annars segði ég það ekki. Og ætlar þú nú að treysta mér og láta mig ráða öllu, upp á þá skilmála sem ég hef nefnt?”

“Ég væri sannarlega vitskertur ef ég neitaði”. svaraði Ruel. “Þú býður mér frelsi, peninga og hefnd; hvað gæti ég óskað betra? Og þó þú gætir ekki uppfyllt það allt, væri ég ánægður.

“Það er þá fullgert”, sagði sjómaðurinn.

“Það er”, svaraði Ruel, fastráðinn.

“Þá kveð ég þig til morguns”, sagði sjómaðurinn, síðan kallaði hann á dyra-vórðinn, og fór út úr klefanum.

XXVI KAPITULI.

Frelsuð, en niðurbeygð.

Það var nú kominn mánudagurinn, sem Alice Blake hafði lofast til að fara í kyrkju með Hugh Hourton í síðasta sinni, og þetta var daginn fyrir giftingardag hennar og Franks. Samt var hún ekki á-

nægð. Það var hinn sami kvíði og ótti sem hún fann til kvöldið sem Hugh heim-sótti hana síðast.

Hvernig stendur á því að ég er svona leiðindafull? sagði hún við sjálfa sig, þegar hún var að taka til í herbergi sínu. Ég er hreint ekki eins og ung síulka ætti að vera, sem ætlar að fara að giftast þeim manni. sem hún hefir sjálf kosið sér. Það er heiðskýrt loft og glaða sólskin, og kan-arfuglinn minn syngur eins og hann ætli að springa af ánægju; samt er ég yfirkom-in af óskiljanlegum kvíða, mér finst að sólskinsgeislarnir hæða mig, og fuglinn minn syngja sorgarlag. En þetta er heim-ska af mér að hugsa svona, ég verð að hrista þetta af mér. Það hlýtur að vera taugaveiklun.

Ug með sterkum ásetningi flýtti hún sér með verk sín og reyndi að hugsa um eittkvað ánægjulegt. En það var ekki til neins. Það var eins og dimt ský hvíldi yfir henni, og fór hún nú til morgunmessu döpur í bragði, og gat ekki neitt glaðnað yfir henni við það í þetta sinn; það hafði þó æfinlega haft þau áhrif áður.

Hugh kom á tilteknum tíma, til þess

þess að fá uppfyllt loforð hennar, og fara með hana í kyrkju.

“Ó, Hugh”, sagði Alice, þegar hann var sestur; “ég sé eftir að hafa lofast til að fara með þér í kyrkju í dag. Taugar mínar eru svo óstyrkar, og mér er ilt í höfði; ég er hreint ekki eins og ég á að mér að vera. Gætir þú ekki leyst mig frá loforðinu?”

“Ég vildi ég gæti það Alice”, sagði ungmennið sorglega. Og ég veit að það er illa gert af mér að gera það ekki undir svona kringumstæðum. En samt get ég það ekki, ég gæti það ekki án þess að fara illa með réttlætistilfinningar mínar. Ég veit að þér er erfitt að þurfa að halda þetta loforð. En samt veit ég líka að sá tími mun koma að þú þakkar mér fyrir að láta láta þig halda það”.

“Aumingja Hugh”, hugsaði Alice, “það er illa gert af mér að gleyma hvað hann líður, þó ég finni ögn til sjálf. Hann elskar mig, og þetta verður í síðasta sinn sem hann getur fylgt mér til kyrkju. Hann segir satt, þegar hann segir að ég muni þakka sér seinna fyrir að láta mig halda loforð mitt; því ég efa það ekki að í framtíðinni, þegar ég er ánægð, mun ég oft.

sjá hans sorgfulla andlit í huga mínum, og verður mér þá ánægja í því að hafa uppfyllt þessa síðustu bön hans. Ég skal ekki færast undan að fara, en reyna enn einu sinni að herða mig npp, og láta ekki höfuðverkinn yfirbuga mig heldur.

Svo fór Alice að búa sig, og lögðu þau síðan á stað.

Klukkan var ekki alveg orðin tvö þegar þau komu í kyrkjuna; samt var nokkuð af fólki komið þar.

“Hvernig stendur á þessu Hugh?” spurði Alice í hálfum hljóðum, “það er hálfur annar klukkutími til vanalegs messutíma, hefir þér ekki skjátlást með tímann?”

“Nei”, svaraði Hugh mjög lágt, og sá Alice að hann var náfölnur. “Það verður messað á vanalegum tíma, en það á að fara fram gifting á undan, og það var til þess að sjá hana að ég kom með þig hingað”.

“Því sagðir þú mér það ekki”, spurði Alice, sem fann nú enn meir til kvíða og ótta en hún hafði fundið áður, og barðist hjarta hennar ákaft.

“Ég hélt að það hefði ekki að þýða”

svaraði hann. Í því heyrðist kerrum ekið að kyrkjudyrunum,

„Nú koma brúðhjónaefnin. og stendur hjónavígslan ekki lengi yfir, og ef þú vilt þá heldur fara, skal ég ekki biðja þig að vera lengur”,

Kyrkjan var nú orðin troðfull af þrúð bínu heldrafólki. „Nú koma brúðhjónaefnin“, heyrðist hvíslað um alt. Þegar brúðarflokkurinn fór eftir kyrkjugöngunum inn að altarinu, þar sem presturinn og meðhjálparar hans biðu þeirra.

Það var ekki góð birta í kyrkjunni, og því ekki hægt að sjá vel innan um hana fyrst í stað. Alice var því ómögulegt að sjá framan í brúðhjónin hvernig sem hún reyndi. En brúðurin færði sig sem snöggvast til og sá þá Alice vel andlit hennar, rétt í svip. Það var samt nógu lengi til þess, að hún sá að brúðurin var ung og falleg og líka stolt. Og nú langaði hana svo ákaflega mikið,—hún vissi ekki hvernig á því stóð—að sjá eins vel brúðgumann, eins og hún hafði séð brúðurina. Hún hafði ákafan hjartslátt og henni fanst hún ætla að kafna, og undir öðrum kringumstæðum hefði hún beðið Hugh að hjálpa sér út, svo hún fengi fersk

loft, En nú gat hún það ekki, þó hún hefði vitað dauðann vísan, fanst henni að hún yrði að vera kyr. Það var eins og hún væri heilluð, Hún sat eins og steini lostin og storði beint fram undan sér. Þegar Hugh sá hvað hún var föll, bauð hann henni að koma út. En hún herti sig upp og sagði:

„Nei, nei! Sittu kyr. Það verður bráðum á enda“

Nú hætti hljóðfæraslátturinn og presturinn byrjaði á hjónavígslunni. Við málrórn hans fór hrollur um Alice, og hún titraði eins og hún hefði köldu. Þegar öll augu horfðu á brúðhjónin, var alt í einu eins og brúðguminn væri knúður til að líta við og horfði hann beint framan í hið föla andlit Alice Blake. En hann þekti hana ekki. Hann sneri sér strax að brúður sinni aftur og var hugur hans auðsjáanlega rólegur við það sem fram fór.

En þó hann þekti hana ekki, þá þekti hún hann. Hún lagði hendina að hjarta stað og stundi þungan. „Kom þú út, Hugh“, stundi hún í hálfum hljóðum. „Við skulum fara“.

„Hefir þú ekki kjark til að vera þar til

Það er búið?“ spurði Hugh. lágt. „Það vekti athygli, ef við færum núna“.

„Ef þú vilt ekki flytja lík mitt héðan sagði hún í svo mikilli angist, að vini hennar vöknaði um augu, „þá taktu mig héðan strax, því ég get ekki andað þessu lofti að mér fimm mínútum lengur“.

„Kondu þá“, sagði Hugh stillilega. „Reyndu að vera hugrökk, góða Alice, það getur skeð að það verði ekki tekið mikið eftir okkur“.

Síðan hjálpaði hann henni til að standa upp og leiddi hana hægt út úr kyrkjunni. Hún studdi sig þunglega við handlegg hans.

Það voru að eins fáar manneskjur, sem litu til þeirra um leið og þau fóru út. En flestir vora sokknir niður í að hlusta á hjónavígsluna, og gættu ekki annars. Alice bar sig vel þar til hún var komin út, þá féll hún í ómegin og greip Hugh hana í fang sér. Síðan kallaði hann á ökumann og bað hann að keyra þau fljótt heim að húsi hennar.

Alice raknaði fljótt við, en þau töluðu ekkert saman, því Hugh vissi að hann gat ekki sagt neitt, sem gæti hughreyst eða huggað hana. En Alice sat þögul og tár-

in runnu niður eftir kinnum hennar. Þar til kerran staðnæmdist við húsdyr hennar, Hugh hjálpaði henni ofan úr kerrunni og mátti heita að hann bæri hana heldur en leiddi inn í húsið. Síðan setti hann hana í legubekkin og kallaði á Margrétu, sem varð alveg forviða að sjá hana svona, og spurði hana ótal spurninga í einu.

„Spurðu hana ekki núna, Margrét“, sagði Hugh. „Hún þolir það ekki. Hún verður frískari á morgun og þá segir hún þér allt“. Síðan sneri hann sér að Alice, og sagði: „Fyrirgefðu mér kæra Alice fyrir að hafa látið þig líða svona, og ég vona að þú trúir því að ég hugsaði um að verða þér að líði“.

„Ég trúi þér“, sagði aumingja stúlkan veiklulega. „Og ég er þér ósköp þakklát, Hugh. „En ég get ekki talað við þig í dag. Mér er svo ilt og hugur minn er á reiki svo ég verð að hvíla mig“.

„Ég kem aftur á morgun“, sagði Hugh, kvaddi síðan og fór.

XVII. KAPITULI.

Antony Stone og Rat koma í brúðkaupið.

Við skulum nú aftur vika til kyrkjunnar þar sem giftingin fór fram, og fylgja brúðhjónunum og boðsgestum heim í hið skrautiega hús Mr. Harcourts, þar sem veizlan átti að fara fram.

Ekkert hafði komið fyrir til þess að skemma gleðina. Því, eins og áður er sagt, tóku fáir eftir hinni fölu stúlku, sem leidd var út úr kyrkjunni, og þeir fáu sem sáu það, hafa eflaust haldið að henni hafi orðið snögglega ilt, ef þeir hafa nokkuð hugsað um það, og stöðan gleymt því. og á meðan Alice Blake lá sárþjád í rúmi sínu, var maðurinn sem hafði táldregið hana, og brúður hans að taka á móti lukkuóskum vina sinna.

Og faðir brúðarinnar, sem vanalega var fálátur og alpektur fyrir ófélagslyndi, lék nú við hvern sinn fingur: Hann var nú búinn að fá dóttur sína gifta manni þeim, sem honum líkaði. Hann var sagður ríkur, og hafði það verið mikið áhugamál fyrir honum, að hún fengi ríka giftingu, og nú var sú ósk uppfyllt, svo hann

gat ekki dulið ánægju sína. Það var eins og hann vildi faðma alla gesti sína að sér af fögnuði. Boðsfólkið þyrptist kringum hann og hló dátt að gamanyrðum hans og ævintýrum, sem hann var að skemta þvf með. Hann var að segja þeim mög líflégar sögur, þegar einn þjónn hans kom inn og sagði:

„Það er maður og drengur við dyrnar, sem vilja finna þig“.

„Ég býst við að það séu einhverjir betlarar“, sagði Mr. Harcourt, „Gefðu honum það sem hann vantar og láttu hann svo fara. „Ég hefi ekki tíma til að tala við hann“.

„Það er ekki betlari, herra“, svaraði þjónninn. „Hann hefir komið hér áður; mig minnir að þú segðir að hann væri lögmaður“.

„Ég býst við að það sé karlrefurinn hann Antony Stone“ sagði Mr. Harcourt hranalega. „Hvað skyldi hann nú vilja, Mér er víst betra að vita það“.

„Síðan fór hann út úr gestasalnum og á leiðinni til gestastofunnar tautaði hann við sjálfan sig:

„Þessi maður er eini þröskaldurinn í ánægju minni. Ef hann væri bara dauður,

væri ég algerlega ánægður. Ó, hvað lífið væri þá létt. Því deyri hann ekki?“ Herra- maðurinn stansaði nú stundarkorn, eins og hann væri að yfirvega eitthvert mikilsvarð- andi málefni í huga sínum. Síðan hélt hann áfram og varð andlit hans fólgt og hann gnýsti tönnum saman. „Ef hann ónáðar mig, skal hann deyja það bráðlega. Mér þætti ekki meira fyrir að drepa hann heldur en flugu, sem ónáðaði mig“.

Í þessu var hann kominn að stofudyr- unum. Hann flýtti sér inn og sagði, alt annað en kurteislega:

„Hvað vilt þú, kvikindið þitt? og því hefir þú komið með þenna satans þúka með þér? og andstygðar kvikindið, gastu ekki valið þér annan hentugri tíma til að ónáða mig, en einmitt giftingardag dóttur minnar“.

„Alls engan betri tíma“, sagði lögmað- urinn smjæðurslega. „Ég kaus þennan dag með ásettu ráði, því ég þóttist sann- færður um að betri tími mundi aldrei gef- ast til að afljúka erindi mfnu“.

„Og hvaða árfðandi erindi áttu nú við mig?“ spurði herra maðurinn fyrirlitlega. „Það er gifting að fara fram í húsi þínu“, svaraði maðurinn og glotti. „Og ég kom

til að finna þig viðvíkjandi peningum. Mér finst það tvent eiga svo vel saman; eða er ekki svö? Ha, hæ. ha!“

„Lögmaðurinn hló dátt að fyndni sinni.

„Ég er ekki í því skapi að spauga, Stone“, sagði Harcourtharðýðgislega. „Eða að minsta kosti fellur mér ekki, spaug þitt. Svo ég vil að þú gerir svo vel og skýrir mér fjótt frá erindi þínu, og hafir þig síðan á burt“.

„Erindi mitt er hægt að skýra þér í einu orði“, sagði Stone, „Það er um peninga“.

„Þorpari!“ hrópaði Harcourt biturlega. „Hvað meinar þú? Þú átt ekkert hjá mér“.

„Ekki á svörtu og hvítu, skal ég viðurkenna“, svaraði Stone. „Ég hefi ekki veð rétt á eignum þínum eða neitt þess háttar. En ég hefi upplýsingar, sem ættu að vera einhvers virði í dag, og mig langar til að vita hvað ég get fengið fyrir þær. Það er alt“.

„Kemur þú hingað, Stone, til þess að ógna mér?“ spyrði Harcourt ofsareiður.

„Nei, langt frá því“, svaraði Stone. og var hinn rólegasti. „Ég hefi enga hug-

mynd um að þess gerist þörf. Ég er viss um að þú verður sanngjarn. Við ættum ekki að rifast, ef við getum komist hjá því, því það er bezt að láta sér koma vel saman“.

Það brann heiftareldur úr augum ríka mannsins, og honum lá við að kalla á þjon og láta reka lögmanninn út. En þegar hann leit á hið stilta, staðfasta og miskunarlausa augnaráð Stones, bældi hann niður reiði sína og hætti við að kalla á þjón sinn.

„Stone“, sagði hann sáttfúslega, „þetta er hvorki rétti staðurinn eða rétti tíminn til þess að semja u í viðskifti okkar. Far þú friðsamlega héðan með stráksorminn, svo skal ég koma til þín .. morgun í skrifstofu þína og gera hvað sem ég get til þess að fullnægja kröfum þínum, ef það er mögulegt,

“Nú ertu dálítið sannsýnn“, svaraði Stone og neri saman höndunum ánægjulega. “Ég veit að það fellur vel á með okkur, og við verðum báðir ánægðir. En ég má ekki fara án þess að líta á brúðhjónin og boðsgesti þína á þessum ánægju degi. Það er ekki oft sem ég hef tækifæri til að líta nokkuð þessháttar, og má ég ekki

neita mér um það í þetta sinn. Lögmanna-
staðan er svo ófrjál, eins og þú veist, það
er svo mjög sjaldgætt að ég má eyða nokk-
urri stundu frá starfa minnum, að það væri
galið af mér að taka ekki þetta tækifærisem
mér gefst nú. Og það væri líka illa gert af
mér ef þú vildir ekki að ég nýti þess. Kom
þú Rat, við skulum flyta þokkur drengur
minn. Ég heyri að gleði er mikil í stóra-
salnum, og við verðum að lofa fólkinu að
sjá framan í okkur”.

“Þú ætlar þó ekki að fara með þenna
pilt inn til gesta minna?” sagði Harcourt,
og fór hrollur um hann. „Ef þú vilt endi-
lega vera kyrr, þá láttu hann fara heim,
eða láttu hann að minstakosti fara fram í
eldhús”.

“En kæri kunningi minn Harcourt”,
svaraði lögmaðurinu. “Hefirðu enga með-
aumkun með munaðarleysingjanum? Ég
býst ekki við að aumingja drengurinn hafi
nokkurntíma haft tækifæri til að sjá aðra
eins prakt og viðhöfn sem hér er núna, og
gætir þú verið svo harðbrjósta að svifta
hann þeirri ánægja, sem þú getur veitt
honum svo auðveldlega, og það kann ske
sé í eina skiftið á æfi hans, sem hann sér
annan eins. Ég held að þessi drengur

hafi aldrei fengið það sem honum hefði borið með réttu. Það er bággt að segja hver réttur hans væri ef maður vissi hans sanna uppruna, við vitum ekkert um hann, það getur skæð að hann sé af ríkum ættum, maður hefir lesið eigi ólíkt því í dagblöðunum. Það er bággt að segja nema hann hafi allan rétt til að umgangast þess háttar fólk sem er í boði hér núna. Ef sannleikurinn kæmi í ljós, gæti skeð að hann væri eins ríkur og þú. Þetta gæti komið fyrir, og þá þætti þér vænt um að hafa verið honum hlyutur á meðan hann var í fátækt, og ef þú skoðar þetta þá lofar þú honum að fylgja mér eftir, Ég skal „byrgjast að hann hagi sér vel; þú gerir það, Rat, er ekki svo?”

“Jú”, svaraði drengurinn, ánægjulega, “og Nip gerir það líka. Við skulum fara í eitt hornið og láta ekki heyrast til okkar, það er að segja ef frændi gefur mér ostmola handa Nip. Ég vil samt ekki vera lengi, því það er of heitt hér, mér líkar að vera úti að heyra vindinn tala; og svo vil ég fara heim og leika mér við Nip en ekki sofa, því þá sé ég mann sem var fleygt í ána, og það er hræðilegt”.

“Stone”, sagði Harcourt, og gekk til

Lögmannsins og hvíslaði í eyra hans, "ertu mannlegur eða djöfullegur", og brann nú reiðin aftur úr augum Harcourt's.

"Ég held ég sé mannlegur", Harcourt vinur, eða ekki veit ég betur", svaraði Stone. "Enn þú ættir að vita það, þú hefir þekt mig svo lengi, þú veist að ég hef verið mannlegur, þegar þú hefir verið sanngjarn við mig. En samt yeit ég ekki nema ég geti verið nokkuð djöfullegur ef ég þyrfti á því að halda, því og er enginn engill, og ég er eins breytilegur og þú ert, samt get ég æfinlega sansast þegar sanngirni er brúkuð.

Lögmaðurinn brosti ánægjulega og neri saman höndunum, þegar hann lauk tali sínu. Herramaðurinn sat hugsandi dálitla stund, síðan fór að smá glaðna yfir honum, loksins brosti hann, rét í Stone höndina og sagði:

"Þegar ég fer að hugsa um hvað við höfum verið lengi kunningjar, Stone, og svo um öll okkar viðskifti, þá get ég ekki annað en kannast við að þú hafir rétt að mæla. Þú hefir versð góður kunningi minn og það er galið fyrir mig að deila við þig; fyrirgefðu og við skulum grafa það liðna, ef þú vilt vera sáttur".

“Með ánægju”, svaraði Stone. “Mér þykir svo vænt um þegar þú ert sannsýnn. Ég gæti lifað með þér til eilíffðar án þess að tala eitt stygðar orð, svo lengi sem þú værir sanngjarn, það gerir heilsu manns ætíð ilt að reiðast. Rat elskar friðsemi líka, er ekki svo”.

“Jú”, sagði drengurinn, “ég skal ekki reiðast við frænda ef hann meiðir ekki Nip, því án hans lifi ég ekki, og ég læt ekki meiða hann”.

“Ég vildi að þú vendir þenna ræfil af að kalla mig frænda, Stone, ég skil ekki í hvernig því er varið að hann hefir byrjað það”.

“Ég veit það ekki”, sagði Stone, “ég hef sneyft hann fyrir það, og reynt með öllu móti til að hafa hann ofan af því, en ég get það ekki, hann kallar þig frænda æfinlega þegar hann minnst á þig”.

“Ég má til að gera það”, svaraði drengurinn, “af því vindurinn hvíslar því nafni að mér þegar ég hugsa til hans. Ég geri alt sem vindurinn segir, því hann er góður drengur, og segir ætíð satt. Svo er vindurinn eini kunninginn sem ég á, fyrir utan Nip. Það sjá hann engir nema Nip og ég. Hann leikur oft við okkur. Hann

klspur mig stundum á veturna, því hann er harðleikinn, það er samt ekki meining hans að meiða mig. Hann bætir það alt á sumrin, þá svæfir hann mig með sínum fagra söng. Og að öllu samtöldu er hann vænsti drengur. Ég vil ekki heyra neinn tala illa vm hann, ég yrði þá reiður”.

“Ég má ekki standa hér og vera að hlusta á ruglið í þessum fábjana”, sagði Harcourt. og var eins og hann vaknaði úr leiðslu.

“Ég þarf að afjúka litlum starfa í skrifstofu minni, svo kem ég í veislusalinn. En far þú nú og skemtu þér sem best þér líkar.

„Og ég má taka drenginn með mér, er ekki svo?“ spurði Stone afgeranlega.

„Hans fylgi er mér svo nauðsynlegt að ég veit ekki hvernig ég færi að lifa án hans!“

„Ég hefði mikið heldur viljað að hann hefði ekki sést á meðal gesta minna“, svaraði Harcourt og reyndi að tala stillilega.

„En fyrst þú hefir ásett þér það, skalt þú ráða. En ég vil ráðleggja honum að hafa gát á tungu sinni, því ef hann kallar mig frænda, skal ég kyrkja hann“.

Síðan gekk Harcourt út úr stofunni, án þess að biða eftir svari frá óvin sínum.

„Ekki sýnir hann okkur mikla kurt-eisi“, sagði lögmaðurinn við fylgdarsvein sinn. „Hann hefði í það minsta getað farið með okkur inn í salinn og gert okkur kunnuga boðsgestum sínum. En ég býst við að ég rati þangað og geti gert mig kunnugan. Svo við skulum flýta okkur þangað, Rat. Vertu alveg ófeiminn eins og þú værir heima“,

Þeir fundu veizlusalinn án nokkurrar fyrirhafnar, en þar var negrapjónn fyrir, sem varnaði þeim inngöngu, því að dæma eftir klæðaburði þessara gesta, var hann í efa um að þeir væru boðnir gestir,

„Þér er betra að gæta að hvernig þú ferð með gesti húsbónda þíns, ef þú vilt ekki að það fari illa fyrir þér“, sagði Antony reiðuglega. „Leiddu okkur strax inn í salinn og kunngerðu gestunum, að herra Nicolaas Stone lögfræðingur og Mr. Rat séu hér komnir. Heyrir þú það?“

„Ég get ekki gert það, án leyfis húsbóndans, herra, því þú ert ekki í frakkafötum“, svaraði svertinginn. „Ég má ekki tilkynna þig“.

„Farðu þá frá mér, Ég get sjálfur tilkynnt komu mína“, svaraði lögmaðurinn og ætlaði inn,

„Nei, herra“, mælti þjónninn. „Ég var settur hér til þess að engir óboðnir gestir færu inn, og ég ætla að gera það svikalaust“.

“Ótilhlýðilegar manneskjur! át lögmaðurinn eftir honum, og uar nú orðinn fokreiðnr. “Þú svarta kvikindi, dirfist þú að kalla mig ótilhlýðilegan, farðu úr vegi mínum, eða ég mólva á þér hauskúpuna”, og reiddi Stone göngust af sinn í háa loft.

“Þú getur ekki hrætt mig”, sagði negrinn óskelfdur, “ef það kemur að því að berjast, þá get ég gert minn skerf ekki síður enn þú!” Og um leið og hann sagði þetta stökk hann á lögmanninn og var nærri búinn að svifta stafnum úr hendi hans. Þegar Mr. Harcourt kom þar að og batt enda á viðskifti þeirra.

“Láttu herraþinginn lausan, Sam”, sagði hann bistur, “hvernig dirfist þú að leggja hendur á gesti mína?”

“Ég segi þér alveg satt herra, mér datt ekki í hug að hann væri einn af gestum þínum, ef ég hefði vitað það, þá hefði ég ekki snert hann”, sagði negrinn alveg hissa. “Ég bið herraþinginn fyrirgefningar eins mikið og mögulegt er”.

„Varaðu þig að brjóta ekki þannig oft-
ar“, sagði húsbóndinn. Síðan sneri hann
sér að lögmanninum og mælti: „Kondu
inn, Melton, svo ég geti gert þig kunnug-
an gestam mínum“.

„Herramaðurinn“ tautaði negr-
inn þegar þeir voru farnir, „það er þó svei
mér laglegur herramannsfatnaður. Hann
hefir ekki kostað yfir tvo dollara. Ég
mundi hafa skammast mín að láta hann
föður minn vera eins illa til fara, og er
hann þó ekki mjög vandlátur“.

Harcourt leiddi lögmanninn til gesta
sinna og gerði hann kunnugan flestum
þeirra. Stone var ekkert feiminn; hann
rambaði innan um boðsfólkið og skrafaði
mikið. Það var engu líkarð en að hann
væri húsbóndinn. Hann talaði svo hátt
að það heyrðist ekki mannsnál á meðan
það var eins og hann hefði ánægju af að
sjá vandræðin og óþægindin, sem Har-
court varð að líða fyrir hann.

Hann varð samt bráðlega þreyttur á
því og sagði við Harcourt: „Ég hefi nú
skemt mér vel og er ég þér mjög þakklátur
fyrir þá góðmensku og velgerð, sem þú
hefir sýnt mér. Og er ég nú nærri reiðu-
búinn að fara. Ég má samt ekki fara fyrr

en ég hefi kyst brúðurina. Hvar er hún? Hvar er mín litla kæra Estella? Hvar er hin fagra brúður?"

Nú voru brúðhjónin umkringd af beztu vinum sínum og var þar fjörugt og skemtilegt samtal, en alt í einu kom rotta og stökk á öxl brúðarinnar og hljóp svo eftir slörinu og ofan á gólf. Enginn vissi hvaðan hún hafði komið.

Brúðurin rak upp hljóð og fóru nú sumir karlmennirnir að reyna að ná þessu kvikindi.

Þá heyrðist skær og há drengsrödd kalla: „Látið þið hann vera!“ Hann meiddir yður ekki. Það er hann Nip minn! Þið megið ekki meiða hann. Hann strauk frá mér án þess ég vissi af því. Nip! kouldu til mín. Ég skal passa þig“.

„Dýrið þekti víst kallið, því það skaust á milli leitarmanna og ofan í vasa drengsins.“

„Ég sá það fara ofan í vasa strákræfilsins þarna“, sagði einn oflátungurinn. „Við skulum ná því og gera út af við það“. Og um leið og hann sagði þetta, greip hann og tveir aðrir í treyjukragann hans, með þeim ásetningi að taka hana af honum og kreista rottuna sundur í henni.

En þeir mættu meiri mótstöðu en þeir bjuggust við, því drengurinn varðist vel, þó hann væri líttill. svo þeir gátu ekki fest hendur á honum.

„Frændi, frændi!“ hrópaði hann. „Láttu þá fara burtu! Láttu þá ekki meiða Nip, ef þeir meiða hann, þá skaltu deyja“.

„Látið þið drenginn kyrran, piltar“, sagði Harcourt, sem varð náfölnur af reiði, sem hann átti bágt með að dylja. „Þetta er meinlaus hálfviti, og hefði ekki átt að vera leyft hér inn. En ég gerði það vegna gamals vinar míns að leyfa það. Látið hann vera, þá fer hann friðsamlega hédan“.

Stöðan sneri hann sér að Stone og sagði í hálfum hljóðum: „Viltu nú fara með þennan þúka hédan, eða ætlar þú að láta hann gera mig svo reiðan að ég drepi hann hér í viðurvist gesta minna“.

„Ef ég þyrfti hans ekki með, væri þér velkomið að drepa hann. En eins og ástatt er gæti þér orðið hættulegt að meiða hann, og ég gæti ekki lynt eins vel við þig ef hann væri frá. Það er ekki svo að skilja að dauði hans myndi leysa þig. En eins og ég hef áður sagt, skal ég fara þegar ég

hefi kyst brúðurina, og þá fer hann með mér“.

Reiðin brann úr augum hans þegar hann gekk með Stone þangað sem brúðurin stóð hjá vinum sínum og skýrði henni frá erindi hans.

Þessi stolta kona leit fyrirlitlega á pennan óskammfeilna ókurteisa mann, er horfði á hana með ósvífnis glotti og aulalega.

„Maðurinn er orðinn of seinn, pabbi. Hann hefði átt að koma fyrr. Kossa-tíminn er liðinn“. Síðan sneri hún sér frá þeim.

„Það er aldrei of seint að gera það sem gott er, elskan mín“, sagði Stone vngjarnlega. „Ég verð að fá einn koss, bara einn, annars gætt ég ekki sofið í nótt, svo þér er ekki til neins að þverskallast. litli fagri engillinn minn. Þér er eins gott að láta uudan góðmótlega með annað eins smáræði og gera þér ekki mikið far út af því að kyssa mig, því ef ég hefði ekki verið giftur maður, þá hefði ég getað stadið í sporum Frank Meltons í dag. Þú trúir því ekki, en spurðu föður þinn hvórt ég hefði ekki fengið þig“.

Brúðurin roðnaði af reiði og ætlaði að

að ganga í burtu, þegar faðir hennar hvíslaði að henni: „Láttu hann kyssa þig, Estella. Eg veit að það er þér mjög á móti skapi, en þú verður að gera það. heyrðu það, ég segi, þú mátt til bæði mín og sjálfrar þín vegna“.

Estella vissi fyrir löngu að lögmaður þessi hafði eitthvert vald yfir föður hennar, en hvernig á því stóð, vissi hún ekki, og nú þorði hún ekki annað en hlyða, svo hún gekk til Stone og bauð honum kinnina.

„Heldur þú að ég svívirði þig með því að kyssa kinn þína. Nei, nei, ég verð að kyssa á varirnar blóðrauðu, fúgru varirnar. Síðan tók hann andlit hennar á milli handa sinna og kysti hana beint á munninn.“

Bálreið gekk Estella í burtu, og um leið hvíslaði brúðguminn í eyra Stones:

„Þú auðvirðilegi uppþornaða beinagrind. Þessi koss skal verða þér dýr. Ég skal aflaga þitt nauðljóta nef þegar mér gefst tækifæri, þó það verði ekki fyrri en eftir fimmtíu ár hér frá“.

„Mér þætti gamau að sjá þig geta það, drengur minn“, sagði lögmaðurinn rólegur. „Ég þarf að finna hann föður“.

Þinn bráðum viðvikjandi dálitlu málefni, sem getur skeð að þér líski ekki vel. Þú ætlar að aflaga nef mitt. Ha, ha! Það er þó svei mér skrtið að heyra. En ég má ekki eyða tímanum til þess að tala við þig núna. Hvar er húsbóudinn? Og þarna ertu, Harcourt. Ég verð nú að fara, ég hef svei mér haft nóga skemtun til þess að það dugi mér um stund. En ég verð að drekka brúðhjonaskálina. Ég var nærri því búinn að gleyma því. Það hefði mér þótt slæmt, Harcourt“.

„Ég ætlaði rétt að fara að bjóða þér það“, svaraði Harcourt. Varir hans titrundu og voðalegur glampi kom í augu hans um leið og hann talaði. „Dick“, sagði hann við einn þjóninn, „farðu og sæktu flösku af gömlu portvíni, eða viltu eitt hvað annað, Stone?“

„Portvín dugar mér“, svaraði lögmaðurinn. „Sannleikurinn er, að það er ekki oft að ég bragða áfengi, þó ég ætli að gera það við þetta tækifæri“.

Þjónninn kom með vínið og tók Harcourt við því og holti sjálfur í staupin og læddi hann hvítleitudufti í það staup sem Stone átti að drekka úr. Hann var svo fljótur að þessu, að góður sjónhverfinga-

maður hefði ekki verið fljótari. Samt tók hálfvitinn eftir því, því þó að hann sýndist ekki taka eftir neinu, sá hann og vissi af öllu sem framfór í kring um hann.

„Lengi lifi brúðhjónin og faðir brúðarinnar og verði allir vinir þeirra efnis trúir og staðfastir eins og Antony Stone“, sagði lögmaðurinn. Síðan setti hann staupið að vörum sér og tæmdi það.

„Amen við þessu“, svaraði Harcourt, sem var náfölur í framan“, og nú vil ég drekka þér“. Síðan hóf hann upp skál sína og mælti: „Lengi lifi Antony Stone, hinn frægasti lögmaður og beztu vinur. Lifi hann eilíflega!“

„Þakka þér fyrir, Harcourt“, sagði Stone. Síðan gekk hann nær honum og sagði: „Þessi ósk var ekki frá hjartanu, gamli kunningi, og þú veizt að mér dettur ekki í hug að halda það. Þú mundir fúslega gefa framt að helming eigna þinna tui þess að sjá mig dauðann núna. Það er samt karlmannlegt að gera sér gott af því, sem verður að vera, og þó að ég sjái hræsn þína, get ég ekki annað en dáðst að framkomu þinni“. Síðan sagði hann hátt og snjalt: „Góða nótt, minn kæri vinur! Góða nótt vinir mínir allir! Sofið þið rótt.

og dreymi ykkur vel, og drottinn blessi ykkur!“

„Síðan hneigði hann sig kurteislega og fór út.

„Ef mér skjátlást ekki“, tautaði Harcourt við sjálfan sig. „muntu sofa vært sjálfur áður en langt líður“.

XXVIII KAPITULI.

Opinberun Anthony Stone's.

Anthony Stone var að eins kominn frá faðma þegar hann fann að hann var að verða mjög sjúkur. Hann reyndi samt að halda áfram, en aftir litla stund var hann orðinn svo veikur að hann mátti til að setjast niða þar sem hann var kominn. Hann settist á tröppu við húsdyr einar í þeirri von að sei mundi bráðum skána svo hann mundi geta haldið áfram heim. En það varð þvert á móti, honum fór hrífversnandi, það voru verkir um allan hans líkama, það var eins og að hjarta hans og blóð væri að brenna.

Hvað skyldi ganga að mér, sagði hann meir við sjálfan sig en við fylgisveininn, „ég líð kvalir hinna fordæmdu, og ég held hreint að ég deyi hér ef ég kemst ekki

bráðlega heim. "Kallaðu þann fyrsta öku-
mann sem þú sér".

"Ökumann!" sagði drengurinn gláð-
lega. "Ég hef aldrei vitað til að þú létir
keyra þig, hvað langt sem þú hefir þurft
að ganga. Nip, heyrir þú þetta? við eig-
um að vera keyrðir, ég skal sitja hjá öku-
manninum og þú mátt keyra á öðrum
hestinum!"

"Þessi kvöl er óbærileg!" stundi
vesalings lögmaðurinn, og engdist sundur
og saman. "Hver ætli orsök þú sé?" Alt í
einu kom grunsemd í huga hans, og hann
sagði: "Skyldi Harcourt hafa gefið mér
inn eitur í víninu? skyldi hann hafa þorað
það?"

"Hann lét hvítasykur í það", sagði
drengurinn, "og það getur hafa orsakað
verkinn, því þú lætur aðrei sykur í það
sem þú drekkur heima".

"Ha, hvað segir þú?" sagði Stone,
sem nú grunaði í hvaða hættu hann mundi
vera. "Sástu hann láta nokkuð í vínið?"

"Já", svaraði drengurinn. Ég sá
hann láta hvítasykur í það þegar hann
sneri að þér bakinu, og Nip sá það líka, er
ekki svo Nip?"

"Kvikindið þitt", óskraði Stone, því

sagðir þú mér það ekki strax? fjandinn taki ykkur báða! Ó, að ég næði í lækni! Ég má ekki deyja strax! Ég má ekki deyja fyrir en ég haf sagt alt og það í hans viðurvist, og allra gesta hans! Ó, læknir! hjálp, hjálp! Getur enginn hjálpað mér”.

Rétt í þessu keyrði læknir upp að dyrunum sem hann sat við. Það vildi svo undarlega til að læknir átti þar heima og var hann nú að koma heim eftir að hafa vitjað sjúklinga sinna.

“Hvað gengur að þér?” spurði læknirinn þenna mann, því hann sá strax að hann var mjög veikur.

“Mér hefir verið gefið inn eiturl,” svaraði lögmaðurinn, “og ef þú ert læknir sem ég gizka á, þá hjálpa mér. strax! Þú getur ekki bjargað lífi mínu, því ég finn að hinar ísköldu klær dauðans hafa gegntekið mig. En þú gætir varnað dauðanam að eins litla stund. Ég er ekki fátækur, þér skal vel borguð fyrirhöfn þín. Ég vildi gefa þúsund dollara til að fá líf mitt lengt í tuttugu mínútur, svo ég gæti opinberað illmennið, sem hefir gert mér þetta”.

“Ég væri samviskulaus, ef ég hjálpaði

þér ekki alt sem ég get. hvort sem ég fengi borgun eða ekki", svaraði lækirina.

Síðan sneri hann endliti Stone's svo að birtan af götuljósinu féll á það, þreif-
aði á slagæð hans, og spurði hvernig veik-
in hagaði sér, síðan sagði hann.

"Vesalings maður, það væri rangt að gefa þér nokkrar vonir, því þér hefir verið gefið inn eitur, og þú átt mjög stutt ólifað. Það er ómögulegt að bjarga þér, en ég get stilt kvalir þínar. Og ef þú átt eftir að sinna nokkru alvarlegu málefni í þessum heimi, þá láttu mig flytja þig heim til þín, hvar sem það er, svo þú getir notað þessar fáu stundir sem þú átt eftir".

"Ég hef ekkert að gera heima", svaraði lögmaðurinn, "hreint ekkert sem ég get gert þar, en ef þú vilt að þeim seka verði hefnt og ranglætið réttlætt, þá keyrðu mig og drenginn heim í hús herra Richard Harcourts, sem er að eins fáa faðma hédan, drengurinn getur sýnt þér það".

"Þess þarf ekki", svaraði læknirinn. "Ég þekki húsið vel, því ég er húslæknir hra. Harcourts".

"Í guðsbænum keyrðu okkur þangað eins fljótt og þér er unt", sagði lögmaðurinn.

“Ég skal gera það”, svaraði læknirinn, “en áður en við förum ætla ég að gefa þér inn meðal svo þér verði hægra”.

Síðan gekk læknirinn inn í húsið til að sækja meðalið, en varla var hann farið þegar lögreglupjónn kom þar að sem Stone sat, hann sá að það gekk eitthvað að honum og fór að spyrja hann.

Fyrst í stað gaf Stone engan gaum að spurningum hans, þangað til honum datt ráð í hug, þá sagði hann: “Kannske að það væri betra að þú kæmir með okkur, það getur skeð að Harcourt vilji ekki leyfa okkur inngöngu, og þá gætir þú neytt hann með valdi til þess”.

“Hvern ert þú að tala um?” spurði lögreglupjónninn. hefir nokkur meitt þig? varft þú að sakfella nokkurn?”

“Já, já”, sagði lögmaðurinn með ákafa. “Ég ákæri Richard Harcourt um hræðilegan glæp. Og það er morð. Hann hefir gefið mér inn eitur. Ég á ekki klukkutíma ólifað”.

“Harcourt”, sagði lögreglupjónninn, alveg hissa. “Attu við ríka manninn í stóra húsinu hérna skamt frá, þar sem brúðkaupsveislan er?”

“Það er hann”, sagði lögmaðurinn.

“Það er hann—hann er samviskulaus nýðingur!”

“Ég held að það sé meiri hræðsla en nokkuð annað, sem að þér gengur, gamli maður, menn eins og herra Harcourt eru ekki vanir að leggja fyrir sig að eitru fólk. Það borgar sig ekki fyrir sá. Ég er hræddur um að þú hafir tekið þér of vel í staupinu, og er þér bezt að komast heim sem fyrst”.

“Ég segi þér satt að ég hef verið eitruður, svo ég dey”. sagði hinn sárþjáði lögmaður. “Ef þú trúir mér ekki, þá getur þú spurt læknirinn, sem kemur út bráðum. Mér hefir verið gefið inn eitur, segi ég þér aftur, og ég kalla á þig til þess að taka fastan morningjann”.

Rétt í þessu kom læknirinn með meðalið og gaf sjúklingnum inn af því, og staðfesti það sem lögmaðurinn hafði sagt lögrögglupjóninum; hann fór nú að skoða málefnið betur og af réði að fylgja þeim til herramannsins, og hlusta á framburð hins deyjandi manns.

Þegar þeir voru komnir að dyrum herramannsins var lögregglupjónninn búinn hugsa sér hvaða aðferð hann skyldi hafa,

“Ég trúi því varla að þessi ríki maður

sé sekur, því ég get ekki hugsað hvaða ástæðu hann hefði til þess, og þó hann sé ríkur getur hann alveg eins verið glæpamaður, það er rétt mögulegt að hann hafi gert það, og þá mundi hann reyna að flýja ef hann yrði var við komu okkar, svo ég verð að hræða þjóninn til að þegja, og komast inn áður en hann veit af okkur, svo skal ég taka vel eftir hvort hann breytir nokkuð grunsamlega við að hlusta á það sem þessi maður segir. Ef honum bregður þá tek ég hann. En ef þetta er ekki rétt, þá fer ég mína leið í friði”.

Lögregluþjónninn hringdi dyrabjöllunni. Og var hurðin strax opnuð. Þjónninn hrökk við þegar hann sá lögregluþjón við dyrnar og fylgdarmenn hans.

“Þú, Simbo, ekki eitt orð, ef þú vilt ekki hafa ilt af því” hvíslaði lögregluþjónninn að honum. “Fylgdu okkur strax í veislusalinn, og þegiðu eins og steinn”. Síðan bað hann læknerinn fylgja sér eftir með sjúklinglun, og drenginn á eftir. “Vertu eins fljótur og þú getur, og skulum við nú koma þeim á óvar”.

Svertinginn gekk nú á undan þeim til veisluvalsing, þar staðnæmdust þeir svo sem augnablik og hlustuðu á gleðina sem

inni var. Síðan opnaði lögregluþjónninn hurðina upp á gátt og gekk snarlega inn.

Þetta vakti mikla undrun hjá fólkinu, og heyrðist mikil suða og niður um stund. Síðan sló öllu í þögn. Enginn bað um skýring á þessu. En allir stóðu og stórðu á lögregluþjónninn eins og hann væri vofa, þar til hann reif þögnina og sagð:

“Herrar og frúr, ég bið fyrirgefningar fyrir að ónáða ykkur, en ég verð að hafa tal af herra Harcourt, húsráðanda hér”.

Herra Harcourt rak upp hljóð og stökk á fætur, hann hafði lagt sig fyrir á legubekk og sókt sér niður í svo þungar hugsanir að hann vissi ekki að neinn hefði komið inn þar til nafn hans var nefnt, og sá að lögregluþjónn stóð við hlið sér.

Óðar en lögregluþjónninn leit framan í hið náföla og óttaslegna andlit á herra Harcourt var hann sannfærður um að lögmaðurinu hefði sagt satt.

“Hvað á þessi snögglega ótilkallaða koma þín að þýða, inn í herramanns hús?” spurði herra Harcourt, með vel uppgerðri gremju, þegar hann hafði náð sér svo að hann gæti talað.

“Lögin ganga jafnt yfir ríkan og fá.

tækan, herra­mann og betlara", sagði lög­regluþjónninn stuttlega. "Þegar maður er ákærður um glæp, spyr ég ekki að hvað ríkur eða háttstandandi hann sé áður en ég tek hann fastan".

"Ákærður um glæp"! sagði ríki maðurinn, eins stillilega og hann gat, þó honum fyndist að blóðið ætlaði að stansa við hjartað. "Hvað áttu við? mér þætti vænt um að þú útskýrðir það sem fyrst, svo þessi átroðningur taki enda".

"Mér hefir verið skipað að taka þig fastan fyrir morð", sagði lög­regluþjónninn og harfði einbeittlega á pennan ákærða mann þar til Harkourt titraði undir augnaráði hans.

"Ha, ha!" hló Harkourt, og reyndi að vera kæruleysislegur. "Einhverjir gletnir vinir mínir hafa verið að gabba þig, og láta þig hlaupa í gönur".

"Ég vildi ég mætti trúá þér", sagði lög­regluþjónninn alvarlega, „því það er ekkert ánægjuefni að taka mann fastan fyrir morð, og það er það sem ég verð nú að gera“.

„Og má ég spyrja hver ákærir mig?“ spurði Harkourt, eins kæruleysislega, eins og honum kæmi það ekkert við.

Áður en lögregluþjónninn hafði tíma til að svara, staulaðist Stone inn í salinn. Hann var náfölnur og hár hans mjög úfið og útlit hans flóttalegt. Hann horfði á Harcourt með blóðþrungnum augum og sagði:

„Ég er fórnardýr þitt og ákærandi. Þú hélzt að ég mundi deyja áður en ég gæti opinberað þig; var ekki svo? En þér mislukkadist. Eitar þitt var kröftugt, en þó ekki nógu sterkt til þess að draga máttinn úr tungu minni áður en dómur þinn yrði uppkveðinn. Ha, ha! Þú titrar og fölnar, og þú hefir góða ástæðu til þess. Ef ég dey af eitri—sem ég er viss um,—þá hangir þú á galga! Segðu mér, minn kæri vinur, hvað er ákjósanlegra?“

Deyjandi maðurinn varð nú að þagna, því hann fékk svo miklar þrautir, að hann gat varla afborið þær. Það fór þróllur um þá sem á horfðu, en Harcourt notaði sér tækifærið, sneri sér að lögregluþjóninum og sagði:

„Farðu með þennan vitskerta þmann hédan strax. Ef þú neitar að gera það, þá skaltu fá að kenna á því“. Síðan sneri hann sér að gestum sínum og sagði: „Vinir mínir! Þetta er ekki tilhlyðilegt fyrir ykkur að hlýða á. Gerið svo vel og farið

inn í næsta herbergi á meðan ég útrými þessum óvelkomnu gestum. Svo getum við haldið áfram gleðinni“.

„Nei, nei!“ sagði hinn deyjandi maður í biðjandi málrómi. „Látið þið engan fara héðan þar til þeir hafa heyrt framburð minn. Ég skal ehki vera langorður, því ég finn að ég á stutt eftir ólifað, og ég vil fletta ofan af þessum hræsna og huglausa þorpara í viðurvist hans háttstandandi gesta. áður en ég fer“.

Aftur bað Harcourt gesti sína að fara úr salnum og hlusta ekki á óráðsruglið í þessum vitskerta manni. En það var eins og að gestirnir væru heillaðir og horfðu bæði af ótta og forvitni á það sem fram fór. Þegar lögmaðurinn hafði hvílt sig, hélt hann áfram:

„Fyrir 12 árum síðan átti ég heima í bænum Comayagua í Honduras. Þar kyntist ég manni að nafni Roger Harcourt, sem hafði mahóníviðarsölu á hendi. Ég starfaði töluvert fyrir hann í lagalegum málefnum. Þessi maður var bróðir þessa manns, sem þarna stendur“.

„Ef þið eruð öll staðráðin í að hlýða á þetta rugl, þá setla ég ekki að gera það, því ég get fundið mér eitthvað skemtilegra“.

Síðan gekk Harcourtt fram að dyrunum.

„Fyrirgefðu Mr. Harcourt“, sagði lögregluþjónninn. „Ég má ekki leyfa þér að fara hédan. Gestir þínir mega fara ef þeir vilja, en nú sem stendur ert þú fangi minn og verður að þegja á meðan þessi maður segir sögu sína. Ef hann er vitlaus eins og þú segir, getur enginn haft ilt af að hlýða á hann. Lækninn hefir sagt mér að hann geti ekki lifað nema fáar mínútur lengur, og er það skylda mín að hlýða á hann, svo ég geti gefið vitnisburð hér eftir“.

„Jæja, eins og þér sýnist“, sagði Harcourt með uppgerðar kurteisi. „Auðvitað hefir þú vald til þess að neyða mig til þess, að vera hér á meðan. En við skulum sjá til á morgun hvort þú hefir ekki yfirstigið völd þín. Mér er algerlega sama hvað þessi vitlaus karl segir um mig. Það er að eins leiðinlegt að þurfa að hlusta á hann“.

„Ha, ha!“ hló lögmaðurinn grimdarlega. „Þér mun þykja það leiðinlegt um það ég lýk máli mínu“. Síðan hélt hann áfram sögu sinni.

„Áður en ég þekti Roger Harcourt,

kyntist ég ungri og fallegrí stólku, sem hét Ida Greyson. Ég var þá ekki sá örvasa samvirkulausi svíðingur sem ég er nú. Ég var ekki fríður maður, en ég var ekki heldur neitt viðbjóðslegur, og ég var nógu vitlaus til að fella ástarhug til hennar. Hún var eina manneskjan sem ég hef haft nokkra velvild til í líkingu við ást. En það var ekki hrein ást, sem ég bar til hennar, heldur var það aðdáun. Ég var svo gagntekinn af fegurð hennar, að ég var nær orðinn vitstola og ég var það flón að halda að hún væri mér ekki mótfallinn, og ég hef alltaf haldið að henni hafi þótt heldur vænt um mig. Og nú, eftir öll þessi ár liggur mér við að halda, að hún hefði gíft mér, ef að Harcourt hefði ekki komist á milli okkar. Í hugsunarleysi gerði ég hann kunnugann henni, og upp frá þeim tíma fann ég að hún breyttist við mig. Hún varð alltaf fálátari með hverjum degi, og þegar ég hafði upp bónorð mitt til hennar, sagði hún mér að hún væri nú orðin heitmey Harcourts, þeim kvöldum sem ég tók há út gleymi ég aldrei. Ég ákallaði hana og grátbændi hana um að breyta til. Ég sagði henni að ófarir hennar væru verri en dauðadómur, og

mundi eyðileggja allar framtíðarvonir mínar, og að órvæntingin mundi éta sundur hjarta mitt. En það var alt til einkis. Hún hlustaði á mig með mestu stillingu, og var mjög sorgfull að hafa orsakað mér þessa óhamingju, en hún sagðist ekki geta bætt úr því. Þegar ég sá að það var ómögulegt að snúa henni, breyttist ég alt í einu, og í huga mínum sór ég þess dýran eið að ég skyldi hefna mín. Hugur minn var altekinn af heift og hatri til þeirra beggja.


Harcourt tók sér snoturt hús í Comayagua og buðu þau mér að hafa verustað minn hjá þeim, og var ég ekki seinn að taka því boði, því það var einmitt það sem ég æskti mest eftir.

Fyrir ráðskonu fengu þau ungan og laglegan kvennmann, sem hét Mary Guruz. Hún var vel mentuð, kurteis og fíngerð og í miklu afhaldi hjá ungu hjónunum. Þau fóru með hana eins og hún væri jafningi þeirra, en ekki vinnukona. Ég komst brátt í kunningsskap við hana og fann að henni líkaði smjáður, og að hún mundi verða leiðitöm og að hún var staðfestulítil, þó hún að upplagi vildi gera rétt. Ég náði brátt algerlega valdi yfir



MICROCOPY RESOLUTION TEST CHART

(ANSI and ISO TEST CHART No. 2)



APPLIED IMAGE Inc

1653 East Main Street
Rochester, New York 14609 USA
(716) 482 - 0300 - Phone
(716) 288 - 5989 - Fax

henni, hún varð algerlega þræll minn. Það var eins og hún hefði engan vilja til neins nema að þóknast mér, þegar ég var viðstaddur. Og þegar ungu hjónin eignuðust fyrsta barnið, sem var efnilegur piltur, hann hafði skýrt fæðingamerki á hægri gagnauganu, þá ásetti ég mér að hún skyldi hjálpa mér til að koma því frá þegar gott tækifæri gæfist. Barnið varð þriggja ára gamalt áður sá tími kom. Af tilviljun mætti ég þá ítölskum flakkara, sem var fús til þess að gera hvað sem vera vildi fyrir peninga. Ég gerði samning við hann um að stela barninu og koma því svo langt í burtu að foreldrar þess gætu aldrei frétt til þess. Það varð engin fyrirstaða fyrir okkur að gera það, því ráðskonan var vön að fara út með barnið á hverjum degi, og var ég búinn að leggja undir við hana að veita enga mótstöðu þegar barnið yrði tekið. Alt gekk vel, barninu var stolið og hvörnig sem reynt var, gat ekkert frétzt til þess. Enginn grunaði okkur.

En sem borgun fyrir þessa hjálp giftist ég Mary Gurroz, og var aðaltilgangur minn að verða vissari um að hún kæmi ekki upp um okkur, og svo til þess að hafa hana enn betur á valdi mfnu til að hjálpa

mér síðar mefr. Nokkur ár liðu, enn þá og jók það mér stórrar gleði að sjá sorg þeirra hjónanna yfir missi barnsins. Það var mér nóg hefnd, þar til að átta ár voru liðin, og annað barn fæddist, og við fæðingu þess dó konan.

Enn var ég ekki búin að hefna mín að fullu, ég ásetti mér að þetta barn skyldi líka fara einhvernveginn. Eg talaði um þetta við konu mína, en hún þverneitaði að hjálpa til þess, mér til mikillar gremju, og þar á ofan hótaði hún mér að gera játning sína, þó hún misti lífið fyrir það, ef ég heldi áfram með þenna ásetning. Ég reyndi með öllu móti að sansa hana, en það dugði ekki. Ég varð að sleppa því í svipinn. Mr. Harcourt var ekki hraustur maður. Hann elskaði konu sína innilega og fékk dauði hennar og missir fyrsta barnsins svo mikið á hann, að heilsa hans fór mjög versnandi, og þar á ofan bættist, að síðara barnið gaf vott um að verða hálfviti. Hann leitaði drengnum lækninga, en ekkert dugði. Þetta var meira en hann þoldi, og lagðist hann alveg í rúmið. Þá sendi hann eftir mér og bað mig að skrifa bróður sínum í New York og segja honum að koma eins fljótt og hann gæti til sín.

Síðan bað hann mig að útbúa erfðaskrá sína; ég gerði það. Hann arfleiddi son sinn að aleigu sinni og gerði mig og bróður sinn að fjárhaldsmönnum hans. Að drengnum dánnum skyldi bróðir sinn erfa alt. Þessi erfðaskrá var löglega útbúin. Síðan dó hann og var jarðaður áður en bróðir hans kom.

Lögmaðurinn hvíldi sig nú ögn, síðan hélt hann áfram: "Þegar Richard Harcourt kom til Comayagua, þá fékk ég honum erfðaskrána og sagði honum alt viðvíkjandi dauða og jarðarför bróður hans. Hann hlustaði grandgæfilega á það sem ég sagði, síðan sagði hann: "Þú er mikil upphæð fyrir fábjána að eiga, eitt hundrad þúsund dollara", ég játaði því og sagði um leið að það hvíldi stór ábyrgð á okkur að vera fjárhaldsmenn hans, hann sagði það satt vera, og sagði jafnframt að við ættum að vera vel launáðir fyrir það. Þá fékk ég strax hugmynd um hans rétta upplag, og vildi ég þá ekki láta á því bera að mér geðjaðist of vel að því, svo ég neitaði að tala frekara út í það að svo stöddu. Hann var samt nógu fljótur að finna það að einhverra orsaka vegna væri ég þessu ekki svo mótfallinn. Það leið heldur ekki

lengi þar til við skyldum hvor annan fullkomlega, og í fáum orðum skal ég segja ráðagerð okkar. Svo sem hundrað faðma frá húeinu þar sem látni maðurinn hafði búið í, rann straumharður lækur eftir gili sem skifti fjallgarðinum í þeim stað. Í þurkatíð varð hann nær því þur, en þegar vatnavöxtur var hann djúpur og rann með miklum hraða eftir klettunum. Þeim megin við lækinn sem fjallgarðurinn var hærrí var alt blómum stráð, og hafði sorgmæddi faðirinn gengið þar oft með þessum veiklaða syni sínum, sér til afþreyingar, því bæði var þessi staður og útsýnið hið fegursta sem fundist gat. Og í þessum stað afræði Mr. Harcourt að ég skyldi ganga með drenginn og hrinda honum ofan af klöppunum þegar vatnið væri mikið í lækunum og straumurinn sem mestur. Síðan átti ég að gera aðvart og segja að drengurinn hafi hlaupið frá mér og verið að elta fiðrildi, og áður en ég hefði getað náð honum hefi hann steypst fram af klettunum.

Eins og ég var búinn að segja, var ég búinn að lofast til að gera þetta djöfullega verk. Síðan fór ég með drenginn að þessum tiltekna stað, en þá misti ég kjarkinn, og gat ekki framkvæmt verkið. Eftir

nokkra umhugsun ásetti ég mér að drepa ekki drenginn, en að láta ekki á því bera við Harcourt annað en ég hefði uppfyllt oforð mitt. Svo fór ég með drenginn til gamallar kerlingar sem bjó í litlum kofa í skóginum, ég hafði bjargað henni úr klóm laganna, svo ég mátti treysta á hjálþ hennar, ég fékk henni nokkra upphæð af peningum og bað hana að láta engan sjá drenginn, og þegar tækifæri gæfist að komast að komast með hann til New York, svo fékk ég henni utanáskrift mína þar og sagði henni að finna mig þegar hún væri þar komin. Síðan tók ég hatt drengsins með mér og á heimleiðinni kastaði ég honum í lækinn. Síðan gerði ég aðvart, það tókst vel, allt varð í uppnámi og hatturinn fanst, síðan var leitað að líkinu, en það furðaði engan á þó að það findist ekki, því hæðin var svo mikil þar sem hann hafði dottið að það var gízkað á að straumurinn hefði tætt það sundur og borið það svo langt í burtu að það mundi aldrei sjást framár.

Lögmaðurinn varð nú að hvíla sig aftur, og var hræðilegt að sjá framan í Harcourt. Upp að þessum tíma hafði Harcourt ekki haft neina hugmynd um að lögmaðurinn hefði ekki leyst verkið af

hendi eins og hann hafði lagt fyrir, og átti hann nú bágt með að hafa vald á tilfinningum sínum, ofsinn og reiðin gegntók hann algerlega svo hann titraði frá hvirfli til ilja, hann gnísti saman tönnum og horfði þrjóskulega á þá. Þegar lögmaðurtók til máls aftur, hló hann háðslega og benti á Harcourt.

“Sjáið hvernig honum verður við að heyra þetta. En það versta er eftir, eða réttara sagt það bezta af sögunni, Harcourt vertu hægur, og færðu þá að heyra endirinn, sem mun hafa enn meiri áhrif á þig.

Harcourt og ég ráðstöfuðum eiginum, og fórum svo til New York, en hann hélt ekki loforð sín við mig. Hann sá að ég var algerlega á valdi hans, og neitaði algerlega að láta mig fá helming, eins og hann lofaði mér, og það var að eins með því að hóta honum að ég skyldi strjúka og skilja eftir sannanir sem eyðilegðu hann, að ég gat látið hann borga mér öðru hvoru dálitla peninga upphæð. En þegar ég var kominn til New York, gat ég ekkert frétt til kerlingarinnar og drengsins, þar til heilt ár var liðið, þá va ég að finna fanga sem ég var að verja, og í fangahúsinu rakst ég á hana og drenginn, sem hafði

náð þar stórrí rottu, sem var eins hungurleg og hann var sjálfur. Þegar ég gat haft tal af Mag. Morris, það er nafn hennar, sagðist hún hafa týnt utanáskriftinni, og þegar hún var búin að eyða öllum peningunum sagðist hún hafa farið að stela og betla til skiftis, og sagði hún að margir hefðu gefið sér vegna dregsins, þar til hún var tókin föst fyrir drykkjuskap og verið sett í fangelið þar sem ég fann hana. Ég ágetti mér að fá hana lausa, en áður en ég var búinn að gegnumganga það sparaði hún mér það ómak með því að deyja úr slagi, og með leyfi yfirvaldanna tók ég drenginn til uppeldis, en konan sem álitin var móðir hans, var jörðuð í grafreit mun-aðarleysingja. Nú á ég að eins eftir að drengurinn lifir enn til þess að heimta arf sinn. Hann er kallaður Rat flækingur. Þarna stendur hann glottandi og horfir á illmennið sem hefir gert honum svo rangt til, og hann hefir ætíð kallað hann frænda síðan fyrst hann sá hann í þessari borg, án þess ég viti hvað kom honum til þess”.

“Já”, sagði drengurinn alt í einu, ætíð þegar ég sá hann sagði vindurinn mér að kalla hann frænda, og vindurinn sagði frændi, þegar ég sá hann láta sykrið í vnið

gamlamannsins, því ég sá hann gera það, og Nip sá það líka, er það ekki satt Nip—sást þú það ekki líka?”

“Ég verð að taka þig fastann”, sagi lögreglapjónninn, og sneri sér að Harcourt; “ger þú svo vel og og haf þú þig til, svo ég geti nú lagt á stað”.

“Tekur þú mig fastann fyrir ásökun vitlaus manns!” spurði Harcourt, og lést verða mjög foruðrandi “það er bara óforskömmuð forsmán!”

“Ég get sannað alt sem ég hef sagt”, sagði lögmaðurinn, sem gat nú varla dregið andann. “Þú finnur lyklakippu í treyjuvasa mínum, þeir ganga að skúffum í skrifborði mínu heima, og þar eru skjöl, sem sanna sögu mína, drengurinn fylgir vkkur heim. Farið frá mér og gefið mér meira loft, ég er að kafna. Því hafi þið lókt ljósið? Burt, burt, segi ég, burt glottandi þúkar! kveljið mig ekki svono. Ég hef sagt alt, drengurinn er sanni erfinginn. Ég hef hefnt — mín — hefnt”. Hann var að taka seinasta andkafið. Næsta augnablik var sál þessa synduga manns skilin við líkamann.

Á meðan á þessu stóð, höfðu allir gestirnir staðið eiðs og steingerfingar, yfir-

komnir af ótta og undrun, þar til lögmaðurinn var liðið lík; þá var eins og það vaknaði af hræðilegri martról, og án þess að líta til seka húsbóndans, sem stóð og starði í kringum sig, yfirkominn af reiði og ótta, fóru þeir að tínast í burt.

“Ó, faðir!” veinaði brúðurin og hljóp til föður síns og kraup á kné hjá honum. “Þessi hræðilega saga er ekki sönn! segðu segðu að hún sé ekki sönn, segðu að þú sér ekki morðingi!”

“Ég hef sagt það, barnið mitt”, svaraði hann henni, “en það álgar ekki núna, vertu róleg, alt verður rétt fært fyrir mér á morgun; suntu nú gestum þínum”.

“Ég sá þig láta sykrið í vínið”, sagði drengurinn, “og Nip sá það líka, við stöndum við það”.

“Út, kvikindi!” öskraði Harcourt hamslaus af reiði, og ætlaði að grípa í drenginn, og ef hann hefði náð : hann hefði hann víst drepið hann í reiði sinni, ef lögregluþjónninn hefði ekki stöðvað hann.

„Mr. Harcourt“, sagði hann. „Þér er betra að hafa þig í skefjum og vera rólegur. Þér verður það fyrir beztu. Þegar ég

hefi náð lyklum þeim sem látni maðurinn vísaði mér á, verður þú að fylgja mér“.

„Ég býzt við að þú leyfir mér að hafa fataski.ti áður en ég fer með þér“, sagði Harcourt, og var ákveðinn ásetningsglampi í augum hans.

„Það er sjálfsagt“, var svarið, „þegar ég hefi náð lyklunum, skal ég fylgja þér til herbergja þinna“.

Leynilögregluþjónninn náði lyklunum og sneri sér stöðan að Harcourt og sagði: „ég skal fylgja þér“. Stöðan fóru þeir út úr salnum, og brúðurin var borin út úr salnum í yfirliði.

En að lítilli stundu liðinni heyrðu þeir sem eftir voru af gestnum skot, og svo heyrðist lögregluþjónninn kalla hátt hjálp.

Harcourt hafði náð í skammbyssu stöna og áður en lögregluþjónninn gat náð til hans var hann búinn að skjóta sig í gegnum hjartað.

Arnliotur B. Olson

Arnþjótur B. Ólsson

XXVII. KAP.

Frank Melton fær makleg málagjöld.

Daginn eftir téðan atburð var Frank Melton ekki í glöðu bragði, vonbrigði hans voru mikil, en samt breyttist upplag hans ekki til batnaðar við það sem skeð hafði í brúðkaupsveizlu hans, heldur urðu allar hans vondu tilhneigingar en skarpari en áður. Eins og lesaranum er kunnugt. elskaði hann ekki stúlku þá sem hann hafði gifzt; hann giftist henni fyrir auðinn, en ekkert annað, en nú var hún ekki að eins fátæk, heldur líka dóttir sakamanns. Hann hataði hana nú algerlega og ásetti sér að losast sem fyrst við hana,

En hveræg hann ætti aðgera það, vissi hann ekki, því hann hafði ekki nóga peninga til þess að strjúka.

Hann ætlaði sér ekki að hætta við að svíkja Alice Blake á vald sitt, því hann hafði engum grun um að hún vissi nokkuð um ódrenglyndi sitt. Svo á tilteknum tíma lagði hann á stað til þess að uppfylla loforð sitt við hana og giftast henni. Síðan ætlaði hann að fara með hana svo

langt burtu, að hún yrði að gera sér gott af að vera eftir hans vilja. Fastráðinn í þessu, barði hann að dyrum á húsi Alice Blake.

Margrét opnaði dyrnar og vísaði honum til stofu og bauð honum að setjast. Sagði síðan að Alice kæmi til hans bráðlega, og gekk svo burtu.

Hann þurfti ekki lengi að bíða þar til sú, er hann ætlaði að svíkja, kom inn í stofuna, og án þess að setjast niður sneri hún sér að honum.

Hún var mjög fól, og sá hann strax að það var ekki alt með feldu, en hvað hafði komið fyrir, gat hann ekki fmyndað sér. Hún heilsaði honum ekki með blíðu á nægju brosi, eins og hún var önn. Hún var þurrleg og dauf í bragði, og varð honum ónotalegt við að líta á hana. Hann lézt samt ekki taka eftir breytingunni og stóð upp á móti henni, eins og hann var vanur, rétti faðminn á móti henni og sagði

„Elskulega, kæra Alice mín! Hvað, þú ert fól. Hefir þú verið veik. Komdu í faðm minn og——“.

„Hættu!“ sagði hún með svo hörðum og kaldalegum málrómi, að það fór hrollur um hann. „Dirfstu ekki að snerta mig“.

því hendur þínar eru saurugar og spiltar! Ég þekki þig nú í þinni réttu mynd, og það var bara til þess að geta látið þig vita hvað algerlega þú værir orðinn uppvis að hræsni og mannvonzku og til að segja þér hvað gersamlega ég fyrirlít og hata þig, að ég veitti þér þetta viðtal, annars hefði ég látið skella hurðinni í andlit þér“.

Að segja að Frank Melton hafi orðið hissa, gæti ekki lýst tilfinningum hans. Hann stóð agndofa og orðlaus um tíma. Síðan tók hann til sinna gömlu ráða, í þeirri von, að þó henni hefði verið sagt frá giftingu sinni, þá gæti hann talið henni trú um að það væri lýgi, og sagði:

„Hvað hefir komið fyrir þig, elskan mín? Annaðhvort talar þú óráð, eða einhver óvinur minn hefir fyllt huga þinn með lygasögum um mig“.

„Ég má þakka himnaföðurnum fyrir að ég tala ekki óráð, því hann hefir bæneyrt synduga, þrálynda og óaðgætna stúlku“, svaraði Alice stillilega. „En þó þú hafir blindað mig um tíma, þá er þér ekki til neins að halda að þú getir það lengur, því ég er kunnug öllum þínum svikum og ótrúmensku. Farðu nú og láttu mig aldrei framar sjá þína svika-

ásjónu framar, Farðu til þeirrar óláns-
sömu stúlku, sem þú nýlega tókst þér fyrir
konu, og ef þú hefir nokkrar mannlegar
tilfinningar, þá reyndu að verða henni trúr
og góður eiginmaður. Ég þekki hana
ekki, en samt sárkenni ég í brjósti um
hana og gæti ekki annað en kent í brjósti
um hana, þó hún hefði verið mesti óvinur
minn, því ég veit ekki af verri forlögum, en
þeim, að vera bundin fyrir alla lífstíð öðr-
um eins manni og þér. Þegar ég hugsa
til þeirra forlaga sem mín biðu, finn ég að
ég fæ aldrei þakkað himnaföðurnum fyrir
að hafa látið augu mín opnast í tíma.
Farðu, segi ég; ég get ekki lýst með orðum
hvað ég fyrirlít þig og hvað mér er ógeð-
felt að sjá þig“.

„Þú talar óskiljanlega, kæra Alice!“
svaraði Frank Meltou, sem var ekki á því
að hætta við svo búð á meðan nokkur von
var, og þó hann titraði undir augnaráði og
hörðum orðum stúlkunnar, sagði hann:
„Hvaða konu á ég að fara til? Ég á enga
konu. En ég er kominn hingað í þeirri
von, að mega með réttu kalla þig því nafni
bráðlega. Hver hefir verið svo illgjarn að
ljúga svona að þér? Hver hefir sagt þér
að ég væri giftur?“

Alice hálfroðnaði af reiði og svaraði eins fyrirlitlega og hún gat:

„Ó, hvað fyrirlitlega lágt getur maður inn fallið þegar hann svífist ekki að ljúga til þess að koma fram niðingsskap sínum. Er þetta maðurinn, sem ég hélt að elskaði mig, en ég er sannfærð um að ég bar hreina ást til hans. Ó, hvaða niðurlæging — bitur niðurlæging, að hugs til þefs, að hafa komið í fang hans, og að varir mfnar hafa snert hans! Guð fyrirgefi mér!“

Alice misti nú alt vald yfir tilfinningum sínum og grét sárt.

„Ef þú vilt að eins vera sannsýn og hlusta á mig, get ég fullvissað þig, að—“.

„Maður, maður!“ sagði Alice í miklum geðshræringum. „Í guðs nafni, farðu áður en ég missi vitið af að hafa veitt þér viðtal. Þú skilur hversu gagnslausar allar þínar lygar eru, þegar ég segi þér, að ég var sjálf viðstödd þegar þú giftist Estelle Harcourt; að þessi augu sáu þig láta hringinn á fingur hennar, og þessi eyru heyrðu svör þín. Heyrir þú; skilur þú? Dugar þetta? Farðu, farðu!“

Þetta var seinasta stríð, sem illmenn-
ið studdist við, og þegar hann sá það fall-

ið, hnyklaði hann brýrnar, hló hæðnislega og sagði:

„Mér þykir það slæmt þín vegna, Alice, að þú komst að þessu, og skemdir svo áform mitt, því ég er viss um að þú hefðir orðið ánægðari, sem hjákona mín, heldur en þú verður sem kona óþokkalegs handiðnamanns, því það er ég viss um, að þú munir verða, fyrst svona fór. Ég óska þér til lukku! Vertu sæl!“

Síðan flýtti hann sér burtu, án þess að líta framan í stúlkuna, sem hann hafði móðgað, eða bíða eftir svari hennar.

Hann hélt heimleiðis, en var ekki komlangt, þegar maður gekk í veg fyrir hann. Götuljós var þar rétt hjá, og þekti Frank að það var Hugh Hourton, sem horfði framan í hann.

„Farðu úr vegi mínum, kvikindi!“ nöldraði Frank reiðulega. „Hvernig dirfist þú að hindra ferð herramanns?“

„Nei“, svaraði járnsmiðurinn og horfði alvörulega framan í hann. „En ég ætla að refsa þér fyrir þína niðinglegu tilraun að eyðileggja góða og saklausa stúlku.“

„Ha, ha!“ hló Melton fyrirtillega. „Svo þú ætlar að refsa mér? Við skulum sjá til. Ég er vanalega undir það búinn

að mæta piltum líkum þér“, Og um leið og hann talaði, dró hann skammbyssu upp úr vasa sínum.

En áður hann gæti brúkað hana, var mótstöðumaður hans búinn að ná haldi á honum og sneri vopnið úr hendi hans og kastaði því yfir þvert strætið. Síðan sneri hann Melton niður á jörðina og reiddi svo á loft nautshúðarsvipu, sem hann hafði með sér, og lét hana ganga um skrokkinn á Melton. Hann neytti allra sinna krafta og hætti ekki fyrri en óvinur hans var oft búinn að biðja vægðar, og lá auðmjúkur, óhreinn og blóðugur við fætur hans.

„Farðu nú“, sagði Hugh reiðulega, þegar hann var hættur, „og láttu mig þekki sjá þig innan mflu takmarha í nánd við hús Alice Blake, ef þú vilt ekki fá meira af svona maklegri hirtingu“.

Síðan skildi Hugh við þrælmennið og sneri hann sporum sínum á leið til húss Alice Blake, ánægðari yfir þessu verki, heldur en hann hafði verið yfir nokkru öðru.

Frank Melton hafði sig á fætur hamslaus af reiði, og var hans fyrsta verk að leita að vopni sínu, með þeim ásetningi að reyna að elta Hugh og komast aftan að

honum og skjóta hann í hnakkann. Hann purfti ekki lengi að leita þar til hann fann skammbýssuna. En honum til mikillar skapraunar var hún nú ónýt, svo hart hafði hún fallið niður, að hún var í molum, svo hann varð að hætta við ásetning sinn, og sneri því heimleiðis.

Heyrði hann þá skellihlátur og málróf sem hann þekti.

„Ha, ha! Mr. Melton. Þetta var slæm meðferð, sem þú fékst. Það var heldur ekki dregið af! Ég vildi ekki taka við slíku fyrir nokkra stúlku á jörðunni“.

Niðurlægning Franks var nú fullkomin, að þegar hann þekti þar meðbiðil sinn fyrir hönd Estellu Harcourt, þann herra-mannlega, en ruddalega Jack Ruel.

„Mér væri stór þægð í að þú skiftir þér ekkert af því, sem þér kemur ekkert við“, sagði Frank gremjulega. „Ef þú hefðir verið í mínum sporum er ekki víst að þér hefði farnað betur.“

„Getur skeð ekki, Frank“, svaraði Ruel, og hló aftur. „Þessi smiður er stórklegur piltur, Ég kærði mig ekki um að komast í hendurnar á honum. En ég ætla nú ekki að rífast við þig. Þú náðir þeirri stúlku, sem ég hafði kosið mér, en ég ber

samt engan illan hug til þín fyrir það. Ég þarf að jafna dálftinn ágreining við föður þinn bráðum, en ég á ekkert sökótt við þig, og skal því lofa þér við drengskaparorð mitt að þegja yfir óföllum þínum“.

„Þetta var betra en Frank bjóst við. Honum hafði ekki dottið í hug annað en Ruel mundi taka fyrsta tækifæri, sem gæfist til að auglýsa smán sína, og var hann honum mjög þakklátur.“

„Það er vel gert af þér, Ruel. ef þér er alvara“, sagði hann.

„Ég lýg aldrei nema ég sjái mér hag í því“, var svarið, „og mér er hrein alvara núna“.

„Ég þakka þér þá einlæglega“, sagði Melton innilega. „En segðu mér. Ruel, hvernig stendur á því að þú ert laus? Ég hélt að gamli maðurinn hefði látið taka þig fastan og setja í varðhald fyrir að falsna nafn hans“.

„Já, hann gerði það“, svaraði Ruel. En veist þú ekki að það fæst lausn gegn ábyrgð. Ég var ekki búinn að vera í varðhaldinu tuttugu og fjóra klukkutíma þegar vinur minn Antony Stone—hvílist hann í friði!—fékk mig lausann gegn ábyrgð, án þess að spyrja föður þinn um leyfi, og nú

mun faðir þinn sjá eftir að hafa orðið ósáttur við mig. Ég segi þér þetta, af því ég veit að þú hefir ekki neina sérlega ást á honum, þó hann sé faðir þinn, og þú ættir heldur ekki að hafa það, því hann fer með þig eins og þú værir óviti og lætur þig ekki fá þriðjung af því sem þú ættir að fá hjá honum, svo þú getir lifað vel. Hvað heldur þú hann sé ríkur nú sem stendur?"

"Ég hef enga hugmynd um það", svaraði Frank. "Hann passar að láta mig ekkert vita um það. En þegar ég bið hann um peninga, stynur hann svo þunglega, að ég býst við hann eigi nokkuð mikið".

"Hann á í hreinum peningum á banka tvö hundruð þúsund dollara í minsta lagi, og svo er öll fasteignin", sagði Ruel með áherslu. "Hvað, hvernig líst þér á það",

"Ég held að hann sé óforskamur þú nirfill", svaraði ungi maðurinn biturlega. "Að hugsa til þess að hann skuli láta mig þurfa að hafa allar klær í frami þegar ég þarf á peningum að halda, og þó gæti hann látið mig fá allt sem ég þarf án þess hann munaði neitt um það. Það er mitt alit".

"Ég held það líka", svaraði Ruel, með ánægjubrosi, "og fyrst ég hef nú sagt þér

um efnaðaginn, hvað lengi heldur þú að hann búi að þeim?"

"Þar til hann deyr, býst ég við", svaraði Frank Melton, "og þú skal ég vita hvort þeir verða ekki fljótir að fara þegar ég nær í þá".

"Hann verður ekki ráðandi þessara eigna viku lengur", sagði Ruel, staðfastlega, "og þú munt ekki erfa einn eyrir. Ég segði þér ekki þetta ef það væri ekki satt, því þú gætir undireins aðvarað hann, en það yrði ekki til neins nema flýta því sem ómögulegt er; ég get steypt honum hvencær sem ég vil, og ég ætla að gera það. En ég vil ekki snúða sjálfan mig, ef ég get að því gert, mig vantar að ná í dálftið. Ég ætla að gera þér tilboð. sem getur verið mjög gott fyrir okkur báða, ég skal kenna þér ráð til að ná í tuttugu þúsundir ef þú vilt svo láta mig fá helming, viltu ganga að því?"

"Ég tek því glaðlega", sagði Frank með ákafa, "segðu mér ráðið strax."

"Ég býst við að þú sért vel kunnugur handskrift föður þíns?" sagði Ruel spyrjandi.

"Eins kunnugur hans skrift og ég er minni eigin", var svarið.

“Þú getur þú falsað nafn hans og dregið út þessa upphæð”, sagði Ruel, “og fengið mér helminginn, komið svo sjálfum þér undan með þinn skerf. Ég býst ekki við að þú eða konan þín kæri ykkur um að vera hér eftir það sem skeð hefir”.

“Mig langar hreint ekki til að vera hér”, svaraði Frank, “en hvort konan mín vill það eða ekki, veit ég ekki, og kæri mig ekki, því þó ég fari, verður hún ekki með mér”.

“Hvernig stendur á því?” spurði Ruel, alveg hiasa. “Nú gengur yfir mig”.

“Ég hata hana”, svaraði Frank biturlega, “ég giftist henni fyrir peninga, og nú er hún verri en alslaus. Ef ég hefði ekki gifizt henni hefði ég fengið þá einu stúlku sem mér hefir þótt vænt um, og ég held ég hefði elskað hana hefði ég reynt það, en nú er hún mér algerlega töpuð. Ég vildi þú hefðir náð Estel frá mér, því nú vil ég hana dauða”.

“Ég sé eftir að hafa ekki náð henni, eins mikið og þú sérð eftir að hún er konan þín”, svaraði Ruel, “því ég elska hana. Þú b'osir að þessari játningu, en það er satt, ég elska hana, og þó hún sé fátæk og í niðurlægingu út af gerðum föður hennar,

þá skyldi ég giftast henni á morgun ef hún væri laus og vildi mig. En ég vil ekki tala meira um það. Hvað segir þú við uppástungu minni, ætlar þú að gera það eða ekki? Ef þú neitar, tapar þú því eina tækifæri sem þér gefst til að ná í ögn af þeim peningum sem gamli maðurinn hefir undir hendi, en ef þú gengur að því, höfum við báðir gott af því, og verðum tíf þúsundum ríkari hvor. Hvað segtr þú?"

"Ég geri það", sagði Frank Melton, eftir nokkura umhugsun. "Ég skal fara að æfa mig strax að stæla hönd hans. Og eftir viku getur þú komið, og ef mér hefir tekist vel, fær þú þinn part. Síðan kveð ég New York fyrir fult og alt".

"Það er þá útgert?" sagði Ruel, og skulum við takast í hendur upp á það".

Þeir tóku saman höndum, og horfðu beint hvor framan í annan, og svo buðu þeir hvor öðrum góða nótt. Síðan skildu þeir og fóru sína leiðina hvor. Annar hugsaði um að æfa sig í að falsna nafn, en hinn hugsaði um hefnd.

XXX. KAPITULI.

Frank Melton skrifar föður sínum bréf.

Það leið nú vika frá þeim atburðum, sem sagt er frá í síðasta kapitula, og eyddi Frank Melton þeim dögum til þess að hugsa um hefnd fyrir þá svívirðing sem hann hafði orðið að pola af Hugh Hourton en á kvöldin æfði hann sig í að stœla hönd föður síns. En Frank var að upplagi huglittill, svo hann þorði ekki að ráðast á smíðinn sjálfur, hann mundi of vel eftir síðustu viðskiftum þeirra; svo hann leitaði sér hjálpar hjá illvirkjum nokkrum, sem hann þekti, og borgaði þeim vel til þess að sitja fyrir Hugh og myrða hann. En það fór ekki betur fyrir þeim en honum sjálfum, því Hugh bjóst við hefnd, og var hann því aldrei á ferð vopnlaus eða óvar um sig, svo þegar á hann var ráðist, var hann viðbúinn og særði hann strax einn þeirra og rak hina á flótta; og varð þetta svo dýr tilraun fyrir Frank að hann gat ekki reynt það aftur; því síðan hann giftist hafði hann enn minni peninga en áður.

Hann hefði látið taka Hugh fastan fyrir að hafa ráðist á sig hefði hann ekki

vitað að þá mundi koma í ljós ódrengrskapur sinn gagnvart Alice Blake. Reyndar var honum nærri sama um það, en að meðganga fyrir rétti að sinðurinn hefði húðstrýkt sig, var meir en hann þoldi. Sú játning yrði til þess að félagar hans hæddu hann og spottuðu. Svo hann ásetti sér að komast burt úr þessu plássi, sem honum var orðið svo ógeðfellt, þó hefðinni yrði óframkomið. Hann hataði konu sína, og áleit að hún væri orsök í öllu sínu óláni, og hann hvorki elskaði eða virti föður sinn, og af öllum vinum hans var ekki einn einastí sem honum var vel til. Hann langaði í burt frá New York og það sein fyrst; en hann varð að þurfa peninga, og greip hann því ráð Ruels feginsamlega. Hann hefði fyrir löngu verið búinn að reyna það ef hann hefði ekki verið hræddur um að verða uppvis. Ekki datt honum í hug að halda loford sitt við Jack Ruel, þó honum tækist að ná peningunum. Hann ásetti sér að hafa þá alla sjálfur, og láta Jack sjá fyrir sjálfum sér. Honum þótti ekki meira fyrir að ræna föður sinn en að taka peninga úr einum vasa sínum og láta þá í hinn. Hann vann því dyggilega að því að stæla hönd föður síns þar

til hann þóttist gera það nógu vel, þá dróg hann upp ávísun fyrir tuttugu þúsund dollara, fór með hana á bankann og gekk vel að fá peningana, síðan tók hann sér far með skipi til New Orleans, settist svo niður og skrifaði föðunð sínum eftirfylgjandi bréf:

Kæri faðir:—

Eftir nokkra umhugsun hefi ég komist að þeirri niðurstöðu að New York sé ekki hentugur staður fyrir mig; svo ég hefi ásett mér að ferðast—eins og þú ferðadist einu sinni.—Þú hefir ekki haft mig fyrir trúnaðarmann. Þú hefir sagt mér að þú hafir farið að heiman og ferðast til annara landa, en þú sagðir mér ekki hvers vegna þú gerðir það. En nú ætla ég að vera þér einlægur og segja þér ástæður mínar fyrir því að ég lveð þenna stað.

Það er þá fyrst að ég hata svo konuna mína, að ég væri vís til að drepa hana ef ég væri nálægt henni, og henging mundi litið bæta ættarsögu okkar. Og þá næst hef ég tapað af skemtun minni með Alice Blake. Og svo hefir járnsmiðurinn Hugh Hourton farið skammarlega illa með mig. Þar næst er of oft talað um dauðsfall tengdaföður míns og alt því að lútandi, í

viðurvíst minni, og eykur það mér engrar ánægju. Svo er ég gefinn fyrir að eyða peningum, en hef haft lítið af þeim nú um tíma. Svo gæti ég nefnt ótal aðrar ástæður, en ég læt þetta duga. Og að endingu komst ég að þeirri niðurstöðu að ég gæti ekki ferðast án peninga. Svo ég tók mér það leyfi að minka peningaupphæð mína í bankanum um tuttugu þúsund dollara, sem ég veit að þú sér ekki eftir til mín, einka sonar þíns, sem getur skeð að þú sjáir aldrei framar. Vertu sæll, og í staðin fyrir peningana, sem ég tók til láns hjá þér, skal ég ráðleggja þér heilt, og ef þú fer eftir því getur það orðið þér til góðs: Vertu ráðvandur, þá verður þú ánægður.

Þinn ástríkur son.

Frank Melton.

P. S.—Veist þú að Jack Ruel er laus? Ég var hræddur um að þú vissir það ekki, svo eins og skyldurækinn sonur, læt ég þig vita það, þér að segja okkar á milli, þá held ég að gamli kunningi þinn ætli sér að gera þér eitthvað óþægilegt. Ég sá hann og talaði lengi við hann. Hann stakk upp á því að ég tæki til láns peningana.

Svo átti ég að láta hann hafa helming. Ég óska honum til lukku með allt, sem hann fær að sjá af þeim. Hann talaði um að steypa þér og gera þig alslausann, svo þér er betra að gæta þín“. F. M.

Þetta bréf fékk Frank einum kunningja sínum og bað hann að koma því á póstin þegar Frank væri farinn. Það var gert og kom það til gamla Meltons þegar sonur hans var kominn vel á veg til New Orleans.

XXXI. KAPITULI.

Eldri Melton fær gest.

Eldri Melton hafði blöskrað mjög þegar hann heyrði um þann hræðilega atburð sem kom fyrir í Harcourt-húsinu. Hann var nýlega farinn þaðan þegar það skeði, svo hann hvorki sá eða heyrði það sem fram fór, og gerði fréttin hann bæði hryggan og reiðann. Hann hafði hvorki auðmýkt eða lítillæti í fari sínu. Hann var sjálfelskufullur stórbokki og harðbrjósta. Hann var samt tilfinninganæmur og drambsamur. Honum hafði einu sinni verið mjög ant um að souur sinn og Estella Harcourt yrðu hjón, og reyndi sitt

ytrasta að koma því til leiðar. En svo hafði hann aftur seinna reynt til að sundra því. Hann reyndi með öllu móti að fá Frank til þess að hætta við Estella, en að giftast Alice Blake. Af hvaða ástæðu honum var svo ant um það, var honum einum kunnugt, og var það með óánægju að hann yrði að gera sér gott af því, að Frank hefði sitt áfram. Vonbrigði hans var mikil, þegar hann sá nú að sonur sinn hafði ekki að eins gífst alslausri konu heldur var hún þar að auki dóttir morðingja og svikara. Það var ekki svo að skilja, að honum hefði ekki staðið á sama, hvað mörg morð Harcourt hefði drýgt, ef að þau hefðu ekki orðið uppvis. Hann hafði sýikið dóttur sinni eftir nóga peninga; en honum gramdist að hugsa til þess að þessi eini sonur sinn skyldi vera flæktur í þessu máli, sem alstaðar var rætt um í borginni. Í huganum bólvaði hann þrályndi sonar síns, sem hefði steypt honum í þetta ólán.

En þó Antone Stone væri myrtur stóð honum á sama, og hefði reyndar þótt vænt um fráfall hans undir öðrum kringumstæðum, því honum hafði ætíð verið illa til hans, og þegar hann frétti að Stone væri

Ábyrgðarmaður Jack Ruels óvinnar síns, hataði Melton hann af öllu hjarta. Melton hafði frétt að Ruel væri laus, eins fljótt og það gerðist, og var það honum hið mesta umhugsunar og ótta efni, Hann ásetti sér því að koma öllum fasteignunum í peninga og fara svo fljótt og hann gæti komið því við leynilega úr New York og komast til annara landa, og reyna að fá son sinn og konu hans til að koma þangað með sér.

Melton gamli var nærri því búinn að koma öllu í peninga og kominn vel á veg með undirbúning sinn, þegar hann fékk hið fyrrnefnda bréf. Efni bréfsins kom honum eins óvart og það hefði verið þrumusteinn. Sú eina mannlega tilfinning sem hann hafði nokkur tíma fundið til, var ást til sonar hans og fullvissa um að hann hefði yfirgefið sig svona ódregilega, ætlaði að gera útaf við hann algerlega þetta var hin bitrasta smár. Þetta var fullkomin niðurlæging hans. Tár komu í augu gamla mannsins; hann gat ekki stöðvað þau; hann varð nú að gefa sorginni lausan taum.

Eftir nokkra stund náði hann sér aftur og kom þá óttinn í stað sorgarinnar.

Hann sá sér ekki fært að haldast við lengur. Hann varð að hafa hraðan við.

Melton hafði eftir vanda sezt einsamall að morgunverði í stóru borðstofunni, en eftir að hafa lesið bréfið og hugsað um ástæður sínar, stóð hann upp frá borðum, án þess að hafa bragðað mat og sagði gremjulega;

„Vanpakkláti! Óskyldurækni, samvizkulausi ópökkí! Hann skal ekki fá einn eyri meir af þeim auðæfum, sem ég hef ætlað honum, auð, sem ég hef náð og haldið saman, með því að svæfa allar beztu tilfinningar mínar; ég hef svæft samvizku mína, hans vegna, svo hann mætti lifa og láta eins og honum best líkaði, án þess að bera nokkra umhyggju fyrir lífinu. En nú verð ég að taka til ráða minna og má engum tíma tapa, því það er hætta í hverju horni, og einn klukkutími af aðgerðaleyfi gæti gert út um allt. Ég er búinn að selja fasteignina í peninga og alla þessa húsmuni hef ég fengið peninga fyrir, og nú er að eins eftir að draga út af bankanum, og fá mér far til Evrópu og komast af stað úr þessu andstygðar plássi, sem svo margt ógæðfelt hefir komið fyrir mig í“.

Hann stóð upp og ætlaði að ganga út,

þegar MacGinnes barði á dyrnar og spurði:

„Ertu þarna, herra?“

„Já. Kondu inn“. svaraði Melton.

„Ef þú vilt gera svo vei, herra“, sagði frski þjónninn um leið og hann kom inn, „það er herramaður—nei, ekki herramaður, heldur öðruvísi maður—niðri, sem vill tala við þig“.

„Hvaða maður er það, sem þú átt við?“ spurði Melton stygglega. „Hvernig er útlit hans?“

„Ég held hann sé sjómaður“, svaraði MacGinnes. „Hann hefir sjómanna hatt, sem kallaður er, og treyju eins og apaköttur, en andlit hans er ekki hægt að sjá fyrir hári, sem á því er“.

„Hvað gæti þessi maður geta viljað mér?“ tautaði Melton. Síðan sagði hann: „Farðu og vittu erindi hans“.

„Ég spurði hann að því, herra“, svaraði Írinn, „en hann sagðist ekki segja það neinum nema húsbóndanum sjálfum, og að erindi sitt væri mjög arfðandi. Og að húsbóndinn sæi eftir því, ef hann veitti sér ekki viðtal strax. En svo getur skeð að hann sé einhver falsari, og ef þú vilt, skal ég reka hann burt“.

„Nei, láttu hann koma hingað; það getur ekki gert neitt til þó ég heyri hvað hann hefir að segja“, sagði Melton.

„Jæja, herra“, svaraði McGinnis. „Ég skal vísa honum til þín. Svo verð ég í nánd, ef þú skyldur þurfa mín“.

A næsta augnabliki var gesturinn kom in inn til herramannsins. Þetta var sami sjómaðurinn, sem hafði heimsótt Ruel í fangelsinu og varnaði honum að taka inn eitrið.

„Hvert er erindi þitt við mig“, spurði Melton, þegar hann hafði gætt vel að honum. „Ég þekki þig ekki“,

„Það getur skeð að þú þekkir mig ekki Mr. Melton“, svaraði sjómaðurinn. „En þú hefir þekt mig; við höfum haft viðskifti einu slni áður“.

„Hvað heitir þú?“ var næsta spurning herramannsins,

„Þú færð að vita það í tíma“, var svar ið, „en ég kærri mig ekki um að segja þér það strax“.

„Haltu þá áfram með erindi þitt, hvað það er“, sagði Melton, „því ég hefi áriðandi málefni að sinna, sem má ekki bíða“.

„Þitt málefni er ekki nærri því eins

Ártíðandi og mitt“, svaraði sjómaðurinn rólegur,

„Hvað veizt þú um það?“ spurði Metton reiðulega „Ég er hræddur um að þú sért nokkuð óbilgjarn. Ég hefi látið vísa mönnum á dyr fyrir minni ósvífni en þetta sem þú hefir sýnt“.

„Já, en þú lætur ekki vísa mér á dyr“, svaraði sjómaðurinn rólega. „Það borgar sig ekki fyrir þig. Á égað segja þér hvaða ártíðandi málefni þú varst að hugsa um þegar ég kom hingað. Þú varst að hugsa um að komast í burt héðan eins fljótt og þú gætir, og fara með alla þá peninga, sem þú gætir náð í. Er þetta ekki satt?“

Mr. Melton fölnaði af reiði og grunsemd. Hann gat ekki efast um að gestur sinn hefði komist að ætlun sinni. En hann gat ekki skilið í hvernig hann hafði gert það, því hann hafði ekki sagt nokkrum manni frá því. Svo hann afréð að sýna enga hræðslu. Hann stóð upp af stólnum og sagði um leið og hann gekk að hurðinni:

„Þú skalt sjá að ég þori að láta vísa þér á dyr, og nema að þú sért sterkari en stóri frski þjónninn minn, mun þér ekki duga að veiða mótspyrnu“.

„Hvaða vitleysa“, sagði ókunnni maðurinn eins rólega og áðu. Ér er ekki til neins að reyna að hræða mig. Það dugur ekki; þú veist að það er ekki til neins fyrir þig að láta reka mig út. Samvizku þín segir þér að ég er kunnugur æfiferli þínum og óttinn hvíslar að þér aðbetra sé að hafa mig ekki á móti þér, því það gæti skeð að þú yrðir að hafa skifti á verustað þínum í þessu ríkmannlega húsi fyrir verustað í fangelsi. Svo þér er bezt að hætta öllu gabbi og setjast niður eins og sannsýnn maður og hlusta á litla sögu, sem ég ætla að segja þér. Það er dálagleg skáldsaga, get ég sagt þér, það er að segja, það væri skáldsaga, ef hún væri ekki sönn. Ég veit að hún verður mjög skemtileg fyrir þig. Settu þig nú niður og biðu þig undir að hlusta á mig, nema þú viljir heldur láta reka mig út og heyra svo þessa sögu sagða á öðrum stað, og undir öðrum kringumstæðum“.

„Haltu áfram“, sagði Melton daufllega, og titruðu varir hans og hjarta hans sló ótt og títt. „Haltu áfram. Ég skal hlusta á þvætting þinn, þó að það sé að eins til að hlæja að því“. Síðan settist hann nálægt gesti sínum, krosslagði fæturna og hallaði

sér aftur á bak í stólnum og reyndi að sýnast kæruleysislegur.

„Þér mun finnast það hlægilegt“, sagði gesturinn. „ég efast ekki um það. Og svo ég sé viss um að við verðum ekki ónáðaðir ætla ég að biðja þig að læsa dyrunum áður en ég byrja“.

Melton gerði sem hann var beðinn og settist svo aftur niður.

Nú skal ég byrja“, sagði gesturinn.

„Fyrir svo sem títu árum síðan átti heima í Philadelphia kaupmaður að nafni George Blake. Hann var af góðum ættum og flugríkur og virtur af öllum sem þektu hann. Kaupmaður þessi hafði marga skrifara og á meðal þeirra voru tveir, sem ég vil nefna, því þeir koma mik íð við þessa sögu. Annar hét Leonard Graff, en hinn John Rowland. Sá fyrri nefndi var slægvitur refur og svo mikill hræsnari, að húsbónda hans grunaði eingin svik; hinn var samvizkulaus líka, en ekki eins kænn og skarpur. Hann var einn af þeim mönnum, sem er ágætt verkfæri í höndum annara. Graff hafði hann líka fyrir verkfæri.

Graff var giftur. Kona hans var auðmjúk og undirgefin. Þau áttu eitt barn,

Það var drengur 14 ára gamall þegar saga þessi gerðist. Rowland var ókvæntur og átti engin skyldmenni, svo hann vissi. Hann var enskur að ætt.

Graff fór gætilega að öllu. Hann gerði verk sitt dyggilega og lét sem sér væri ant um velferð húsbónda síns. Hann var svo ráðvundur og samvizkusamur, að Mr. Blake gerði hann að trúnaðarmanni sínum og ráðfærði sig við hann. Sagði honum öll leyndarmál viðvíkjandi verzlun sinni.

En svo kom það fyrir að Mr. Blake þurfti að fara langferð í verzlunarerindum. Hann bjóst við að verða í burtu nokkra mánuði og bar hann svo mikið traust til trúnaðarmanns síns, að hann gaf honum fult vald til að ráða yfir verzlun sinni á meðan. Svó lagði Mr. Blake af stað og fór með konu sína og dóttur með sér, ánægður yfir að hafa svo vandaðan og duglegan mann til að stjórna öllu fyrir sig.

Varla var kaupmaðurinn komin út úr borginni þegar Graff gerði Rowland að trúnaðarmanni sínum. Fóru þeir nú að bera ráð sín saman, hvernig þeir ættu að ná í auð húsbóndans. Þeir fóru að öllu gætilega, en smá náðu undir sig því sem útistandandi var, svo að þegar þeir voru

bánir að undirbúa alt, seldu þeir verzlunina í umbodi húsbóndans, settu alt sem þeir gátu í peninga og struku svo til Evrópu. Þeir tóku líka með sér árfðandi skjöl sem voru mikils virði, og alla samninga viðvskjandi sölunni & verzluninni“.

Við þessa sögu hafði Melton ýmist fölnað eða roðnað, og átti mjög bág með að sitja kyr í stólnum; og hvernig sem hann reyndi gat hann ekki dulið kvíðann, sem hann fann til, og þegar hann reyndi að tala rólega, titraði rödd hans.

„Og hvað kemur mér þetta við?“ sagði hann þurlega.

„Ekkert“, svaraði gesturinn stillilega, „nema það er skriftin tilviljun, að Leonard Graff, þegar hann kom til Evrópu, breytti nafni sínu og kallaðist Leonard Melton og félagi hans kallaðist þar John Ruel, eða var bezt þektur, sem Jack Ruel“.

„Ég býzt við að þessi sami Jack Ruel hafi spúð þessari lygasögu í þig“, sagði Melton fyrirlitlega. „Enn ég er hræddur um að hann verði lélegt vitni fyrir rétti“.

„Það vill svo vel til að þér skjátlást þar“, svaraði gesturinn. „Ég hefi önnur vitni; þau eru að sönnu mállaus. en þó mjög skýr. Sjáðu, hér eru þau!“ sagði hann,

og tók úr vasa sínum skjalaböggul og sýnd herramanninum.

Eitt augnablik sat Melton eins og steini lostinn og starði á skjölin; alt í einu stökk hann á fætur og réðist á gestinn og sætlaði að hripsa skjölin af honum, en hann hafði ekki gizkað rétt á krafta og snarræði sjómannsins, því áður en hann vissi af var gripið um kverkar hans og hann keyrður niður á stólinn. Síðan sagði gesturinn stillilega:

„Sittu kyr, Mr. Leonard Graff, ef þú vilt ekki hljóta ilt af. Þú er sterkur maður; ég get sagt svo mikið, en þú þarft margfalt meiri krafta til þess að ná þessum skjölum af mér. Það hefir kostað mig of mikið að ná þeim til þess að ég láti taka þau af mér aftur, án þess að veita mótstöðu. Það yrði eins auðvelt að ná þeim og það yrði að plokka hjartað úr mér!“

Melton horfði angistarfullum augum á gest sinn. Honum leizt ekki á þann harðlega og fastráðna svip. Hann sá líka að sér væri ekki til neins að ráðast á hann aftur, og gugnaði hugur hans við það. Hann byrgði andlit sitt með höndunum og sagði:

“Hvada borgun viltu fá fyrir þessi

skjöl, þú undra maður eða djöfull, hvort heldur sem þú ert; nefndu upphæðina, og skal ég glaður borga það, ó það jlán að þau skyldu komast í þínar hendur? Ég hélt þau væru eyðilögð á árbotninum. Settu upp verðið fyrir þau, segi ég þér, auðvitað vantar þig peninga”.

“Ég hef sett verð á þau, en það er ekki komið að því enn þá, ég verð að klára sögu mína. Þegar kaupmanninum var gert aðvart flýlti hann sér heim, en það var ofseint, enginn vissi fyrir vfst hvert þeir höfðu farið, hann fékk leynilögregluþjóna sér til hjálpar en þeir gátu ekkert; síðan frétti hann að þeir hefðu farið til Frakklands, og lagði hann þá á stað með konu sína og dóttir í þeirri von að hafa upp á þeim, og ná nokkru af auð sínum aftur. En leit hans varð árangurslaus. Hann ferðaðist land úr landi í nokkur ár, þar til þeir litlu peningar sem hann átti voru þrotnir, þá varð hann að hætta leitinni, og svo bættist þar á ofan að kona hans veiktist og dó, síðan fór hann heim aftur sorgmæddur og eyðilagður. Hann byrjaði aftur á líttilli verzlun, en hafði lítinn ágóða og nú er hann nýlega dáinn og gat ekki skilið dóttur sinni eftir neitt nema eitt lítið hús sem hann bjó í þegar hann dó.

En Graff og Rowland, sem orsökuðu alt þetta, ferðuðust í Nokkur ár um Evrópu og skemtu sér saman, þar til þeir urðu ósáttir. Náði þá Graff öllum peningunum og strauk með þá í burtu, en Rowland var svo kænn að hann hafði skjöl-in, sem gátu sannað glæp þeirra. Rowland var kyr í Evrópu nokkur ár eftir að félagi hans strauk, en þegar peningar hans fóru að minka lagði hann á stað til Ameríku, og þegar hann lenti hér sá hann í ferjuhúsinu dóttir mannsins sem hann hafði hjálpað til að ræna. Hann veitti henni eftirför til þess að vita hvar hún ætti heima. Að því búnu lagði hann af stað til þess að leita uppi gamla glæpbróðir sinn. honum vildi svo vel til að hann sá Graff út á götu, hann veitti honum eftirför einnig, og sá hann ganga inn í skrautlegt hús; svo spurði hann sig fyrir þar í nágrenninu, og frétti að Graff væri stórríkur og lifði sem herramaður. Hann flýtti sér strax á fund hans og með því að hræða Graff komst hann í húsið og hafði alla þá peninga sem hann þurfti.

Síðan braust þjófur inn í húsið eina nótt og á meðal annars sem hann roendi voru skjölin sem Rowland hafði lumað á

og haldið hræddum með. Síðan komust þessi skjöl í hendur leynilögregluþjóns; svo var hann barinu í rot og kastað í ána. Og nú eru skjölin í mñnum höndum”.

“En hvernig fanst þú líkið?” spurði Melton, alveg hissa. Það var tvisvar búið að botnslæða eftir því og það fanst ekki”.

“Það stóð ekki til að líkið findist, því þar var ekkert lík, lögregluþóinninn var ekki dauður. Hann var ekki fyr kominn í ána en hann var gripinn af mönnum sem þar voru í bát. Þeir menn tilheyrðu stött þeirra manna sem kallast “shanghaiers”, þeir stela druknum sjómönnum og ráða þá á skip sem eru reiðubúin að sigla, og taka sjálfir við kaupinu. Þegar þeir urðu þess varir að þessi maður, sem kom þannig í hendur þeirra, var ekki dauður, en bara í roti, fóru þeir með hann ásamt tveimur öðrum, sem þeir höfðu náð og voru með í bátnum, og réðu þá á skip sem var ferðbúið til New Orleans, og úr þeirri ferð er hann enn ókominn”.

“Og hver ert þú?” spurði Melton bistor. “Því hefir hann fengið þér, sléttum sjómanni, þessi árfðandi skjöl í hendur”.

“Ég er”, sagði sjómaðurinn, og stóð

upp og tók af sér hárið og augabrýrnar.—
 “Eg er Israel Sharp leynilögregluþjónn”.

Mr. Melton stóð stundarkorn yfirkominn af undrun, síðan sagði hann í ofboði:

“Hvað vildu fá fyrir skjölin, þú sagðist hafa sett verð á þau?”

“Já, ég hef gert það”, svaraði Sharp, góðlátlega. “Ég er nýkomiun frá stólkunni, sem á með réttu allan auðinn, sem þú hefir undir höndum; og hún hefir gefið mér fullmakt til að gera þér tilboð; og það er að þú gerir skriflega reikniuga yfir allar eignirnar, og jafnframt yfir allar skuldir, og að þeim frádregnum, skalt þú hafa 5 per cent af því sem eftir er, en afganginn færð þú í hendur Alice Blake. Þetta getur gerst án þess lögin þurfi að skifta neitt af því, og verður þannig komist í veg fyrir öll óþægilegheit. Þú getur svo farið héðan frjáls maður, ef þér sýnist, eða verið hér kyr, hvort sem þér þykir betra”.

“Tilboð þitt er afleitt!” sagði Melton örvæntingarfullur. “Það verða ekki nema eitt hundrað þúsund dollarar eftir þegar skuldir eru borgaðar. Og 5 per cent af því gerir að eins fimm þúsund dollara—lítið betra en ekki neitt”.

„En þú gleymir hvað lengi þú hefir haft allau ágóða af peningum stúlkunnar í mörg ár, og þú hefir lifað sem harramaður, á meðan húu hefir lifað í fátækt. Þú getur gert sem þér best líkar. Stúlkan vill vera þér miskunsöm. Hún vill ekki lög-sækja þig, ef hún kemst hjá því. Fjárhaldsmaður hennar, Hugh Hourton að nafni, er henni ekki samdóma. Hann vill helst láta setja þig í fangelsi, og satt að segja var ég honum samdóma í því. En Miss Blake bað mig að finna þig og gera þessa samninga, svo ekki yrði neinn ófriður. Ég lofaði henni því, en ef þú vilt heldur mæta fyrir rétti, hefi ég hér ekki meira að gera. Ég verð nú að flýta mér á stað“.

„Bíddu, bíddu!“ sagði þorparinn andræðalega. „Ég má ekki neita boðinu. En getur þú ekki verið dálftið örlátari? Getur þú ekki látið það vera tíu í staðinn fyrir fimm per cent?“

„Þú hefir heyrt þá einu skilmála, sem ég hefi leyfi til að gera við þig“, svaraði lögregluþjónninn. „Þú mættir eins vel búast við að sjá sólina koma upp í vestri á morgun, eins og að búast við að þessu verði breytt, þú getur fengið fimm per cent og verið frjáls maður, eða komið fyrir

rétt og orðið faugelslimur. Ég hefi engan tíma til að standa yfir þér lengur. Þú verður að gefa mér svar þitt strax“.

„Ég verð að taka boði þínu“, sagði Melton óánægjulega, „Ég sé engin önnur ráð“.

„Þú hefir afráðið viturlega í þetta sinn“, sagði Sharpe. Síðan gekk hann að dyrunum, opnaði þær og kallaði:

„Jack Ketchum! Kondu hingað“,

„Já, já“, var svarað og annar lögregluþjónn kom inn.

„Jack“, sagði Sharpe: „þú getur verið hér Mr. Melton til skemtunar þar til ég kem aftur. Hann þarf ekkert út úr húsinu á meðan; það gæti skeð að hanu findist ekki þegar ég þarf á honum að halda. Ég ætla að sækja lögmenn til þess að hjálpa honum að gera upp reikningana; það þarf ekki langan tíma til að gera það, þegar við erum byrjaðir á því“.

Síðan lagði Sharpe á stað og skildi við Melton hugsjúkan út af endalokum sfn um í þessu máli.

XXXII. KAPITULI.

*Lögregluþjónninn vill að Hugh
giftist Alice Blake.*

Nokkrum dögum eftir þetta sat Hugh Hourton að kveldi dags í herbergi sínu og var að æfa sig í tölvisi. Það var vani hans að eyða frístundum sínum þannig. Hann hafði í uppvestinum ekki notið skóla, en af því að hann hafði mikla löngun til að læra, gat hann með elju og ástundun orðið vel mentaður, án þess að fá sér kennara. Hann varði miklu af kaupum sínum í gagnlegar og fróðlegar bækur, og átti hann fallégtan bókahlaða áður en lærdómsár hans við járnsmíðar voru á enda. Hver sem hefði litið inn í herbergi hans, án þess að vita hver í því bjó, hefði haldið að það tilheyrði embættismanni, en ekki járnsmið.

Hugh andvarpaði þungt, því það var þungur og vandasamur reikningur, sem hann var að þreyta við.

„Mér gengur seint“, sagði hann við sjálfan sig, „en ég má ekki hætta fyrr en ég hefi fengið það rétt, þó að ég þurfi að vaka við það í alla nótt“. Hann ætlaði nú að byrja upp á nýtt, þegar barið var á dyrnar og honum sagt að Mr. Israel

Sharpe væri í stofunni og vildi tala við hann.

„Hann er eini maðurinn, sem ég gæti yfirgefið lærdóm minn fyrir“, sagði hann við sjálfan sig og glaðnaði yfir honum. Síðan bað hann þjónustukonuna að segja Mr. Sharpe að koma upp í herbergi sitt.

Það leið ekki á löngu áður en Sharpe gekk inn til hans. Þeir heilsuðust með handabandi, og skein ánægjan úr augum þeirra beggja og mátti vel sjá hvað einlægir vinir þeir voru.

„Ég sé að þú heldur þér við bækur þínar, Hugh“, sagði lögregluþjónninn.

„Já, vinur!“ svaraði ungmennið. „Það er mér mesta ánægja að afla mér þekkingar. Mér gengi betur ef ég hefði efni á að fá mér kennara. En ég býzt við að það komi alt í sama stað niður, að hundrað árum hér frá“,

„Ég vona að þú verðir einhverntíma efnaðri eu þú ert nú“, sagði lögregluþjónninn og settist niður.

„Ég vona það líka“, sagði Hugh, „þó það sé varla líklegt að ég verði mjög ríkur af smíðskaupi mínu“.

„En við skulum ekki tala um það í þetta sinn. Segðu mér heldur því að þú

hefir verið svona lengi í burtu? Ég hef ekki séð þig nema einu sinni síðan að þú komst aftur eins og einn sem risinn væri upp frá dauðum. Það var líka kraftaverk, að þú skyldir geta umflúið dauðann. Það hefir verið hin alvalda forsjón, sem hefir hlýft þér, til þess að þú gætir framkvæmt öll þín góðverk“.

„Ég trúi því að forsjónin hafi haft hönd í bagga með mér“, svaraði Sharpe, „en við skulum ekki tala um það núna. Ég kom til þess að tala um alt annað. Fyrst ætla ég að svara spurningu þinni. Ég hef ekki getað heimsótt þig, af því ég var svo vant við látiun að binda enda á viðskifti Miss Blake og Mr. Meltons. Og býst ég við að þú álttir það nógu góða ástæðu“.

„Það var engin ástæða betri“, svaraði Hugh ánægjulega. „Er það nú alvæg bú-
ið“.

„Það er alt búíð, og vel búíð“, svaraði lögregluþjónninn. „Miss Blake er búin að taka við öllu að undanteknum fimm per cent. Hún hefir tekið við níutíu og fimm þúsundum, en hann fer með fimm þúsund. Henni voru fengin öll áriðanni skjöl löglega útbúin. Síðan tók ég þau skjöl, sem hefðu orðið til þess að sanna sekt hans, ef

hann hefði ekki viljað vera sanngjarn, og brendi þau, svo hann sá, og spurði hann hvort hann væri nú ánægður. „Ég er það“ svaraði hann og gekk svo bratt með niðurbeygt höfuð. Ég gat ekki annað en hálfkent í brjósti um hann“.

„Honum var sýnd meiri miskunn en hann átti skilið“, sagði Hugh. „Samt býzt ég við að það hafi farið bezt eins og það fór, að gera engan málarekstur út af því fyrst hægt var að hafa það öðruvísi, Alice hefir breytt réttilega“.

„Ég held það líka“, svaraði Sharpe, „en samt var Melton, eða réttara sagt Graff fyrirtaks þorpari. Ég skildi eftir einn félagsbróður minn, hjá honum á meðan ég sótti lögmanninn til að gera upp reikningana, og bauð hann honum fimmtíu þúsund dollara, ef hann vildi opna fyrir sig dyrnar svo hann gæti strokið. Það hefðu ekki allir neitað því boði. En ég þekti manninn vel og vissi að mér var óhætt að skilja hann eftir; annars hefði ég ekki gert það“.

„Heldur þú að Melton verði í borginni?“ spurði Hugh.

„Engin hætt á því“, svaraði Sharpe. „Hann er of mikill stórbokki til þess. Hann fer eitthvað þangað, sem hann er ó-“

þektur, og reynir með einhverjum brögðum að græða meiri auð á þessum fimm þúsundum. En svo skulum við ekki hugsa um hann framar. Svo er nú þessi ríka Miss Blake. Hún þarf að hafa einhvern til að sjá um eignir stnar“.

„Ég hélt að lögmaðurinn mundi gera það“ sagði Hugh.

„Ertu það flón að halda að ég hafi ekki séð um að peningum hennar væri komið í það horf, sem gagnlegast væri og henni arðmest. Þú skilur mig ekki, drengur minn. Eignir hennar eru í góðu lagi nú, en ég horfi fram á veginn. Lögmenn duga ekki að öllu leyti. Ég skal segja þér hvað ég ált. Stúlkan ætti að giftast góðum, hugrökkum og samvizkusömum manni, er elskaði hana og hugsaði um velferð hennar og gæti séð um eignir hennar, til dæmis annan eins mann og þig“.

Hugh Hourton hrökk við og kafroðnaði, en svo smáfólnaði hann og var orðinn náfölnur þegar hann sagði í óstyrkum móm.

„Mr. Sharpe. Það gæti aldrei orðið. Það er satt að ég gerði mér þær vonir einu sinni, þó að mér findist að ég aldrei væri henni samboðinn, og það á meðan hún var verkastúlka. En nú, þar sem hún er orð-

in svona rík, er komið svo mikið djúp á milli okkar, sem aldrei verður yfirstigið; aldrei, aldrei!“

Og þessi ungi, sterki og kjarkmikli maður byrgði andlitið með höndunum og grét eins og barn.

„Gerðu ekki þetta, Hugh“, sagði vinur hans, sem fann mikið til þess að sjá hann í þessu ástandi. „Ég segi þér alveg satt, það rætist fram úr þessu. Þú verður eiginmaður Alice Blake, eða Izzy Sharpe er ekki með öllu viti, og ditti verstu óvinum hans ekki í hug að segja það“.

„Þú ert góðgjarn, viuur minn“, sagði Hugh og reyndi að brosa, en þú talar um það sem getur ekki orðið. Líttu nú bara á mismuninn á okkur. Hún er af góðum ættum og auk þess stórrík, en ég er bara flækingur, fæddur af óupplýstum, lágt standsndi foreldrum. Eins og ég sagði áðan, hefir mér aldrei getað fundist að ég vera jafningi hennar í mannröðinni og hefir auðurinn sett hana svo langt fyrir ofan mig, að hún er mér eins fjarlæg og stjörnu-urnar, sem ég get að eins horft á, en get ekki náð“.

“Bull og vitleysa!” sagði lögregluþjónninn óstillilega; “segðu mér eitt,

Hugh Hourton, hefir þú skapað þig sjálfur?"

Stöðan beið hann eftir að Hugh svaraði, en þegar hann gerði það ekki, hélt Sharp áfram og sagði: "Ef við gætum ráðið ættum og foreldrum okkar, þá væru allir konungar og keisarar og alt þess háttar, en fyrst við höfum ekkert um það að segja, og því er ráðið af æðri veru, sem veit hvað er manni fyrir beztu, há ættum við að vera áncægðir með hvaða stöðu sem okkur hlotnast í lífinu. Við erum öll gerð úr sama efni, að minsta kosti skrokkarnir, og það sem gerir góðan mann er upplagið—hugsunarhátturinn. Alice Blake er fögur, mentuð og í alla staði væn stúlka, samt er hún ekkert betri en þú. Og peningar ættu ekki að gera neinn mismun. Ef þú hefðir gifst henni þegar hún var fátæk, og svo hefði hún fengið þennan auð, hefðir þú þá skilið við hana fyrir það? auðvitað ekki. Þú ættir að vera alveg eins reiðubúinn að giftast henni nú, eins og á meðan hún var vinnustúlka. Það er bara skömm að því að ungur maður eins og þú skulir gera svo lítið úr sjálfum þér. Ég man eftir þér síðan þú varst lítill drengur, og máttir til að ganga um göturnar og biðja

Ólmustu fyrir gamlan drykkjussvola, sem kallaðist faðir þinn, þú varst góður drengur þá, og þú ert góður drengur nú; og þú hefir altaf verið góður drengur; og þú ert samboðinn hvaða stálku sem væri í landinu, þem allir eru jafnir, það er ómögulegt að segja hvað maðurinn getur orðið áður en hann deyr. Sá sem er flækingur í dag getur verið orðinn forseti Bandaríkjanna að 50 árum hér frá, og svona gengur það. Auðurinn og tignin koma þegar minst varir. Þú mátt til að giftast Alice Blake, það er að segja ef hún vill þig, og ég held að hún vilji þig, því okkar á milli held ég að henni hafi ekki þótt neitt væntum þennan fyrirlitlega þorpara, sem ætlaði að eyðileggja hana. Hún hefir haldið það í svipinn. Hún var svo ung og óreynd og hefir gengist fyrir fagurgala og mikilmensku hans, hann hefir líka kunnað að sýnast fyrir henni. Ég er viss um að hún hefir mestu óbeit á honum nú. og þakkar guði á hverju kvöldi fyrir að hafa frelsast frá honum, og þeim hræðilegu forlögum sem biðu hennar”.

“Mér þykir vænt um að þú skulir hafa svona gott álit á mér, það er æfinlega gott að vita af því að þeim sem manni er vel

við álfti mann góðan. En hvernig sem talað er um fyrir mér get ég ekki annað en verið leiður þegar ég hugsa til fyrri ára minna. Bletturinn loðir við mig og verður ekki afmáður. Þú ert ágætur mannþekkjari, og sú niðurstaða sem þú hefir komist að viðvíkjandi Miss Blake eru allveg réttar. Hún hatar minningu þess manns sem gerði henni svo rangt til; það hefir Margrét fóstura hennar sagt mér. En þó Frank Melton hefði ekki komið á milli okkar, og ég hefði fulla ástæðu til þess að halda að hún elskaði mig, þá gæti ég ekki beðið hana að giftast mér af því að hún er nú rík. Þú kallar þetta galið og óráðlegt. Það getur skeð að þú sèrt réttur, en ég get ekki að mínu upplagi gert. Svo er það ekki líklegt að ég þurfi á því að halda að brjóta á móti því; svo við ættum ekki að eyða tíma til að tala um það.

“Jæja þá”, sagði Shorp, hálf reiðuglega, “þá skal ég vita hvort ég get ekki fundið einhvern annan sem vill giftast henni, vittu til”.

“Sú leit verður ekki örðug”, svaraði Hugh, “Mér þætti gaman að sjá þann mann sem vildi ekki giftast Alice Blake. Það væri skríttinn maður”.

Kallar þú sjálfan þig ekki mann?" spurði lögregluþjónninn, með mikilli undrun

"Auðvitað er ég maður", sagði Hugh, "en ég átti við hennar jafningja".

"Það er ómögulegt að sansa þig núna", sagði Sharp, "skap mitt er farið að stirna, þú ert fullboðinn hvaða stúlku sem er, rík eða ekki. En það er ekki til neins fyrir mig að segja meir við þig núna, þú ert svoddan þrákálfur, ég yrði bara reiður, svo ætla ég að lofa þér að vera í friði, en ég segi þér satt, þú skalt giftast Alice Blake, ef hún vill þig, hvort sem þér líkar það eða ekki, mundu það".

Síðan fór Israel Sharp út frá Hugh og skelti hurðinni reiðuglega.

Lögregluþjónninn gekk nú á stað til herbergja sinna og tautaði óánægjulega við sjálfan sig, þegar alt í einu ferð hans var stöðvuð af hálfvitanum Rat, sem hafði víst beðið hans, því hann náði í handlegg hans og sagði:

„Þú varst lengi þarna inni, Mr. Sarpe. Ég var farinn að hugsa að þú vrðir þar í alla nótt. Mér var farið að leiðast og Nip líka“.

„En hvernig vissir þú að ég var þarna

inni?“ sagði Sharpe og klappaði á kollinu á drengnum.

„Ég sá þig fara inn“, svaraði drengurinn, „og ég hefði beðið eftir því að þú kæmir út. Ég vil að þú komir með mér“.

„Og hvert á ég að fara með þér?“ spurði Sharpe alveg hissa.

„Húsmóðirin vill finna þig“, sagði drengurinn. „Hún segir að þú sèrt vinur Hugh Hourtons, og því þarf hún að tala við þig—tala við þig áður en hún deyir“.

„Er hún veik?“ spurði Sharpe, sem fann strax til hluttekningar sinnar þegar hann heyrði nafn Hughs.

„Ég býst við því“, sagði Rat. „Ég veit ekki hvað veikur þýðir. En hún er í rúminu og talar um að deyja. Ég hef aldrei verið veikur og ekki Nip heldur, og við tölum aldrei um að deyja. Mig hefir samt oft langað upp með vindinum þangað sem ég heyrir oft raddir koma til mín. En kondu strax. Húsmóðurin sagði mér að vera fljótum og ég vil gera það sem hún segir mér, því hún er svo góð við mig og Nip. Við skulum nú flýta okkur. Flýttu þér! Ég sé eftir að hafa ekki hringt dyra-

bjöllunni og náð þér strax og þú varst komin inn“.

Drængurinn hélt í handlegg Sharpes og hröðuðu þeir nú ferðinni.

XXXIII.

Endalok þorparanna.

Veður var gott og fagurt tunglsljós, þegar gufubátur hlaðinn af mönnum og farangri var á leiðinni upp að Mississippí-ánni. Annað gufuskip var að eins fáar mílur á eftir. Það var keppinautur þess og var óðufn að nálgast, svo kyndaranum hafði verið skipað að kynda duglega og hafa upp allan þann gufukraft sem hægt væri.

„Vertu óhræddur að kynda“, sagði skipstjórinn, þegar hann sá hitt skipið nálgast. „Dan., kyntu duglega. Skipið er nýtt og ætti að þola nokkuð“.

„Ég held að ég sé búinn að setja á allan þann kraft, sem hættulaust er“, var svarið.

„Til fjandans með alla hættu!“ sagði skipstjórinn. „Hugsaðu ekkert um það. Ég veit það þó þú meira, og ef það þó þú ekki, þá má það fara. Það væri betra“.

en láta Sam. Grayson komast fram hjá okkur á staum skipsræfli! Kyntu. Ég hef ábyrgðina.

„Jæja, herra“, sagði vélarstjórinn. „Það skal gert sem þú skipar, því mér stendur á sama. Ég á hvorki konu né börn til þess að gráta mig. Og það er enginn lifandi manneskja til sem er ekki sama hvað um mig verður. Svo er ég búinn að skemta mér vel með stöasta mánaðar kaupinu, og maður hefir ekkert að gera í heiminum, ef hann er peningalaus. Svo við skulum láta skipið fljúga“. Skipstjóri sagði svo kyndaranum að láta nokkur feit svfnslæri í eldinn.

Skipið öslaði áfram. Það brakaði og brast í hverju tré eftir því sem gufan varð meiri. En vélarstjórinn horfði með djöfullegu brosi á gufumælirinn. Farþegar vissu ekkert um að það væri kappsigling, og voru flestir háttaðir, án þess að hafa nokkurn grun um að hætta væri á ferðum.

En í stórsal skipsins sátu margir menn, sem voru að spila um peninga, og vissu þeir ekki um neitt sem gerðist kringum þá. Voru þeir flestir æfðir spilamenn, sem ferðast höfðu á skipum og eimlestum til að féfletta þá sem fúsir voru að spila við

þá og vöruðust ekki brögð þeirra. Á meðal þessara manna sátu sátu tveir, sem lesarinn hefir dálftil kynni af. Þessir meun voru þeir Mr. Melton og Frank sonur hans, Þeir höfðu báðir setið við sama borðið nokkra klukkutíma, án þess að þekkja hvor annan. Það var heldur ekki að furða, því þeir voru báðir í dularklæðum og höfðu ekki heldur spilað saman.

Þeir voru báðir að tapa óðum, því þeir voru ekki eins æðir og brögðóttir, eins og hinir spilamennirnir. Það leið heldur ekki á löngu þar til að Frank stóð upp frá borðinu þeningalaus. Hann var í illu skapi út af tapi sínu.

Það hafði maður staðið á bak við stól eldra Meltons og gætt vandlega að spilamenskunni, og beiðði hann sig nú ofan að Melton og hvíslaði í eyra hans:

„Lan Graff! á að gizka eftir stærðinni á peninga hrúgu þinni muntu ekki eiga eftir nema eitt þúsund dollara, og ef þú vilt hafa tíu þúsund npp úr þessu eina, þá kondu með mér og skal ég segja þér hvernig það getur gerst. Eg hefi ekki gleymt mínum gömlu brögðum. Þú veizt að ég var ágætur í þeim á fyrri dögum“.

Melton hrökk við þegar hann heyrði

málróminn, og þegar hann leit upp, þekti hann manninn strax.

„Jack Ruel!“ sagði hann og stóð upp „Mér datt ekki í hug að sjá þig hér“.

„Mér datt heldur ekki í hug að sjá þig“, svaraði Ruel, því þetta var hann, „en ég er hér, og komdu nú með mér upp á þilfar, og þar skal ég segja þér hver mín uppástunga er. Við getum báðir haft gott af því“. Þeir gengu svo báðir upp á þilfar og tók Ruel þá aftur til máls:

„Len. Graff, eða Melton, hvort sem þér líkar. Fyrir mörgum árum ferðuðums við saman. Ég ætla ekki að telja upp allt sem hefir komið fyrir síðan. Það er nóg að segja, að þú sveikst mig og ég hefndi mín aftur. Ég býst ekki við að við höfum haft eða munum hafa mikla ást hvor til annars, en óvinir geta oft unnið saman, ef það er báðum í hag. Ég hefi tapað hverju centi, sem ég lagði á stað með frá New York; ekki samt með spilamensku; ég er of vel að mér í þeirri list. Það var brotist í kistu mína í veitingahúsi því sem ég hélt til í á meðan ég dvaldi í New Orleans. Þú átt þúsund dollara eftir, og ef þú færð mér þá, skal ég fara að spilaborðinu og margfalda þá, ef mér tekst það ekki, máttu

skjóta mig. En ef ég græði, þá skulum við fara afsíðis á eftir og skifta jafnt. Og svo skulum við ferðast saman ef þér líkar, eða fara sinn í hvora áttina; þú mátt ráða því, að minsta kosti höfum við þá eitthvað til þess að byrja með aftur; hvað segir þú um þetta?"

„Ég tek þessu“, sagði gamli maðurinn ánægjulega. Stórmenska hans var nú öll farin, hugur hans var allur við að ná í peninga. „Ég tek þessu boði, Jack Rowland. Við skulum grafa það liðna og vera vinir. Ó, að við gætum náð í peninga! Það er svo hræðilegt að vera fátækur. Það eyðileggur mig!“

„Það er hræðilegt“, svaraði Ruel. „Með peningum getur maður gert allt, án þeirra ekkert. Ef ég hefi peninga, hefi ég mikið aðdráttarafli og ég sé ekki neina fyrirstöðu fyrir okkur að verða ríka aftur, ef við bara höldum okkur við hvern annan. Ég hefi það leyndarmál, sem þessir spílamenn vita ekki um, sem hjálpar mér til að hafa af þeim alla peningana og annara þeirra líkum, sem við kunnum að mæta. Það væri samt betra að geta varið sig, ef þú skyldi gruna bragð mitt, og þeir réðust á mig. Ég þori á móti þeim, ef ég ehfi

hjálp og ég þekki hngrekki þitt. Hefir þú vopn?"

„Ég hef tvær skammbyssur, báðar hlaðnar og áreiðanlegt hvert skot“, var svarið.

„Við skulum þá flýta okkur, því tíminn líður“, sagði Ruel. En rétt í því að þeir ætluðu ofan aftur, kom maður út úr dimmu skoti fyrir afan þá og sagði:

„Fyrst það er siður að nýja upp kunningssskap, þá mætti ykkur standa á sama þó einn bættist við. Ég er fús á að fá fyrirgefningu og vera tekin í félagið. Ég hef tvær góðar skammbyssur“.

„Nú er ég alveg hissa“, sagði Ruel. „Hér er þá kominn Frank Melton“. Nú skein tunglsljósið á þá. „Ég sá hann aðan við borðið, en þekti hann ekki í þessum búningi hans, þó ég þekti föður hans. Frank, þú ert einmitt pilturinn, sem okkur kemur vei að sé með“.

„Auðvitað“, svaraði þessi ungi maður. „Ég var rétt að hugsa um að fleygja mér í ána. En ef nokkur peninga von er, þá kæri ég mig ekki um að verða fæða fiskanna svo bráðlega“.

„Ó, Frank!“ sagði gamli maðurinn

sorglega. „Eivernig gæztu verið svo samvizkulaus að yfirgefa mig?“

„Til hvers var mér að vera lengur í borginni. Ég vissi að þú mundir tapa peningunum, og ég gat ekki orðið hvorugum okkar til gagns, þó ég væri kyr. Og svo varð ég að losast við konuna“.

„Ó, Frank! Ef þú hefur farið eftir mínum ráðum og gífst Alice Blake, þá hefur þú átt bæði ríka og fallega konu“, sagði gamli Melton og andvarpaði þungt.

„Hvað ert þú að segja, faðir minn?“ spurði Frank bístur. „Hvað áttu við?“

„Ég á við það að allur auðurinn, sem ég hafði, fór til hennar. Hún átti það allt með réttu, en ég ekki“, sagði gamli maðurinn.

„En því gæzt þú ekki sagt mér það?“

„Ég gat það ekki. Mig langaði til þess, en var of mikill stórbokki til þess að geta sagt það“.

„Óbænir fylgi þínum hroka. Það hefur eyðilaggt framtíð mína“.

„Ekki alveg, Frank“, sagði Ruel. „Við verðum ríkir aftur, ef við höngum saman. Svo þér er bezt að hætta að syrgja og frast út af því sem ekki verður aðgert. En

honum þá er dáiñ“, sagði lögregluþjónninn. „Hún sendi eftir mór á þriðjudaginn var, og þegar hún var búin að segja mér um ársdandi málefni, andaðist hún. En það sem mest er í varið, er það, að ég færi þér þær fréttir, að þú ert ríkur. og að mínu áliti er það málefni mest ársdandi fyrir þig þó að þú kanske haldir annað þegar ég hefi sagt þér alt“.

„Þú talar mjög óskiljanlega, vinur“, sagði Hugh hissa. „Ef þú ert með öllu viti og hefir komist að einhverju sem mér ber að vita, þá segðu mér það strax. Ég þoli ekki neina óvissu núna“.

„Ég er nú að því“, svaraði lögregluþjónninn. „Mér er eins ant um að segja þér eins og þár að heyra það. En það er alt svo undarlegt að það er nærri óskiljanleg. En áður en ég byrja, get ég sagt þér það, að ég hefi sönnun fyrir því sem ég ætla að segja þér. Skaltu þi sannfærast um að ég er með öllu viti, og bú þig undir að trúa öllu því sem ég ætla að segja þér. Heldurðu að þú getir það?“

„Ég get það“, svaraði Hugh hastur, sem var nú sannfærður um að Sharpe hefði uppgötvað eitthvað merkilegt sér viðvfkjandi. „Ég veit, Mr. Sharpe, að þú ert vin

ur minn. og að þér dettur ekki í hug að gefa mér falskar vonir. Haltu því áfram með sögu þína, því ég er óþolinmóður að fá að heyja það alt“.

„Það er ekki langrar stundar verk að segja það alt, því ég er ekki margorður maður“, sagði lögregluþjónninn, „og skal eg segja það eins skilmerkilega og mér er unt. Þú manst víst eftir játningunni, sem Stone gerði áður en hann dó, það var um það talað allmikið og blóðin voru enda full með það“.

„Já“, sagði Hugh. „Ég las það alt í blöðunum“.

„Þú manst þá það“, sagði Sharpe, „að hann talaði um fyrsta barn Roger Harcourts, sem var stolið og aldrei fréttist neitt um?“

„Ég man það vel“, sagði Hugh með ákafa, „því það hafði umfarleg áhrif á mig þegar ég las það, og það hefir þau áhrif á mig enn þá, þó ég skilji ekki í því“.

„Og það er engin furða“, svaraði Israel Sharpe; sem nú var eins ákafur og Hugh. „Þú. kæri drengurinn minn, þú ert það týnda barn!“

„Miskunnsemi drottinn!“ hrópaði Hugh og stökk á fætur og efnblíndi á vin

sinn. „Er þetta virkileiki, eða er það að eins draumur?“

„Þú hefir aldrei verið betur vakandi en nú“, sagði Sharpe, „og aldrei hlýtt á sannari frásögu“.

„Hvaða sannanir hefir þú fyrir þessu, Mr Sharpe? Segðu mér þær strax, áður en ég missi vitið af þessari efablöndnu á-nægju“, sagði Hugh, og greip um handlegg vinar síns og starði í augu hans, eins og hann vildi lesa út úr þeim fullvissuna,

„Vertu rólegur, drengur minn. Vertu ekki svona bráðlátur. Vertu stiltur, ha, ha ha! Hafði ég ekki góða ástæðu til að hlægja áðan?“

„Mr. Sharpe, haltu áfram!“ sagði Hugh biðjandi. „Ég hefi enga þolinmæði núna. Ég get varla hlustað á þig!“

„Jæja“, sagði Sharpe, og hætti að hlægja. „Ég hefi nógar sannanir. Það er þá fyrst að Mrs Stone þekti þig á fæðingarmerki, sem þú hefir, daginn sem þú bjargaðir drengnum, sem þér þá datt víst ekki í hug að væri bróðir þinn. Hún var þá sannfærð um hver þú varst, en samt vildi hún verða enn vissari, og kom til mín af því hún vissi að ég var þar kunnugur. og spurði mig um ætt þína og uppruna Alt

sem ég gat sagt henni var það, að ítalskur lírukassa-spilari hefði komið með þig til borgarinnar, þegar þú varst mjög ungur, og sagst vera faðir þinn. Síðan spurði hún mig vandlega um útlit þessa manns og hvað hann mundi hafa verið gamall. Síðan fór hún á þess að gera nokkra grein fyrir þessum spurningum. Og hafði ég litla hugmynd um hvað þær hefðu að þýða þá. En ég skildi það alt þegar hún sendi eftir mér áður en hún dó, og gerði játningu sína sem þar saman við það sem maður hennar hafði sagt áður. Svo fékk hún mér skjöl, sem voru viðvskjandi fasteignum, sem faðir þinn átti í Honduras. Ég skrifaði játningu hennar og sótti síðan dómara til þess að vera við og sjá hana skrifa undir og taka eið af henni upp á að þetta væri sannleiki, sem hún hefði sagt. Síðan dó hún, og er þetta nú öll sagan“.

„Kæri, kæri, vinur“! sagði Hugh Hourton innilega. „Hvernig get ég nokkurn tíma endurgoldið þér fyrir allar þínar velgerðir og velvild mér til handa, síðan fyrst þú kyntist mér sem gütustrák, til þessa tíma?“

„Með því að nefna það ekki“, sagði lögregluþjónninn. „Ég hefi ekki gert

hugsaðu nú heldur um það sem fyrir liggur“,

„Ráðlegging þín er góð. Jack Ruel“, sagði Frank, og skein staðfastur ásetningingur úr augum hans. „Við skulum reyna að ná í auð. Og ef ég verð nokkurntsmá ríkur, skal ég láta hana sjá eftir þeim degi, sem hún fyrirleit mig. Alice Blake getur enn orðið konan mín“.

Síðan fóru þeir ofan í salinn, og Ruel settist við spilaborðið, en félagar hans stóðu og horfðu á.

Það breyttist fljótlega til við spilaborðið þegar Ruel var seztur og farinn að spila. Hinir fóru óðum að tapa, en hann að græða, og hvernig sem þeir reyndu að hafa brögð í frammi og svíkja, þá töpuðu þeir samt, þar til þeir voru allir orðnir peningalausir.

Þeir voru allir sannfærðir um að Ruel hefði haft rangt við í spilinum, en með allri sinni slægð og aðgætni gátu þeir þó ekki staðið hann að því, og gátu þess vegna ekki farið í illt við hann út af því.

Einn þessara manna, sem leit út fyrir að vera fyrirliði hinna, gekk til Ruels og sagði: „Þú ókunnugi maður, hefir haft betur í kveld, en við, en ég mun geta jafn-

að það við þig þó seinna verði. Ég á nokk ur þúsund enn þá, sem ég get náð til þegar við lendum saman næst, og þá verður þú að halda þessu spili áfram annaðkveld, eða ef þú vilt það ekki, er annar leikur, sem við verðum að þreyta“ Um leið og hann sagði þetta, benti hann á hnifskaft, sem stóð upp úr vasa hans.

„Ég skil þig“ sagði Ruel, kæruleisilega, „og skal gera hvort sem þú vilt. Ég get sagt þér hreinskilnislega að ég vil heldur taka peningum þínum enn að taka líf þitt, því peningar eru mikils virði til mín, en líf þitt er mér einkis virði.“

Enn ef þú skyldir hvorugt fá, sagði maðurinn ósvifnislega.

„Ég verð þá að gera mig ánægðan með það,“ svaraði Ruel, stillilega;

Við skulum þá sjá til, hvað verða vill annað kvöld, Sagði hinn, og stóð upp og gekk burt með félögum sínum.

Líftilli stundu síðar sat Ruel og félagar hans, í bezta næði við að telja ágóðann,

„Tfu þúsund dollars!“ sagði Ruel þegar þeir höfðu lokið við að telja. Hvernig líkar þér það Mr Melton? hef ég ekki gert það sem ég lofaði?“

„Þú hefir gert það“ svaraði hinn, og

tindruðu augu hans af ágirnd þegar hann horfði á gull hrúguna.

Og þetta er bara byrjun, ef lukkan verður með mér, sagði Ruel, og ég er viss-um að lukkan verður með mér, þá verðum við búnir að hafa upp hundrad þúsund áður en eitt ár er liðið.

„Ef það verður eins og þú segir,“ sagði Frank sem réði sér varla fyrir gleði, „þá gæti ég fallið á kné og til beðið þig!“ Ekki beinlínis fyrir þá ánægju og skemtun sem peningar geta veitt mér, heldur fyrir þá hefnd sem ég get komið til leiðar á þeirri sem hefur forsmáð mig!“

„Skelfingar hristingur er á skipinu!“ sagði eldri Melton það brunar eftir ánni.

„Þeir eru líkast til að keppa við annað skip sagði Ruel kæruleysislega, enn mér er sama um það, við skulum fara í drykkju- stofuna og fá okkur staup uppá þessa góðu lukku og framtíðar vonir.“ Síðan lét Ruel peningana ofan í kistu og læsti henni svo mjög vandlega og hurðinni líka, síðan fóru þeir í drykkju stofuna og Ruel lét kaupa og opna vín flöskur.

„Ég drekk til framtíðar velferðar“, sagði hann, um leið og þeir allir tóku upp glösin.

„Og kærar hefndir!“ bætti Frank við um leið og þeir klingdu glösum. „Alice Blake verður enn“—Hann lauk aldrei setningunni, því í þessu kom eins og þrumugnýr og skipið liftist í háa loft, og á næsta augnabliki lá það í þúsund stikkum um ána, það heirdist vein og óp frá fleiri hundrað manns, meiddum og óttasleignum sem voru að reyna að bjarga lífi sínu á einhvern hátt, margir höfðu dáið strax og sokkið til botns, enn margir sam ekki voru mikið meiddir gátu bjargað sér með því að komast að stikkjum úr skipinu og hanga á þeim, og þeir sem ómeiddir voru og syndir lögðu á sund til lands. Meltons feðgar voru taldir á meðal þeirra dauðu, því það sást aldrei neitt meira af þeim. Og kom þar fram að þeir vondu vinna ekki ætíð sigur.

Lögregluþjónninn gjörir Hugh Hyssa.

Hugh Horton sat í litla herberginu sínu og var nú í mjög ergilegu skapi, og þungum þaunkum. Því Margrét gamla hafði sagt honum að Alice Blake elskaði hann. Og hugsaði aldrei til Franks Melton nema með mestu óánægju, yfir því að hafa verið blinduð svona af honum, því nú hataði og fyrirleit hún hann.

Að þessari niðurstöðu komst Alice Blake, eftir að hún hafði rekið Frank frá augum sínum, og fór að hugsa alvarlega um það sem liðið var, hún skyldi ekkert í sjálfri sér að hafa ekki komi-t að falsi og ódrenslindi Franks. Og nú fann hún fyrst hvað Hugh var sjálfs afneytandi staðfastur og réttvís, og svo umfram allt hvað hreina og innilega ást hann hafði borið til hennar; um leið og hún hugsaði um allt þettað sannfærðist hún um það að hún hefði elskað Hugh og engann annan. Og sá hún nú mikið eftir að hafa meitt tilfinningar hans og föður síns, með því að neita að verða konan hans, og í sorg sinni út af öllu þessu sagði hún Margrèti fóstru sinni leyndarmál sitt, og datt ekki í hug að maðurinn sem hún elskaði mundi fá nokkra vitneskju um það.

Eun Margrèti gömlu sem var svo ant um að þau næðu saman, af því að hún var viss um að Alice feingi trúann og góðann mann ef hún giftist Hugh. Og svo af því að föður stúlkunar hafði verið svo ant um það, tók hún fyrsta tækifæri sem gafst, til þess að láta Hugh vita hugarfar stúlkunnar því hún var viss um að ef hann vissi það, mundi hann ekki láta bíða að

biðja Alice. Hún þekti ekki upplag þessa únga manns, og hvernig sem hún reyndi að sína honum fram á að hann ætti að biðja stólkunnar, var það ekki til neins, hann þver neitaði að fara til Alice og bjóða henni hönd sína og hjarta á meðann haun þyrfti að vinna daglega til þess að geta dreigið framm sitt eigið líf, en vissi af henni svona ríkri.

Og eins og áður var sagt, sat hann nú í herbergi sínu óánægður með stöðu sína og alt sem stóð í vegi ástar hans, enn hannfékk ekki að hugsa um þettað leingi því það var barið að dyrum hans, og þegar hann opnaði þær sá hann framaní gleðilega andlitið á lögregluþjóninum.

„Svo þú ert enn ekki í góðu skapi Mr Hugh. | Ég sé að þú ert enn að erga þig yfir smynduðum örðugleikum, og gerir sjálf um þér lífið ervitt, án nokkura orsaka“,

Þessu ruddi hann úr sér um leið og hann settist.

„Vinur minn!“, svaraði Hugh. Ég vildi að örðugleikar mínir væru bara í myndun tóm og ekki annað. Og ég vildi gefa þessa miklu veröld, ef ég ætti hana, til þess að geta gifst Alice Blake, því hún er mér kærari en alt annað. An hennar er

Ítf mitt þungbært og einskis virði. Þó að ég hefði allan þann auð og upphefð sem einum manni gæti hlotnast“.

Eina svarið sem Hugh fekk upp á þetta var skellihlátur. Vinur hans hló þar til tárin runnu ofan eftir kinnum hans. Þetta entist svo lengi að Hugh sagði nokkuð óþolnmóðlega:

„Þú hefir ekki verið vanur að gera sys að raunum mínum, Mr [Sharpe, og ef ég væri ekki viss um vináttu þína, gæti eg ekki annað en reiðst þér nú“.

Mr. Sharp hætti ekki að hlægja við þetta, en hélt áfram góða stund enn þá. Síðan þurkaði hann tárin úr augunum og sagði:

„Hugsaðu ekkert um það, Hugh, en svaraðu einni spurningu minni. Ef þú værir ríkur maður, mundir þú þá giftast Alice Blake?“

„Þetta finst mér heimskuleg spurning“, svaraði Hugh dauðlega, „því það er ekki líklegt að ég verði nokkurn tíma ríkur við iðn mína, en ég skal samt svara spurningu þinni. Ef ég væri eins ríkur og hún, og hún vildi mig, mundi hvergi finnast ánægðari maður í heiminum“.

„Búðu þig þá undir að verða ánægð-

ur“, svaraði Sharpe, „því auður þinn er meiri en Alice Blake, og hún giftist þér ef þú biður hennar“.

Og aftur fór hann að hlægja, Hugh til hinnar mestu skapraunar og undrunar. Honum gat ekki dottið í hug annað en að vinur sinn væri orðinn vitstola, því Hugh vissi að Sharpe var vinfastur og mjög hjartagóður og hafði næmar tilfinningar og miklar og vildi heldur líða rangt sjálfur en að gera öðrum órétt, Hugh gat ekki skilið í þessu,

„Ég skil ekki í því, Mr. Sharpe“, sagði hann þunglyndislega, „að þú gerir það með vilja að særa tilfinningar mínar, og bið ég þig að fyrirgefa mér, þó ég segi þér að gleði þín á ekki við mig í þetta sinn“.

„Að gleði eigi ekki við þig, er heimská og vitleysa“, sagði Sharpe. „Ég hefi góða góða ástæðu til þess að vera glaður og þú líka. Manstu eftir að þú hafir bjargað dreng hérna úr ánni hjá Fulton-ferjupallinum?“

„Ég man það vel“, svaraði Hugh, sem skildi ekki hvað hann meinti með spurningunni.

„Jæja. Gamla konan sem var með

meira en hverjum ærlegum manni ber að gera undir sömu kringumstæðum, og vildi ég ekki tapa þeirri ánægju, er þetta veitir mér fyrir alla þá peninga, sem til eru í borginni. Við skulum nú láta það alt eiga sig. En hvað um hana Alice Blake, Viltu nú eiga hana?"

„Ef hún bara vill mig“, sagði Hugh ánægjulega.

„Hún vill þig“, svaraði vinur hans. „Ég veit það, og þú veizt það líka, svo þú þarft ekki að vera að neinum látalátum. En farðu strax til hennar og festu þér hana áður en hún veit að þú ert ríkur, svo hún geti ekki haft auð þinn til afsökunar fyrir að hún geti ekki gífst þér“.

„Ó, mig hefir oft dreymt líkt þessu!“ tautaði Hugh ánægjulega. „En mér datt aldrei í hug að þeir draumar mundu rætast. Mér fanst að maðurinn, sem flutti mig hingað, gæti ekki verið faðir minn, og þá var ég að vona að ég fengi einhverntíma að sjá þann rétta föður minn, Og aumingja hálfvitinn er bróðir miun! Ó, hvað ég skal reyna að vera honum góður og láta fara vel um hann hér eftir. En nú verð ég að fara og yfirgefa þig í bráðina. Ég verð nú að finna Alice Blake og heyra svör hennar. Fyrirgefðu, vinur minn, að ég fer“.

„Fyrirgefa þér?“ sagði Sharpe góðlátlega. Ég held það, og ef þú flýtir þér ekki þá rek ég þig af stað“.

„Vertu þá sæll, vinur minn, þar til ég kem aftur“, sagði Hugh og hristi hönd vinar síns alúðlega

„Vertu soell, drengur minn“, var svarið, „og hamingjan fylgi þér!“ Svo skildu þeir.

XXXV. KAPITULI,

Hugh ber upp bókun sítt við Alice Blake.

Hugh var ekki lengi á leiðinni heim til Alice Blake, og þegar hann hringdi dyrabjöllunni, kom gamla Margrét til dyranna og heilsaði honum vingjarnlega. Síðan kallaði hún á Alice.

Það leið góður hálfur klukkutími áður en hún kom í stofuna til hans, og þegar hann heilsaði henni, sá hann að hún hafði verið að gráta. Þegar hún var sezt, fékk hann sér sæti hjá henni og sagði sorglega:

„Eg sé að þú hefir verið að gráta, Alice. Hvað hefir aukið þér óánægju?“

Stúlkan gegndi ekki, en tala komu fram í augu hennar.

„Ef það er nokkuð, sem ég gæti til að hjálpa þér, þá lofaðu mér að gera það“,

sagði Hugh, „því ég vildi heldur deyja en að vita af þér óánægðri“,

Hún gat engu svarað honum, en grét nú enn meira.

Hugh reyndi heldur ekki að hugga hana. Hann vissi að það mundi ekki vera til neins, og að hún mundi ekki gráta lengi. Svo hann sagði ekkert fyrri en að hún fór að ná sér aftur, þá tók hann í hönd hennar og sagði:

„Hlustaðu nú á mig dálitla stund. Það eru nú fimm ár síðan ég kyntist fyrst föður þínum og þér. Þú varst mjög ung þá, en samt varð ég strax hrifinn af fegurð þinni, og áður en ég vissi það sjálfur, var ég farinn að elska þig heitt og innilega með þeirri ást sem aldrei deyr, og ég hafði von um að þú værir mér ekki mótfallin. En svo kom sá óláns tími að annar kom á milli okkar og eittraði allar vonir mínar“

Og þá sagði ég þér frá ást minni, en stilt og liðlega gafstu mér til kynna, að þú gætir ekki tekið ást minni. Það hljómaði í eyrum mínum eins og dauðadómur. Það var eins og dagsbirtan væri alveg horfin. En ég ásaði þig ekki, því ég fann vel mismuninn á stöðu okkar. Þú varst vel mentuð og af góðum ættum, en ég óment-

aður járnsmiður, af lágum stigum." En af því að faðir þinn var svo góður að vilja ekki taka tillit til þess, var ég svo vogaður að halda að þú myndir ekki gera það heldur, þó er ég svo djارفur að koma til þin aftur. Ég segi þér það að eins, að ást mín er nú meiri, en ekki minni en áður og ég mun aldrei geta elskað aðra konu en þig. Ó, Alice! getur þú elskað mig, óttginn og fátækann járnsmið. Getur þú orðið konan mín?"

Alice var nú hætt að gráta. Hún var samt náfól, þegar hún rétti honum hönd sína og sagði;

„Kæri Hugh! Ég hefi verið mjög heimsk og ranglát, að láta útvertis glit villa sjónir fyrir mér. Ég er viss um að ég hefi aldrei elskað þennan vonda mann, og það sem liðið er finst mér vera eins og vondur draumur, sem eg vildi geta gleymt, en það loðir við mig. Ég get ekki gleymt því. Þú hefir beðið mig að verða konu þína, og ef þú getur tekið að hjarta þínu svo ófullkomna og ósjálfstæða konu eins og ég er, þá er ég þín till dauðans, og skal aldrei gleyma að þakka himnaföðurnum fyrir lausnina frá þeim hræðilegu forlögum sem biðu mín.

„Viltu virkilega taka óþektum umkomulausum og fátækum manni? Þú sem ert svo fögur, mentuð og rík“.

„Þú ert mér ekki ókunnugur, elsku Hugh! Ég hefi ekki verið svo blind að sjá ekki sjálf afneitun þína og fráboðna göfuglyndi. Það er satt að ég veit ekkert um ætt þína, en ég er hæst-ánægð með þig eins og þú ert. Ég hefi nægan auð handa okkur báðum og getum við farið hédan. Þar sem svo margt ógeðfellt hefir komið fyrir okkur bæði. Við þurfum ekki að óttast neitt í framtíðinni“.

„Elskulega, göfuglynda Alice!“ sagði Hugh, um leið og hann faðmaði hana að sér og þrýsti á varir hennar fyrsta brunnheita ástarkossi sínum.

„Svo þú vilt giftast mér eins og er, eða heldur eins og þú hefir mátt álíta mig. Nei, Alice, ég gæti ekki þolað það. Sá maður sem þú giftist, verður að vera þér samboðinn að ætt og efnum. Og hann verður það líka“.

Stöðan sagði Hugh Alice um uppruna sinn og ætt, sem lesarinn veit um.

Arnþjótur B. Óhson

XXXVI. KAPITULI.

Rat deyr.

Mánuður er liðinn síðan Alice Blake gaf Hugh loforð sitt. Nú stóð hún við sama altarið sem hún hafði séð Frank Melton og Estelle Harcourt við, þegar að þau voru gefin saman. Við hlið hennar stóð Hugh Harcourt. Þau voru ánægju- leg brúðhjón. Það voru ekki margir boðs- gestirnir við hjónavígsluna, því brúðhjón- in áttu ekki marga vini, þen þeirra fáu vin- ir voru trúir vinir. Israel Sharpe leiddi fram brúðurina.

Að brúðkaupinu loknu lögðu þau á stað til Honduras, fæðingarstaðar Hughs, því hann þurfti að sinna fasteignum sín- um þar. Þau höfðu Rat litla með sér, og var hann mjög ánægður yfir því að eiga Hugh fyrir bróður, þó hann gæti ekki skil- ið hvernig á því stóð. Hann kallaði Hugh altaf bróðir og Alice systir.

Honum þótti gaman að vera á sjón- um, en Hugh varð alt af að gæta hans, svo hann félli ekki útbyrðis, því hann vildi alt af vera að klifra upp í reiðann, eða horfa ofan í sjóinn og tala við fmyndaðar verur sem hann þóttist sjá þar.

Hugh lofaði guð þegar þau lentu, að

hafa komið bróður sínum heilum á hófi til ættjarðar sinnar. En Rat litli komst lifandi af sjóferðinni til þess að deyja á ættjörðu sinni. Hann fór að verða fúllur og vesallegur frá þeim degi, sem þau stigu þar á land, og var Hugh mjög sorgfullur út af því. Hann hélt að loftslagið setti ekki við bróður sinn, og ásetti sér því að fara til New York eins fljótt og sér væri unt.

Guð ræður. en mennirnir þenkja, og átti Rat að deyja á hinni suðrænu ættjörðu sinni, og kom nú fyrir atvik eitt, sem flýtti fyrir honum. Einhvern dag þegar hann var að leika sér við rottuna sína, stókk hundur á hana og beit hana til dauða. Skömmu eftir það lagðist Rat algerlega í rúmið, Hann talaði alltaf um Nip, og sagði að vindurinn væri hættur að tala við sig líka.

Loksins kom endirinn. Hugh og Alice voru bæði hjá honum þegar hann vaknaði af blundi og sagði: „Hugh bróðir. Ég held að himnaríki, sem þú og Alice systir mín hafið sagt mér frá, sé nálægt, því ég heyrir söng og hljóðfæraslátt. Heyrir þú það ekki, Hugh?“

„Nei, bróðir! Ég heyrir það ekki. Það hlýtur að vera vindurinn, sem þú heyrir til“.

„Nei, Hugh, ég þekki hana; ég sé líka ósköp fallega konu, sem breiðir faðm-inn á móti mér, og vindurinn segir að það sé móðir. Ó, opnið þið gluggann. Það er svo dimt hér inni“,

Alice gekk að glugganum sem var op-inn, til að þóknast honum; lét hún hann aftur og opnaði svo aftur, og spurði svo hvort þetta væri betra, en fékk ekkert svar, og þegar hún gekk að rúminu, sagði Hugh henni að bróðir sinn væri dáinn.

Það er nú lítið eftir ósagt. Hugh Harcourt og kona hans fóru strax til New York aftur og fluttu lík drengsins með sér þangað og létu grafa hann þar.

Israel Sharpe hefir heimili sitt hjá þeim og er þeirra bezt vinur.

Estella Harcourt giftist aftur og varð lánsamari með seinni giftinguna en hina fyrri. Hún átti nú ráðvandann verkamann, sem elskaði hana innilega og var henni góður.

Margrét lifði til að sjá fyrsta barn Alice, og þegar hún dó, var hún jörðuð við hlið bróður Hughs.

Og svo erum við nú laus við aðalpersónur sögunnar. Kveð ég svo lesarann þar til við sjáumst aftur. **ENDIR.**

